

# STAÐARHÓLL Í SAURBÆ Í DÖLUM:

*MINJAR OG MENNINGARLANDSLAG Í STAÐARHÓLSDAL*



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR (RITSTJ.)

HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR, ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, GUÐRÚN ALDA  
GÍSLADÓTTIR, GYLFI HELGASON, KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR OG SIGRÚN DRÍFA ÞORFINNSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2022  
FS861-20174



Rannsóknir á Staðarhóli eru styrktar af RÍM sjóðnum (Ritmenning íslenskra miðalda)

*Ljósmynd á forsíðu er tekin með dróna. Á henni er horft yfir Staðarból og Miklagarð og inn Staðarbólsdal.*

*Ljósmynd: Gylfi Helgason*

©2022

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆDRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

[www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um skráningu menningarlandslags á Staðarhóli og í Staðarhólsdal. Verkefnið er hluti af rannsókninni *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* sem hlaut styrk úr rannsóknarsjóði RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) árin 2020-21 Markmið hins fjölfaglega rannsóknarhóps sem stendur að Staðarhólsrannsóknnum er annars vegar að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar, sem jafnan er kenndur við Staðarhól þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið og hins vegar að auka skilning á því umhverfi sem ritmenningin sprettur úr.

Sumarið 2020 fór fram skráning á minjum og menningarlandslagi í Staðarhólsdal. Á öðru ári verkefnisins var unnið úr skráningunni og rituð sú skýrsla sem hér lítur dagsins ljós. Samanlagt voru skráðar tæplega 500 fornleifar í Staðarhólsdal. Samhliða skráningunni var rætt við heimildarmenn um minjar, staðhætti og örnefni, loftmyndir teknar með flygildi á kerfisbundinn hátt og yfirborðslíkön af vel völdum minjasvæðum útbúin. Við úrvinnslu var horft sérstaklega til sögu Staðarhólsjarðarinnar og þeirra minja sem taldar voru frá miðöldum.

### *Efnisorð*

Staðarhóll, Sturla Þórðarson, ritmenning, Saurbær, Dalir, RÍM, miðaldir, fornleifar, menningarlandslag,

## Summary

This document offers the results of an archaeological field survey that took place in Staðarhólsdalur, Dalasýsla in the summer of 2020. The work was done as a part of the research project *Staðarhóll in Dalir: Nature, culture and economy on an Icelandic church center*. The project is funded by RÍM (LCMI – Literary Culture in Medieval Iceland), a research award established to celebrate 75 years of Iceland's independence. The project is multidisciplinary and is set up on a three-year plan with a possible additional two years focusing on publication and outreach. The main aim of the research is to provide further knowledge of the work and surroundings of the thirteenth-century chieftain and historian Sturla Þórðarson, who lived and worked at the farm of Staðarhóll for a large part of his life, disseminating its results both to scholars and the general public.

Altogether about 500 sites were surveyed in Staðarhólsdalur in the summer of 2022. In the field, additional to the field survey, drone images were systematically collected in order to create 3D models of selected sites and special attention given to place names and local knowledge in order to deepen our understanding of the historical depth of the landscape. The data was processed in the second year of the project and a special focus given to the archaeology that was believed to originate in the Middle Ages.

### *Keywords*

Staðarhóll, Sturla Þórðarson, Literary culture, Saurbær, Dalir, RÍM, Middle Ages, archaeology, cultural landscape



## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR .....	7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF .....	11
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU .....	13
4. FORNLEIFASKRÁ.....	17
DA-172 Tjaldanes .....	17
DA-173 Saurhóll.....	63
DA-174 Kveingrjót.....	95
DA-175 Bjarnastaðir.....	119
DA-176 Þverdalur.....	131
DA-179 Þverfell .....	139
DA-180 Staðarhóll.....	161
DA-180B Lambanes.....	227
DA-181 Kjarlaksvellir.....	235
DA-182 Fjósakot .....	255
DA-183 Mikligarður .....	259
DA-184 Þurranes .....	277
DA-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð.....	289
5. UPPHAF OG ÞRÓUN BYGGÐAR Í STAÐARHÓLSDAL.....	297
5.1 Landnám í Staðarhólsdal.....	297
5.2 Þróun byggðar í Staðarhólsdal á fyrstu áratugum eftir landnám .....	300
5.3 Saga Staðarhóls: eignarhald og ítök.....	308
6. MENNINGARLANDSLAG MIDALDA: MINJAR Í STAÐARHÓLSDAL.....	315
6.1 Minjar á Staðarhóli.....	315
6.2 Fornar minjar annars staðar í Staðarhólsdal.....	326
6.3 Samgöngur í Staðarhólsdal .....	331
6.4 Forn örnefni í Staðarhólsdal.....	333

7. SAMANTEKT.....	337
HEIMILDASKRÁ.....	341

# 1. Inngangur

Í maí 2020 var styrkjum úthlutað í fyrsta sinn úr sjóðnum RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda). Stefnt er að því að rannsóknarsjóðurinn starfi í fimm ár en síðustu tvö árin verði mesta áherslan lögð á útgáfu og miðlun rannsókna. Meginmarkmið sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði fornleifafræði, sagnfræði, textafræði og bókmenntafræði sem tengjast þeim stöðum þar sem ritmenning blómstraði á Íslandi á miðöldum. Tilfnið var að árið 2019 voru 75 ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi.<sup>1</sup>

Eitt af þeim verkefnum sem hlaut styrk úr RÍM sjóðnum í fyrstu úthlutun var fjölfagleg rannsókn sem ber yfirskriftina *Staðarból: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun*. Rannsóknarhópurinn að baki umsókninni samanstendur af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna er að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar, auka skilning á því umhverfi sem hann og verkin eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Sturla Þórðarson er jafnan kenndur við Staðarhól þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Í rannsókninni eru hugmyndafræði og samhengi verka Sturlu könnuð ásamt því að varpa ljósi á forsendur ritmenningar á staðnum með víðtækum rannsóknum á minjum, landsháttum og ritheimildum. Bæjarstæði Staðarhóls, hjáleigur, engjar og úthagar, seljalönd, ítök og auðlindir eru í forgrunni og verða niðurstöður bornar saman við önnur höfðingjasetur á miðöldum. Hugað verður að víðara samhengi landshátta, allt í þeim tilgangi að öðlast betri þekkingu á staðarvali, landsháttum og samfélagi Staðarhóls á miðöldum.

Í rannsóknum á menningarlandslagi eins og þeirri sem hér lítur dagsins ljós er horft til þeirrar staðreyndar að menningarlandslag er marglaga og ber einhver merki margra kynslóða og samfélaga. Segja má að samlíking Crawfords (1953) þar sem hann líkir landslagi við texta eða handrit (á ensku: landscape-as-text) eigi einstaklega vel við í þessu tilfelli.<sup>2</sup> Þannig má líkja menningarlandslagi við uppskafið handrit sem byggir í grunninn á fasta en er þó hægt að má út, endurmóta, skafa upp og og breyta eftir þörfum þegar fram líða stundir, þótt upphaflegi textinn sé alltaf til staðar líka, mis sýnilegur þó. Verkefni fornleifafræðings sem skráir menningarlandslag, er einmitt að rýna í menningarlandslag líkt til að greina á milli þess sem er sýnilegt og áberandi og ógreinilegri ummerkja sem geta ýmist verið óljós eða jafnvel alveg máð af yfirborði. Rétt eins og

---

<sup>1</sup> Tilkyningu um sjóðinn má finna á heimasíðu Snorrastofu, sjá: <https://snorrastofa.is/styrkir-vegna-rim-verda-auglystir-a-naestunni/>

<sup>2</sup> Crawford 1953, 51.



Mynd 1: Kort sem sýnir staðsetningu Staðarhóls og rannsóknarsvæðisins. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

handritafræðingur horfir fornleifafræðingurinn ekki bara á hið greinilega og augljósa í landinu



heldur á óljós ummerki og vísbendingar líkt og um hliðartexta, þár eða útstrok væri að ræða.

Skráning minja og menningarlandslags gegnir lykilllutverki í fornleifarannsóknum á Staðarhóli og nágrenni. Sú skráning fór fram á fyrsta ári rannsókna og var unnið úr henni á 2. ári þeirra. Í þeirri skýrslu sem hér lítur dagsins ljós eru kynntar niðurstöður umræddrar skráningar sem var gerð á Staðarhóli og í Staðarhólsdal öllum. Áður en skráning hófst var rætt við staðkunnuga og loftmyndir og heimildir yfirfarnar og því næst gengið um svæðið og allar þekktar minjar skráðar. Skráðar voru minjar á 12 jörðum: á Staðarhóli, Fjósakoti, Miklagarði, Lambanesi, Kjarlaksvöllum, Þurranesi, Þverfelli, Þverdal, Bjarnastöðum, Kverngrjóti, Saurhóli og Tjaldanesi. Samtals voru skráðar tæplega 500 fornleifar á svæðinu. Um skráningu sáu Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Gylfi Helgason og Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir en Elín og Kristborg sáu um ritun skýrslu. Lilja Laufey Davíðsdóttir sá um kortagerð fyrir skýrsluna, Magnea Dís Birgisdóttir um gerð tóftateikninga og þeir Gylfi Helgason og Garðar Guðmundsson unnu þrívíddarlíkön fyrir svæðið. Um aðra úrvinnslu, skýrslurritun og uppsetningu sáu þær Elín og Kristborg. Í skýrslunni birtist sú fornleifaskrá sem var unnin á svæðinu og á grundvelli hennar, sögulegra heimilda, örnefna og landshátta verður gerð tilraun til að rýna í sögu og þróun byggðar á svæðinu.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd í öðrum kafla. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við fornleifaskráninguna og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskrána. Í henni eru upplýsingar um allar þekktar minjar sem skráðar voru í Staðarhólsdal, ásamt myndefni og kortum. Í fimmta kafla er ítarlegt yfirlit um landnám og þróun byggðar á svæðinu og í þeim sjötta eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Í 7. kafla er svo að finna stutta samantekt um helstu niðurstöður og aftast í skýrslunni er heimildaskrá.



## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti

sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum síð,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP, DA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: DA-180:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: DA-180:001\_01).

Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir sögu jarðar og skiptingu, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í og í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens: **SF-175:009**  
 Númer fornleifar á tiltekinni jörð: **Sveinshlaða**  
 Sérheiti: **tóft**  
 Tegund: **hlaða**  
 Hlutfærsla: **hlaða**  
 Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93: **E: 528751 N: 352323**



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarsteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hól eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2: Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Uppmælingar_skýringar			
•	fornleif	---	niðurgröftur
---	bæjarhóll	---	óljóst
---	gata	—	renna
—	hrun	—	steypa
—	kantur	—	vegur
---	náma	---	rústahóll
---		---	niðurrulegt
---		---	náttúrulegt
---		---	grjót
---		---	vegur
---		---	þúst
---		---	hús
---		---	steypa
---		---	torf

Mynd 3: Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir allar myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

Við skráningu í Staðarhólsdal voru að mestu nýttar hefðbundnar aðferðir aðalskráningar en þó var víða kafað nokkuð dýpra en venjan er. Örnefni voru skoðuð með það í huga að kanna hver þeirra stæðu á gömlum merg, þ.e. hveira væri getið í Sturlungu og elstu sögum (en frekari greining á örnefnum verður unnin á 3. ári rannsókna í tengslum við Sagamap.is), loftmyndir og kort voru rýnd gaumgæfilega og þrívíddarlíkön gerð af völdum stöðum. Við skráninguna var leitað að gömlum ljósmyndum auk þess sem talsvert var horft til fornrita og þau höfð til hliðsjónar þegar landshættir og minjar voru skoðuð. Auk þess var mikið kapp lagt á að ræða við heimildamenn um minjar, landshætti og örnefni. Þegar fornleifaskráningin lá fyrir var aukinheldur öllum heimildamönnum sendur sá texti sem þeir höfðu veitt leiðsögn um og þeim gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir og viðbætur.





## 4. Fornleifaskrá

### DA-172 Tjaldanes

#### *Sögulegt yfirlit*

Tjaldanes er getið í Laxdælasögu: "Þórðr veiksk skjótt við þetta mál ok kvazk hafa skyldu rétt af þjófum þeim, þótt Hallsteinn væri at móti; snarask þegar til ferðar við tíunda mann. Ingunn fór ok vestr með honum. Hann hafði ferju ór Tjaldanesi." Laxdæla saga. ÍF V, 99

Bærinn kemur fyrir í Sturlungu á nokkrum stöðum: "Steinólfur hinn lági son Hrólfhs hersis af Ögðum nam land á milli Búðardalsár og Tjaldanes og bjó í Fagradal." Geirmundar þáttur heljarskinns. Sturlunga saga I, 5 og einnig "Bíringur Steinarsson bjó í Tjaldanesi. Hann átti Helgu dóttur Þorgeirs langhöfða." Sturlu saga. Sturlunga saga I, 52.

**um 1150** "Vigfús hét einn og var austfirskur. Geir var og þar aðra lotu og það kvittað að þeir væru hriðum á Staðarhóli eða að Brunná eða í Tjaldanesi." Sturlu saga. Sturlunga saga I, 58; "Taldi Víðkunnur að við hann er hann hafði farið í Tjaldanes með Hvolmönnum og beiddi bóta fyrir." Sturlu saga. Sturlunga saga I, 59.

**1170:** "Einar Ingibjargarson fór eitthvert sinn við nokkura menn í Tjaldanes og kveðst vilja gera Saurbæingum nokkuð illt. Og er þeir komu í Tjaldanes og hjuggu skip Einars þrjú og kváðu þá jafnast með þeim." Sturlu saga. Sturlunga saga I, 72.

**1223-1224:** "Þetta vor er nú var frá sagt andaðist Þóra frilla Þórðar Sturlusonar en hann tók til sín Valgerði dóttur Árna úr Tjaldanesi og gerði brúðkaup til hennar um sumarið." Íslendinga saga, Sturlunga saga I, 288.

**1228:** "Stefndi hann [Þorvaldur] til sín Árna úr Tjaldanesi og bar á hann sakir um það er hann hafði keypt Ólafseyjar að Jónssonum og þar höfðu Jónssynir gist oft." Íslendinga saga, Sturlunga saga I, 307.

**1235:** "Sturla Þórðarson og Hallur úr Tjaldanesi riðu innan úr Saurbæ um nóttina." Íslendinga saga, Sturlunga saga I, 370; "Þorgils fór í Tjaldanes og enn mæ'r en Steinólfur í Búðardal." Íslendinga saga, Sturlunga saga I, 372.

**1236:** "Þeir Sturlu menn og þeir Órækja skildu í Tjaldanesi og reið Sturla til þings en þeir Órækja fóru til Stafaholts og dvöldust þar litla hrið áður þeir fóru suður." Íslendinga saga, Sturlunga saga I, 380.

**1241:** "Þegar um daginn getir gekk njósn vestur í Dali til Tuma og fór hann þegar inn í Hvamm og þaðan út í Hrapsey en Svertingur sendi Steinar son sinn vestur til Sturlu en hann gerði Órækju njósn og fór hann vestan og fundust þeir Órækja í Tjaldanesi og Sturla." Íslendinga saga, Sturlunga saga I, 440.

**1243:** "Reið Kolbeinn þá með allan flokkinn vestur til Saurbæjar. En Sturla fékk sér skip í Tjaldanesi og fór þaðan út til Krosssunds." Þórðar saga kakala, Sturlunga saga II, 488.

**1244:** "Fór þá Sturla vestur til eyja en Böðvar frá Hvoli og Þorgeir stafsendir og Hallur úr Tjaldanesi fóru yfir á Hóla og sögðu Tuma að ófriðar var von." Þórðar saga kakala, Sturlunga saga II, 504; "Þeir fundust í Tjaldanesi og þeir er Svínadal höfðu riðið." Þórðar saga kakala, Sturlunga saga II, 510.

Fyrir 1401 og síðar: Máldagi Mariukirkju á Skarði á Skarðsströnd. " budarstad oc hrossabeit wid stadaraa i tialldaness landi medram fiourufor stædi yfer ... ." DI, III, 657.

**1485:** "Domur vm Gudlaugu Sueinsdotter hun var ofær. ... Skyldi þessi kona fyrst flytiast til hols j saurbæ ef hun er flutt og þaðan j Tialldanes ... " DI, VI, 534.

**1491-1518:** "Tialldanes [gamall maldage Þollaks kirkia j tialldanese a hnfsker oc fyrer innan sig marivskrift oc þollaks skrift. " DI, VII, 71.

**1491-1518** eða fyrr: " Mariukirkia ad skardi ä skardzstronnd ... .budarstodu oc hrossabeit vid storä j tialdanesi landi medann fiouruför stædi yfir ... .DI, VII, 74.

**Um 1570** og síðar: Máldagar Gísla Jónssonar biskups. "LXV. Hälffkirkian ä Tialldanese." DI, XV, 592; " Skard. .... Budarstad og hrossabeit vid Stadara i Tialldanesslande medann fiourufaur stædi yffer er Halldora Narffadotter gaff kirkiunne thä er hun ätte Tialldanes." DI, XV, 594.

**1704:** 40 hdr., bændaeign. JÁM VI, 153.

**1847:** 40 hdr. JJ, 171.

**1874:** "Bærinn Tjaldanes er fyrir utan endann á Tjaldaneshyrnu og innan við hana." KK, II, 120.



Heimatún Tjaldanes DA-172.

**1918:** Samkvæmt fasteignamati fyrir Dalasýslu frá 1918 kemur fram að jörðin Tjaldanes er þá metin 26,2 hndr að dýrleika. Mannvirki á jörðinni eru talin upp og tilheyrðu þessi jardeiganda: íbúðarhús úr timbri (8 x 6 2/3 m) með steinsteyptum kjallara undir öllu sem var 2 m á hæð (sjá 001\_02), torfbær (6 2/3 x 4 m) byggður 1906, gamalt búr (4 x 2 2/3 m) og eldhús (4 x 2 2/3 m) úr torfi (sjá 001\_01). Einnig var þar fjöldi útihúsa úr torfi: nýbyggt fjós fyrir 6 nautgripi (sjá 005) 2 hesthús fyrir 14 hross (líklega 007), 3 fjárhús fyrir 140 fjár, 1 fjárhús fyrir 40 fjár, tvær fjóshlöður og ein fjárhúshlaða, skemma (7 1/2 x 2 1/2 x 2 m), skúr með timburhlið og gafl og járnþaki (4 x 3 x 1 2/3 m), torfhús við sjóinn (4 x 2 2/3 x 2 m) (ekki er ljóst hver af þeim húsum sem skráð voru í fornleifaskráningu er hvert þessara húsa). Að auki var nátthagagirðing úr torfi,

147 m löng (sjá 009), túngirðing úr torfgarði með 1 gaddavírsstreng 820 m lengd og tvístrengdum gaddavír 520 m lengd (sjá 003), hestarétt úr torfi og fjárrétt (mögulega rétt sambyggð fjósi 005) og brunnhús (líklega sama og Bjarnabrunnur 023). Mannvirki sem aðrir átta voru fjárhús fyrir 40 fjár úr torfi, 3 hesthús fyrir 14 hross, skemma (6,3 x 2,8 m) út torfi, timbri og járni (ekki er ljóst hver af þeim húsum sem skráð voru í fornleifaskráningu er hvert þessara húsa) auk sölubúðarhúss (8 x 6 2/3 x 2 2/3 m) með porti og risi, byggt 1907 úr timbri, pappaklætt með járnþaki (sjá 024). FDA II, 70-72.

#### Landgæði

**1918:** Tún 7,0 ha, garðar 240m<sup>2</sup>. 1704: "Útigangur er þar góður þegar vel árar. Silúngsveiði má vera að nokkru gagni þá til vill. Selveiði verður sjaldan að gagni. Hrognkelsi hafa áður fengist lítlsháttar, nú minna. Skelfiskatekja lítlsháttar. Sölvafjara hefur áður verið merkilega góð, en um nokkur ár hefur hún verið jafnan lakari og lakari, og er nú orðin mjög gagnlítill. Þessi fjara hefur almennilega um margt ár brúkuð verið eins og almenníngur, af öllum nálægum, sem viljað hafa, en er þó ekki almenníngur. Í henni eiga ýmsar kirkjur ítök, sumar meira, sumar minna, en kemur ekkert þar eftir árlega í jöfnuð; heyrir og að jörðin sjálf, Tjaldanes, skuli nokkurn part sölvafjörunnar eiga, kallast Fegrur. Um þetta er þó ei so víst eða ágreiningslaust." JÁM VI, 153 og 154. Síðar á bls. 154 segir: "Túnið spillist af sandfjúki og landbroti lítlsháttar sumstaðar. Engjar fordjarfast af skriðum og grjótkasti úr fjallinu, og það grjótkast er hættuvert fyrir kvikfjænað, þegar illa vill til. Hagar fordjarfast árlega með sama móti. Snjóflóð hleypur oft úr fjallinu, þó ei hafi oft að skaða orðið. Stórviðrasamt eftir áttaskiftum, hætt fyrir hús og hey. Vatnsból slæmt og þrýtur oft til skaða. Þar er átroðningssamt af þjóðbraut. Jörðin liggur oft undir ágangi af beit. Þar er til stórkostlegs skaða átroðningur af hestum þeirra, sem til sölvafjöru sækja. Sölvafjaran er meint að spillast af sandi, sem yfirrennandi ár bera yfir hana, og af lagnaðarísnum, sem burtrífa rötina." Samkvæmt fasteignamati 1918 var túnið tæpir 9 ha að stærð og helmingur þess sléttaður. Það var talið mjög harðlent. Útengi var snögglent, þýft og votlent og beutiland gott, sérstaklega fyrir stórgripi. Fjörubeit var nokkur en þótti léleg. Mótak var ekki gott en torfrista og torfbyggingarefni þótti ágætt. Hlunnindi á jörðinni voru dúntekja, kópaveiði og mikil hrognkelsaveiði. Jörðin liggur vel við samgöngum og hentaði vel til túnbóta og áveitu.

Ókostir voru helstir taldir þeir að smalamennska var erfið og ágangur var mikill af ferðamannahestum. Þá var stóð fé hætta mógröfum og flæðihætta var mikil. Langt þótti í vatnsból jarðarinnar. Jörðin var talin geta framfleytt 200 sauðfjár, 5 nautgripum og 20 hrossum með 7 manna afla. FDA II, 70-72.

#### DA-172:001\_01 Tjaldanes bæjarhóll bústaður

362600 546490

Bærinn í Tjaldanesi var austarlega í miðju gamla heimatúnsins, þar sem það er hæst. Til er uppdráttur af Tjaldanestúninu sem gerður var árið 1888. Er hann merktur Kristjáni Jónssyni, gerður eftir mælingum Á. Torfasonar (líklega Ásgeir, sonur Torfa Bjarnasonar) og Benedikts Magnússonar sem var kennari í Búnaðarskólanum í Ólafsdal. Á uppdrættinum sjást m.a. húsin í gamla bænum og umfang bæjarhólsins. Á túnakorti frá 1918 er komið íbúðarhús úr timbri litlu sunnan við gömlu bæjarhúsin sem þá voru notuð sem búfjárhús. Bæjarhóllinn sést allvel enn þó að búið sé að ýta hluta hans út. Auk bæjarhólsins sjálfs (01) eru skráðar fimm aðrar minjæiningar innan hans; bústaður 02, bústaður 03, kálgarður 04, öskuhaugur 05 og kálgarður 06.

Bæjarhóllinn á Tjaldanesi er í sléttuðu túni sem ekki er lengur slegið nema að litlum hluta, suðvestast. Frá hrygg í túni, sem bærinn er á og flest útihúsin röðuðu sér á, hallar lítillga til vesturs fram á sjávarbakka og til austurs niður af nesinu.

Bæjarhóll 01 er enn talsvert afgerandi og er 57x42 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Mörk hans til



Gamli torfbærinn í Tjaldanesi DA-172:001\_01 sést á miðri mynd. Fremst á mynd sést í timburhúsi DA-172:001\_02 en Gamlanes DA-172:001\_03 er í hvarfi. Mynd í eigu Kristjóns Sigurðssonar.



*Bæjarstæði Tjaldaness DA-172:001. Á mynd til hægri er horft til vesturs.*

súðausturs sjást ekki lengur vegna rasks í tengslum við húsbyggingar. Eins og fram hefur komið var timburhús 02 við suður- eða súðaustur-jaðar bæjarhólsins þegar túnakort var teiknað 1918. Annað hús, Gamlanes 03, var svo byggt þar norðan við árið 1921. Grafíð hefur verið út úr hólnum fyrir því húsi og stendur það enn. Síðasti torfbærinn var norðan við Gamlanes og eftir að flutt var úr honum var hlóðældhúsið notað fyrir sláturgerð og aðra eldamennsku sem óþrifnaður eða sterk lykt fylgdi. Samkvæmt fasteignamati frá 1918 var torfbær byggður á bænum árið 1906 og var hann portbyggður og þiljaður uppi (6 2/3 x 4 m að stærð). Gamalt torfbyggt búr (4 x 2 2/3 m) og eldhús eldhús (4 x 2 2/3 m) voru þá líka á bænum sem ætla má að hafi verið á bæjarhólnum. Þar voru líka kofaræksni; skemmur og fjós sem Kristjón og Hólmfríður Sigurðarbörn, heimildamenn, muna eftir. Það voru súrheysgryfjur í vestanverðum hólnum og þegar hætt var að nota þá var rusli og ösku safnað þar í minni Kristjóns og Hólmfríðar. Hóllinn er enn um 1,5 m á hæð þar sem hann er hæstur norðan við Gamlanes. Miklu af hæsta hluta bæjarhólsins og öskuhaugi 05 var ýtt út um eða fyrir 1960 af þáverandi ábúanda, Kristni Steingrímssyni. Af þeim sökum virðist hóllinn stærri en hann er því að það er búið að ýta efni niður af honum, líklega einkum til vesturs þar sem enn er allbratt fram af hólnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888; FDA II, 70

**DA-172:001\_02** heimild um bústað

362607 546459

Timburhúsið sem sýnt er á túnakorti frá 1918 og var í súðausturjaðri bæjarhóls 01 sést ekki lengur. Að sögn Kristjóns og Hólmfríðar Sigurðarbarna, heimildamanna, var húsið rífið um 1966. Samkvæmt fasteignamati frá 1918 var húsið byggt 1908: "Íbúðarhús úr timbri 8 x 6 2/3 m; steinsteyptur kjallari undir öllu húsinu, 2 m á hæð. Vegghæð hússins 3 2/3 m, ris 2 m; alt pappa-og járnklætt." Malarplan er framan og sunnan við Gamlanes 03 þar sem hús 02 stóð.

Að sögn Kristjóns og Hólmfríðar var húsið með hlöðnum og múruðum kjallara. Fjögur eldhús voru í húsinu, tvö í kjallara, eitt undir stiga á jarðhæð og eitt í herbergi á jarðhæð. Af gömlum myndum af húsinu að dæma var það svipað að grunnfleti og Gamlanes 03, eða litlu stærri. Það var portbyggt og því herra en Gamlanes sem ekki var með upphækkað ris.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FDA II, 70



*Timburhúsið sem teiknað var inn á túnakort frá 1918, að húsabaki sést Gamlanes 001\_03. Mynd í eigu Kristjóns Sigurðssonar.*

**DA-172:001\_03** *Gamlanes* hús bústaður  
Á bæjarhóli Tjaldaness er timburhús byggt  
1921 sem búíð er að gera upp og er það nýtt  
sem sumarhús af eigendunum, Hólmsfríði  
Sigurðardóttur og Gísla Hermannssyni. Afgirt  
lóð er í kringum húsið og er sléttuð grasflöt í  
kringum það og ýmis gróður vestan við en  
malarapan sunnan við húsið, flatt og slétt.

Húsið er um 10x8 m að grunnfleti en  
að auki er sambyggður skúr norðan við það  
sem er um 3,5x6 m að stærð. Húsið hefur allt  
verið gert upp og því breytt að nokkru. Til  
dæmis er búíð að breyta gluggum og gera dyr á  
vesturgafli hússins. Einnig hefur anddyri á  
suðurhlíð verið rífið.

**Hættumat:** engin hætta



*Gamlanes DA-172:001\_03 er húsið sem stendur lengra til hægri á mynd. Mynd í eigu Kristjóns Sigurðssonar.*

**DA-172:001\_04** dæld kálgarður

362567 546470

Samkvæmt uppdrætti af Tjaldanestúninu frá 1888 var kálgarður í suðvesturjaðri bæjarhólsins 01, fast suðvestan við öskuhaug 05. Kristjón Sigurðsson, heimildamaður, mundi eftir kálgarðinum og var hann eins og grafinn inn í í hólinn. Búíð er að yta hluta af bæjarhólum út og slétta yfir þar sem kálgarðurinn var. Þar sést hins vegar grunn lægð inn í hólinn 35 m vestan við Gamlanes 03. Er hún 4x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888

**DA-172:001\_05** *Öskuhluti* öskuhaugur

362580 546483

"Syðst, næst Skeiðinu [sem er melur sem liggur suður af Tjaldanestúninu], heitir Húsavöllur [sjá t.d. útihus 006 og 007], þá er Traðarvöllur [020], þá Öskuhluti og Miðvöllur næst bæ," segir í örnefnaskrá. Öskuhluti er túnhluti vestan við bæjarhól 01 sem dregið hefur nafn sitt af öskuhaugi sem var vestast á bæjarhólum. Heimildamenn, Hólmsfríður og Kristján Sigurðarbörn, muna vel eftir öskuhauginum en honum var að miklu leyti ýtt út ásamt hluta af bæjarhólum í kringum 1960.

Ekki sjást nein ummerki um öskuhauginn lengur á sléttuðum bæjarhólum en afar líklegt er að stór hluti hans sé enn varðveittur undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,4

**DA-172:001\_06** heimild um kálgarð

362610 546494

Á uppdrætti af Tjaldanestúninu frá 1888 er teiknaður kálgarður í norðausturhorni bæjarhóls 01. Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888

**DA-172:002** heimild um kirkju

TJALDANES Í SAURBÆ (STADARHÓLSÞING) (D) -Maríu, Pétri, Ólafi, Þorláki - HÁLFKIRKJA  
[c. 1150: Birningr Steinarsson bjó í Tjaldanesi. Hann átti Helgu dóttur Þorgeirs langhöfða. Dóttir Þeirra hét Sigríðr. Móðir Birnings var Hallfríðr Birningsdóttir Halldórssonar Snorrasonar goða. Fluttur til Heinabergs fyrir 1172; Sturlu saga, Sturl. 52, 87-88]  
[1224]: Kirkia j Tialda nesi er helgvð með gvði mariv drottningv ok petro postvla. Olavi konvngi ok Thorlaci biskvpi.

hvn a x. hvndraþ fiar.

þar skal syngia annan hvarn dag lavg helgan. ok enn fiorda hvern ottv song

þar skal heima vera tivnd allra heimamanna.

þar skal vera prestur heimilis fastr. meðan arni byr þar ok sonr hans. ef hann er prestur. ok kavpa at presti tveim morkvm. ef hann er eigi heimilis fastr

Heima skvlv tollar allir

groftr skal til Staðarhols ok sva kirkia. ef eigi er heimilis prestur

Lysa fyrir alla daga. þa er svngit er fra mariv messo vnz liðr paska vikv; Máld DI I 466 [1491-1518]: Tialldanes gamall maldage.

Þollaks kirkia j tialldanese a hnifsker oc fyrer innan sig marivskrift oc þollaks skrift. oc smelltn kross. oc Alltaris bvning. þar skvlv syngiazt iij messur oc xx fra stadarhols kirkiv.

þar takazt heima tollar oc Tíjvnder bonda oc hvsvfreyiv; Máld DI VII 71-72 [AM 263 fol, bl. 73; Þjssks Bps A II, 1 bl. 107b og 117b]

1575: Hálfkirkian ä Tialldanese [eyða]; Máld DI XV 591

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 73, 75}

aftekin e. 1570; (PP, 168) Tjaldanes var sagt bænhúsjörð að fornu fari í visitasíu Brynjólfs Sveinssonar biskups á Staðarhóli 1639. BI II, 165 (ÞÍ Bps. A. II. 6 bls. 49).

Líklegt verður að teljast að kirkja í Tjaldanesi hafi verið á eða fast við bæjarhólinn 001\_01 en engin ummerki sjást þar um kirkju eða kirkjugarð og engar sagnir eru um að mannabein hafi komið upp við jarðrask eða byggingaframkvæmdir. Mögulega hefur kirkjan verið í vestanverðum bæjarhólnum, undir öskuhaugi 001\_05. Þess má geta að undir stóru bjargi í túni sem nefnist Filippus/Filippía 022 á maður að vera grafinn. Bjarg þetta er hins vegar 90 m NNV við bæ 001 og afar ósennilegt að einhver tenging sé á milli sagnar um legstað og kirkjugarðs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Sturl. 52, 87-88; DI I 466; DI VII 71-72; DI XV 591; AM 263 fol. bl. 73, 75; PP, 168; BI II, 165

**DA-172:003** garðlag túngarður

362661 546438

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var túngarður umhverfis heimatúnið á Tjaldanesi. Túnið sem sýnt er á túnakorti frá 1918 var 385 x 260 m að stærð og kort af túninu frá 1888 sýnir jafnstórt tún en á því er ekki sýndur túngarður meðfram vesturhlið túnsins og aðeins að litlum hluta á suðurhlið. Samkvæmt fasteignamati frá 1918 var þá annars vegar torfhláðinn túngarður með einum gaddavírsstreng (820 m) og hins vegar torfhláðinn garður með tvístrengdum gaddavírsstreng (520 m). Túngarðurinn er horfinn að mestu leyti en sést þó enn á tveimur stöðum, suðaustan og vestan við bæ 001. Hluti A er 75 m suðaustan við bæ 001 og liggur norður-suður, meðfram malarvegi í túnjaðri. Hluti B er í túnjaðri frammi á sjávarbakka um 200 m vestan við bæ 001 og 160 m VSV við Filippus 022. Túnið er sléttað og enn slegið að hluta en að miklu leyti komið í órákt. Það er nokkuð flatt og jafnlent en er í aflíðandi halla til vesturs.



*Túngarðshluti A á mynd til vinstri, horft til norðurs en hluti B á mynd til hægri, horft til suðurs*

Túngarðshlutarnir eru á svæði sem er 270x110 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Garðhluti A liggur nálega norður-suður og er 110 m langur. Hann sést frá uppistandandi hesthúsi og langleiðina norður að afleggjara að Gamlanesi 001\_03 en þar var hlið á garðinum samkvæmt korti af túninu frá 1888. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er að jafnaði um 0,5 m á hæð og 2 m á breidd. Garðhluti B er 260 m norðvestan við hluta A. Hann liggur einnig nálega norður-suður og er hlaðinn úr torfi og grjóti. Garðurinn er um 90 m á lengd og 2 m á breidd. Hann er 0,6-0,7 m á hæð. Engin önnur ummerki um túngarðinn sást

á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888; FDA II, 71

**DA-172:004** heimild um útihús

362594 546538

Samkvæmt túnakorti frá 1918 og korti af túninu frá 1888 var útihús austarlega í túni, um 50 m norðan við bæ 001 og 60 m SSA við Filippus 022. Túnið er sléttað en komið í órækt og í því vex mikið og hátt gras.

Engin ummerki um útihúsið fundust vegna túnasléttunar. Á uppdrátti af túninu frá 1888 er nokkuð nákvæm teikning af húsinu en þá samanstóð það af tveimur húsum og á milli þeirra eru gegnumstikaðir reitir sem merkja annað hvort rústir eða tóftir og er ekki ljóst hvort átt er við á teikningunni. Er líklegt að það hafi verið heystæði eða heytóftir á milli húshlutanna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888

**DA-172:005** heimild um fjós


362655 546450

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var fjós með sambyggðri rétt við austurmörk túnsins, skammt austan við bæ 001. Samkvæmt fasteignamati frá 1918 var þá nýbyggt fjós á bænum fyrir 6 nautgripi og má ætla að það hafi verið þetta sama fjós. Kristjón Sigurðsson, heimildamaður, man vel eftir fjósinu. Það var um 70 m suðaustan við bæ 001 og 10 m norðvestan við norðurenda túngarðs 003A og virðist hafa verið sambyggt honum. Þar sem fjósið var er sléttað tún sem komið er í órækt.

Engin ummerki eru um fjósið vegna niðurrifs og sléttunar. Það virðist ekki hafa verið komið til sögunnar fyrr en eftir 1888 því það er ekki sýnt á korti af túninu frá því ári.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888; FDA II, 70



*Fjós DA-172:005. Kýrnar á myndinni eru í tröðum 044. Mynd í eigu Kristjóns Sigurðssonar.*

**DA-172:006** heimild um útihús

362603 546409

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús suðaustarlega í túni, um 70 m SSA við bæ 001. Að sögn heimildamanns, Kristjóns Sigurðssonar, heimildamanns voru fjárhús þarna. Þau eru einnig sýnd á korti af túni Tjaldaness frá 1888. Innan gamla heimatúnsins er nú afgirt beitarhólf fyrir hross þar sem fjárhúsin voru og í því vex mikið og hátt gras (júlí 2020). Búið er að slétta yfir leifar af fjárhúsunum en enn má greina nokkuð afgerandi hæð í túninu þar sem þau stóðu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888

**DA-172:007** heimild um hesthús

362618 546336

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús við suðurmörk túnsins, sambyggt innanverðum túngarði 003, um 70 m suður af fjárhúsum 006. Kristjón Sigurðsson, heimildamaður man eftir hesthúsi þar sem nú er skúr klæddur bárujárnri. Hann er 150 m sunnan við bæ 001 og 20 m vestan við suðurenda túngarðs 003A. Hesthúsið var í tünjadrí en þar er nú (2020) beitarhólf í kringum skúrinn sem stendur á svipuðum stað og eldra hús.

Engin ummerki sjást lengur um hesthúsið vegna rasks og húsbygginga. Á korti af Tjaldanestúninu frá 1888 er nákvæmari teikning af útihúsinu sem skiptist í tvö aðskilin hús og voru líklega heytóftir á milli þeirra og við austurenda húsasamstæðunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888

**DA-172:008** heimild um útihús

362460 546400

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús suðvestarlega í túni, um 120 m vestan við útihús 006 og 140 m suðvestan við bæ 001. Útihúsið var á túnhluta sem merktur er Traðarvöllur (sjá 020) á uppdrætti af Tjaldanestúninu frá 1888. Á uppdrættinum er útihúsið hins vegar ekki sýnt og virðist það því ekki hafa verið búið að reisa það á þeim tíma. Sléttað en óslegið tún er á Traðarvelli. Engin skýr ummerki eru um útihúsið á yfirborði vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888

**DA-172:009** heimild um nátthaga

362493 546646

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var nátthagi nyrst í túni, um 240 m norður af útihúsi 008 og 190 m NNV við bæ 001. Á uppdrætti af heimatúninu frá 1888 heitir þessi hluti túnsins Filipusarvöllur. Nátthaginn er ekki sýndur á uppdrættinum en hans er getið í fasteignamati jarðarinnar frá 1918 og er þar tekið fram að nátthagagirðingin hafi verið úr torfi, 147 m löng. Sléttað en þýft tún í órækt, í mjög afliðandi halla til vesturs. Engin skýr ummerki eru sýnileg um nátthaga vegna túnasléttunar, en túnjaðarinn hefur afmarkað hann til vesturs. Á svæðinu er smá reitur þar sem vex minna gras en annarsstaðar á þessu svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888; FDA II, 70

**DA-172:010\_01** Orustuhólmi sögustaður

363506 547198

"Liggur hann [Sölvatang] meðfram vognum þar sem Staðarhólsá og Hvolsá renna til sjávar. Í ósamynninu er lítill hólmi, grasivaxinn, Orustuhólmi. Þar börðust þeir Hólmgöngu-Bersi og Þorkell Tanngnjóstur (Kormákss. bls. 134)," segir í örnefnaskrá. "Við fyrrnefnda Ósa, innan Tjaldanes er Orustuhólmi. Þar eru dys mörg, sem votta að þar hafi forðum mannfall orðið," segir í Sóknalýsingu Dalasýslu. Orustuhólmi er sunnan við Ósa, mitt á milli Göngumannareits til austurs og Ósamels til vesturs. Hólminn er um 1,2 km norðaustan við bæ 001 og 370 m suðaustan við meintar minjar um sölvatekju 048 á Sölvatanga. Lengi vel var ekki hægt að komast í hólmann nema með því að vaða eða á báti en nú er búið að tengja hólmann við



*Orustuhólmi DA-172:010. Á mynd til vinstri er horft yfir hólmann og til suðurs en á mynd til hægri til norðvesturs.*

land með grjótgörðum. Affall fyrir Staðarhólsá og Hvolsá er um skarð í vestari garðinn og er brú yfir það. Heimildir geta um bardaga milli Hólmgöngu-Bersa og Þorkell Tanngnjóst 01 og dysjar 02 í hólmanum sem er rúmlega 0,2 ha að stærð. Hólminn er grasigróinn en neðan við bakka hans er grýtt fjara. Sjórinn og árnar hafa náð að brjóta talsvert af hólmanum.

Hér er fyrst skráður sögustaður með vísan í hólmgönguna milli Hólmgöngu-Bersa og Þorkels Tanngnjósts. Sjálfur hólminn rís um 1-2 m hærra en sjórinn. Engin mannvirki tengd hólmgöngu Bersa og Þorkels Tanngnjósturs sjást á hólmanum enda er hér fremur verið að skrá sögustað og á þeim er sjaldnast nokkur ummerki að finna sem eru í beinum tengslum við atburði sagnanna.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,1; SSD, 181.



DA-172:010\_02 dæld legstaður

363544 547183

Engin ummerki um dysjar sem getið er um í Sýslu- og sóknalýsingu sjást á yfirborði í hólmanum. Þar sést hins vegar grunn og gróin dæld, 2 x 1 m að stærð og 0,4 m djúp. Staðsetning hólmans, sagnir um orrustu (sjá 01) og arfsagnir um legstað í hólmanum gefa sterklega til kynna að þarna hafi verið legstaður í heiðnum sið. Jarðvegur er hins vegar ekki þykkur á þessum slóðum og sjórinn hefur brotið talsvert af hólmanum. Frekari rannsókn er þörf til þess að skera úr um hvort að leifar kumli/kumlum sé að finna í hólmanum og hvort að dældin sem sést sé náttúruleg eða manngerð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

DA-172:011 náma mógrafir

363043 545935


Kristjón Sigurðsson, heimildamaður, benti skráningarmönnum á að mógrafir væru rétt norðan við Torfnæs 012. Enn má sjá mógrafir um 700 m suðaustan við bæ 001 og 300 m norðan við Torfnæs 012. Þar var hætt að taka mó þegar heimildamaður man eftir. Mógrafirnar eru í flatlendri, þýfðri og nokkuð blautri mýri austur undir Tjaldanesbörðum.



*Uppmældar mógrafir DA-172:011 til vinstri en ljósmynd af sama svæði til hægri, horft til austurs.*

Gengið var meðfram Tjaldanesbörðum frá Torfnæsinu og að skurði sem skilur á milli mýrlendis til suðurs að Torfnæsi og ræktaðra túna til norðurs. Fundust óveruleg ummerki um mógrafir en við yfirferð loftmynda á úrvinnslustigi fundust nokkuð skýrt afmarkaðar grafir rétt norðan við áður nefndan skurð á 35 x 17 m stóru svæði sem snýr norður-suður.

**Hættumat:** engin hætta



*Torfnæs DA-172:012\_01. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs*

"Fyrir neðan hálsinn niður undir Álftahaganum eru löng börð. Skerst þar í einum stað fram í flóann og eru þar gamlar tóftarrústir. Heitir þetta nes 'Torfnæs,' segir í örnefnaskrá. Torfnæs er 1 km suðaustan við bæ 001 og 270 m suðaustan við Klofningsveg 590. Nafnið Torfnæs gefur til kynna að í nágrenni við það hafi verið torfrista og á nesinu sjálfu var skráð tóft sem kann að hafa verið stæði fyrir torf eða mó. Minjarnar fá hvor sitt fornleifanúmer til aðgreiningar. Torfnæs er grasivaxið og þýft og er aflíðandi halli fram af því til norðausturs. Austan við nesið er flöt mýri og vestan við það eru Tjaldanesbörð, þýfð og grösug.

Tóft 01 á Torfnæsi er óljós og mjög gróin. Hún er einföld, um 6 x 3,5 m á stærð og snýr norður-suður. Ekkert op er á henni en innanmálið er nokkuð skýrt. Hæð veggja innanmáls er 0,3-0,9 m. Hæstir eru þeir í vesturenda. Hæð veggja utanmáls er 0,3-0,4 m.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,2

DA-172:012\_02 Torfnæs örnefni rista


363184 545647

Torfrista skilur sjaldnast eftir sig mikil ummerki þegar ristusvæðið hefur sigið saman og gróið aftur. Gengið var meðfram Tjaldanesbörðum beggja vegna við Torfnæs en engin ummerki um torfristu fundust á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta



*Uppmældar minjar í Stekkjardal DA-172:013*



*Þúst DA-172:013\_01. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

Fyrir utan Karlsholtið, niður við sjóinn, er allstór dalur. Eru í honum hér og hvar húsatóftir. Dalur þessi heitir Stekkjardalur," segir í ornefnaskrá. Stekkjardalur er austan við Kringlumýri, um 920 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 650 m vestan við vörðu 028. Dalurinn er mýrlendur en í honum miðjum rís mjög gróin hæð og á henni eru umfangsmiklar minjar, alls níu fornleifar. Innan túngarðs 05 er óþekkt hlutverk tóft 04, beitarhúsatóft 02, heimild um stekk 06, þústir 01 og 03 og óljóst garðlag 09. Utan og sunnan garðs er tóft 07 og óljósir garðar 08. Fornleifarnar eru á svæði sem er 150 x 50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Saga þessa minjastaðar er ekki þekkt en túngarður 05 gæti bent til þess að búseta hafi verið á þessum stað um tíma en einnig hefur verið stekkur 06 á þessu svæði eins og nafnið Stekkjardalur bendir til og með yngstu minjum á svæðinu er beitarhúsatóft 02. Dalurinn, sem er í raun mun líkari stórum hvammi, er mjög gróinn

og votlendur en minjasvæðið er á þurru og þýfðu svæði í honum miðjum.

Lýsingin hefst á þúst 01 sem er norðaustast á svæðinu. Hún er um 7 m í þvermál og sker sig úr umhverfinu vegna þess að þar er gróður mun grænni og þéttari en annars staðar. Hún rís 0,7 m hærra en umhverfið, er fremur kúpt og með brattar hliðar. Ytri brúnir þústarinnar eru skýrar. Hún er byrjuð að hlaupa í þúfur og ekki er hægt að greina innri brún veggja. Líklega leynist nokkur mannvist þarna undir jörðu en ekki er ljóst hvers konar minjar um er að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,2





*Horft yfir Stekkjardal DA-172:013, til norðurs*

**DA-172:013\_02** *Stekkjardalur* tóft beitarhús

362099 545663

Tóft 02 er um 20 m suðvestan við þúst 01. Hún er nokkuð umfangsmikil og er gróður á henni grænni en annars staðar í umhverfinu. Tóftin er 22 x 18 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í fjögur hólf. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og eru þeir mjög stæðilegir í norðvesturhluta tóftarinnar, um 0,8 m á hæð, en suðausturhlutinn er ekki eins vel varðveittur. Þar eru veggir signir og sums staðar byrjaðir að hlaupa í þúfur. Veggahæð þar er 0,4 m. Lýsingin hefst í suðausturenda en þar er op inn í ílangt hólf sem er 7,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestan við það er allstórt hólf sem er 8x5 m að innanmáli og snýr þvert á fyrstnefnda hólfíð. Op er á því í suðvesturenda en ekki er sýnilegt op á milli hólfanna.



*Tóft DA-172:013\_02. Á ljósmynd er horft til suðurs*


Heystæði er sambyggt tóftinni að norðvestanverðu og er það 1,5x4,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á suðvesturgafli. Annað heystæði er sambyggt tóftinni að norðaustanverðu. Er það 4x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturgafli. Að lokum má nefna að óljóst veggjarbrot gengur til norðausturs út frá norðausturhorni tóftarinnar. Er það 6 m langt, 0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af útliti hennar og staðsetningu að dæma er hún líklega af beitarhúsum. Afar sennilegt er að beitarhúsin hafi verið byggð ofan á stekki 06 á svæðinu sem Stekkjardalur dregur nafn sitt af en ekki sjást ummerki um stekkjartóft undir beitarhúsunum.

**Hættumat:** engin hætta

DA-172:013\_03 þúst óþekkt hlutverk

362092 545686

Þúst 03 er um 20 m norðvestan við tóft 02. Hún er 5 m í þvermáli og er 0,2-0,3 m á hæð. Gróður á þústinni er þéttari en annars staðar í kringum hana. Þústin er skýrt afmörkuð að norðanverðu en mörk suðurhluta



Þúst DA-172:013\_03. Á ljósmynd er horft til suðvesturs.


þústarinnar eru ekki eins skýr. Ekki er hægt að sjá neitt tóftarlag á henni en þarna leynist líklega mannvist undir sverði.

**Hættumat:** engin hætta

DA-172:013\_04 tóft óþekkt hlutverk

362077 545694

Tóft 04 er um 15 m VNV við þúst 03. Tóftin er 17 x 7,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er þrískipt. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en mjög gróið er yfir hleðslur og ekki hægt að sjá nein umför þótt víða glitti í veglegt hleðslugrjót, einkum í suðausturhluta tóftarinnar. Veggjahæð er mest í norðvesturhluta, 0,6 m. Suðausturendi tóftarinnar er hlaðinn inn í aflíðandi halla. Á norðvesturgafli er eina opið inn í tóftina. Þar er fyrst komið inn í hólfi sem er 6 x 2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Mjór gangvegur er síðan úr þessu hólfi til suðausturs inn í miðhólfið. Það er 4 x 1,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Úr því er



Tóft DA-172:013\_04. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

svo op inn í innsta hólfið í suðausturenda. Það er að öllu leyti sambærilegt við miðhólfið en er þó ívið stærra eða 5 x 2 m að innanmáli. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt en hún gæti verið með elstu minjum á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:013\_05** garðlag túngarður

362122 545666

Siginn túngarður 05 er um 20 m austan við tóft 02. Garðurinn sést í tveimur bútum og hefur afmarkað svæði sem er um 100x100 m að stærð en þeir hlutar hans sem enn sjást eru á svæði sem er 105x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan garðs er þurrt og þýft á austurhluta svæðisins en mýrlent er á vesturhlutanum. Annar garðhlutinn sem sést er suðaustast á svæðinu og er hann vel greinilegur, 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Garðurinn liggur þar á um 18 m löngum kafla og hverfur undir beitarhúsatóft 02. Hinn garðhlutinn er rétt norðvestan við tóft 04. Þar liggur garðurinn frá fjöruborði og til suðvesturs á um 38 m löngum kafla uns hann hverfur í mýrlendi.

**Hættumat:** engin hættu

**DA-172:013\_06** Stekkjardalur heimild um stekk

362097 545658


Ekki er vitað hvar stekkurinn var sem Stekkjardalur dregur nafn sitt af en aðstæður benda helst til þess að beitarhús 02 hafi verið byggð á rústum hans. Engin ummerki um stekkin sjást.

**Hættumat:** engin hættu

**DA-172:013\_07** tóft heystæði

362147 545628

Fremur ungleg tóft er um 60 m suðaustan við beitarhúsatóft 02 og utan við túngarð 05. Tóftin er 4,5 x 3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Vegghæð er 0,4 m og er op á tóftinni á miðjum norðvesturlangvegg. Tóftin virðist yngri en aðrar tóftir á svæðinu og ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt. Helst kemur til greina að þetta sé heystæði.



*Heystæði DA-172:013\_07. Á ljósmynd er horft til suðvesturs.*

**Hættumat:** engin hættu

**DA-172:013\_08** garðlag óþekkt hlutverk

362133 545645

Tvö ógreinileg og útflött garðlög eru um 40 m suðaustan við beitarhúsatóft 02, utan við túngarð 05. Þau eru á svæði sem er 32x24 m að stærð og snýr norður-suður. Stærri garðurinn er austast á svæðinu og sést sem hryggur sem liggur nálega norður-suður á um 20 m löngum kafla, Hann er um 1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Annar, ógreinilegri garðlagsbútur er um 25 m vestar og hefur mögulega tengst hinum garðinum. Þessi bútur er um 5 m langur og 0,1 m á hæð og eru ummerki um hann afar óskýr. Saman mynda þessir garðar mögulega gerði sem hefur verið áfast utanverðum túngarði 05.

**Hættumat:** engin hættu

**DA-172:013\_09** garðlag óþekkt hlutverk  
Afar ógreinilegt garðlag liggur fast vestan við og á milli beitarhúsatóftar 02 og tóftar 04. Meintur garður er 28 m langur, liggur norður-suður. Hann er 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt eða hvort hann tengist öðrum gördum á svæðinu. Mögulega er aðeins um náttúrumyndun að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

362076 545676



*Garðlag DA-172:013\_09, horfi til NNA*

**DA-172:014** heimild um túngarð

362644 546438

Á uppdrátt af Tjaldanestúninu frá 1888 er merktur gamall túngarður. Hann var austarlega í túninu og lá NNA-SSV, nánast samsíða túngarði 003A og 50 m suðaustan við bæ 001. Garðurinn var í gamla heimatúninu þar sem nú (2020) er afgangur og grasigróið beitarhólf fyrir hross. Engin ummerki fundust um túngarðinn vegna sléttunar.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888

**DA-172:015\_01** *Knútsstaðir* bæjarhóll býli

360916 545594

"Skammt fyrir utan Kringlumýri er önnur mýri, Byrgismýri [einnig köllið Seljamýri]. Þar mun hafa verið býli til forna, sem hét á Knútsstöðum," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 segir: "Í heimalandi hefur til forna verið býli, heyrst hafi kallað verið Hnutstader. Það hefur aldrei í manna minnum bygt verið.



*Uppmældar minjar á Knútsstöðum DA-172:015\_01-05*

Þar eru rústir og girðingar miklar. Nær eða hverninn eyðilagst hafi veit enginn af að segja. Það kann ómögulegt að byggjast án skaða heimajardarinnar." Samkvæmt Þorskfirðingasögu bjó Knútur bóndi á Knútsstöðum. Í neðanmálgrein þar segir: "Sennilega átt við tóftir á Seljamýri [einnig kölluð Byrgismýri] rétt utan við Tjaldanes." Kristian Kaalund telur að bærinn hafi staðið einhvers staðar í Tjaldaneshyrnu. "[...] á Byrgismýri er þurrara og byggilegra; þar sést líka greinilega að hefir verið bær eða kot; þar stendr nú fjárbyrgi sem mýrin síðar hefir verið kend við. Hér hafa Knútsstaðir verið [...]," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1882. Í austurhluta Byrgismýrar er afgerandi hóll, meintur bæjarhóll Knútsstaða, og á honum er tóft af stóru fjárskýli. Litlu austan við þessar minjar eru þrjár tóftir sem ætla má að séu selminjar en ekki er útilokað að þær hafi verið byggðar á rústum bygginga sem tilheyrðu Knútsstöðum. Minjarnar eru um 1,8 km suðvestan við bæ 001 og 1,1 km vestan við Stekkjardal 013. Þær eru á svæði sem er 100 x 40 m að stærð og snýr austur-vestur.

Byrgismýri/Seljamýri er skammt sunnan við sjó. Nokkuð votlendi er á svæðinu og er starargróður áberandi. Í mýrinni eru nokkrar grónar hæðabungur og á þeirri austustu, sem er í austurjaðri Seljamýrar, eru seltóftir. Meintur bæjarhóll Knútsstaða 01 er vestast á svæðinu. Hann er mjög gróinn, um 30 m í þvermáli og rís um 1 m hærra en umhverfið. Mögulega hefur hann náð lengra til norðausturs en það er ekki skýrt. Á hólnum sjást engar bæjartóftir en þar er torf- og grjóthlaðin tóft af fjárskýli 02.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,2; Ö-Tjaldanes ath. og viðb.I,1; JÁM VI, 154, ÍF XIII, 213; KK II, 119; Árbók 1882, 65

**DA-172:015\_02** *Byrgismýri* tóft fjárskýli

360908 545598

Oftan á bæjarhóli 01 er grjót- og torfhláðin tóft af fjárskýli. Hún er um 19 m í þvermál, Norðurhluti tóftarinnar er vel varðveittur og þar er veggjahæð um 0,7 m en aðrir hlutar gerðisins eru útflattir og mjög þýfðir. Suðurhlutinn er ógreinlegastur og er veggjahæð þar aðeins 0,2 m. Op er á tóftinni allra nyrst. Byrgismýri dregur að öllum líkindum nafn sitt af fjárskýlinu og er líklegt að það hafi verið byggt í tengslum við seljabúskap á svæðinu.



*Fjárskýli DA-172:015\_02. Á ljósmynd er horft til austurs.*


**Hættumat:** engin hætta



**DA-172:015\_03** tóft óþekkt hlutverk

360981 545621

Tóft 03 er um 60 m ANA við fjárskýli 02 og 15 m norðan við seltóft 04. Hún er 7,5 x 6 m að stærð, snýr NNV-SSA og er mjög lík að gerð og lögun og tóft 05 sem er fast austan við hana. Tóftin er torfhláðin og veggir eru stæðilegastir á vesturhlið þar sem þeir eru 0,4 m á hæð. Tóftin er grafin um 0,5 m inn í aflíðandi halla til SSA og er op á tóftinni á miðjum NNV-gafla. Ekki er vitað um hlutverk tóftarinnar annað en að hún sé einhvers konar aðhald fyrir skepnur sem hefur tengst seljabúskap á svæðinu.




*Tóft DA-172:015\_03. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:015\_04** Seljamýri tóft sel

360975 545601

Tóft 04 er um 15 m sunnan við tóft 03 og 50 m austan við fjárskýli 02. Tóftin er stærst af þeim tóftum sem eru á svæðinu, fyrir utan fjárskýlið, og er hún líklega seltóft. Tóftin er tvískipt, 14 x 7 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Veggir eru torfhláðnir og eru þeir stæðilegastir í vesturenda, 0,5 m á hæð. Austurhluti tóftarinnar er verr varðveittur en vesturhlutinn og eru veggir sums staðar byrjaðir að ganga í þúfur. Í vesturhluta tóftar er stærra hólfið sem er 7 x 3,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á hólfinu á miðri norðurhlið. Minna hólfið er í austurenda og er það 3x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.



*Seltóft DA-172:015\_04. Á ljósmynd er horft til vesturs.*


Op er inn í það á norðvesturhlið en ekki er op á milli hólfa. Óljós ummerki um garðlag eru um 5 m suðvestan við tóftina. Ummerkin eru mjög óskýr og ekki er útilokað að þetta sé náttúrumyndum. Garðlagið sést sem mjög gróinn og siginn hryggur. Hann er 0,2 -0,3 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur á um 16 m löngum kafla. Hryggurinn er breiðastur norðaustast, um 2 m, en mjókkar lítilla til suðvesturs þar sem hann er 1,5 m á breidd. Mögulega er þetta aðeins náttúrumyndun og því skráð með seltóftinni frekar en á sérstakt númer.

**Hættumat:** engin hætta

DA-172:015\_05 tóft óþekkt hlutverk

360995 545617

Tóft 05 er allra austast á svæðinu fast austan við tóft 03. Hún er rétt vestan við mjóan, uppborðan lækjarfarveg sem nær frá Tjaldaneshlíð til sjávar. Tóftin er einföld og torfhláðin. Hún er 9,5 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru 0,4 m á hæð og er tóftin grafin um 0,6 m inn í aflíðandi halla til vesturs.



*Tóft DA-172:015\_05. Á ljósmynd er horft til austurs.*


Op er á tóftinni á miðjum austurgafli. Óvíst er með nákvæmt hlutverk tóftarinnar, en mjög líklega er hún einhvers konar aðhald fyrir skepnur, mögulega kvíar.

**Hættumat:** engin hætta

DA-172:016\_01 tóft heystæði

362983 546711

Tóftir tveggja heystæða eru við horn sem myndast á mörkum afleggjara að sumarhúsinu Ljósuvík annarsvegar og Salthólmavíkur hinsvegar. eru þær í jaðri Ósamels. Miklar mýrar, útengjar, eru til vesturs og suðurs. Minjarnar eru á svæði sem er 28x13 m að stærð og snýr norðaustur-sudvestur. Gróið smápýft svæði er næst tóftunum á flatlendi en á Ósamelnum er rýr móagróður og gróðursnauðir grýttir melar á stórum svæðum.



*Tóft DA-172:016\_01. Á ljósmynd er horft til suðurs.*


Lýsingin hefst á stærri tóftinni 01 sem er í norðausturenda svæðsins. Tóftin er torfhláðin og hringlaga, 13 m í þvermál. Hún er mjög sigin og gengin í þúfur og innanmál hennar er orðið illgreinanlegt. Ekki er op á tóftinni og veggir hennar eru 0,5-0,6 m á hæð, lágstir á vesturhlíð.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

DA-172:016\_02 tóft heystæði

362969 546699

Minni tóftin 02 er 7 m suðvestan við tóft 01. Hún er líka torfhláðin en öllu greinilegri og minna sigin og þýfð. Tóftin er einföld og er innanmál hennar ferkantað en horn á ytri brúnum veggja eru nokkuð vel rúnuð.



Heystæði DA-172:016\_02. Á ljósmynd er horft til norðurs.

Tóftin er 7x7 m að stærð, ekki sést op á henni. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,5 m á hæð. Dálítill grænka er inni í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

DA-172:017\_01 Stóra-Þingeyri heimild um þingstað

359067 544934

"Niður við sjóinn, fyrir neðan hjallana, eru tvær eyrar, sléttar, sem heita Stóra- og Litla-Þingeyri [sjá einnig 033]. Ekki veit ég neitt sögulegt við þessar eyrar, þó að nafnið bendi til, að fornmennt muni hafa haft þar einhvern samkomustað. Einnig sést þar greinilega fyrir að þar hafi verið eitt af þessum svokölluðu völundarhúsum," segir í örnefnaskrá. Kristian Kaalund kom á Þingeyri og taldi völundarhúsið aðeins vera náttúrulega torfþælur: "Á eyrinni sést nú einkennilega aflöng þyrping af smágirðingum, um kvartils breiðar og háar með mörgum bugðum, ferhyrningum, bogum o.fl. vefjast hver um annan. Mennt þar í nágrenni kallar þessar upphækkanir völundarhús. Ef til vill er freistandi að taka sem minnst mark á þessari nafngjöf og gera ráð fyrir að þetta allt séu aðeins gamlar torfþælur." Sigurður Vigfússon kom að (Stóru) Þingeyri 1881: "Eyrin er nær rennislétt; fremst á henni er lítill höfði, enn örmjótt fyrir ofan; síðan slær eyrin sér út. Þingeyri er hvergi nefnd í sögum, enn vel má vera, að jafnvel fornmennt hafi haft hana fyrir einhvern samkomustað." Stóra-Þingeyri er rétt austan við Litlu-Þingeyri, um 3,9 km VSV við bæ 001 og tæpum 230 m norðan við Hjalla 029. Á eyrinni eru heimildir um þingstað 01 og völundarhús 02 sem skráðar eru saman sem einn minjastaður en þar eru einnig heimildir um dysjar 033 og varða 050 er á Þingeyrarhaus. Á norðausturhluta Stóru-Þingeyrar eru hálfgrónir hryggir sem hafa íklega myndast við sjávarrennsli, flóð og fjöru. Að öðru leyti er eyrin frekar gróin, deigland og flöt.

Engar greinilegar búðatóftir eða önnur ummerki um þinghald fundust á eyrinni. Þó eru ógreinilegar þústir 033 sunnarlega á eyrinni sem skráðar eru sem mögulegar dysjar en koma einnig til greina sem leifar af þingbúðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,3; KK II, 119; Árbók 1882, 65



*Pingeyri DA-172:017, horft til ANA.*


Engin skýr ummerki um völundarhús sem nefnt er í heimildum sjást á yfirborði á Stóru-Pingeyri. Mögulega hafa hálfgrónu hryggirnir norðaustast á eyrinni villt mönnum sýn og fólk talið að þeir tilheyrðu völundarhúsi. Þessir náttúrulegir hryggir eru sennilega þeir sömu og Kaalund nefndi torfpælur. Völundarhús finnast einkum við verstöðvar, eins og á Dritvík á Snæfellsnesi. Engar verminjar eru við Pingeyri eða heimildir um að þar hafi verið verstöð. Á úrvinnslustigi benti Kristjón Sigurðsson, heimildamaður, á að um 25 m suðvestan við þústir 033 væri niðurgröftur eða manngerð hola og sýnilega grjótt í henni og í kringum hana sem gróið hefur yfir. Hefur verið talið að þetta mannvirki sé leifar af völundarhúsinu. Það var ekki skoðað á vettvangi en á loftmynd og ljósmynd sem Kristjón á af því virðist niðurgröfturinn vera 0,5-1 m í þvermál og 0,3-0,5 m á dýpt. Í kringum niðurgröftinn virðist mjög lág þúst og er mannvirkið í heild líklega 5-6 m í þvermál. Ekkert er hægt að fullyrða um hlutverk þess án frekari rannsóknar með uppgrefti.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:018** tóft óþekkt hlutverk

363319 546951

Tóft er fast suðaustan við Ósamel, um 860 norðaustan við bæ 001 og 60 m norðaustan við gamlan veg DA-681:001\_02. Tóftin er í flatlendum og þýfðum móa sem er vaxinn grasi og sinu.



*Tóft DA-172:018. Á ljósmynd er horft til suðausturs.*

Tóftin er 14 x 11,5 m á stærð og snýr NNV-SSA. Hún skiptist í tvö hólf. Nyðra hólfid er frekar óljóst og er innanmál þess 1,7 x 1,2 m. Syðra hólfid er heldur skýrara, er 4,7 x 2 m á stærð og snýr NNV-SSA. Ekkert skýrt op er á tóftinni en líklega hefur verið op á norðurvegg hennar. Óljós veggur skilur á milli hólfanna. Hæð veggja innanmáls er 0,2-0,6 m en austurveggur tóftar er hæstur. Hæð veggja utanmáls er 0,2-0,4 m en ytri mörk tóftarinnar eru frekar óskýr og mikið hefur hrunið úr ytri brún veggja. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:019** Naustamýri örnefni naust

362790 547097

Örnefnið Naustamýri er merkt inn í örnefnasjá Landmælinga Íslands í mýri rétt sunnan við Salthólmavík. Er mýrin rúnum 510 m norðaustan við bæ 001 og norðan við heystæði 016. Mýrin dregur líklega nafn sitt af naustum sem hafa verið í Salthólmavík. Í heimildum er getið um Staðarnaust 027 í landi Tjaldaness og uppsátur 032 og mögulegt að Naustamýri dragi nafn sitt af þessum mannvirkjum en ekkert er hægt að segja um það með vissu. Naustamýri er flatlend og grasi vaxin en hefur verið ræst fram. Tjaldanesið rís allhótt vestan við mýrina og gróðurlítill Ósamelur er austan við hana. Sendin og smágrýtt fjara er svo norðan við mýrina í Salthólmavíkinni.

Engin ummerki um naust sjást lengur í Salthólmavík en þar hefur verið góð landing. Ætla má að landbrot hafi raskað þeim naustum sem hafa verið í víkinni en einnig er möguleiki að minjum hafi verið raskað þar í tengslum við mannvirkjagerð Kaupfélags Saurbæinga (sjá 024).

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:020** Traðarvöllur heimild um traðir

362592 546434

"Syðst, næst Skeiðinu, heitir Húsavöllur [sjá útihús 006, 007 og 039], þá er Traðarvöllur, þá Öskuhluti [sjá 001\_05] og Miðvöllur næst bæ," segir í örnefnaskrá. Á uppdrætti af Tjaldanestúninu frá 1888 er Traðarvöllur merktur sunnarlega í túninu, suðvestan við bæ. Fast vestan við útihús 006 eru svo merktar traðir á uppdráttinn sem liggja norður að bæ 001. Á sama korti er sýnd leið frá bænum til austurs og þar voru aðrar traðir 044.

Traðirnar lágu um sléttað og flatlent tún en frá þeim hallar túnið nokkuð til vesturs. Gamla heimatúninu hefur verið skipt upp í nokkra parta og eru sumir þeirra í órækt en aðrir enn í rækt. Engin ummerki fundust um traðir vegna sléttunar, en í túninu má greina hrygg í landinu þar sem traðirnar kunna að hafa verið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,4. Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888.

**DA-172:021** frásögn smiðja

362614 546628

Kristjón Sigurðsson, heimildamaður, man eftir smíðakofa í túninu á Tjaldanes sem seinna var notaður sem lambakofi og svo hænsnakofi áður en hann var rifinn. Í kofanum var Jón Björnsson með smíðaverkstæði en hann kom að Tjaldanesi árið 1927 frá Saurhóli. Kofinn var 140 m norðan við bæ og 65 m norðaustan við Filippus 022. Þessar minjar eru of ungar til að teljast til fornminja en rétt þótti að halda þessum upplýsingum til haga og færa á fornleifaskrá.

Kofinn var í flatlendu og grösugu túni en það er komið í órækt að stórum hluta. Engin ummerki sjást um kofann vegna niðurrifs og sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-172:022** *Filippus/Filippía* heimild um legstað

362560 546593

"Fyrir utan, eins og það er sagt, eða bak við bæinn, heitir Bakhluti, en næst bæ og næst Miðvelli heitir Filippíuvöllur, og dregur hann nafn af steini, sem í honum er og heitir Filippía; undir þeim steini á að liggja maður," segir í örnefnaskrá. Einnig er þekkt nafnið Filippus og Filippusvöllur á þessum stöðum. Steinninn er enn á sínum stað og er merktur inn á uppdrátt af Tjaldanestúninu frá 1888. Hann er 110 m NNV við bæ 001 og 160 m ANA við norðurenda á túngarði 003B. Steinninn er í sléttuðu, grösugu túni sem er í órækt.

Steinninn er jarðfastur, um 1,2 m á hæð og 3 m í þvermál. Heimildamenn, Kristjón og Hólmfríður Sigurðarbörn, segja steinninn alltaf hafa verið kallaðan Filippus í þeirra minni. Engin mannabein hafa komið upp í kringum steinninn, svo vitað sé. Uppi á steininum er minni steinn sem hefur verið komið fyrir þar í seinni tíð.



*Filippus DA-172:022. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,4. Uppdráttur af Tjaldanestúni 1888.

**DA-172:023** *Bjarnarbrunnur* frásögn brunnur

362688 546444

"Rétt fyrir neðan fjósið [005] var Bjarnarbrunnur," segir í örnefnaskrá. Í fasteignamati frá 1918 er getið um brunnhús á jörðinni og má ætla að það hafi verið yfir Bjarnabrunni. Þar er það talið til ókosta á jörðinni hversu langt var í vatnsból. Brunnurinn var utan heimatúnsins, á mörkum þurrlendis og mýrlendis þar sem tekur að halla til austurs af nesinu. Brunnurinn var 85 m suðaustan við bæ 001 og 30 m ASA við fjós 005. Er hann innan beitarhólfis þar sem deiglent og þýft en búið er að ræsa fram svæði norðan við hann og rækta þar tún. Nýleg heimreið að Gamlanesi 001\_03 liggur upp á nesið fáum metrum norðan við brunninn.

Búið er að ýta grjóti og öðrum jarðefnum ofan í brunninn og sést hann ekki lengur af þeim sökum. Talsverð grjót dreif sést á þeim stað sem brunnurinn var á og svo til suðausturs frá honum. Er það líklega efni úr mannvirkjum sem hafa verið rifin í grennd eða komið upp við jarðrask. Grjót dreifin sem sést ofan á brunninum er um 2,5 m í þvermál. Neðan og norðan við brunninn er grunn lægð og þar sem er blautt og virðist vatn renna þaðan til austurs. Kristjón og Hólmfríður Sigurðarbörn, heimildamenn, mundu eftir brunninum. Allt vatn var sótt í hann fyrir bæinn og fjósið. Hann var hlaðinn úr grjóti en vatnið úr honum þótti ekki sérlega gott.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Tjaldanes,4; FDA II, 71-72

"Milli Salthólma og Sölvatanga myndast vík, sem heitir Salthólmavík. Var talað um að fara ofan á Sand frá Tjaldanesi [001]. Þar var fyrsta Kaupfélag Saurbæinga, stofnað 1898 (K.S.S.)," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Kaupfélagið var sunnarlega í Salthólmavík, rétt norðan við Naustamýri 019 og um 700 m NNA við bæ 001. Búið er að koma fyrir upplýsingaskilti um Kaupfélagið á athafnasvæði þess. Á skiltinu segir að á fyrsta starfsári sínu hafi félagið ekki átt nein hús en 1899 var byggt portbyggt torfhús. Á jarðhæð þess var vörugeymsla og búð og í lofti var önnur vörugeymsla. Ný búð var byggð árið 1904 ásamt vörugeymslu og tóku kaupfélagshúsin breytingum gegnum tíðina. Byggt var við búðina árið 1946. Sláturhús var byggt á árunum 1914 til 1918. Sláturhúsið var stækkað árið 1937 og var þá byggð fjárrétt við það. Ekki kom bryggja á staðinn fyrr en 1939. Á sama ári var byggður skáli til að vinna smjör í. Ári fyrr hafði verið byggður verkamannaskáli á staðnum. Sérstakt íbúðarhúsnæði fyrir framkvæmdastjóra félagsins reis síðan á árabílinu 1944 og 1945 og var það nefnt Ásar. Er það enn uppistandandi, en í niðurníðslu. Sama ár og húsið Ásar reis var keyptur hermannabraggi og notaður sem geymsla fyrir byggingarefni. Kaupfélagið var niður við sendna og nokkuð grýtta fjöru við fremur lagan sjávarbakka. Til suðurs er framræst Naustamýri sem er vaxin kafgrasi (júlí 2020).



*Verslunarstaður DA-172:024. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en á mynd til hægri til austurs.*

Samkvæmt upplýsingaskilti á staðnum segir að Kaupstaðarfélagshúsin hafi verið rífin árið 1958. Leifar af mannvirkjum sjást þó enn í Salthólmavík á svæði sem er um 110x75 m að stærð og snýr austur-vestur. Um ung mannvirki er að ræða og er þeim öllum lýst undir einu fornleifanúmeri en í umfjöllun hér á eftir fær hver þeirra bókstaf til aðgreiningar. Austast á svæðinu er steinsteyptur veggur, leifar af húsgrunni A. Á honum stóð hermannabraggin sem notaður var sem geymsla. Grunnurinn er byggður utan í sjávarbakkann og sést hluti af norðurhlíðinni og norðvesturhornið. Grunnur þessa húss er um 8x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Um 40 m VSV er annar húsgrunnur B sem er frammi á sjávarbakkannum. Hann er niðurgrafinn um 0,5 m og er 7x3 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Óljóst má greina grónar grjóthledslur utan við niðurgröftinn og er heildarstærð mannvirkisins 5x10 m. Telur Kristjón Sigurðsson, heimildamaður, líklegt að húsgrunnurinn sé leifar af portbyggða torfhúsinu sem byggt var 1899. Steyptir veggir úr bryggju C eru 35 m VNV við húsgrunn B. Bryggjan var öll steinsteypt og var byggð árið 1939. Sjá má neðsta hluta tveggja veggja sem ganga út úr grasi grónum sjávarbakkannum úr í sendna fjöruna. Eru þessir veggir á svæði sem er 10x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þar neðan við eru svo að lokum grjóthledslur D innan úr bryggjunni. Eru þær allar úr lagi gengnar en sjá má grjóthrugald í fjörunni sem hefur tilheyrt bryggjunni. Það sem sést af því upp úr sjó á fjöru er um 20x10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Að sögn Kristjóns var bátanaust vestan




*Heystæði DA-172:024, húsgrunnur B.*

við bryggjuna fyrir þrjá báta sem kaupfélagið átti og voru notaðir fyrir uppskipun úr stærri skipum sem ekki gátu lent við bryggjuna. Ekki sjást skýr ummerki um það lengur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes ath. og viðb.I,1

**DA-172:025** *Stakkgarður* þúst heygardur 363014 546073  
"Á milli Torfness [013] og Ósamels eru miklar rústir, sem kallaðar voru einu nafni Stakkgarður," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Svæðið milli Torfness og Ósamels er firnastórt. Svæðið var gengið í leit að Stakkgarði en ekki fundust mjög afgerandi minjar. Sunnarlega á Tjaldanesbörðum, rétt norðvestan við Álftþaga fannst þúst og hugsanlega er það Stakkgarðurinn sem getið er um í örnefnaskrá. Þústin er um 570 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 450 m norðan við Torfness 012. Þess má geta að tveir heygardar 016 eru á mótum Tjaldanesbarða og Ósamels og ekki er útilokað að nafnið Stakkgarðar eigi við um þá. Þústin er á mjög grónu barði sem rís talsvert hærra en votlendið sem er þar rétt austan við það. Lengra til austurs er ræktað tún í framræstri mýri.



*Heystæði DA-172:025.*

Þústin er um 9 m í þvermáli og rís 0,4-0,6 m hærra en umhverfið. Gróður á þústinni er áberandi þéttari en í næsta umhverfi. Þústin hefur skýrar ytri brúnir þótt ekki sé hægt að greina neitt tóftarlag á henni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes ath. og viðb.I,1

**DA-172:026\_01** *Nedra-Heyvað* heimild um vað

363462 546994

"Í Staðarhólsá eru margir lágir hólmar, sem flestir fara í kaf um flæði, grasi vaxnir, og ná þeir upp undir Heyvað (Nedra-)," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Síðar í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Tjaldanes á ekki land hinum megin við Staðarhólsá, en menn fengu stundum lánaðar slægjur sitt á hvað. Sennilega ber Nedra-Heyvað nafn af því." Nedra-Heyvað 01 er rétt suðaustan við ós Staðarhólsár, um 990 m ANA við bæ 001 og um 170 m ASA við tóft 018. Ógreinilegar götur 02 sjást rétt vestan við vaðið, Tjaldanesmegin. Ekki var leitað á vettvangi eftir götum á hinum árbakkanum, í landi Stóra-Holts. Engar götur sjást þar á loftmynd. Ekki er ólíklegt að farið hafi verið yfir ána á sama stað eða svipuðum stað á leið DA-621:006. Bakkar Staðarhólsár eru sendir og smágrýttir. Gróður þéttist fljótlega því fjær sem dregur frá ánni og eru bakkarnir grasi grónir.



*Vað DA-172:026. horft til norðurs.*

Staðarhólsá er um 210 m breið á þessum slóðum. Frá landi virðist áin ekki djúp á þessum slóðum og líklega hefur hún ekki verið mikill faratálmi á sínum tíma fyrir hesta.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes ath. og viðb.I,2; Ö-Tjaldanes ath. og viðb.II,2



DA-172:026\_02 gata leið

363383 546973

Mjög ógreinilegar götur sjást um 15 m vestan við Neðra Heyvað 01. Þær sjást hins vegar mjög skýrt á loftmynd af svæðinu. Um 2-4 mjög grasivaxnir götur sjást sem eru 0,2-0,4 m djúpir. Göturnar liggja frá Neðra-Heyvaði og til vesturs, með stefnu í átt tóft 018 og bæ 001. Þær sjást á um 120 m löngum kafla og eru á um 1 m breiðu svæði. Ekki er ólíklegt að þessar götur hafi einnig verið farnar á leið DA-621:006 áður en vegur DA-621:002\_02 var byggður upp litlu norðar.

**Hættumat:** engin hætta

DA-172:027 *Staðarnaust* heimild um naust

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 segir: "Kirkjan [á Staðarhóli] á [...] Skipstöður og naustgjörð í Tjaldaness landi, þar sem kallast Staðarnaust. Ekki er vitað hvar Staðarnaust var en líklegt verður að teljast að það hafi verið í Salthólmavík. Í Salthólmavík eru minjar um Kaupfélag Saurbæinga sem starfaði í vikinni frá því um aldamótin 1900 og fram yfir miðja síðustu öld. Sunnan við Salthólmavík eru mýrar á milli Tjaldaness og Ósamels sem heita Naustamýrar 019 og líklegt að þær dragi nafn sitt af naustum í vikinni, sjá einnig uppsátur 032. Talsvert landbrot er á ströndinni og líklegt að minjar um uppsátur og naust frá fornri tíð séu horfnar af þeim sökum.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM VI, 161

DA-172:028 varða

362731 545509

"Ekki Karlsholt heldur Kaldsholt. Á því er oft blástur og kuldí. Þar er tekið vatn og leitt heim að Tjaldanesi [001]," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Kristjón Sigurðsson, heimildamaður, benti skrásetjurum á vörðu á Kaldsholti. Hún var mælingavarða og er á sama stað og mælingapunktur á Herforingjaráðskorti 23 er sýndur á holtinu. Kortið var mælt 1911 og gefið út 1913. Varðan er því orðin fornleif samkvæmt aldursákvæði laga um þjóðminjar. Hún er syðst á Kaldsholti, 990 m sunnan við bæ 001 og 650 m ASA við minjar í Stekkjardal 013. Holtið er hátt og gróðurlítið. Norðan við það er flatlendur og þýfður valllendismói.



*Varða DA-172:028. Á ljósmynd er horft til norðurs.*

Varðan er hringhlaðin úr grjóti, um 2 m í þvermál og 1,2 m á hæð. Hún er nokkuð gróin í botninn og þokkalega hlaðin úr misstóru grjóti, sem er skófum vaxið. Það er aðeins byrjað að hrynja úr vörðunni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes ath. og viðb.II,1; Hkort 23 SA

DA-172:029 *Hjallar* heimild um býli

359233 544845

"Þegar kemur út á Hjallaleiti sést út á Skarðsströnd. Álitið er, að þarna hafi verið bærinn á Hjöllum. Miklar þúfur eru þar, en ekki sést beinlínis fyrir rústum," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 segir: "Þriðja býli heyrir verið hafa fyrrum í heimalandi, kallað Hiallar. Þar sjest óglögt til girðinga, en rústir nokkrar. Alt yfirfallið með skriðum og grjóti. Kann aldrei að byggjast." Hjallaleiti er rétt neðan (norðvestan) við Hjallahlíð og suðaustan við og upp af Stóru-Þingeyri 017, um 3,7 km suðvestan við bæ 001.

Á Hjallaleiti eru grasi grónir hjallar og þverhnipt klettabelti fram af þeim. Á hjöllum er þýft og grýtt.

Ekki er vitað nákvæmlega hvar býlið Hjallar hefur verið en engin ummerki um bústað sjást lengur á því svæði sem nefnt er í athugasemdum við örnefnaskrá. Eina tiltölulega flata landið á þessu svæði er á fremur mjóum stöllum í hlíðinni.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**Heimildir:** Ö-Tjaldanes ath. og viðb.II,1; JÁM VI, 154

**DA-172:030** heimild um býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Hjáleiga hefur verið í túninu, nýbýli, nú í eyði og jörðunni öldungis ógagnleg." Ekki var hægt að staðsetja býlið og engar fleiri upplýsingar fundust um það. Enginn líklegur staður fannst við skráninguna í heimatúninu og er því býlið óstaðsett.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM VI, 154

**DA-172:031** *Horn* heimild um býli

362657 547087

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Annað býli sýnist hafa verið í gamallri tíð í heimalandi, sem heyrir skuli hafa verið kallað Horn. Er nú alt komið í skriður og grjót, og kann aldrei að byggjast." Ekki er vitað með vissu hvar þetta býli var en á örnefnavefsjá Landmælinga Íslands er örnefnið Horn merkt nyrst á Tjaldanesi, á svipuðum stað og Fornistekkur 040. Engin ummerki sjást um minjar nyrst á nesinu og ekki var hægt að staðsetja býlið með neinni vissu. Má þó ætla að það hafi verið um 600 m norðan við bæ 001 út frá aðstaðum og merkingum í örnefnasjóni. Kristjón Sigurðsson, heimildamaður, man aldrei til þess að talað hefði verið um býlið Horn á sjálfu Tjaldanesi og ekki er ljóst hvaðan upplýsingar um staðsetningu örnefnisins eru fengnar. Orðalagið "alt komið í skriður og grjót" gæti bent til þess að skriður hefðu fallið yfir bæjarstaðið og það þá verið undir Tjaldaneshlíð en það er ekki hægt að útiloka að átt sé við að landbrot hafi valdið því að bæjar- eða túnstaðið hafi verið komið í skriður og grjót. Stekkjardalur 013 er í afgerandi horni sem myndast á mótum Tjaldaneshlíðar og Tjaldaness og kemur því einnig til greina að býlið horn hafi verið þar en ekki er að sjá að það minjasvæði hafi orðið fyrir beinum áhrifum af skriðuföllum. Talsverður vafi leikur því á því hvar býlið Horn var. Nyrst á Tjaldanesi er uppblásinn mói og grýttar og brattar skriður fram af því til vesturs og norðurs, niður í sjó. Engin ummerki fundust um býlið á vettvangi og mögulega eru öll ummerki um það horfin vegna landbrots en sem fyrr segir er möguleiki á því að það hafi verið annarsstaðar í landi Tjaldaness.

**Heimildir:** JÁM VI, 154

**DA-172:032** heimild um uppsátur

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Skip í á ábúandinn Snæbjörn lítið, sem stundum gengur til fiski í Bjarneyjum. Skips uppsátur á þar Sr. Árni Jónsson að Brekku; brúkar hann það fyrir ferðaskip, sem hann á, þegar það stendur uppi; hefur hann keypt það skipsuppsátur til æfinlegrar eignar. Aðrir menn ýmsir setja þar oft upp skip stundum, sem á skipum ferðast, og er það líðið án neins tolls, en er þó ískyldulaust." Ekki er ljóst hvar uppsátur hefur verið í fjörunni á Tjaldanesi en líklegt er að það hafi verið í Salthólmavík. Sunnan við Salthólmavík eru mýrar á milli Tjaldaness og Ósamels sem heita Naustamýrar 019 og líklegt að þær dragi nafn sitt af naustum í vikinni. Talsvert landbrot er á ströndinni og líklegt að minjar um uppsátur og naust frá fornri tíð séu horfnar af þeim sökum.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM VI, 155

**DA-172:033** þúst legstaður

359055 544981

Í Sýslu - sóknarýsingum úr Dalasýslu frá 1842 segir: "Það eina veit eg þar umgeitið af fornleifum: að á áðurumgetinni Þingeyri innantil við Deildina eru tvö dys, sést þar og fyrir búðatóftum [sjá einnig heimild um þingstað 017]," Sigurður Vigfússon kannaði fornleifar á eyrinni árið 1881 en fann engar dysjar. Tvær Þingeyrar eru á Tjaldanesi, Stóra-Þingeyri og Litla-Þingeyri, og hér er sennilega átt við þá fyrnefndu. Hún er rétt norðvestan undir Hjallaleiti, um 3,9 km VSV við bæ 001. Stóra-Þingeyri er fremur slétt og ekki sérlega stór. Á norðausturhluta hennar eru hálfgróinir hryggir sem hafa líklega myndast við upphleðslu á sjávarmöl. Að öðru leyti er eyrin frekar gróin, deiglend og flöt. Norðvestast á eyrinni er lítill og hálfgróinn klapparhóll með vörðu 050 á.



*Legstaður DA-172:033. Á ljósmynd er horft til suðvesturs.*

Farið var á þennan stað í leit að dysjum á eyrinni í tengslum við legstaðaverkefni Fornleifastofnunar í Dalasýslu (Dysjar, leiði og haugar) sem unnið var árin 2007 og 2011. Engar dysjaleifar fundust þá og ekki fundust heldur nein afgerandi ummerki þegar farið var á vettvang í tengslum við Staðarhólsrannsóknir 2020. Þó voru skráðar þrjár illgreinanlegar þústir sunnarlega á eyrinni, norðvestan undir allbrattri brekku sem eru mögulegar dysjar en einnig kemur til greina að þær hafi haft annað hlutverk. Þústirnar eru á svæði sem er 40 x 15 m að stærð og snýr ANA-VSV. Þær eru allar mjög grónar en skera sig nokkuð úr umhverfi sínu því gróður á þeim er þéttari en annars staðar. Þær eru allar mjög lágar og rísa aðeins 0,1-0,2 m hærra en umhverfið. Þúst 1 er vestast. Hún er um 13 m í þvermál. Þúst 2 er um 5 m ANA við þúst 1 og er 6 m í þvermál. Þúst 3 er um 5 m ANA við þúst 2. Hún er 12,5 x 7 m að stærð og snýr ANA-VSV. Mögulega eru þústir 2 og 3 hlutar af saman mannvirkinu en það er ekki skýrt. Líklegt er að þessar þústir séu þau ummerki sem eru talin vera dysjar eða búðatóftir í Sýslu- og sóknalýsingum en ekkert verður fullyrt um það. Samkvæmt Adolphi Friðrikssyni er ekki útilokað að þústirnar séu kuml en aðstaður á Þingeyri og lögum þústanna minna mikið á kumlastæðið á Innri-Fagradal.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SSD, 181; Árbók 1882, 65; Adolf Friðriksson 2011, 1

**DA-172:034** varða

360045 545549

Vestarlega á Digramúla, á brún við sjóinn, er lítil varða, um 2,8 km VSV við bæ 001 og um 90 m norðan við Klofningsveg 590. Varðan hefur verið hlaðin sem mælingavarða þegar kortagerðamenn danska herforingjaráðsins voru við kortamælingar í upphafi 20. aldar. Digrimúli er fremur grýttur og sendinn. Þverhnípt er niður af múlanum í sjó fram.

Varðan er hlaðin á klöpp. Hún er um 2 m í þvermáli og 0,5 m á hæð en 0,7 m ef klöppin er talin



*Varða DA-172:034. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en til ANA á mynd til hægri.*


með. Varðan er strýtulaga og er hlaðin úr smágrýti en neðst í henni er þó stæðilegt og fremur flatt grjót.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:035** tóft óþekkt hlutverk

362686 547139

Niðurgráfin og samanfallin tóft er í brekkunni upp af minjum um Kaupfélag Saurbæinga 024 í Salthólmavík. Er hún 660 m norðan við bæ 001 og 6 m norðvestan við malarlóða sem liggur úr fjörunni og upp á Tjaldanes. Gróin brekka er ofan við tóftina en jarðvegsrof neðan við, í hallanum þar.



*Tóft DA-172:035. Á ljósmynd er horft til suðvesturs.*

Tóftin er 2,5 m í þvermál og hefur verið byggð inn í brekkuna en ytri brúnir veggja sjást lítt, þó helst undan halla að norðanverðu. Þar eru þeir 0,2 m á hæð. Líklega hefur verið op nyrst í tóftinni en það sést ekki. Tóftin er full af grjóti en greina má innri brúnir veggja. Líklega er hér um einhvers konar byrgi að ræða sem tengist umsvifum og starfsemi kaupfélagsins. Einnig kemur til greina að þarna hafi verið brunnur en það virðist ólíklegri tilgáta.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:036** varða

363089 547394

Varða er á suðvestanverðum mel á sunnanverðum Sölvatanga skammt norðan við lóð umhverfis sumarhús Kristjóns Sigurðssonar í Ljósuvík. Hún er rúmum 1 km norðaustan við bæ 001 og 170 m suðvestan við minjar 048 um sölvatekju. Samkvæmt Kristjóni er varðan mælingavarða eftir Herforingjaráðið sem hlaðin var á sama tíma og vörður 028 og 034. Ekki er mælingapunktur á Herforingjaráðskorti fyrir þetta svæði þar sem varðan er. Melurinn sem varðan er á virðist hafa verið algróinn í eina tíð og sjást jarðvegstorfur á honum hér og hvar sem eru grasi og mosa vaxnar. Utan þeirra vex mosi á milli jarðlægs grjóts á holtinu.



*Varða DA-172:036. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs en til suðurs á mynd til hægri.*


Varðan er hlaðin ofan á jarðfast bjarg. Hún er um 1 m á lengd norður-suður og 0,7 m á breidd en 0,6-0,7 m á hæð. Hledslur eru úr lagi gengnar og virðist grjót hafa hrunið úr vörðunni til suðurs. Frá vörðunni sést allvitt um Sölvatangann og næsta nágrenni.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:037** tóft óþekkt hlutverk

363409 546842

Óljós tóft er á vesturbakka Staðarhólsár norðan Flæðieyra um 890 m norðaustan við bæ 001 og 135 m suðaustan við tóft 018. Tóftin er í flatlendum og stórbýfðum vallendismóa.



*Tóft DA-172:037. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

Tóftin er óljós og mjög býfð. Hún er torfhlaðin, nokkuð hringlaga, 5 m í þvermál og sést eitt hól í henni. Innanmálið er nokkuð skýrt og er um 2 m í þvermál. Hæð veggja að innanmáli er 0,3 m. Hæð veggja að utanmáli er 0,1-0,3 m og það er erfitt að sjá skýr ytri mörk veggjanna. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til greina að hún sé heystæði. Við yfirferð loftmynda á úrvinnslustigi var komið auga á fleiri mögulegar tóftir í móanum, sem eru 50 m vestar.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-172:038** tóft óþekkt hlutverk

363190 547281

Lítill tóft er austan undir Ósamel nærri sjávarbakka, innan sumarhúsalóðar Kristjóns Sigurðssonar í Ljósuvík. Framan og austan við tóftina er sjávarbakkinn fremur lágur og hefur stórgrýti verið sett í rofsár þar til í landvarnar. Tóftin er fast austan við leið 042, 180 m SSV við umfangsmiklar minjar 048 og um 1 km norðaustan við bæ 001. Tóftin er í grasi grónum móa sem er flatlendur og nokkuð sléttur.



*Varða DA-172:028. Á ljósmynd er horft til norðurs.*

Tóftin er einföld og líklega torfhlaðin að mestu leyti, gróin og sigin. Hún er 4,3x3,2 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er skýrt op á tóftinni en það gæti verið í austurenda, undan mjög aflíðandi halla. Nokkuð afgerandi skarð er í norður-langvegg og þar er ef til vill líklegra að hafi verið op. Suðurveggur tóftarinnar er hlaðinn upp við brekku. Veggir tóftarinnar eru tæpur 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Ef til vill hefur hér verið tjaldbúð í tengslum við sölvatekju sbr. minjar

048.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**DA-172:039** heimild um útihús

362615 546364

Á uppdrætti af Tjaldanestúninu frá 1888 eru merktar fjórar rústir (gegnumstrikaðir reitir) í röð á milli útihúsa 006 og 007. Er annað hvort um aflögð úthús að ræða eða heytóftir. Mannvirkin voru um 125 m sunnan við bæ 001 og 35 m norðvestan við suðurenda túngarðs 003A. Innan gamla heimatúnsins er nú afgirt beitarhólf fyrir hross þar sem minjarnar voru og í því vex mikið og hátt gras (júlí 2020).

Engin ummerki sjást lengur um minjarnar vegna sléttunar en þó má greina örliða hæð í túninu þar sem þær voru og eru því líkur til þess að hluti þeirra sé varðveittur undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888

**DA-172:040** *Fornistekkur* örnefni stekkur

Örnefnið Fornistekkur er sýnt neðan við norðurenda Tjaldaness í örnefnasjá Landmælinga Íslands. Engar frekari upplýsingar um Fornastekk fundust og könnuðust heimildamenn fyrir jörðina ekki við örnefnið. Ekki reyndist því unnt að staðsetja stekkin með neinni vissu.

**DA-172:041\_01** gata leið

361283 545626

Nokkuð greinileg leið liggur rétt norðan við núverandi Klofningsveg 509. Gamla leiðin verður greinileg rétt austan við Stekkjardal 013, um 1,2 km suðaustan við bæ 001 og rúmum 250 m vestan við tóft 013\_02. Leiðin liggur til vesturs og endar við Kringlumýrarhrygg. Engar heimildir geta um leið á þessum slóðum. Mögulega hefur hún legið frá Stekkjardal og til vesturs að Seljamýri, og mögulega lengra til vesturs. Á vesturhluta leiðarinnar er varða 02 og er hún og leiðin á svæði sem er 710 x 40 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Alfaraleið DA-621:007 lá ofar í hlíðinni, líklega á sama stað og Klofningsvegur 509. Leiðin liggur gegnum gróið votlendi sem er á milli fjallshlíðar og fjöru.

Leiðin liggur nálega austur-vestur á um 710 m löngum kafla. Á henni sjást 1-3 mjög grasigrónar götur sem eru 0,2 m djúpar. Austurhluti leiðarinnar er mjög raskaður en þar hefur stóru ökutæki verið keyrt meðfram leiðinni og á þeim slóðum sjást stór rofabörð.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks



*Leið DA-172:041\_01, horft til vesturs.*

**DA-172:041\_02** varða samgöngubót

361221 545598

Nær hrunin varða er vestarlega á þeim kafla leiðar 01 sem sést austarlega á Kringlumýrarhrygg. Varðan er um 1,5 m í þvermál og aðeins 0,2 m á hæð. Hún er hlaðin úr 4-5 steinum og við vörðuna má sjá grjót sem hefur líklega hrunið úr henni.

**Hættumat:** engin hættu



*Varða DA-172:041\_02, horft til vesturs.*

**DA-172:042** gata leið

363180 547352

Alldjúp renna er syðst á Sölvatanga og óljósar götur vestan við hana og samsíða henni. Mögulega er hér um gamla leið að ræða sem legið hefur út á Sölvatanga. Leiðin sést niður við sjávarbakkann austan við sumarhús Kristjóns Sigurssonar í Ljósuvík. Liggur hún framhjá tóft 038 og endar 100 m suðvestan við minjar 048.

Þar sem leiðinni var fylgt á Sölvatanga er flatlent svæði með fremur rýrum gróðri og þunnum jarðvegi. Leiðin liggur að hluta í gegnum sumarhúsalóð og þar er meiri grasgróður.

Leiðinni var fylgt á 120 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Rennan sem sést nyrst er 0,4-0,8 m breidd og 0,2-0,3 m á dýpt, gróin. Fjórar mjóar götur eru samsíða henni að vestanverðu. Leiðin er greinileg áfram til suðurs innan sumarhúsalóðar og er þar í 2-3 djúpum götum á kafla og svo aftur í einni rennu. Þá liggur hún skáhallt upp á Ósamel eftir sneiðingi sem er tæpur 1 m á breidd. Hún hverfur svo uppi á melnum þar sem enginn gróður er og virðist hafa legið fram á sjávarbakka þar sem talsvert landbrot er.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar



*Leið DA-172:042 horft til NNV.*

**DA-172:043\_01** Sölvatangi garðlag óþekkt hlutverk

362871 547846

Nyrst á Sölvatanga eru fornlegar minjar, garður sem liggur þvert yfir tangann og tvö gerði norðvestan við það. Hlutverk minjanna er ekki þekkt og ljóst er að hluti þeirra hefur horfið vegna landbrots. Líklegt er að þær hafi tengst nýtingu og vinnslu sölva úr fjörunni, líkt og garðlög 046 og gerði 048 sem eru suðaustar á Sölvatanga. Minjarnar eru á svæði sem er 87x39 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan þess eru þrjár greinanlegar minjaeiningar sem hver fær sitt númer.



Sölvatangi DA-172:043. Á ljósmynd er horft til suðausturs.

Norðvestasti hluti Sölvatanga er fremur flatlendur, smápýfður og harðlendur. Þar vex ekki mikið gras en talsvert af mosa og blóðbergi. Tanginn mjókkar í örmjóa totu og er nú rofið haftið milli nyrsta odda og þess hluta sem er þar fyrir sunnan. Hátt og bratt er fram af sjávarbakkanum sem er gróðurlaus og grýttur Suðaustast á minjasvæðinu er garður 01 sem er 39 m langur og liggur þvert yfir tangann, stefnir norðaustur-suðvestur. Greinileg ummerki um efnistöku eru innan við garðinn (norðvestan við hann) en síður sjást slík ummerki utan við hann. Garðurinn er 2-3 m á breidd og 0,4 m á hæð þar sem hann er hæstur í norðausturhluta en verður lægri og ógreinilegri í suðvesturenda. Norðvestan við u.þ.b. miðjan garðinn er skýr kantur þvert á stefnu garðsins sem er 0,4 m hár. Þar kann að hafa verið skilið eftir haft þegar torf var stungið upp og hlaðið í garðinn en einnig er mögulegt að þarna hafi verið eitthvað sambyggt mannvirki. Er það þá 4,5x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Fjargata afmarkar þetta svæði til norðausturs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**DA-172:043\_02** gerði óþekkt hlutverk

362842 547856

Um 20 m norðvestan við garð 01 er gerði 02. Er það í aflíðandi halla til suðvesturs, líkt og gerði 03. Gerðið er gríðarstórt en nánast ógreinanlegt vegna þess hversu signir veggir þess eru. Aðeins sést austasti hluti gerðisins sem er 35x15 m að stærð og snýr norður-suður. Ætla má að meira en helmingur þess sé horfinn



Sölvatangi DA-172:043\_02. Á ljósmynd er horft til NNA

og að það hafi verið um 35 m í þvermál. Veggir gerðisins eru 1,5-2 m breiðir og 0,1 m á hæð. Á milli gerðis 02 og 03 eru lágar brúnir sem virðast fremur vera eftir efnistöku eða rof en að þau séu til vitnis um mannvirki.


**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



DA-172:043\_03 gerði óþekkt hlutverk

362814 547901

Gerði 03 er um 13 m norðvestan við gerði 02 og er talsvert greinilegra en það, einkum þó norðaustur- og suðausturhliðar. Norðvesturhliðin er ógreinilegri og suðvesturhluti gerðisins er horfinn vegna landbrots.



Sölvatangi DA-172:043\_03. Á ljósmynd er horft til suðurs

Gerðið er 16x12,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það virðist ekki eins hringlaga og gerði 02 og ekki er gott að átta sig á því hversu mikið af því er horfið, ef til vill þriðjungur þess. Veggir gerðisins eru 0,2 m á hæð og breidd þeirra er um 2 m en allt að 3,5 m í suðausturenda. Í miðju gerðinu er mjög illgreinanlegur hryggur sem kann að hafa skipt því í tvö hólf. Er hann útflattur og yfir 4 m á breidd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

DA-172:044 heimild um traðir

362655 546445

Á uppdrætti af Tjaldanestúnin frá 1888 er merktur stígur/gata suðaustur frá bæ 001. Heimildamaður man eftir hlöðnum tröðum á þessum stað. Þær lágu frá bæjarhóli 001 til austurs voru sunnan við fjós 005. Þar sem traðirnar enduðu við túngarð 003A var hlið á garðinum. Sléttað tún er þar sem traðirnar voru. Engin ummerki sjást lengur um traðirnar vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

DA-172:045 þúst óþekkt hlutverk

362927 547809


Jarðlæg grjótpúst er frammi á norðausturbrún Sölvatanga, á milli minja 043 og 046. Jarðvegsrof hefur verið á bakkanum og er megnið af jarðvegi horfinn af þessu svæði svo að eftir stendur grjótmelur en hann hefur gróið aftur og vex þar holtagróður.

Grjótpústin er á hæsta hluta tangans á þessu svæði en grunn lægð er hér suðvestan við. Móts við þústina, á suðvesturjaðri tangans, er dálítill bunga og í henni virðist vera hundapúfa þar sem gras er grænna en í kring. Grjótpústin virðist bera þess merki að hafa verið borin saman af mannahöndum eða vera rúst af einhverju mannvirki. Hún stingur í það minnsta í stúf við umhverfi sitt þar sem aðeins standa stórir steinar og jarðlæg björg upp úr gróðurhulunni. Þústin er 2,5 m á kant og stendur 0,1-0,2 m upp úr jörðu. Grjótið er nokkuð kantað og skófum vaxið. Ekki stendur steinn yfir steini.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



Þúst DA-172:045, horft til austurs



Garðlag DA-172:046 01-05

Óljós ummerki um útflatta garða sem liggja þvert yfir Sölvatanga eru fast norðvestan við óljósar minjar 047 og 105 m suðaustan við garðlag og gerði 043 á sama tanga. Minjarnar eru mjög illgreinilegar og sjást nánast ekki á vettvangi. Þær eru á svæði sem er 80x35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess eru líklega fjórir garðar sem allir fá sérnúmer í umfjöllun auk einnar þústar sem einnig kann að vera leifar af garði.

Garðarnir og þústin eru á smápýfðum, flatlendum og hörðum velli. Þar vex heiðagróður; mosi, gras og blóðberg. Hátt og bratt er fram af sjávarbakka niður í fjöru og eru ógrónar hlíðar niður af bakkanum.

Hefst lýsingin á greinilegasta garðinum sem er suðaustast á svæðinu. Garður 01 er 78 m langur og þar sem hann sést best í norðausturenda er hann 4,5 m breiður og 0,1-0,2 m há. Víðast annarsstaðar er garðurinn svo siginn og jarðlægur að ekki var hægt að fylgja ytri brúnum hans og þar því mæld lína eftir honum miðjum eins og hægt var.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



Garðlag DA-172:046\_01, horft til VSV

DA-172:046\_02 garðlag óþekkt hlutverk

362911 547716

Mjög óljós ummerki um garð 02 eru 10 m norðvestan við suðvesturenda garðs 01. Þar frammi á sjávarbakkanum er lítil þúst sem er um 3x3 m að stærð og 0,1 m á hæð. Með vilja má rekja hrygg frá þessari þúst á 16 m löngum kafla til norðausturs. Samtals sést því 19 m langur garður en ætla má að hann hafi náð þvert yfir tangann.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

DA-172:046\_03 garðlag óþekkt hlutverk

362917 547730

Útflatt garðlag, nánast ógreinanlegt, er á milli garðlags 02 og 04. Garðurinn er um 58 m langur þar sem hægt er að greina hann og er 3,5 m breiður. Hleðslur eru ekki hærri en 0,1 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**DA-172:046\_04** garðlag óþekkt hlutverk

362924 547751

Garðlag 04 er norðvestast á svæðinu og er það einnig mjög illgreinanlegt. Mæld var lína eftir u.þ.b. miðjum garði en ekki var hægt að fylgja ytri brúnum hans. Garðurinn er um 50 m langur, 3-4 m á breidd og 0,1 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**DA-172:046\_05** þúst óþekkt hlutverk

362988 547734

Að lokum er þúst 05 frammi á norðausturjaðri Sölvatanga, 8 m suðaustan við norðausturenda á garði 01. Þar gæti verið endi á fimmta garðinum. Þústin er 4x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,1-0,2 m á hæð, flöt á ofan. Ekkert framhald sést af þessari þúst sem styður að um leið af garði sé að ræða en það verður þó að teljast líklegt að svo hafi verið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Þústi DA-172:045\_5. Á ljósmynd er horft til suðurs*

**DA-172:047\_01** garðlag óþekkt hlutverk

362959 547712



*Garðlag DA-172:047\_01-02 Á ljósmynd til vinstri er horft til NNA en til suðausturs á mynd til hægri.*

Á miðjum Sölvatanga er meint garðlag og dæld. Minjarnar eru fáeinum metrum suðaustan við garðlög 046 og ekki útilokað að þau hafi tengst. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en helst kemur til greina að þarna hafi verið vörslugarður eða að mannvirkin hafi tengst verkun og nýtingu sölva. Minjarnar eru á mörkum þurrlendis (harðvallar) og deiglendara og grösugra svæðis sem stendur lægra og er í grunnri lægð.

Meintur garður 01 er á mörkum deiglendis og harðlendis og liggur þvert yfir tangann. Ekki er útilokað að í raun sé um náttúrulega brún að ræða. Garðurinn er 17 m langur og liggur í mjúkum boga sem sveigir til norðvesturs. Suðausturbrún hans er mun greininlegri en norðausturbrúnin. Á miðjum garðinum, þar sem hann nær lengst til norðvesturs, er afgerandi hlykkur á honum. Þar er hann hæstur eða 0,2-0,3 m og þar er grænni gróður en annarsstaðar, líklega vegna fugladrifs. Er garðurinn 4-6 m á breidd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

DA-172:047\_02 dæld óþekkt hlutverk

362956 547719

Fast norðvestan við mitt garðlag 01 er nokkuð skýrt afmörkuð en grunn lægð 02. Er hún 15x8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Í lægðinni er þýft og meiri grasgróður en utan hennar. Ekki er ljóst hvernig lægðin hefur myndast eða hvort um fornar minjar sé að ræða.


**Hættumat:** engin hætta

DA-172:048\_01 *Sölvatangi* gerði

363130 547601

Miklar minjar, gerði og tóftir, eru norðaustast á suðausturenda Sölvatanga. Eru minjarnar í aflíðandi halla til suðvesturs frá sjávarbakkanum þar sem er virkt rof og er stór hluti minjanna horfin af þeim völdum.

Hlutverk minjanna er ekki þekkt en miklar líkur eru til þess að þær séu til vitnis um verkun sölva sem tínd voru í fjörunni við Sölvatanga. Hægt er að sjá minjar á svæði sem er 210x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innan þess voru skráðar 11 minjaceiningar; fimm tóftir, fimm gerði og einn



*Sölvatangi DA-172:048\_01-11*

þvergarður. Innan gerðanna hefur líklega verið þurrkvöllur og einföldu tóftirnar hafa mögulega verið búðir þar sem tjaldað var yfir sölvatekjufólk og/eða skemmur fyrir sölin. Bærinn á Tjaldanesi er 1,2 km suðvestan við minjarnar.

Minjarnar eru á grasi grónu svæði, smáþýfðu og þurru en suðvesturjaðar minjasvæðisins er á mörkum þurrlandis og deiglandara svæðis. Þar er talsvert þýfi og meiri gróður en frammi á sjávarbakkanum í norðausturjaðri svæðisins. Suðvestan og vestan við minjarnar er deiglent, grasi gróið og kargaþýft. Fram af bún á sjávarbakka er hátt, bratt og ógróið en tanginn hækkar og rofsárið verður grýttara eftir því sem lengra dregur til norðvesturs á tanganum.

Lýsingin hefst norðvestast á



*Sölvatangi DA-172:048\_01. Á ljósmynd er horft til suðausturs*


minjasvæðinu. Þar er gerði 01 sem liggur í L. Við það er sambyggð tóft 02 og litlu suðaustan við það og innan þess er þúst 03 sem er líklega leifar af þvergarði. Gerði 01 er líklega að mestu torfhláðið en það er líka grjót í veggjum þess sem sést í rofi næst bakkanum. Gerðið afmarkar svæði sem er 33x10 m að stærð og fylgir legu tangans norðvestur-suðaustur. Stærð mannvirkisins er hins vegar 35x13 m. Verður það ógreinilegra og þýfðara þar sem það beygir frá sjávarbakka til suðausturs og liggur að tóft 02. Veggir í gerðinu eru 2-3 m á breidd og 0,5-0,6 m háir þar sem þeir eru hæstur. Óljóst er hvort gerði 01 hafi haldið áfram suðaustan við tóft 02 og tengst tóft 04 og garði 05 en það verður að teljast líklegt. Aðeins eru 5 m á milli tóftar 02 og minja 04 og 05.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

DA-172:048\_02 tóft

hlutverk óþekkt

363152 547569



*Tóft á Sólvatanga DA-172:048\_02. Á ljósmynd er horft til norðvesturs*

Tóft 02 er byggð við utanvert gerði 01 að suðvestanverðu. Hún er einföld og fremur hringlaga, 8x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru 0,3-0,4 m á hæð. Tóftin virðist að mestu torfhláðin og eru veggir hennar signir og gengnir í þúfur. Óljóst er hvar op hefur verið á tóftinni en helst kemur til greina að það hafi verið á henni norðvestanverðri.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

DA-172:048\_03 garðlag hlutverk óþekkt

363148 547593


Þúst 03 er frammi á sjávarbakka, innan gerðis 01. Er hún 5x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, þvert á gerði 01. Þústin er 0,1-0,2 m á hæð og er fuglastapi á henni þar sem hún er hæst frammi á sjávarbakka.

Líklegt verður að teljast að þessi þúst sé leifar af þvergarði sem hafi skipt gerði 01 í tvo hluta. Er suðausturhlutinn þá 25x12 m að innanmáli og norðvesturhlutinn 17x12 m að innanmáli.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Sólvatangi DA-172:048\_03. Á ljósmynd er horft til suðausturs*



*Tóft á Sölvatanga DA-172:048\_04. Á ljósmynd er horft til norðvesturs*

Tóft 04 sker sig nokkuð úr öðrum minjum í þessari heild og kann hún að vera yngri og/eða hafa gegnt öðru hlutverki en hinar tóftirnar á svæðinu. Það hlutverk er þá ekki þekkt. Tóftin er allstór og marghólf og er á milli gerða 01 og 05. ef til vill hefur hún verið hlaðin ofan á eða utan í þvergarði sem tilheyrði gerði 05.

Tóftin er 14x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í 5-6 hólf sem öll snúa norðvestur-suðaustur og eru á þremur stöllum í aflíðandi halla frá sjávarbakkannum. Efst og norðaustast eru tvö hólf þar sem tóftin er breiðust, en brotnað hefur af norðausturvegg hennar. Í norðurhorni er hólf sem er 2x2,5 m að innanmáli. Op er inn í það úr vesturhorni. Í austurhorni tóftar er allstórt hólf sem um 4x3,5 m að innanmáli. Op er á því á suðvesturhlið. Neðan og suðvestan við þessi tvö hólf er hólf sem er 3x2 m að innanmáli. Op er inn í það í suðausturenda. Þá eru þar neðan og suðvestan við tvö óskýr hólf en mögulega hefur þar aðeins verið eitt stórt hólf. Samanlagt innanmál hólfanna er 6x2 en hrun eða mjór veggur skiptir því í tvo hluta, sá innri og norðvestari er stærri og greinilegri. Ekki sést op inn í hólfid/hólfín en það hefur að líkindum verið í suðvesturenda. Að lokum er mjög ójóst hólf neðst í tóftinni og suðvestast. Er það 2x2,2 m að innanmáli. Op er á því í suðausturenda. Tóftin er sambyggð gerði 05 sem er í framhaldi af suðvesturvegg tóftarinnar. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,3 m og er hún hlaðin úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**DA-172:048\_05** garðlag hlutverk óþekkt  
Gerði 05 afmarkar svæði sem er 25x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er sigið og gengið í þúfur að suðvestanverðu. Veggir þess eru 0,4-0,5 m háir þar sem þeir eru hæstir en veggur í suðausturenda er nánast útflattur. Gerðið myndar L og er veggur á suðvestur- og suðausturhliðum þess en tóft 04 afmakar það til norðvesturs og sjávarbakkinn til norðausturs. Heildarstærð mannvirkisins er 28x15 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Garðlag DA-172:048\_05. Á ljósmynd er horft til suðurs*

**DA-172:048\_06** gerði hlutverk óþekkt  
Gerði 06 tekur við af gerði 05 til suðausturs. Tóftir 07 og 08 eru áfastar því að suðvestanverðu. Það afmarkar svæði sem er 90 m langt og 8-10 m breitt. Heildarstærð mannvirkisins er hins vegar 92x12 m.

363209 547519

Suðvesturlangveggurinn er orðinn mjög siginn og þýfður en verður greinilegri suðaustan við tóft 08 og þvergarður við enda gerðisins er mjög vel sýnilegur. Hann er 0,4-0,5 m hár. Ekki er hægt að greina aðra þvergarða sem skipta þessu stóra gerði upp í minni hluta en innan þess má greina bungur á nokkrum stöðum þar sem leifar af slíkum gördum kann að vera að finna undir sverði. Mikið landbrot hefur orðið til þess að nú er aðeins fremur mjó ræma eftir af gerðinu.


**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Sölvatangi DA-172:048\_06. Á ljósmynd er horft til suðausturs*

**DA-172:048\_07** tóft hlutverk óþekkt

363189 547539



*Tóft á Sölvatanga DA-172:048\_07. Á ljósmynd er horft til ASA*


Tóft 07 er við utanvert og suðvestanvert gerði 06 þar sem það mætir gerði 05 í brekkulögginni. Tóftin er einföld og virðist torfhláðin. Hún er gróin og gengin í þúfur, er 5x5 m að stærð og op inn í hana í suðvesturenda. Veggir hennar eru 0,2-0,3 á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

DA-172:048\_08 tóft hlutverk óþekkt

363227 547493

Tóft 08 er allstór og stæðileg og aðeins farin að ganga í þúfur. Hún er einföld og virðist að mestu torfhláðin,




*Tóft á Sölvatanga DA-172:048\_08. Á ljósmynd er horft til suðurs*

er 7,5x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op inn í tóftina en skarð er í vegg í norðausturhorni. Sennilegt er að op hafi verið í norðvesturenda. Hæð veggja í tóftinni er 0,4-0,5 m og horn tóftarinnar eru vel rúnuð. Þessi tóft virðist byggð ofan á suðvesturvegg á gerði 06.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

DA-172:048\_09 tóft hlutverk óþekkt

363240 547472



*Sölvatangi DA-172:048\_09. Á ljósmynd er horft til suðvesturs*

Lítill tóft er við utanvert suðurhorn á gerði 06 en virðist sambyggð garði 10 sem liggur frá tóftinni í sveig til suðausturs. Tóftin er 4x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í hana í suðausturenda úr rými sem myndast á milli garðs 10 og garðs 11. Veggir tóftarinnar eru ekki þýfðir eins og í öðrum tóftum sem byggðar eru við gerðin en það helgast líklega af því að hún er þar sem er þurrlendara og harðlendara en norðvestar á svæðinu. Hleðsluhæð veggja er 0,2-0,3 m. Ekki er útilokað að þessi tóft, ásamt görðum 10 og 11 sé eldri en hin mannvirkin sem eru norðvestar á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots



**DA-172:048\_10** garðlag hlutverk óþekkt  
Garðar 010 og 011 eru á flatlendi þar sem gróður er rýrari og jarðvegur er þynnri en á norðvesturhluta svæðisins. Þeir virðast fornlegri en aðrar minjar á svæðinu en það kann að helgast af ólíkum jarðvegi og gróðri. Garður 10 er siginn og ólögulegur eða hlaupinn í þúfur. Hann liggur frá tóft 09 við suðurhorn gerðis 06 í sveig til suðausturs og hættir að sjást litlu ofan við sjávarbakkann sem brýtur af. Er garðurinn 40 m langur en rof hefur raskað honum í suðausturenda þar sem hann er illgreinanlegur. Garðurinn er 0,2-0,3 m á hæð og 2,5-4 m á breidd. Lítil og lág þúst er frammi á sjávarbakka fast suðvestan við suðausturenda garðsins sem kann að tengjast honum. Er hún 0,5 m á hæð, kúpt að ofan. Jarðvegsrof er í austurenda hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

363235 547467



*Garðlag á Sölvatanga DA-172:048\_10. Á ljósmynd er horft til NNA*

**DA-172:048\_11** garðlag hlutverk óþekkt  
Garður 11 er sambærilegur við garð 10 og er samsíða honum og norðaustan við hann. Frá sjávarbakka í suðausturenda svæðisins liggur garðurinn til NNV á 30 m löngum kafla en þar beygir hann óljóst til ANA og er 6 m langur. Frá þessu horni má óljóst sjá móta fyrir mögulegum hluta garðsins sem nær langleiðina að tóft 09 en þar er eingöngu þýfi en ekki greinilegur veggur. Á milli garða 10 og 11 er 6-7 m breitt bil. Mjög óljóst má sjá mögulegan þvergarð á milli þessara tveggja garða suðaustan við þá miðja. Þar er hægt að greina lágan kant á innri- eða norðvesturbrún en þetta er mjög illgreinilegt. Garður 11 er 0,2-0,3 m á hæð og 1,5-3 m á breidd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

363245 547462




*Garðlag á Sölvatanga DA-172:048\_11. Á ljósmynd er horft til SSV*

DA-172:049 tóft naust

363072 547643

Í lág sem gengur inn í bakka Sölvatanga að norðaustanverðu má sjá torfhlaðna tóft, líklega af nausti. Naustið er á milli umfangsmikilla minja 048 til suðausturs og minja 047 til norðvesturs. Engin ummerki um manngerða lendingu eru í fjörunni framan við tóftina.



Naust DA-172:049. Á ljósmynd er horft til suðurs

Fremur aflíðandi halli er frá tóft niður í fjöru. Í fjörunni norðaustan við Sölvatanga er mikið um grynningar og leirur. Þurrir bakkar eru beggja vegna við tóftina en deiglent og þýft ofan og vestan við hana. Tóftin er grasi gróin og allt er gróið í kring hana.

Tóftin er 10x7 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur í norðausturenda tóftar. Tóftin er hlaðin inn í lægð í bakkanum og kann eldra naust að hafa verið þar á undan þessari tóft sem virðist ekki forn. Ytri brún veggja er ekki mjög skýr og er aðeins 0,2-0,3 m á hæð. Innri brún er hins vegar vel greininleg og er 0,8 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

DA-172:050 varða óþekkt hlutverk

358916 545074

Lítill varða er norðarlega á Stóru-Þingeyri 017, ofan á Þingeyrarhaus, klapparhól um 240 m norðvestan við þústir 033.

Þingeyrarhaus rís hæst á Stóru-Þingeyri og er hann hálfgróinn. Eyrin sjálf er flatlend og grasi gróin.

Varðan er 1,5 m á hvern kant og er 0,4 m á hæð. Hún er aðallega hlaðin úr hnefastórum steinum en neðst í henni er þó að finna stæðilegt fjörugrjót. Ólíklegt er að þetta sé dýsið sem getið er um í Sýslu- og sóknalýsingu. Hlutverk hennar er ekki þekkt en til greina kemur að hún hafi verið notuð sem mið af sjó.

**Hættumat:** engin hætta



Varða DA-182:050, horft til suðvesturs

**DA-172:051** dæld naust

362997 547489

Mjög stór og afgerandi ílöng dæld er á vestanverðum Sölvatanga og bendir staðsetning og útlit hennar til þess að um naust sé að ræða. Er þetta mannvirki um 1,1 km norðaustan við bæ 001 og 170 m suðvestan við minjar 048 sem taldar eru tengjast vinnslu á sölvum.

Sölvatangi er flatlendur en rís hæst að vestanverðu þar sem er mólendi en víða er jarðvegsrof svo að sést í grjót og mól undir sverði.

Meint naust er grafið inn í sjávarbakkann á tanganum og er um 30x15 m að innanmáli, snýr ANA-VSV. Það er rúmur 1 m á dýpt og vel gróið að innan en jarðvegsrof er í SSV-brún þess. Sé hér um mannvirki að ræða virðist það geta verið allfort.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Naust DA-172:051, horft til norðurs*

**DA-172:052** gryfja vatnsból

363063 547605


Grunn gryfja er miðsvæðis í deiglendi á norðaustanverðum Sölvatanga. Eru talsverðar líkur á því að gryfjan sé manngerð og að þarna hafi verið vatnsból fyrir fólk sem kom víða að í sölvafjöru við Sölvatangann.

Gryfjan er 60 m vestan við meintar minjar um sölvatekju 048 og 1,2 km norðaustan við bæ 001.


Sölvatanginn er flatlendur og nokkuð jafnlendur en nokkuð miðsvæðis á honum er deiglendi þar sem tanginn er lægstur. Þar er þýft og mjög mikill grasgróður.

Gryfjan er öll samansigin og sést sem ógróinn dæld í annars grösugri mýrinni. Hún er um 2 m í þvermál og 0,2-0,3 m á dýpt. Ekkert vatn stóð í henni þegar farið var á vettvang sumarið 2020.

**Hættumat:** engin hætta



*Gryfja DA-172:052 merkt með rauðum hring, horft til norðvesturs*



# Minjakort 1

Tjaldanes kort 1/3

0 100 200 300 m




## Skýringar

- Mörk jarða (RALA)
- Vegur
- Mörk túns frá 1918
- Vegur
- Fornleifar**
- Skráðar fornleifar
- Gata
- náma
- Bæjarhóll



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



Minjakort fyrir Tjaldanes. Fyrsta kort af bremsur.



## Minjakort 2

Tjaldanes - kort 2/3

0 100 200 300 400 m




### Skýringar

- |                    |           |
|--------------------|-----------|
| Mörk jarða (RALA)  | Rústahóll |
| Mörk túns frá 1918 | Gata      |
| <b>Fornleifar</b>  | Vegur     |
| Skráðar fornleifar | Náma      |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD






## Minjakort 3

Tjaldanes - kort 3/3

0 100 200 300 400 m



### Skýringar

 Mörk jarða (RALA)

### Fornleifar


 Skráðar fornleifar

 Gata

 Rústahóll



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



## DA-173 Saurhóll

### *Sögulegt yfirlit*

**1241:** "En eftir það fór Órækja vestur í fjörðu og fann Einar Þorvaldsson frænda sinn og stefndi honum til raunarstefnu um það hvort hann hefði nokkurar heimildir á Staðarhólslandi og Hvítadal, Múla, Þverfelli, Þverdal, Eysteinsstöðum, Saurhóli." Íslendinga saga, Sturlunga saga, 433.

**1559:** "hier j mot hefur opt nefndur Jon Biornson giefit mic kuittan og aakiærulausan. Mina erfingia oc epterkomendr vm þa .xl c. jord .vj. malnyto kugilldi oc iiij c. sem eg var skyllidugur Steinunne Jonsdottur systur minne fyrir malstadinn aa Stadarhole j Saurbæ og þeim eignum og peningum er þar med fylgia ad til skildre jordinne Saruhole eptir þui er kaupbref jnsiglat þar vm giortt vt visar...." DI, XIII, 415.

**1560:** "Hier i mot hefur Steinunn giefit mic kvittan. Akiærulausan og mina Erfingia um jordina Saurhol er liggur i Saurbæ vestur i Stadarhols kirkiu sokn." DI, XIII, 510;

"En hier ij möt hefur adur nefnd Steinunn Jonsdotter giort. Giefid mig og mina erfingia kuitta olldungis og aakiærulause vm jordina Stadarhol ij Saurbæ og allar þær eigner sem hun hefur þar eignast med giof modurfodur sins Pieturs heitins Loptzsonar med domum og logmanna vrskurdum ad tilskildre jordune Saurhole." DI, XIII, 513.:

Hier j mote hefer Pall Jonsson skylldu bundit sig og sina Erfingia at giallda mier og minvm erfingium lx c j iordu og þar til xx c j fridum peningvm alltt fyrir attatige hundrvd. war þar fyrst tileinkadur Savrholl j Savrbæ fyrir iiij c og xx. med þau skilorde ad Pall Jonsson edur hans erfingiar skylldo lausn eiga a henni af minum erfingium." DI, XIV, 515;

"Hier j mot skyllidubatt Pall Jonsson sig og sina erfingia ad giallda siera Þorleifi og hans erfingium lx c j jordum og þar til xx c j firdum peningum allt fyrir lxxx c. var þar nu fyrst tileinkadur Saurholl j Saurbæ fyrir xxiiij c. med þui skilyrde. Pall Jonsson eda hanns erfingiar skyllde lausn eiga a henne af Sira Þorleife edr hanz erfingium." DI, XIV, 518

**1568:** "Jtem vittnesburde er eg sialfur teked og skrifad [hefe] um lysing sira Þordar Olafssonar um jördina Saurhöl. ... hier med hefer opttnefndur Pall Jonsson innleyst apttur til sin jordina Saurhol epter sinum skilmala j ockru kaupbrefi til skildum." DI, XV, 120-121.

**1704:** 24 hdr., bændaeign. JÁM VI, 155

**1847:** 24 hdr. JJ, 171.


**1874:** "Segir frá því í Laxdælu, að þar var í seli fólk frá Hóli, þegar fráskilin kona Þórðar Ingunnarsonar, Auður, gerði aðför að Þórði á Laugum. Samnefndur þessum dal er efsti bær í Staðarhólsdal austan ár. Laxdæla segir að Auður og bræður hennar hafi búið á Hóli í Saurbæ. Þeir voru gildir bændur. Hóll er vafalaust Saurhóll, yzti bær í Staðarhólsdal vestan ár." Svo segir Kálund. KK, II, 120.

**1918:** Samkvæmt fasteignamati fyrir Dalasýslu frá 1918 kemur fram að jörðin Saurhóll er þá metin 14,2 hndr að dýrleika. Mannvirki á jörðinni eru talin upp og tilheyrðu þessi jarðeiganda: Íbúðarhús byggt 1914 úr timbri (3,8x 5 m), einlyft með jarnþaki og kjallara undir (sjá 001\_04), útihús úr torfi voru fornfálegt fjós fyrir 4 nautgripi (sjá 001\_03), fjárhús yfir 24 fjár og hlaða (10 x 3,8 x 2,5 m) (ekki er ljóst hver af þeim húsum sem skráð voru í fornleifaskráningu er hvert þessara húsa). Torfgarður með tvístrengdum gaddavír var umhverfis túnið (1528 m) (sjá 008). Aðrir áttu þessi mannvirki: Húsenda í íbúðarhúsi úr timbri sem byggt var 1914 (3,8 x 2,5 m) (sjá 001\_04), skúr úr timbri með jarnþaki og kjallara (3,8 x 2,5 x 1,9 m) og annan skúr jafnstóran úr torfi. Þá lélegt eldhús úr torfi ((3,8 x 2,5 x 1,9 m) og þiljaðan torfbæ á bálki í góðu standi (5 x 3,2m) (sjá 001\_02). Að auki voru útihús úr torfi þessi: fjárhús yfir 40 fjár, fjárhús yfir 20 fjár hesthús yfir 3 hross, hesthús yfir 6 hross, hesthús yfir 2 hross, fjóshlaða (7,5 x 3,2 x 2,5 m), hlaða (7 x 2,2 x 2,5 m) og skemma (3,2 x 2,5 x 1,9 m) (ekki er ljóst hver af þeim húsum sem skráð voru í fornleifaskráningu er hvert þessara húsa). FDA II, 73.


### *Landgæði*

1918: Tún 3,4 ha, garðar; óuppgefið. "[...] og að lokum á jörðin þríhyrnu móti Tjaldanesi uppi á fjallinu [Torffjalli]." (Ö-Saurhóll ath. og viðb.II,1)

"Þar er víðslægt á engjum. Silúngsveiði að nokkru gagni þegar til vill. Túnið er mjög ilt sumstaðar af föstu grjóti. Engjar mjög votslægar, og áin spillir sumum. Heyflutningur næsta erfiður vegna ófæru vega af keldum. Selvegur orðinn aldeilis ófær af klettum, so ei verður náð til selstöðu með neinu móti. Hagar spillast af skriðum, grjóti og vatns uppgöngum. Hættur miklar af djújum fyrir kvikfjenað. Liggur oft til beitar uppá öðrum jörðum vegna þrönglendis." JÁM VI, 155.



**DA-173 Saurhóll**



**Skýringar**

- |                              |                        |                  |
|------------------------------|------------------------|------------------|
| — Útlínur túnakorts frá 1918 | ■ Steypt               | — Vegur          |
| <b>Fornleifar</b>            | ▨ Torf- og grjóthlaðið | --- Náma         |
| • Skráðar fornleifar         | ■ Torfhlaðið           | --- Óljóst       |
| ▭ Bæjarhóll                  | ▨ Grjóthlaðið          | --- Niðurgröftur |
| ▭ Þúst                       | --- Gata               | — Renna          |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD

*Kort af heimatíni Saurhóls DA-173*

Samkvæmt fasteignamati frá 1918 var túnið 3,5 ha að stærð, grasgefið en ekki í góðri rækt. Útengi á jörðinni er grasgefið, votlent, greiðfært og samfelt og beutiland gott fyrir vetrarþétt. Mikið mótak er á jörðinni og torfrista góð. Vatnsból var gott og jörðin þótti vel löguð til túnbóta. Helstu ókostir jarðarinnar voru taldir




skortur á upprekstrarlandi, slæmur vegur að bænum, mikill ágangur af búpeningi nágrennabæja, landbrot af völdum Staðarhólsár og sauðfé stafaði mikil hætta af mógröfum og djújum. Jörðin taldist geta framfleytt 150 sauðfjár, 3 kúm og 8 hrossum með 5 manna afla. FDA II, 74.

**DA-173:001\_01** *Saurhóll* bæjarhóll bústaður

363314 544563

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð bærinn suðaustarlega í túni. "Saurhóll er næsti bær í norður frá Kverngrjóti. Stendur bærinn á háum hól í miðju túni skammt frá Torffjalli. Er þaðan mjög fallett útsýni yfir sveitina," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Bærinn stóð á náttúrulegum hól fremst og austast í tungu sem gengur til austurs frá Torffjalli. Fremst í hólnum eru klappir á hæsta punkti hans og bærinn stóð vestan undir þeim. Frá bæjarstæðinu er mjög víðsýnt um allan Staðarhólsdal og út á haf. Sést m.a. að Tjaldanesi og Staðarhóli. Á bæjarhólnum sjást ummerki um síðasta torfbæinn, leifar af síðasta íbúðarhúsinu sem var úr blönduðu efni, fjóstóft, kálgarð og þúst undir hlöðnum og steiptum stöpli þar sem vindrafstöð hefur staðið. Alls eru því sex minjaeiningar skráðar á og utan í bæjarhólnum á svæði sem er 73x68 m að stærð og snýr austur-vestur. Túnið er í þýfðri tungunni sem gengur til austurs frá Torffjalli. Er það norðan og sunnan við háhólinn fremst í tungunni og einnig utan í honum að austanverðu. Þar eru stallar í hólnum en mjög hátt er fram af honum og bratt til austurs.



*Bæjarhóllinn á Saurhóli DA-173:001. Á ljósmynd er horft til austurs.*



*Bæjarhóllinn á Saurhóli DA-173:001. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðausturs en til suðurs á mynd til hægri.*

Bæjarhóllinn á Saurhóli er að mestu leyti vestanvert við háhólinn í túninu. Er hann 68x64 m að stærð og snýr norður-suður. Hóllinn virðist vera um 3 m á hæð en óvíst er hversu mikið af honum er uppsöfnuð mannvistarlög og hvað náttúrulegur hól. Aflíðandi halli er á bæjarhólnum til vesturs en nokkuð meiri halli er á honum til norðurs. Skörp brún afmarkar hólinn til suðvesturs þar sem vatnsrenna 007 hefur verið grafinn utan í hann eða meðfram honum. Hóllinn er þýfður og hér og hvar má sjá lægðir og misfellur í honum. Bæjarstæði Saurhóls var flutt af bæjarhólnum í kringum 1950 og því hefur honum ekki verið raskað að neinu ráði.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Saurhóll ath. og viðb.III,1

**DA-173:001\_02** tóft bústaður


363304 544564

Ummerki um útflatta bæjartóft 02 sjást rétt vestan við miðjan bæjarhól 01, norðvestan við fjós 03 og vestan við ummerki um síðasta íbúðarhúsið 04. Eru það líklega leifar af torfbæ sem nefndur er í fasteignamati frá 1918: "Torfbær 5 x 3,2 m. á bálki, þiljað, í góðu standi." Aðeins sést móta fyrir innanmáli húsa á svæði sem er um 18x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Nyrst er grunn lægð sem er 3x2,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hún er 0,1-0,2 m djúp. Þar SSV við er skýrt afmarkaður niðurgröftur (beinar línur) sem er 0,2 m á dýpt, á svæði sem er 7,5x4 m að stærð. Þar sunnan við er ógreinileg lægð sem 9x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Er hún aðeins 0,1 m á dýpt.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** FDA II, 73*Útflött bæjartóft DA-173:001\_02 á Saurhóli.***DA-173:001\_03** tóft fjós

363312 544545

Þar sem bæjarhóllinn nær lengst til suðurs er sigrin tóft en þar var fjós og heytóft að sögn Kristjáns Sæmundssonar, heimildamanns. Í fasteignamati frá 1918 er getið um fornfálegt fjós úr torfi yfir 4 nautgripi á jörðinni og er líklegt að átt sé við það fjós sem hér er skráð. Tóftin er 20x10 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún mjókkar nokkuð í norðurenda. Þar er sýnilegt hól í tóftinni sem er 4x2 m að innanmáli og snýr

*Fjóstóft DA-173:001\_03 á Saurhóli. Á ljósmynd er horft til vesturs.*


eins og tóft. Lágir veggir sjást meðfram því en þó ekki í norðurenda eða norðvesturhorni. Í suðurhluta tóftar er skýrt innanmál hóls sem er alldjúpt og ekki ósennilegt að þar hafi verið heytóft. Hólfíð er 3,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Hæð veggja utanmáls er um 1 m í suðurhluta en lengra er niður af bæjarhólnum til þeirrar áttar, eða yfir 2 m. Vestan við fjóstóft 03 er afgerandi lægð eða flati á bæjarhólnum sem er lægri en aðrir hlutar hólsins.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** FDA II, 73

DA-173:001\_04 tóft bústaður

363323 544562

Á túnakort frá 1918 er teiknað timburhús 04 skammt austan við bæjarhús 02. Samkvæmt fasteignamati frá 1918 var húsið byggt 1914 og var 3,8x 7 m að stærð, einlyft með járnpaki og kjallara. Enn sjást leifar af mannvirkjum úr blönduðu efni á svæði sem er 19x8 m að stærð og snýr norður-suður. Syðst er torfhlaðin og sigin tóft en tengsl hennar við íbúðarhúsið sjást ekki lengur vegna rofs. Er hún 5,5x4,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er hlaðinn veggur á norðurhlið og ekki sést dyraop á henni. Veggir tóftarinnar eru víðast 0,3 m á hæð. Er líklegt að í henni hafi verið geymt hey. Þar norðan við eru leifar af íbúðarhúsinu, húsgrunnur sem er hlaðinn úr torfi og grjóti og steypur að hluta. Ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið þar sem hefur verið timburþil en þar er hlaðinn kantur og 0,1 m niður af honum inn í stórt, ílangt rými sem er í vesturhlutanum. Það er 10x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir þess f.u. vesturvegg eru grjóthlaðnir en steypst hefur verið utan um hleðslu á suðurvegg. Innanmáls sjást 6 umför hleðslu í austurvegg



*Bæjartóft DA-173:001\_04 á Saurhóli. Á ljósmynd er horft til austurs.*



*Leifar yngstu bæjarhúsanna á Saurhóli DA-173:001\_04.*

og er hann rúmur 1 m á hæð þar sem hann er hæstur í miðju. Á suðurgafli hefur verið steypur veggur upp í mæni en veggurinn og suðvesturhorn hússins hefur fallið inn í húsgrunninn. Brak úr þaki er ofan í grunninum og fast vestan við hann. Austan við ílanga rýmið eru leifar af húsi með steyptum veggjum en

Þeir eru þunnir og að mestu hrundir. Þetta rými stendur talsvert hærra en rýmið í vesturhlutanum. Það er 6x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í því eru leifar af steypum skorsteini. Gras- og torfkragi er meðfram húsrústinni að austanverðu sem er 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; FDA II, 73

**DA-173:001\_05** gerði kálgarður

363342 544561

Kálgarður 05 er í brekku á milli kletta austast í hólnum sem bæjarhóllinn er á. Hlaðinn garður afmarkar kálgarðinn að austanverðu en klettur til norðurs og suðurs. Óljós torfkantur er uppi á hólnum og hefur mögulega afmarkað kálgarðinn að vestanverðu. Garðurinn er ekki sýndur á túnakorti frá 1918. Ummerki um gerði umhverfis kálgarðinn eru á svæði sem er 28x17,5 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál kálgarðsins er hins vegar 25x10,5 m. Garðurinn sem afmarkar kálgarðinn að austanverðu er greinilegust syðst þar sem hún er 2 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð utanmáls. Nokkuð afgerandi op eða rof er þó í garðinn og frá því opi til norðurs er garðurinn mjög siginn og ógreinilegur. Uppi á brún hólsins, vestan við kálgarðinn, er afar óljós torfhleðsla sem er um 14 m löng og liggur norður-suður. Hún er greinilegust í suðurenda en þó ekki meira en 0,2 m á hæð þar.




*Gerði DA-173:001\_05. Á ljósmynd er horft til norðurs*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:001\_06** mannvirki

363332 544548

Að lokum er þúst 06 suðvestan við kálgarð 05 og suðaustan við íbúðarhús 04. Þústin er 6x4,8 m að stærð og snýr norðvestur-sudaustur. Hún er 0,3-0,4 m á hæð, hæst í suðausturenda. Ofan á miðri þústinni er hlaðinn og steypur stöpull, líklega undan vindrafstöð. Stöpullinn er 0,7 m á kant að grunnfleti og 0,7 m á



*Mannvirki DA-173:001\_06. Á ljósmynd er horft til austurs.*

hæð. Steypt hefur verið utan um hlaðinn kjarna og er steypt plata ofan á stöplinum. Járnfestingar eru á hornum plötunnar og á henni miðri.


**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:002** tóft heygarður

363334 544536

Nokkuð afgerandi lægð eða niðurgröftur er ofan og suðvestan við Þvottaklett á milli kletta suðaustan við bæjarhóllinn 001\_01. Er mannvirkið fast neðan og sunnan við vindmyllustöpul 001\_06 og 30 m norðan við Kirkjuhól 022. Grasi gróid og þýft er í kringum mannvirkið og neðan við það til ANA eru stallar í hólnum.

Bratt er niður af þessu mannvirki niður á Kirkjuhól til suðurs.



Heygarður DA-173:002. Á ljósmynd er horft til SSA


Lægðin er 8x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er í halla til suðausturs og er þýft innan hennar. Í henni miðri má greina óljósa skiptingu þvert yfir lægðina þar sem mesta þýfið er. Í kringum lægðina má greina óljósa torfhleðslu og er utanmál hennar 13,5x11 m. Hleðslan er 0,1-0,3 m á hæð, skýrust í SSV-horni en víða gengin í þúfur. Hlutverk þessa mannvirkis er ekki þekkt en líklegt er að hér hafi verið heygarður.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:003** tóft hesthús

363286 544678

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóðu útihús við norðurmörk túnsins, um 100 m norðan við bæinn 001. Tóft hússins er enn greinileg í túninu á Saurhóli rúmum 10 m norðan við lækinn sem rennur þar niður hlíðina úr Bæjargili. Lítil og einföld tóft 008\_05 er 3-4 m ofan við tóftina og endar túngarðurinn 008 við hana. Húsin voru syðst í grösugum hvammi og hafa göturnar að bænum 018 legið fast við húsin.



Hesthústóft DA-173:003. Á ljósmynd er horft til austurs.

Á þessum stað er 14.5 x 13.2 m stór tóft sem skiptist í fjögur hólfi og eru þrjú þeirra, A-C, austan í tóftinni en eitt þeirra, D, að húsabaki og hefur það líklega verið heytóft. Tóftin snýr NNV-SSA og er grasi gróin. Hefst lýsingin norðaustast í tóftinni, í hólfi A. Hólf A er 3 x 1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Úr því hefur verið gengt í hólf B í gegnum op sem er austarlega á þeim vegg sem aðskilur hólfin. Hólf B um 2.7 m á kant og hugsanlegt er að op hafi verið á því á austurvegg miðjum. Í suðurvegg hólfsins sést í grjóthleðslu og einnig utanvert í norðurvegg hólfsins. Hólf C er allra suðaustast í tóftinni. Það er 3.5 x 2.8 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á suðausturhorn þess. Aftan eða vestan við tóftina er svo hólf D, heygarður. Hann er byggður við suðurhluta tóftar og er 5.5 x 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni, heimildamanni, var hesthús á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-173:004\_01** tóft fjárhús

362661 546438

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús vestarlega í túni, um 60m vestur frá bæ 001. Tóftir húsanna eru enn óraskaðar í túninu tæpum 90 m vestan við leifar yngsta íbúðarhússins á Saurhóli 001\_04 og 27 m sunnan



*Fjárhústóft DA-173:004\_01. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

við norðurhlíð túngarðsins 008 sem er á suðurbakka Bæjarlækjar. Á þessum stað eru annars vegar skráð fjárhús 01 og hins vegar garðlag frá þeim 02. Samtals ná minjarnar yfir svæði sem er 58 x 12 m stórt og snýr h.u.b. norður-suður.

Túnið er í þýfðri tungunni sem gengur til austurs frá Torffjalli. Er það norðan og sunnan við háhólinn fremst í tungunni og einnig utan í honum að austanverðu. Þar eru stallar í hólum en mjög hátt er fram af honum og bratt til austurs. Tóftin og nánast umhverfi hennar var á kafi í grasi þegar svæðið var skráð í júlí 2020

Tóftir fjárhúsa 01 eru samtals 28.5 x 12.5 m að stærð og snúa h.u.b. norður-suður. Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni, heimildamanni var húsið fjárhús en hugsanlegt er að einnig hafi verið hlaða í húsaröðinni og/eda hús fyrir aðrar skepnur. Tóftin skiptist í fimm hól sem fá í lýsingu þessari hvert sinn bókstaf til aðgreiningar. Tóftin virðist aðeins grafin inn í brekkuna þannig að ytri brún vesturveggja er illmerkjanleg. Hólf A er í tóftinni miðri og er það 7 x 3 m að stærð og snýr eins og tóftin norður-suður. Talsverðar grjóthledslur sjást í tóftinni, 5-6 umför og eru veggir mest 1.2 m á hæð. Austurveggur er óvenjubreiður eða 2-3 m á breidd og flatur í toppinn og má ætla að talsverð saga húsbýgginga leynist í veggjum og undir sverði á þessum slóðum. Op hefur verið í hólf A á miðjum norðurgafli og úr því virðast liggja löng göng, E, til norðurs sem eru 7-8 m löng en um 1 m á þykkt. Hugsanlegt er að þarna hafi verið hólf og vesturveggur hafi einfaldlega hrunið mikið til inn í það og valdið því að það virðist vart meira en þröng göng í dag. Við hlið gagnanna E, austan við þau er stakt hólf, D. Hólf D er byggt allra norðaustast í tóftinni. Veggir þess eru lægri en hólfa A og B, víða 0.3-0.4 m á hæð en 1 m á breidd. Hólf D er 6 x 1.7 m að innanmáli og op er á því á norðurgafli. Hólf B eru fjárhús og eru þau fast sunnan við hólf A og er svipað í laginu og 9 x 3.2 m að innanmáli. Op er á það sunnan við miðjan austurvegg. Steinsteypur garði gengur eftir miðju húsinu til suðurs og kindabað er í honum syðst en allra syðst í húsinu virðist svo hlaðinn garði til móts við þann sem áður var lýst en op eða bil er á milli. Vestan við tóftina er hólf C sem hefur líklega verið heystæði. Það er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina eða austur-vestur. Ekki er greinileg vegghleðsla fyrir norðurenda. Hæð veggja 0.3-0.4 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

DA-173:004\_02 garðlag óþekkt hlutverk

363243 544618

Óljóst garðlag 02, vart meira en hryggur í grasinu, liggur í átt frá útihúsum 01 og að bæjarlæknum. Garðlagið er um 28 m langt og liggur h.u.b. norður-suður að læknum en svólítinn stubb má greina í framhaldi af því handan við lækinn en það er aðeins um 6 m langt. Garðurinn er 1-2 m á breidd og víða 0.2-0.3 m á hæð. Ekki er ólíklegt að garðlagið kunni að vera einhvers konar túngarður en þá hugsanlega eldri en túngarður 008 sem liggur umhverfis túnið, a.m.k. er það signara og fornlegra. Túngarður 008 liggur skáhallt niður við hlíðina á þessum slóðum þvert á þann garð sem hér er skráður og endar við lækinn á svipuðum slóðum og



Garðlag DA-173:004\_02. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs en á mynd til hægri til norðurs.

hann. Handan (norðan við læk) er sem fyrr segir garðstúfur en í framhaldi af honum má greina framhald af túngarði 008. Hugsanlegt er að áður hafi efstu (vesturmörk) túna verið þarna og óljós hryggur frá útihúsi 016 allra syðst í túninu gæti þá verið hluti af sömu garðhleðslu.

**Hættumat:** engin hætta

DA-173:005 Hagagarður garðlag landamerki

363120 545393

"Landamerki Tjaldaness og Saurhóls eru við svokallaðan Hagagarð, sem nær úr Saurhólshyrnu og ofan í Fremra-Heyvað [sjá DA-180:025], þar sem nú er brú á ánni. Síðar var gerður vegur upp úr þessum garði, og er hann horfinn fyrir neðan barðið," segir í örnefnaskrá. Stuttur bútur úr garðinum sést enn ofan og vestan vegar þar sem nokkuð brött brekka er neðan við Hyrnuna í Torffjalli. Girðing á merkjum liggur yfir garðinn ofarlega í brekkunni. Garðurinn er 860 m norðan við bæ 001.

Garðurinn liggur um grasgefið vallendi með hallamýrum inn á milli. Ofan við það er grýtt fjallshlíðin og neðan við eru flatar engjar niður að Staðarhólsánni. Einhver ummerki um garðinn sjást á um 90 m löngum kafla en greinilegastur er hann norðaustast þar sem hann sést nokkuð vel á 35 m löngum kafla. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti, mjög siginn og úr lagi genginn. Hann er 3-4 m á breidd og 0,6 m á hæð þar sem hann er hæstur en víðast er hann lægri. Nafn garðsins gefur til kynna að hann hafi verið vörslugarður en hann er einnig á landamerkjum milli Saurhóls og Tjaldaness og hefur því einnig gegnt hlutverki landamerkjagarðs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,1



Mannvirki DA-173:005. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

**DA-173:006** náma mógrafir

363859 544367

Gríðarstórt mógrafasvæði er í Saurhólsflóa sem afmarkast af Reiðingsholti 013, Rimabörðum og Fremribörðum til austurs. Mógrafirnar eru um 480 m ASA við bæ 001 og rúmunum 250 m SSV við tóft 012. Að sögn Kristjóns Sigurðssonar, heimildamanns á Tjaldanesi, var mótak fyrir ýmsar eyjar á Breiðafirði í þessum gröfum. Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni, öðrum heimildamanni, var tekinn mór í sveitinni fram um 1950 og þótti mórinn á Saurhóli mjög góður. Saurhólsflói er víðfemt, flatlent mýrlendi sem hefur verið ræst fram með miklum djúpum skurðum sem skera mógrafarsvæðið í sundur. Engu að síður er það enn votlent og þar er staragróður og annar votlendisgróður áberandi.



*Mógrafir DA-173:006. Á ljósmynd er horft til austurs.*

Mógrafasvæðið er 580 x 480 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Búið er að umturna svæðinu með skurðgrefti og hafa langflestar, ef ekki allar stakar grafir innan svæðis runnið saman. Af bökkum mógrafana eru um 0,5 m niður í grafirnar en nyrst eru þeir aðeins lægri, eða 0,2-0,3 m. Mógrafasvæðið er enn deiglent og vatnspollar eru víða greinilegir innan þess.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-173:007** renna vatnsból

363103 544561

Vatni hefur verið veitt að bænum á Saurhóli eftir handgröfnum skurði úr uppsprettu í stórgrýtisurð, sunnan við Bæjargilið og ofan við heimatúnið. Skurðurinn byrjar 200 m vestan við tóft gamla torfbæjarins 001\_02 og er aðeins 12 m frá henni og 12 m frá fjóstóft 001\_03 þar sem hún kemst næst bæjarhólnum.

Skurðurinn liggur um vallendi utan túns og í gegnum grösugt og þýft heimatún sem er í halla til austurs.

Skurðurinn er 380 m langur og liggur úr vestri frá uppsprettu til austurs að bæjarhóli og þaðan sveigir hann til suðurs á löngum kafla uns hann fer fram af barði til suðausturs niður á deiglent flatlendi austan við túnið. Svo virðist sem að yngri skurður hafi verið grafinn suðvestan við eldri skurð þar sem hann liggur næst bæjarhóli, eins konar hjáveita. Eru því tveir samsíða skurðir á kafla þar sem þeir sveigja úr vestri til suðurs. Vatn rennur í yngri skurðinum en eldri skurðurinn sem er nær bæjarhólnum er þurr. Þar sem skurðurinn byrjar við uppsprettu vestan við túnið er hann 0,6-0,7 m á dýpt og 0,3-0,4 m á breidd. Fjótlega verður hann ógreinilegur og yfirgróinn. Hann virðist sameinast grunnum og mjóum lækjarfarvegi eða annarri útgáfu af vatnsveituskurði rétt vestan við túngarð 008. Innan túns verður skurðurinn aftur illgreinanlegur uns nær dregur bæjarhóli. Afgerandi sveigja er á skurðinum til norðurs við



*Vatnsból DA-173:007. Á ljósmynd er horft til ASA.*



vesturhorn fjárhústöftar 004. Í beygju á skurði þar sem hann liggur utan í bæjarhólnum er grjót í þurrum skurðinum. Eru þar líklega leifar af grjóthlöðnum vegg sem Kristján Sæmundsson, heimildamaður, mundi eftir. Hann myndaði fyrirstöðu í skurðinum og voru fötur látnar síga þar niður í hann. Skurðurinn er víða 0,5 m á breidd og dýpt en víða er hann grynri og mjórri. Þar sem skurður beygir til suðurs frá bæjarhóli má sjá uppmokstur austan við hann sem eins og útflatt, mjótt garðlag og er hægt að ganga eftir honum. Þar sem skurðurinn endar við mörk þurrlendis og deiglendis dýpkar hann mikið og breikkar allra neðst þar sem vatnið hefur grafið sig niður.

**Hættumat:** engin hættu

**DA-173:008\_01** garðlag túngarður

363275 544669

Túngarður er sýndur á túnakorti frá 1918 og afmarkaði hann allt heimatún Saurhóls, svæði sem var 250x215 m að stærð og sneri norður-suður. Í fasteignamati frá 1918 var torfgarður umhverfis túnið 1528 m langur og tvístrengdur gaddavír á honum. Túngarðurinn sést enn umhverfis allt túnið sem hefur verið fært mikið út eftir 1918 og afmarkar garðurinn því svæði sem er 470x310 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann er allsstaðar heillegur nema austast þar sem búið er að raska honum með skurðgrefti í Saurhólsflóa. Tvær tóftir eru sambyggðar túngarðinum auk eins gerðis. Þá var einnig skráður eldri hluti af túngarðinum í norðaustasta hluta túnsins, rétt vestan við Stóra-Skjöld. Alls eru því fimm minjæiningar skráðar í tengslum við túngarðinn. Garðurinn afmarkar gamla heimatún Saurhóls sem komið er í órækt og upp í hlíðar Torffjalls til vesturs. Til suðurs og norðurs er lítill munur á umhverfi utan og innan túngarðs, þar er mjög deiglent og starargróður og annar votlendisgróður ríkjandi.

Túngarður 01 er torfhlaðinn og víðast hvar í sæmilegu ástandi. Veggir eru stæðilegastir vestast og nyrst, 0,4-0,5 m á hæð, en eru veigaminni á suðurhluta hans, aðeins um 0,1-0,3 m á hæð. Sömuleiðis eru víða rofskörð í garðinum í þeim hluta. Þæla sést utan við vesturhluta garðsins. Túnhlið, eða op, er á garðinum á miðri norðurhlið hans. Austurhluti Bæjargils er innan norðurhluta túnsins og rennur lækur eftir því út í Saurhólsflóa.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,1; Túnakort 1918; FDA I, 73




*Túngarður DA-173:008\_01 sem umlykur túnið á Saurhóli*

**DA-173:008\_02** tóft óþekkt hlutverk

363242 544650

Lítill tóft 02 er sambyggð norðurhluta túngarðsins 01, rétt norðan við læk sem rennur eftir Bæjargili þvert í gegnum norðurhluta túnsins. Tóftin er einföld og torfhláðin og er í innanverðu horni á garðinum. Hún er 4,5 x 2 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir eru 0,4 m á hæð og hafa sennilega aldrei verið mikið hærri en það. Op er á tóftinni á miðri austurhlið hennar. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega hefur þetta verið lítið aðhald fyrir skepnur eða skemma.


**Hættumat:** engin hætta

Tóft DA-173:008\_02.

**DA-173:008\_03** gerði rétt

363190 544618

Gerði 03 er sambyggt norðurhluta túngarðsins 01, rétt sunnan við læk sem rennur um Bæjargilið gegnum túnið. Hefur það líklega verið heimarétt. Gerðið er 18 x 6,5 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Það er torfhláðið og eru veggir stæðilegastir á suðurhlið (0,5 m á hæð) en á norðurhlið eru þeir aðeins 0,2-0,3 m á



Rétt DA-173:008\_03. Á ljósmynd er horfi til austurs

hæð. Óljós ummerki eru um annað hólf rétt vestan við gerðið en þar sést 0,1-0,2 m hár L-laga kantur sem er um 7,5 m á lengd. Þó er ekki útilokað að það sé aðeins náttúrumyndun eða ummerki um efnistöku.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:008\_04** garðlag túngarður

363340 544714

Garðlag 04 er í norðausturhluta túnsins, rétt sunnan við túngarð 01 og virðist hann hafa afmarkað túnið til norðurs árið 1918, áður en túnið var fært mikið út til norðurs, austurs og suðurs. Garðurinn er torfhláðinn og sést á 105 m kafla þar sem hann liggur nálega austur-vestur. Hleðsluhæð er 0.2-0,4 m. Er vesturhelmingur garðsins hærri en sá eystri. Garðurinn er um 1,5 m á breidd. Óljós pæla sést norðan við garðinn.


**Hættumat:** engin hætta



*Túngarður DA-173:008\_04. Á ljósmynd er horft til austurs.*

**DA-173:008\_05** tóft útihús

363271 544673



*Tóft DA-173:008\_05. Á ljósmynd er horft til suðvesturs.*

Lítill tóft 05 er við austurenda túngarðs 01, sambyggð honum. Tóftin er um 7 m vestan við hesthústöft 003, 110 m norðan við bæ 001\_04 og fast ofan við götur 018. Tóftin er einföld og 9 x 6 m að utanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er opin til austurs. Veggir eru allt að 2 m á breidd en 0.3 m á hæð. Hún er algróin. Líklegast hefur hún verið útihústóft af einhverri gerð.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:009\_01** Kvíabarð örnefni kvíar

"Staðarhólsdalurinn liggur beint í suður frá Hagagarði [005]. Suður með hlíðinni er hátt, grýtt barð, Kvíabarð, (sést stekkur [009\_02] á bardinu) nær að svokölluðu Skyrkollugili [017], sem er norðanverðu við gamla túnið," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Upp af því [Gullnesi] í flóanum, er síðar getur, er gamall Stekkur, mitt milli bæjarins [001] og merkjanna." Örnefnið Kvíabarð bendir til þess að á því eða í nágrenni við það hafi verið kvíar. Stekkurinn sem nefndur er í örnefnaskrá og í athugasemdum við örnefnaskrá er skráður á númer 009\_02. Barðið er gróið að ofan en nokkuð grýtt. Neðan þeirra er mýrlendi sem hefur verið ræst fram og ræktað í tún.


Gengið var neðan við og ofan á Kvíabarði án þess að ummerki um kvíar fyndust. Staðsetning þeirra er því ekki þekkt en mögulega hafa þær verið á sama stað eða svipuðum og stekkjartóft 02.

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,1; Ö-Saurhóll ath. og viðb.II,2

DA-173:009\_02 tóft stekkur

363302 544872

Stekkjartóft sem nefnd er í örnefnalýsingu og líklega einnig í athugasemdum við örnefnaskrá er austan í Kvíabarði, neðan við ruddan veg DA-681:005\_02 sem liggur eftir barðinu. Er tóftin 300 m norðan við bæ 001. Hún er hlaðin ofan á og utan í Kvíabarðið þar sem grunnur hvammur er inn í það til norðvesturs.



Tóft DA-173:009\_02. Á ljósmynd er horft til SSA.

Tóftin er 18x13 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torf- og grjóthlaðin en sigin og gróin. Líklega hefur torf í veggjahleðslur verið stungið upp innan tóftar og inn í barðið því botn tóftarinnar er fremur sléttur. Stekkjartóftin skiptist í tvö hólf, það stærra er í norðurhluta og er gólfflötur þess 10x8 m að flatarmáli, snýr norður-suður. Veggir sem afmarka stærra hólfid eru hlaðnir á brún Kvíabarðsins á norður og vesturhlidum og eru nánast úflattir. Þegar gengið er eftir veggjunum finnst fyrir grjóti undir grasgróðri og eins sést glitta í það hér og hvar. Minna hólfid er í suðurhluta tóftarinnar og er 6,5x5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Kvíabarðið myndar vesturhlid þess og virðist hún ekki vera upphlaðin. Ekki virðist hafa verið op á milli hólf. Líklega hefur verið op inn í stærra hólfid á austurvegg en ekki er útilokað að þar sé aðeins rof. Á minna hólfid hefur líklega verið op á suðurhlid. Þar sem veggir standa best eru þeir um 1 m á hæð en víðast eru þeir lægri.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,1; Ö-Saurhóll ath. og viðb.II,2

DA-173:010 gerði kálgarður

363346 544476

Nokkuð heillegur kálgarður er suðaustan undir Kirkjuhóli 022 um 100 m SSA við bæ 001 og rúmum 20 m NNV við tóft 023. Gerðið er fast utan þess svæðis sem skilgreint var sem heimatún jarðarinnar á túnakorti frá 1918. Garðurinn er í gróinni og smáþýðri brekku sem hallar nokkuð til suðausturs.



Kálgarður DA-173:010. Á ljósmynd er horft til vesturs

Kálgarðurinn er 12,5 x 8,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru torfhlaðnir og er hæð þeirra mest 0,8 m á norður- og austurhlíðum. Rof er á garðinum í suðvesturhorni hans. Botn kálgarðsins er þýfður en þó mótár óljóst fyrir 2-3 beðum þar norðarlega.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:011** *Mónes* heimild um mógrafir

364115 544723

"Í stefnu á Lambanes [DA-180b:001], sem er hinum megin við ána, er nes, sem heitir Mónes," segir í örnefnaskrá. "Á Mónesi var mikið mótak," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Mónes er rétt norðaustan við Reiðingsholt 013 og gengur það út til austurs í farveg Staðarhólsár. Nesið er 770 m austan við bæ 001 og rúmum 200 m norðvestan við stekk 012. Uppbyggður vegur DA-681:001\_03 liggur þvert yfir vestanvert Mónes. Nesið er tiltölulega slétt og deiglent og er starargróður áberandi á svæðinu. Engin merki um mógrafir sjást lengur á yfirborði á Mónesi eða í næsta nágrenni þess.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,1; Ö-Saurhóll ath. og viðb.I,1

**DA-173:012** tóft stekkur

363981 544576

"Áfram með börðunum, mitt á milli Móness [011] og Melsholts, er Reiðingsholt [013]. Á því eru rústir, sem líta út eins og þær væru stakkgarður," segir í örnefnaskrá. "Við Reiðingsholtið er rúst eftir stekk eða eitthvað annað," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Nokkuð heilleg stekkjartóft er sunnarlega á Reiðingsholti. Hún er um 610 m austan við bæ 001 og 60 m norðaustan við mógrafasvæði 006. Tóftin er á grónu holti. Umhverfis holtið er votlent, einkum til austurs. Þar er starargróður og annar votlendisgróður ríkjandi. Til suðvesturs er búið að grafa volduga framræsluskurði í Saurhólsflóa.



*Stekkur DA-173:012. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

Stekkurinn er tvískiptur. Hann er 11 x 8 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir eru torfhlaðnir og eru þeir nokkuð heillegir í norðurhluta tóftar, um 0,6 m á hæð, en signari í suðurhluta tóftarinnar þar sem þeir eru 0,2-0,4 m á hæð. Hólf í norðurhluta tóftar er 3,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur í norðurenda hólfins. Hólfíð í suðurhluta tóftar er litlu stærra, 5x2,5 að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er að sjá að hlaðinn veggur sé í austurenda hólfins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,2; Ö-Saurhóll ath. og viðb.II,2

**DA-173:013** *Reiðingsholt* örnefni rista

363933 544625

"Áfram með börðunum, mitt á milli Móness [011] og Melsholts, er Reiðingsholt. Á því eru rústir, sem líta út eins og þær veru stakkgarður [sjá 012]," segir í örnefnaskrá. "Reiðingur var þurrkaður í Reiðingsholti. Sumir halda, að bærinn [001] hafi staðið þar áður fyrr, fremur en á Torfnesi [014]. Þar var líka tekið torf," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Reiðingsholt er mitt á milli Rimabarða og Melsholts, um 540 m austan við bæ 001 og rúmum 200 m VSV við Mónes 011. Reiðingsholt er gróið holt, smáþýft og þar er mikill mosagróður. Umhverfis holtið er votlent, einkum austan við það. Til suðvesturs eru djúpír framræsluskurðir í Saurhólsflóa.

Ætla má að torfristan hafi verið rétt við holtið og flutt upp á það til þurrkunar. Engin ummerki sjást lengur um ristú á svæðinu við holtið. Slík ummerki gróa yfirleitt mjög fljótt og hverfa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,2; Ö-Saurhóll ath. og viðb.I,1

**DA-173:014** *Torfnes* heimild um býli 364148 544311  
í Melabók Landnámaabókar segir svo frá landnámi í Saurbæ: "Þjóðrekr son [Slétt]u-Bjarnar ok Þuríðar [Steinólfsdóttur, Ingj]aldssonar hins hvíta, kom ungr til Íslands ok nam Saurbæ allan á [mi]lli Tjaldan[ness ok] Múlafells ok bjó undir Hóli. Hans son var Sturla ok ... Son Sturlu var Þórðr faðir Þuríðar." Í Sturlubók og Hauksbók Landnámaabókar er frásögnin af landnámi á svæðinu með öðrum hætti: "Steinólfr enn lági son Hrólfs hersis af Ögðum nam land inn frá Klofasteinum til Grjótvallarmúla ok bjó í Fagradal á Steinólfskjalla. Hann gekk þar inn á fjallit ok sá fyrir innan dal mikinn ok vaxinn allan viði. Hann sá eitt rjóðr í dal þeim; þar lét hann bæ gera ok kallaði Saurbæ, því at þar var mýrlent mjök, ok svá kallaði hann allan talinn. Þat heitir nú Torfnes, er bærinn var görr." Bent hefur verið á að niður við Staðarhólsá er Torfnes (sjá einnig 015) í landi Saurhóls en einnig er Torfnes DA-172:012 í landi Tjaldaness. "Frá Melshorni, í suðvestur, liggja börð, sem kölluð voru Fremribörð. Á þeim börðum, skammt frá Melshorni er sagt, að Steinólfr lági, sem nam Saurbæinn, hafi látið reisa hinn fyrsta bæ í Saurbæ og kallaði Torfnes," segir í örnefnaskrá. "Reiðingur var þurrkaður í Reiðingsholti [013]. Sumir halda, að bærinn [001] hafi staðið þar áður fyrr, fremur en á Torfnesi. Þar var líka tekið torf," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Síðar í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Nú er að vísu til Torfnes í Saurhólslandi, en engin merki sjást til þess, að þar hafi hús reist verið. En sennilegt er, að Steinólfr hafi byggt bæinn á þeim hól, sem bærinn [001] stendur nú á, því sá hóll er skammt suðvestur frá því nesi, sem nú er nefnt Torfnes." Torfnes er niður við Staðarhóls á um 790 m ASA við bæ 001 og 200 m austan við gríðarstórt mógrafasvæði 006.

Torfnes er fremur slétt og deiglent en austast og næst ánni er þurr bakki sem áin brýtur af. Vestan við Fremribörð og Torfnes er búið að grafa djúpa framræsluskurði. Gengið var um allt holtið en engar vísbendingar um fornbyli fundust á svæðinu. Þar eru þó tóftir 036 og 037 sem eru örugglega ekki frá landnáms tíð. Hnit var tekið á Torfnesinu miðju en nákvæm staðsetning meints býlis óþekkt hlutverk. Við það má bæta að eitthvert vatnsrof hefur verið af ánni á svæðinu og gæti það hafa haft áhrif á landshætti og minjar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÍF I, 158, 156; Ö-Saurhóll,2; Ö-Saurhóll ath. og viðb.I,1; Ö-Saurhóll ath. og viðb.III,1


**DA-173:015** *Torfnes* heimild um ristú 364090 544263  
"Frá Melshorni, í suðvestur, liggja börð, sem kölluð voru Fremribörð. Á þeim börðum, skammt frá Melshorni er sagt, að Steinólfr lági, sem nam Saurbæinn, hafi látið reisa hinn fyrsta bæ í Saurbæ og kallaði Torfnes [sjá 014]," segir í örnefnaskrá. "Reiðingur var þurrkaður í Reiðingsholti [013]. Sumir halda, að bærinn [001] hafi staðið þar áður fyrr, fremur en á Torfnesi. Þar var líka tekið torf," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Örnefnið Torfnes gefur til kynna að í nágrenni við nesið hafi torf verið rist. Nesið er um 790 m ASA við bæ 001 og rúmum 30 m suðvestan við tóft 036. Stokklækur rennur í gegnum suðaustanvert Torfnes.

Austurhluti Torfness er enn talsvert votlendur en allra vestast, í jaðri Torfness er búið að gera djúpa og völduga framræsluskurði. Engin ummerki um ristú sjást lengur á yfirborði enda gróa slík ummerki yfirleitt mjög fljótt. Nokkrar grónar bungur eru á vesturhluta Torfness og ekki ósennilega að torf hafi verið þurrkað á þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,2; Ö-Saurhóll ath. og viðb.I,1

**DA-173:016\_01** tóft útihús 363192 544438  
Útihústóft er í suðvesturhorni túna á Saurhóli um 170 m SSV við bæ 001. Hún er fast norðan við suðurhlíð túngarðsins 008 en rúmum 10 m austan við vesturhlíð sama garðs. Á þessum stað er margskipt útihúsatóft 01 sem hlaupin er í þúfur að talsverðu leyti og óljóst garðlag eða hryggur 02 sem gengur frá henni til norðurs. Minjarnar ná yfir svæði sem er 33 x 11 m stórt og snýr norður-suður. Tóftin hefur staðið á svolitilli sléttu í túnhorninu en talsvert bratt er fyrir neðan Tóft 01 er 12 x 8.5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er á kafi í þýfi og háum grasvexti og því illgreinileg og víða hlaupin í þúfur. Helst virðist þó sem tóftin hafi skipst í þrjú hólfr að austan og hugsanlega 1-2 að baki (vestan). Veggir eru víða 0.4-0.5 m á hæð og hvergi sjást grjóthleðslur. Hér fær hvert hólfr bókstaf til aðgreiningar en rétt er að ítreka að nákvæm lögun tóftar byggir



Útihúsatóft DA-173:016\_01. Á ljósmynd er horft til ASA

á túlkun kargabýfis. Alla nyrst í tóftinni virðist hólfi sem virðist 5 x 2 m stórt og snýr gróflega austur-vestur. Op virðist vera í suðausturhorni. Í tóftinni miðri virðst annað hólfi B, beint sunnan við A. Það er um 4 x 1-2 m að stærð og snýr austur-vestur. Op hefur líklega verið á austurgafli þess en einnig hugsanlega á vesturgafli yfir í bakhús. Þó er þýfið svo mikið á þessum slóðum að ekki er hægt að fullyrða um þetta. Syðst í röðinni er svo hólfi C sem er 3 x 1.5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðjum austurgafli þess. Framan eða austan við hólfi B-C er þúfanröð, hugsanlega fallinn veggur en ekki verður um það fullýrt. Að baki (vestan til) í tóftinni gengur dæld eftir henni norður-suður. Allra syðst má með góðum vilja greina hólfi sem er 2 x 0.5-0.8 m á breidd og úr því þá hugsanlega farið niður í hólfi B. Norðar er framhald, hugsanlega hólfi E sem væri þá mögulega 3-3.5 m langt en 0.5-1 m á breidd. Bæði hólfin snúa þá norður-suður.

**Hættumat:** engin hættu

**DA-173:016\_02** garðlag óþekkt hlutverk Hryggur 02 eða óljóst garðlag virðist liggja í þýfinu frá tóft 01 og til norðurs. Hryggurinn er samanlagt um 22 m langur áður en hann hverfur í þýfið en vel er hugsanlegt að hann hafi náð mun lengra til norðurs. Garðurinn er vart meira en þúfnakragi 1.5-2 m á breidd en 0.2-0.4 m á hæð. Hugsanlegt er að garðurinn hafi markað af vesturhlið túna áður en þau voru færð út, til vesturs og jafnvel hugsanlegt að þau hafi tengst garðlagi 004\_02 allra nyrst í túninu. Gömlu túnin virðast þó ekki hafa náð svona langt til vesturs samanber túnakort frá 1918 og er það því e.t.v. hæpin tilgáta.

**Hættumat:** engin hættu

363195 544461



Tóft og garðlag DA-173:016\_01-02. Á ljósmynd er horft til NNW

**DA-173:017** *Skýrkollugil* heimild um vatnsból

362912 544779

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir sunnan þennan garð [005] er jörðin Saurhóll. Staðarhólsdalurinn liggur beint í suður frá Hagagarði. Suður með hlíðinni er hátt, grýtt barð, Kvíabarð, sést stekkur á barðin) [sjá 009] nær að svokölluðu Skýrkollugili, sem er norðanverðu við gamla túni. (Haldið að skýrkollur frá seli uppi á fjalli hafi verið látnar síga í þetta gil" Gilið er skráð sem minnisvarði um samgöngleið á svæðinu, eða í öllu falli munnmæli um slíka flutningsleið. Smjörkollugil er brattur klettaveggur í fjallinu um 500 m ANA við bæ 001.



*Skýrkollugil DA-173:017, horft til VSV.*

Á þessum stað gengur dæld inn í klettavegginn og hamarinn er svolítið lægri en annars staðar en þó þverhníptur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,1

**DA-173:018\_01** gata leið

363299 544638

"Næst fyrir sunnan Kollugil er annað gil, sem nefnist Bæjargil. Það gil sker í sundur túnið. [...] Aðeins ein heimreið lá yfir gilið og hlaðin tröð yfir hólinn," segir í örnefnaskrá. Ekki sjást skýr ummerki um hlaðna tröð yfir bæjarhólinn á Saurhóli. Mjög óljós ummerki sjást um leið sunnan við Bæjargil og á sunnanverðum bæjarhólnum 001\_01 en ekki sjást traðirnar sem getið er í örnefnaskrá. Framhald af þessari leið, sjá 018\_02, liggur til suðurs frá bæjarhólnum og sveigir til suðausturs að tóft 023. Beggja vegna við bæjarhólinn er þýft og grösugt.



*Gata DA-173:018\_01, horft til suðurs*

Norðan við bæjarhólinn og sunnan við Bæjargil er stórbýfi og sjást þar mjóar götur á milli þúfna. Er hægt að rekja þær á um 45 m löngum kafla þar sem þær liggja til suðurs. Uppi á bæjarhólnum sést svo grunnur slakki á stuttum kafla austan við fjóstóft 001\_03. Slakkinn á hólnum er 0,1 m djúpur og 1,5-2 m á breidd. Til suðurs frá slakkanum er troðin gata niður á Kirkjuhól 022 sem farin er af hestum sem eru á beit á svæðinu. Óvíst er að það sé sú leið sem farin var til suðurs frá bænum. Óljós ummerki um götur til og frá bæ eru því á svæði sem er 160x20 og snýr nálega norður-suður.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,3



DA-173:018\_02 gata leið

363316 544492

Þar sem hestagata á leið 01 endar til suðurs sést dýpri gata sem sveigir suður fyrir Kirkjuhól 022 og liggur eftir sneiðingi meðfram hólnum og þaðan niður á flatlendið neðan og suðaustan við hólinn og bæinn. Hefur þessi leið legið að mannvirkjum neðan hólsins og endar við tóft 023. Utan í Kirkjuhóli hefur gatan grafist niður og hólbrúnin mást út. Gatan er 55 m löng, 0,3-0,5 m djúp þar sem hún er dýpst og 0,3-0,6 m breið. Fleiri götur og skorningar eru ofan og neðan við götuna í sneiðingnum en þær eru fleiri neðan við hana.

**Hættumat:** engin hætta




*Gata DA-173:018\_02, horft til suðurs á ljósmynd*

DA-173:019 tóft heystæði

363676 545060

Heystæði er rétt vestan við Lægriflóa, um 570 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 150 m norðan við garðlag 033\_01. Á þessum slóðum er talsvert mýrlendi, þrátt fyrir nokkra djúpa framræsluskurði rétt austan við tóftina. Tóftin er norðaustarlega á mjög grónu og nokkuð lágu holti.



*Heystæðistöft DA-173:019, horft til austurs á ljósmynd.*

Tóftin er einföld og torfhláðin. Hún er 6 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru nokkuð signir, 0,4 m á hæð en á austurhlið tóftarinnar eru þeir mjög útflattir, aðeins 0,1-0,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:020** Þvottaklettur náttúrumin þvottastaður

363344 544537

"Fyrir sunnan bæinn [001] eru sléttir klettur, sem kallaðir voru Þvottaklettur," segir í örnefnaskrá. "Í Þvottaklettum var áður fyrir klappaður þvottur, þ.e. laminn með spýtu. Þvegíð var úti, a.m.k. útiföt. Þvottur var þurrkaður á klettunum, en þeim hallar móti suðri, svo að þeir hitna og þornar vel á þeim," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Þvottaklettur eru suðaustan í hólnum sem bærinn er á, fast suðaustan við kálgarð 001\_05. Þeir snúa mót suðaustri og suðri og frá þeim hallar til suðausturs þar sem er stöllótt brekka. Grasi gróíð er kringum klettana.



*Þvottaklettur DA-173:020, horft til norðvesturs.*

Þvottaklettur eru á svæði sem er 8x5 m að stærð. Efsti kletturinn er afgerandi skörðóttur en engin sýnileg mannverk eru á eða við klettana.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,3; Ö-Saurhóll ath. og viðb.I,2

**DA-173:021** heimild um tún

363298 544443

"Suður frá bænum [001] er aflíðandi halli og stór, slétt flöt, gerð af manna höndum að mestu leyti," segir í örnefnaskrá. Ekki er fullljóst hvar þessi flöt var. Ekki er áberandi slétt flöt sunnan við bæ nema ef vera skyldi neðan við skurð 007 (austan og norðan við hann). Þar er lítið þýfð flöt, grasi gróin, í aflíðandi halla til austurs. Er hún um 100 m sunnan við bæ 001 og 100 m austan við útihús 016. Flötin er á þurru svæði í heimatúninu og vex mikið gras og umfedmingur á því. Engin ummerki um beðasléttur eða annað sem gefur ræktun til kynna eru sýnileg á yfirborði.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,3

**DA-173:022** Kirkjuhóll örnefni kirkja

363325 544499

"Suður frá bænum [001] er aflíðandi halli og stór, slétt flöt [021], gerð af manna höndum að mestu leyti. Við þessa sléttu er hóll, sem ber nafnið Kirkjuhóll," segir í örnefnaskrá. Kirkjuhóll er úlangur hóll sem gengur til SSV út frá hólnum sem bærinn er á. Aflíðandi halli er efst á honum til suðurs og austurs. Hóllinn er tiltölulega flatur í suðurenda þar sem hann er lægstur. Sá hluti hans er 60 m SSA við bæinn á Saurhóli 001\_02. Engar heimildir geta um kirkju á Saurhóli en ekki er ólíklegt að á jörðinni hafi snemma verið kirkja og þó að ekkert sé vitað um staðsetningu kirkju á Saurhóli kann örnefnið Kirkjuhóll að gefa hana til kynna. Kirkjuhóll er í gamla heimatúninu og er hátt og bratt fram af honum til suðurs og austurs. Austan og neðan við hólinn er stórbýft mólendi.



*Kirkjuhóll DA-173:022, horft til norðurs.*

Engin ummerki um mannvirki eru greinileg á hólnum en hann er þýfður og grasi vaxinn. Meiri sína er á honum en víðast annarsstaðar í túninu. Grænn grasgróður er áberandi í sinunni frammi á hólbrún þar sem mjög óljóst má greina lágan kant sem myndar hálfhring. Afmarkar hann svæði sem er 14x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er

útilokað að einhvers konar gerði, mögulega kirkjugarður, hafi verið á þessum stað en ummerkin eru of óljós til þess að hægt sé að segja til um það með nokkurri vissu.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,4

**DA-173:023** gerði kálgarður

363353 544454

Nokkuð heillegt gerði er rétt sunnan við Náðarmó, um 120 m SSA við bæ 001 og rúmum 20 m suðaustan við kálgarð 010. Gerðið er utan þess svæðis sem skilgreint var sem heimatún jarðarinnar á túnakorti frá 1918. Gerðið er innan gamla heimatúns Saurbæjar sem komið er í órækt. Svæðið er smáþýft og þegar skrásetjari var þar í júlí 2020 var þar kafgras.



*Kálgarður DA-173:023, horft til ASA á ljósmynd.*

Gerðið er 12 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er torflhlaðið og er norðvesturhlið þess veglegust, þar er vegg hæð 0,9 m en á öðrum hliðum eru veggir 0,6 m á hæð. Veggir eru víða farnir að hlaupa í þúfur. Rof er á gerðinu í suðausturhorni þess. Líklegt er að það hafi gegnt hlutverki kálgarðs.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Saurhóll,4

**DA-173:024** tóft útihús

363373 544399

Sigin, tvískipt tóft er í suðausturhorni heimatúns Saurhóls. Er tóftin 160 m suðaustan við bæ 001 og 47 m SSA við tóft 023. Ætla má að hún sé af útihúsi en er utan þess túns sem skilgreint var sem heimatún á túnakorti frá 1918. Tóftin er á flatlendi rétt vestan við framræstar mýrar í Saurhólsflóa. Þar er þýft og mikið vex þar af grasi og umfedmingi.

Tóftin er nokkuð úr lagi gengin og orðin mjög þýfð. Hún er tvískipt og er 10x8,5 m stór, snýr



*Útihúsatóft DA-173:024. Á ljósmynd er horft til VNV.*


norðaustur-sudvestur. Op er inn í hana á suðausturhlíð. Þar er komið inn í stærra hólft tóftarinnar sem er 4x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Úr því er vítt op inn í minna hólft til sudvesturs. Óljóst er hvort veggur hafi verið á milli hólfna. Þar er ílöng þúfa langsum í opinu en gæti verið eftir hrún. Minna hólfið er 3x1,5 m að innanmáli og snýr líka eins og tóftin. Hvergi sést í grjóti í veggjum. Hæð þeirra er 0,3-0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:025** hleðsla byrgi

363136 544859

Lítið byrgi er í hlíðinni norðan við Saurhól 001 um 370 NNV við bæ 001 en um 140 m vestan við Gamlaveg DA-681:005\_02. Byrgið stendur á miklum stórgrýtiskafli í hlíðinni og er byggt upp við tvo stóra og stakstæða steina.



*Byrgi DA-173:025. Á ljósmynd er horft til SSA.*


Um er að ræða hleðslu til vesturs frá tveimur stórum steinum en svo óljósari hleðslu eða niðurstungu milli vesturenda þeirra beggja. Samtals má segja að steinarnir tveir, niðurgrofturinn og hleðslurnar marki af lítið byrgi í hlíðinni. Mannvirkið er pasturslítið og óvandað og hefur líklega ekki verið notað lengi. Innanmál byrgis er 1.4 x 1 m en bratt er fram af því til austurs.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:026** tóft óþekkt hlutverk

363130 544569

Lítill tvískipt tóft er í vallendi ofan túns, fast norðan við skurð 007 og 170 m vestan við bæ 001. Er tóftin beint niður og austur af stórum afgerandi kletti í gróinni fjallshlíð þar sem skrifað eða klappað hefur verið ártalið 1947 (eða 1944). Deiglent er sunnan við skurðinn en þurr, grösugt og þýft norðan við þar sem tóftin er.



*Tóft DA-173:026, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er algróin og virðist torfhláðin en einnig kann grjót að vera í hleðslum þó að það sjáist ekki. Tóftin er 6x6 m að stærð og er í mjög aflíðandi halla til ASA. Nyrðra hólfið í tóftinni er meira samansigið en það syðra og er 2,5x0,8 m að innanmáli. Syðra hólfið er hins vegar 3x1 m að innanmáli og bæði snúa hólfin ASA-VNV. Op sjást ekki inn í þau en virðast hafa verið í ASA enda. Mögulega hefur verið op á milli hólfa í ASA enda. Veggjahleðslur eru allbreiðar og farnar að ganga í þúfur. Mesta hleðsluhæð er 0,3-0,5 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.


**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:027** þúst óþekkt hlutverk

363292 544539

Lítill þúst er í túni fast vestan við skurð 007 en vatni var veitt eftir honum heim að bænum. Þústin er 11 m vestan við fjóstóft 001\_03 á bæjarhólnum 001\_01. Líklegt er að hún sé leifar af brunnhúsi sem kann að hafa verið reist yfir skurð 007 sem vatni var veitt eftir heim að bæ. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að þústin sé eingöngu yfirgróið bjarg á þessum stað en á svæðinu suðvestan við skurðinn er stórbýft og sjást stór björg hér og hvar. Þústin er í grösugu túni, í aflíðandi halla til suðurs.

Þústin er aflöng en ekki mjög skýrt afmörkuð. Hún er 4x2,5 m að stærð, snýr nálega norður-suður,



*Þúst DA-173:027, horft til norðvesturs á ljósmynd.*


og er 0,2-0,3 m á hæð. Þústin er algróin og sést hvergi í grjót.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:028\_01** garðlag óþekkt hlutverk

363400 544482

Allfornlegt garðlag liggur til austurs frá Hólavallarbarði um Náðarmó austan við bæjarhól 001\_01 og 42 m norðaustan við tóft 023. Ein tóft er sambyggð garðinum og hefur yngri tóft verið hlaðin ofan í hana á seinni öldum. Hér er því um þrjár minjacementar að ræða á svæði sem er 70x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.



*Garðlag og tóftir DA-173:028\_01-03. Á ljósmynd er horft til SSA.*

Minjarnar eru í þýfðum og grösugum móa sem er í mjög aflíðandi halla til austurs, í átt að miklum

útengjum í Saurhólsflóa sem búið er að ræsa fram og þurrka. Í móanum vex einkum gras og umfeðmingur. Allstórir steinar standa upp úr garðinum hér og hvar og sjá má stöku stein í nágrenni við minjarnar. Lýsingin hefst á garði 01 sem er 70 m langur og 2-3 m breiður. Hann liggur norðvestur-suðaustur og hefur að öllum líkindum haldið áfram til suðausturs, út í Saurhólsflóa sem hefur nú verið ræstur fram. Einnig kann að hafa verið framhald af garðinum upp á hólinn til norðvesturs en engin ummerki um það sjást lengur á yfirborði. Garðurinn er nokkuð vel greinilegur frá Hólavallabardi að tóft 02 sem er byggð við hann að suðvestanverðu. Á þeim kafla er hann á tiltölulega þurrri og grýttu svæði. Þar er garðurinn stórbýfður og allt að 0,6 m á hæð en víða annarsstaðar er hann 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:028\_02** tóft útihús 363393 544482

Stór og nokkuð fornleg tóft er byggð við suðvestanverðan garð 01 sem myndar norðausturvegg hennar. Hún er 15,5x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í henni sést eitt hól en yngri tóft 03 hefur verið byggð ofan í suðvesturenda hennar og því sést ekki vel hvort annað hól hafi verið í henni og hvort eða hvar op hefur verið á henni. Mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m og hvergi sést í grjóti. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að þarna hafi verið útihús.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:028\_03** tóft útihús 363391 544477

Lítill, einföld tóft hefur verið hlaðin ofan í suðvesturenda tóftar 02. Hún er 5x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op er á henni í norðurhorni. Ekki sést í grjóthleðslur í veggjum sem eru 0,4-0,5 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að þarna hafi verið lítið útihús.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:029** Göng örnefni leið 362694 544090

"Gangur í suður ofan af fjallinu, sem kölluð eru Göng," segir í örnefnaskrá. "Þar upp af eru tveir gangar upp fjallið, Neðrigöng og Efrigöng. Upp af Skyrkollugili er sléttur blettur allstór upp að hyrnu. Fyrir neðan brún er eins og skáhjalli þarna upp og heitir Göng," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Göng eru sillur í þverhniptum klettum í Torffjalli og var að sögn Kristjáns Sæmundssonar, heimildamanns, farið eftir þessum sillum upp á fjallið. Ekki er hægt að komast inn á þær nema fara yfir í land Kverngrjóts. Þar nærri landamerkjagirðingu er hægt að fara upp snarbrattar og gróðurlitlar grjótskriður og komast þannig inn á sillurnar. Nöfnin Efrigöng og Neðrigöng benda til þess að hægt hafi verið að velja tvær leiðir upp á fjallið. Sel 030 var uppi á fjallinu og hafa þessar leiðir verið farnar að því. Eftir að seljábúskap lauk hefur sauðfé ef til vill verið beitt uppi á fjallinu og mögulega hafa þar verið slægjur.

Gerð var tilraun til þess að fylgja þessum leiðum upp á fjallið en þær virðast illfærar ef ekki ófærar vegna þess hve mikið af jarðvegi hefur safnast á sillurnar og í göturnar. Það reyndist því ekki mögulegt að fara eftir götunum. Hafa þetta verið tæpar götur sem ekki hefur verið gott að fara nema við bestu aðstæður á sumrin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,3; Ö-Saurhóll ath. og viðb.II,3

**DA-173:030** heimild um sel

"Á fjallinu [Torffjalli] er einnig dalur, sem heitir Melárdalur, og í þeim dal var selstaðan," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Skrifað hefur verið á spássíu örnefnaskrárinnar að Magnús Árnason sem bjó á Saurhóli fyrir og eftir aldamótin 1900 kannist ekki við þessa fullyrðingu en er þá ekki vitað hvort hann þekki ekki örnefnið Melárdal eða að selstaða hafi verið þar, nema hvorttveggja hafi verið. Staðsetning Melárdals virðist vera týnd og er það nafn ekki í örnefnasjá Landmælinga Íslands þar sem finna má flest



Göng DA-173:029, horft til VNV

örnefni í Saurbænum. Það leikur því nokkur vafi á því hvar sel Saurhóls á Torffjalli hefur verið.

Þegar fornleifaskráning var unnin í Staðarhólsdal í Saurbænum árið 2020 í tengslum við rannsóknarverkefnið Staðarhóll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun var ekki farið upp á Torffjall því uppgangan á það Saurbæjarmegin er erfið og ekki gafst tími til þess að fara aðra, lengri leið. Því voru aðstæður uppi á fjallinu ekki kannaðar. Loftmyndir af svæðinu voru skoðaðar gaumgæfilega en engin augljós ummerki sáust á þeim sem gætu gefið staðsetningu selsins til kynna. Leiða má hins vegar líkum að því að selið hafi verið á hjalla ofan og vestan við Skyrkollugil 017. Þar er grasgefið svæði og upp frá því til vesturs má segja að gangi þröngur dalur eða gil upp á hábrún fjallsins. Afar líklegt er að vatn renni eftir því sem síðan rennur áfram niður á láglandi um Skyrkollugil. Sú sögn tengist Skyrkollugili að skyrkollur úr selinu hafi verið láttnar síga þar niður en sem fyrr segir er aðgengi að þessu svæði talsvert erfitt.

**Heimildir:** Ö-Saurhóll ath. og viðb.II,3; Ö-Saurhóll, 3

**DA-173:031** *Kaldrani* náttúrumin huldufólksbústaður

363348 544586

"Þá er það að lokum heima í túni: Í túninu eru klettur, sem heita Kaldrani, þar bjó huldufólk," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Kaldrani er samféllt, ógróið klettabelti austast og nyrst á hólum sem bærinn er á og gengur til austurs út frá Torffjalli. Er það um 40 m norðaustan við miðjan bæjarhólinn 001\_01.

Neðan við klettabeltið er grasi gróinn hvammur en ofan við það er bæjarhóllinn, grösugur og þýfður. Klettarnir eru um 3 m á hæð, sléttir og grónir að ofan. Engar sagnir eru þekktar um huldufólk í Kaldrana.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll ath. og viðb.II,3



*Kaldrani DA-173:031, horft til norðvesturs.*

**DA-173:032** *Veita* örnefni áveita

363540 544555

"Norðan við Bæjargil, sem fellur niður með Illutungu, er túnvöllur, sem heitir Skjöldur; en sunnan við gilið Litli-Skjöldur. Suður af honum kallast Veita," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Veita er líklega nafn á flatlandu og deiglandu svæði, útengjum, sem voru austan við heimatún Saurhóls. Þar hafa verið grafnir miklir framræsluskurðir seint á 20. öld. Veita var að líkindum um 200 m austan við bæ 001 og 80 m norðvestan við mikið mógrafasvæði 006. Engin ummerki sjást þar um áveitumannvirki.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Saurhóll ath. og viðb.III,2

**DA-173:033\_01** garðlag óþekkt hlutverk

363661 544916

Norðarlega á Rimabærði, um 480 m norðaustan við bæ 001 eru þrjár fornleifar á svæði sem er 70 x 50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar er stakstætt garðlag 01 norðvestast og innan og suðaustan við það eru tvær fremur signar og grónar tóftir 02 og 03. Fornleifarnar eru um 480 m norðaustan við bæ 001 og um 130 m sunnan við tóft 019.

Rimabörð eru þurr og grasi gróin börð í mýrlendi. Rétt norðan við Rimabörð er áveituskurður.



*Garðlag DA-173:033\_01, horft til austurs á ljósmynd.*

Lýsing hefst á garðlagi 01 sem er norðvestast á minjastaðnum. Það er torfhláðið, 0,2-0,3 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur á um 70 m löngum kafla. Garðlagið er aðeins greinilegt á Rimabörðunum sjálfum en sakkur út í votlendi til beggja enda. Ekki er kunnugt um hlutverk garðsins en mögulega hefur hann afmarkað túnblett kringum tóftir 02 og 03.


**Hættumat:** engin hættu

**DA-173:033\_02** tóft óþekkt hlutverk

363687 544908

Tóft 02 er um 20 m sunnan við garðlag 01. Tóftin er einföld og torfhláðin. Hún er skeifulaga, 6 m í þvermál og er mjög ógreinileg. Veggir hennar eru útflattir, aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlið tóftarinnar. Rétt norðan við tóftina sést í 10 m langan hrygg sem er um 2 m á breidd og 0,1 m á hæð.

Mögulega er þetta garðlag en ummerkin eru afar óljós og ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að



*Tóft DA-173:033\_02, horft til suðurs á ljósmynd.*

ræða; af þeim sökum er þetta nefnt hér í framhjáhlaupi í stað þess að skrá hann sem sérstaka fornleif. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

**Hættumat:** engin hættu




**DA-173:033\_03** tóft óþekkt hlutverk

363706 544895

Tóft 03 er um 20 m suðaustan við tóft 02. Hún er suðaustast á Rimabörðum og er á lítilli hæð svo hún stendur aðeins hærra en hinar fornleifarnar á svæðinu. Tóftin er 10,5 x 4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhláðin og eru veggir ógreinilegir og mjög signir, 0,2 m á hæð. Op er á tóftinni á miðri vesturhlið hennar. Óvíst er með hlutverk hlutverk hennar.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft DA-173:033\_03*

**DA-173:034** tóftir og gerði óþekkt hlutverk

363183 544595

Í norðvesturhorni túnsins á Saurhóli er mikið tófta og garðlagasvæði. Ekki er ljóst hvaða tilgangi mannvirkin hafa þjónað en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið kálgarðar, geymslur og hugsanlega útihúskofar. Svæði er merkt "órækt" á túnakorti frá 1918 og virðist það þá afgirt. Það er fast austan við vesturhlið túngarðs 008 og einnig sunnan við norðurhlið sama túngarðs, alveg í túnhorninu. Mannvirkin eru um 130 m vestan við bæ 001\_04.

Túnið er í þýfðri tungunni sem gengur til austurs frá Torffjalli. Er það norðan og sunnan við háhólinn fremst í tungunni og einnig utan í honum að austanverðu. Þar eru stallar í hólnum en mjög hátt er fram af honum og bratt til austurs. Kargabýfi er þar sem minjarnar eru í túngarðshorninu en þessi hluti túnsins er líklega útfærsla elda túnsins.



*Garðlög og tóftir DA-173:034. Á ljósmynd er horft niður.*

Á þessum stað eru minjar á svæði sem hér er skráð í einu lagi en hverju hólfi/garði/tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Svæðið er 40 x 35 m stórt og snýr norður-suður. Á því eru 2-3 tóftir (A-C), 2-3 kálgarðar (E-D) og tvö stök garðlög. Nokkuð erfitt er að ráða í útlit mannvirkjann sökum þess hversu þýft og yfirgróid svæðið er. Lýsingin hefst allra syðst á svæðinu, á tóft A. Í raun er tóft A og B báðar á eins konar stelli neðan við túngarð 008 og á milli tóftanna er um 6 m löng brún þar sem mögulegt er að frekara hólfi hafi verið. Tóft A er 8 x 6 m stór og snýr norður-suður. Hún virðist nokkuð niðurgráfin. Tóftin er einföld og op hefur verið á miðjum norðurgafli hennar. Innanmál hennar er 3 x 2 m. Engar grjóthleðslur sjást. Í framhaldi af tóftinni er sem fyrr segir stallur í hlíðinni að tóft B. Tóft B er 7.5 x 5.7 m stór og snýr austur-vestur. Op er á austurhlið hennar. Norðan við tóft B en sunnan við garðlagið sem markar af gerði E er einhvers konar hólfi eða rými sem er langt og mjótt austur-vestur. Það nær alveg að norðvesturhorni kálgarðs


D neðar í hliðinni og er 14-15 x 2 m að stærð. Fram af tóft B ganga þrjú hryggir C. Þeir eru miklu lægri en veggir A og B og gætu mögulega verið garðar eða bed. Garðarnir eru sem sagt þrjú talsins og ná yfir svæði sem er 8 x 6 m stórt og snýr norður-suður. Austurendi þeirra endar við vesturbrún kálgarðs D en hún er stungin inn í brekkuna á þessum stað. Kálgarður D er 13 x 11,5 og snýr austur-vestur. Op er á miðjum austurvegg kálgarðsins. Norður-, suður- og austurveggir eru hlaðnir en vesturhlið aðeins stungin inn í brekkuna. Hleðslan umhverfis kálgarðinn er 0,4 m á hæð en 1 m á breidd og algróin grasi. Í kálgarðshorni suðaustast er afstúkað lítið hölf með mjög óverulegri hleðslu. Norðurhluti svæðisins er markaður af garðlögum og hugsanlega eru þar 3-4 gerði. Í norðvesturhorni er gerði E. Það er 20 x 10 m stórt og snýr norður-suður. Breitt op er upp í gerðið syðst á austurvegg og hugsanlega hefur einnig verið gengið upp í það um miðjan austurvegg framhjá norðvesturhorni gerðis F. Gerði F er austan við suðurhluta gerðis E. Gerði F er 9-10 m á kant og garðlag frá túngarði markar suðurhlið þess en op er á milli suðurenda austur- og vesturhleðslu og umrædds garðlags. Norðan og austan við gerði E og F tekur við svæði sem nokkuð erfitt er að átta sig á. Þar liggja m.a. tvö sigin garðlög, Garðlag G er 2-3 m á breidd og 0,3 m á hæð. Það liggur frá norðurhlið túngarðs 008 og í um 20 til suðvesturs áður en það verður ógreinilegt þar sem norðvesturhorn gerðis F og austurhlið gerðis E koma saman. Þetta garðlag er sigið og fornlegra en flestar minjar á reitnum og má vera að það sé merki um eldra byggingastig, hugsanlega ótengt þeim minjum sem nú eru mest áberandi á yfirborði. Það markar þó af þríhyrningslaga svæði við túngarð 008 og austurhlið garðlags E. Garðlag H er 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð og er gróin og mjög þýfð. Hún nær einnig frá norðurhlið túngarðs en um 5 m neðan við garðlag G og nokkuð beint til suðurs í um 22 m áður en það verður óskýrt fáum metrum norðan við norðausturhorn kálgarðs D.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:035** hleðsla skotbyrgi

363160 544906

Ungleg hleðsla er innan um stór björg í Saurhólsurð 360 m norðvestan við bæ 001. Ætla má að hér sé um skotbyrgi að ræða. Urðin er stórgrýtt í grasi grónum hliðum neðan við klettabelti í Torffjalli og ofan við Kvíabard 009. Deiglent er á milli Saurhólsurðar og Kvíabard þegar nær dregur bænum til suðurs. Byrgið er neðan við miðja urð.



*Byrgi DA-173:035, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Grjóthleðslan í byrginu er ofan á fremur lágu bjargi. Norðvestan við hana er annað allhátt og stórt bjarg sem snýr sléttri hlið til suðausturs. Allstórt bjarg er einnig norðaustan við hleðsluna og liggur hún í sveig út frá því til norðvesturs. Hleðslan er um 1,5 m á lengd og utanmáls er hún 0,5 m há þar sem hún er hæst. Í norðausturenda eru 2-3 umföer en nær norðvesturenda aðeins 1 umfar. Innan við hleðslu, á milli bjarga myndast lítið rými sem er rúmur 1 m á lengd og 0,6-0,8 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta


**DA-173:036** tóft óþekkt hlutverk

364122 544285

Sunnarlega á Torfnesi 014, rétt vestan við Stokklæk, er gróin hæð. Á henni sunnarlega er tóft sem er um 800 m ASA við bæ 001 og rúmunum 130 m NNA við tóft 037. Umhverfis hæðina sem tóftin er á er mjög gróid votlendi. Til vesturs eru mjög djúpir og voldugir framræsluskurðir.

Tóftin er tvískipt og er nokkuð heilleg. Hún er 9 x 7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru torf-og grjóthlaðnir en mikill gróður er yfir hleðslum. Aðeins sést glitta í hleðslugrjótt nokkuð neðarlega í veggjum, og þá aðeins í innra byrði veggja. Mesta hæð veggja er 0,7 m. Hólf A er í norðvesturhluta tóftar. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á hólfinu á suðvesturhlíð þess. Hólf B er í suðausturhluta tóftar og er minna en hitt hólfíð. Það er 3,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Tóftin hefur mögulega verið einhvers konar aðhald fyrir skepnur, hugsanleg at.d. stekkur.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft DA-173:036


**DA-173:037** tóft heystæði

364026 544189

Torfhlaðin og sigrin tóft er sunnarlega á Fremribörðum, rétt vestan við Stokklæk, um 750 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 130 m suðvestan við tóft 036. Útengjar eru norðvestan við tóftina en búið er að umturna svæðinu umhverfis tóftina með því að grafa mjög djúpa og breiða framræsluskurði allt í kring. Engu að síður er talsvert votlendi enn á þessum slóðum. Tóftin er sunnarlega á gróinni bungu.

Tóftin er einföld, 6,5 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin og eru veggir mjög signir, 0,2-0,3 m á hæð. Mögulega er op á tóftinni á vesturhlíð en það gæti einnig verið rof. Að utan er tóftin nánast hringlaga og horn hennar rúnuð en að innan eru horn hennar nokkur skýr. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar en mjög líklega er þetta heystæði enda miklar slægjur allt í kring

**Hættumat:** engin hætta



Heystæði DA-173:037.

**DA-173:038** heimild um stekk

"Efst á Kvíbarði eru Saurhólsurðir, miklar urðir. Þar sést fyrir stekk, en Magnús veit ekki til, að þar hafi verið kvíar," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Þrátt fyrir talsverða leit í Saurhólsurð fundust engin ummerki um stekkjartóft. Ekki er útilokað að um sama stekk sé að ræða og stekk 009\_02 sem er undir Kvíabörðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll ath. og viðb.I,1

**DA-173:039** heimild um kvíar

"Þær [kvíar] voru heima við bæ, þegar hann [Magnús Árnason] vissi til. Síðast var fært frá á Saurhóli 1917," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Staðsetning kvía heima við bæ er ekki þekkt. Mögulega á eitthvað af þeim minjum sem skráðar voru í túni við um kvíarnar en ekki var skráð nein tóft þar sem augljóst er að hafi gegnt hlutverki kvía.

**Heimildir:** Ö-Saurhóll ath. og viðb.I,1


**DA-173:040\_01** tóft útihús

363341 544616

Tvö mannvirki eða tóftir eru nyrst á hólnum sem Saurhólsbærinn er á, þar sem hann gengur lengst til norðurs. Má segja að minjarnar séu nyrst á Kaldrana 031, klettabelti í norðaustanverðum hólnum. Minjarnar eru á svæði sem er 18x8 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru 50 m NNA við bæjartóft 001\_02. Minjarnar eru á flata á hólnum þar sem er grasi gróid og lítið þýfi. Hátt og bratt er fram af þeim til norðurs en lægra og meira aflíðandi halli frá þeim til austurs og vesturs.



DA-173:040



*Útihústóft DA-173:040\_01, horft til norðurs á ljósmynd.*

Lýsingin hefst nyrst, á tóft 01 sem er 8x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Stæðilegur torfveggur er meðfram suðvesturhlið en engin ummerki um vegg er á norðausturhlið, önnur en brún frammi á hólbrún sem bendir til þess að þar hafi verið veggur en hann virðist vera horfinn vegna rofs sem hefur gróid aftur. Lilkega var op í norðvesturenda. Tóftin virðist niðurgráfin að hluta. Veggur á suðvesturhlið er 1,8-2,5 m breidd og í norðvesturenda er hann 0,4 m á hæð en annarsstaðar er hann 0,2 m á hæð utanmáls. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til greina að þarna hafi verið lítill útihúskofi.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-173:040\_02** tóft heystæði


363341 544607

Tóft 02 er 3 m sunnan við tóft 01 og er hún lítillega grafin inn í halla til suðurs. Lágur torfveggur afmarkar norður- og austurhliðar. Á vesturhlið sést aðeins innri brún kants. Tóftin er 8x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggjahleðslur eru tæpur 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af útliti og staðstetningu hennar að dæma kemur helst til greina að um heystæði sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta



*Heystæði DA-173:040\_01-02. Horft til NNA.*



## Minjakort 4

Saurhóll 1/2

0 100 200 300 400 m





### Skýringar

- |                    |       |
|--------------------|-------|
| Mörk jarða         | Vegur |
| Mörk túns frá 1918 | Gata  |
| <b>Fornleifar</b>  | Vegur |
| Skráðar fornleifar | Náma  |
| Bæjarhóll          | Renna |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD





## Minjakort 5

Saurhóll - kort 2/2

0 25 50 75 100 m




### Skýringar

- |                    |                      |
|--------------------|----------------------|
| Mörk jarða (RALA)  | Torf- og grjóthlaðið |
| Mörk túns frá 1918 | Gata                 |
| <b>Fornleifar</b>  | Vegur                |
| Skráðar fornleifar | Renna                |
| Bæjarhóll          | Náma                 |
| Torfhlaðið         |                      |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



## DA-174 Kveingrjót

### *Sögulegt yfirlit*

**1170:** "Steinólfur af Kverngrióti og Einar Sigurðarson af Bjarnastöðum höfðu hlaupið til úr torfskurði." Sturlu saga, Sturlunga saga I, 73.

**1397:** Máldagar Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skáholtsbiskupsdæmi. "CLXXXVI. Maldagi Stadarholl. . . . Luktte þorbjörg Ormsdotter kirkiunni Biarnarstadi firir xle. og Kvenngriot firir xvjc. og biarneyar halfar firir xxc. og ad auk hier med xvj kugilldi." DI, IV, 155-156.

**Eptir 1495:** "Stadarholl. Peturzkirkia a stadarholi a heimaland allt og þuerdal allann. biarnnarstadi. kuennngriot. krossfirdarnes. biarnneyiar allar. ... ." DI, VII, 288.

**1547:** Afhending Staðarhóls í Saurbæ. " och dette var holddet saman thyd for Stadarhols k[irkis] jordsmun egen. Jtaker ock reker effter som vij sae kirkens [mal]dage eller Register formelldendis. Thuerdal. Biarnarstader. Kuennngriot. ... ." DI, XI, 548.

**Um 1570** og síðar: Máldagar Gísla Jónssonar biskups. "LXVI. Stadarholl. ... Jtem Kuennngriot .xvj c. Thuerdal. Krokzfiardarnes med öllum Eyium. DI, XV, 592.

**1704:** 16 hdr., eign Staðarhólskirkju. JÁM VI, 155.

**1847:** 16 hdr. Eign Staðarhólskirkju. JJ, 171.

**Árið 1918** var gert fasteignamat fyrir Kveingrjót. Í því kemur fram að jörðin er þá metin 18.3 hdr að dýrleika. Mannvirki eru þá talin upp íbúðarhús úr timbri 6.3 x 3.8 x 2.8 m að stærð og er það sagt portbyggt með kjallara undir pappaklætt, með járnþaki byggt 1906, torfbær með þremur stafgólfum hafður til geymslu mjög lélegur, eldhús úr torfi lélegt (3.8 x 2.5 x 1.9 m), eldiviðarkofi úr torfi eitt stafgólf, lélegur (sjá 174:001). Einnig eru talin upp nokkur útihús sem öll eru úr torfi: fjós fyrir 6 kýr í góðu standi, hesthús yfir 8 hross í góðu standi, fjárhús fyrir 96 fjár í góðu standi, fjárhús fyrir 30 fjár í góðu standi, fjárhús fyrir 4 kindur í góðu standi, hlaða 7.5 x 3.2 x 3.8 m nýbyggð hlaða 6.3 x 3.8 x 2.5 m góð, hlaða 12.6 x 3.8 x 2.5 m biluð, hlaða 6.3 x 2.5 x 3.2 m biluð. Ekki er hægt að vita með vissu hver af þeim húsum sem skráð voru á jörðinni eru þau sem getið er í lýsingunni. Að auki voru taldir upp matjurtagarðar (664 m<sup>2</sup>), nátthagagirðing um 71 m á lengd úr torfgarði með 1 gaddavír á og túngirðing úr torfgarði með tvístrengdum gaddavír á 1219 m löng (sjá 174:014). FDA II, 79.

### *Landgæði*

1918: Tún 4,8 ha, garðar 480m<sup>2</sup>. "Engjar rjett vel grasgefnar og hægar. Silúngsveiði að nokkru gagni ef til vill. Lækur einn spillir nokkuð lítið túninu, ef ei er vel um hugað. Engjar spillast stundum nokkuð af leir úr Staðarhólsá í vatnavöxtum, þó ei so aftaki. Hagar spillast smámsaman af grjóti, og eru æði þrönglendir. Hættur eru miklar fyrir kvikfjenað af lækjum. Stórviðrasamt eftir áttaskiftum. Selstöðu á hún öngva, og hefur hún fyrrum verið ljeð frá Staðarhóli, á Birgismúla í Traðardal." JÁM VI, 156. Í fasteignamati frá 1918 kemur fram að tún jarðarinnar eru þá um 4 ha að stærð og í góðri rækt og er um helmingurinn sléttaður. Innan girðinga er talið upp gott útengi með veitu (líklega 006). Beitoland jarðarinnar er sagt þrönglent og mjög takmarkað fyrir vetrararbeit enda snjóþungt. Mótak á jörðinni er sagt ágæt og torffrista góð og jörðin er sögð vel hentug til frekari túnræktar. Á móti kemur að jörðin sé landlítill, hún liggir illa að samgöngum og að vondur vegur sé að bænum. Jörðin er sögð líða fyrir ágang búfjár nágrannajarða og fé sé hætt fyrir dýjum, snjóhulum og grafarlækjum að vorum. Jörðin er sögð geta framfleytt 150 sauðfjár, 3 kúm og 5 hrossum með 4-5 manna afla. FDA II, 76.



## DA-174 Kverngrjót

0 25 50 75 100 m



### Skýringar

- |                              |                      |
|------------------------------|----------------------|
| — Útlínur túnakorts frá 1918 | Torf- og grjóthlaðið |
| <b>Fornleifar</b>            | Torfhlaðið           |
| • Skráðar fornleifar         | - - - Gata           |
| Bæjarhóll                    | - - - Óljóst         |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD

*Heimatún Kveingrjóts DA-174.*



**DA-174:001\_01** *Kveingrjót* bæjarhóll bústaður

363200 542942

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð bærinn á Kverngrjóti í túninu miðju. Fram af eða til austurs frá bænum var kálgarður 002. "Um heiti staðarins eru gömul munnmæli, sem herma, að örn hafi tekið þar ungbarn, og af harmakveini fólksins hafi staðurinn fengið nafnið Kveingrjót. En í Sturlungasögu [...] er bærinn nefndur Kverngrjót, og mun það rétt nafn vera," segir í örnefnaskrá. Síðar í sömu skrá segir: "Íbúðarhúsið stendur hátt á túninu, sem liggur upp að háum hólum og kallaðir eru einu nafni Kverngrjótshólar, en hafa svo sín sérnefni." Talsvert langt er síðan fjósbygging var byggð á sama stað og eldri bær stóð áður en nýlega var svo byggt nýtt og afar stórt yngra fjós við það eldra en aldrei var gengið frá þeirri byggingu að fullu. Tvö íbúðarhús eru nú á jörðinni og það sem er nær gamla bæjarstæðinu er um 30 m sunnan við það. Undir númerinu 01 er skráður sjálfur bæjarhóllinn (og þar með talið þau bæjarhús sem á honum hafa staðið) en stakstað fjósbygging sem var áður norðan við bæ er skráð á undirnúmerið 02.

Á þessum stað er nú fjósbygging, samstæðuhús úr steypu og malarvegur framhjá að austan. Malarplan er við austurenda en austar tekur við svolítil brekka þar sem kálgarður 002 hefur verið en neðan hennar eru tún.

Örlitla hólmyndun má enn greina upp að steinsteypu húsunum og til austurs niður af



*Kveingrjót DA-174:001. Á drónamynd til vinstri er horft til VNV en til vesturs á mynd til hægri*

útihúsasamstæðunni. Samtals má segja að óljós hólmyndun sé á svæði sem er um 50 m í þvermál. Upphækkunin á sjálfu malarplaninu er þó aðeins 0.1-0.2 m hærra en umhverfið þótt greinilegur stallur sé þarna í hlíðinni. Þegar fasteignamat er gert fyrir jörðina 1918 er þar talið upp íbúðarhús úr timbri 6.3 x 3.8 x 2.8 m að stærð og er það sagt portbyggt með kjallara undir pappklætt, með jarnþaki byggt 1906 og torfbær með þremur stafgólum sem var þá hafður til geymslu mjög lélegur og eldhús úr torfi lélegt (3.8 x 2.5 x 1.9 m), eldiviðarkofi úr torfi eitt stafgolf, lélegur. Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni heimildamanni stóð síðasti bærinn á svipuðum slóðum og eldra fjósið á jörðinni stendur nú en náði lengra til austurs, þar sem nú er malarplan. Síðasti bærinn á þessum stað var úr blönduðu efni. Samkvæmt Selmu Guðmundsdóttur heimildamanni sem bjó í Kverngrjóti milli 1945-1953 þá var íbúðarhúsið forskalað timburhús á tveimur hæðum en undir því var grjóthlaðinn kjallari. Braggi var að húsbaki og skúrbyggingar norðan við voru úr torfi, grjóti og timbri.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Kverngrjót,1, Sturlungasaga, I bindi, bls. 114, FDA II, 79

**DA-174:001\_02** frásögn fjós

363200 542594

Samkvæmt Selmu Guðmundsdóttur heimildamanni var fjós norðan við bæinn og sund á milli. Fjósið stóð ofan við kálgarinn norðarlega. Engin ummerki sjást nú lengur um það.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-174:002** heimild um kálgarð

363219 542947

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður fast austan við gamla bæinn á Kverngrjóti 001. Engin merki sjást lengur um kálgarðinn en hann hefur verið þar sem enn er grasi gróin brekka í halla til austurs frá hlaðinu austan við útihúsasamstæðu á bænum.

Lækur kemur undan hlaðinu á þessum slóðum en þar sem kálgarðurinn var er grasi gróin, aflíðandi brekka. Steinsteyp t girðing markar af austurjaðar malarplans en austan hennar er grasi gróin brekka þar sem kálgarðurinn var. Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni heimildamanni var stór og mikill kálgarður á þessum

slóðum áður og talsverður torfgarður í kring en öll ummerki um mannvirkið eru nú horfin. Samkvæmt túnakorti mætti ætla að garðurinn hefði verið um 32 x 13 m stór og hann hefur snúið norður-suður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-174:003** heimild um útihús 363181 542975

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um útihús tæpum 20 m norðvestan við bæ 001 á Kverngrjóti.

Á þeim stað sem útihúsið stóð er nú nýleg fjósbygging sem aldrei var fulllokið við að byggja en hefur raskað öllu því sem þarna hefur verið að fullu. Ólíklegt er að nokkrar mannvistarleifar eldri bygginga leynist enn undir sverði á þessum stað.

Samkvæmt túnakortinu var útihús á þessum stað. Kristján Sæmundsson, heimildamaður gat þess að eldra fjós hefði áður staðið á svipuðum slóðum, við læk sem þarna rann niður hlíðina en hugsanlegt er einnig að þetta sé þá sama hús og skráð er undir númerinu 001\_02.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-174:004** heimild um fjárhús 363186 5431051

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús norðarlega í túni, um 140 m norður af bæ 001. "Norðarlega í túninu eru peningshúsin," segir í örnefnaskrá og er þar án efa vísað í útihús 004 og 005. Húsin voru um 16 m sunnan við norðurhlíð túngarðs en um 7 m austan við vesturmörk sama garðs og því í túnhorni. Tóftin er á grasi grónu svæði skammt norðan við fjósbyggingu en malarvegur liggur yfir austurhluta þess svæðis þar sem húsin hafa staðið

Á þessum stað stóðu áður, samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni heimildamanni, fjárhús. Þau voru þrískipt, undir þremur burstum en síðar (um 1950) voru byggð hús úr timbri og járn á sama stað. Kristján mundi aðeins eftir einum húsum á þessum stað og lýsingin gæti því átt við annað hvort hús 004 eða 005.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Kverngrjót,1

**DA-174:005** heimild um útihús 363195 543069

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús norðarlega í túni, um 15 m sunnan við fjárhús 004 og um 100 m norðan við bæ. "Norðarlega í túninu eru peningshúsin," segir í örnefnaskrá. Húsin hafa verði þar sem norðurendi núverandi geymslubyggingar stendur. Á þessum stað er nú útihús á steinsteyptum grunni.

Á þessum stað stóðu áður, samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni heimildamanni, fjárhús. Þau voru þrískipt, undir þremur burstum en síðar (um 1950) voru byggð hús úr timbri og járn á sama stað. Kristján mundi aðeins eftir einum húsum á þessum stað og lýsingin gæti því átt við annað hvort hús 004 eða 005.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Kverngrjót,1

**DA-174:006** *Kverngrjótsveita* örnefni áveita 363288 542954


"Norðanvert eða austan við hann [Klettavöll] er Mýravöllur. Í sömu stefnu neðan við túnið, en þó innan túngirðingarinnar, er kallað Kverngrjótsveita. Frá Veitu niður að Staðarhólsá er vallendi og er kallað Kverngrjótsbakki," segir í örnefnaskrá. Kverngrjótsveita var austan við bæinn á Kverngrjóti 001 nálega þar sem heimreið að bænum liggur nú (2020). Grasi gróin og framræst tún eru nú þar sem veitan var en engin ummerki um veitumannvirk sjást á þessum slóðum. Framræst tún eru á þessum slóðum en þau eru nú fallin í órækt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kverngrjót,1

**DA-174:007\_01** *Réttarholt* tóft rétt 363122 543056

"Í hólunum eru þessi örnefni: Fyrst rétt við túnið að vestan er Réttarholt," segir í örnefnaskrá. Réttarholt er hraunborg/klapparholt 130-150 m vestan og norðvestan við bæ 001. Undir því er hvammur sem er grasi gróinn og norðarlega í honum, um 115 m NNV við bæ 001 er réttartóft og fleiri mannvistarleifar þar í kring. Samanlagt eru minjar greinilegar á svæði sem er um 75 x 40 m stórt og snýr nálega norður-suður. Á þessu svæði er stór ferhyrnd tóft 01, einföld og lítil tóft fast norðan við, ógreinilegt garðlag 03 til suðurs frá tóft 01 og óljós ummerki sem virðast mynda stórt hólfrétt eða náthaga vestan og sunnan við tóft 04.



Réttarholt DA-174:007. Á ljósmynd er horft yfir rétt 01 til suðurs.

Minjarnar eru í gróðurríkum og skjólsælum hvammi undir Réttarholti. Bygging gríðarstórs fjós austan við hvamminn hefur skorið af austurhlíð hans og hefur jarðvegur verið fjarlægður alla leið að suðausturhorni tóftar og hún örlítið skemmt í framkvæmdinni. Þverhnípt er frá tóftinni (01) og niður moldarbarð að fjósbyggingunni sem stendur mun neðar í hlíðinni.

Tóft 01 er nokkuð afgerandi og ferhyrnd, líklega sjálf réttartóftin. Hún er 14 x 15 m stór, örlítið lengri austur-vestur en á þvervegin. Sem fyrr segir hafa framkvæmdir við fjósbyggingu gengið nokkuð nærri henni enda hefur þá verið fjarlægð mikið af jarðvegi inn í brekkuna og alveg að suðausturhorni tóftar og hluti af horninu brotnað niður í barðið við þær framkvæmdir eða í kjölfarið. Að öðru leyti virðist tóftin í ágætu ástandi. Hún er einföld en op er suðurvegg aðeins vestan við miðju) og hugsanlega einnig á norðurvegg (aðeins austan við miðju). Greinilegt er að einhver grjóthleðsla er í henni innanverðu en hún er þó algróin grasi. Réttin virðist aðeins niðurgrafin og ytri brún veggja er sum staðar óskýr en innri brúnin skýr og víða um 0.9 m á hæð. Veggir eru víðast um 1.5 m á breidd. Í norðausturhorni tóftarinnar er einföld grjótröð sem markar af horn tóftar og er um 1.5 x 1.5 m að stærð. Hleðslan er að mestu horfin í gróður en greinilegt er að gróðurfar í horninu er annars konar en í tóftinni almennt en þar vex talsvert af lambgrasi. Í suðausturhorni tóftar er dæld eða niðurgröftur sem er 1-1.5 m í þvermál en 0.3 m á dýpt og innan hennar virðist nokkuð deiglent. Um miðbik tóftar er rönd af grjóti sem liggur NNA-SSV og gæti hafa markað einhvers konar skiptingu, hugsanlega verið undirstaða undir girðingu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kverngrjót,1

**DA-174:007\_02** þúst óþekkt hlutverk

363129 543038

Þúst 02 er 9 x 7 m stór og snýr ANA-VSV. Hún er sigin og óljós en veggir hennar eru aðeins um 0.2-0.3 m á hæð. Ekki er ólíklegt að ummerkin séu eftir eldri byggingarfasi en 01. Ummerkin eru óljós og í raun eins og stallur í landinu en þó má greina L-laga hrygg sem liggur til suðurs og svo austurs frá tóft 01 og alveg fram á brúnina sem byggingarframkvæmdir hafa skorið. Líklegt er því að hún hafi skemmt í þeim. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þústin hefur gegnt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-174:007\_03** tóft óþekkt hlutverk

363110 543063

Lítill tóft er um 6 m NNV við norðurvegg tóftar 01 en fast austan við hrygg þann sem markar hól 04 af til austurs (aðeins um 1 m á milli). Tóftin er tæpir 5 x 3 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Hún er einföld og op er á norðurgafli hennar. Innanmál tóftar er 1.3 x 3-4 m. Nokkrir steinar eru í tóftarbotninum en veggir



*Tóft DA-174:007\_03. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

virðast torfhláðinir og eru fremur óverulegir eða 0.5-0.6 m á hæð en mest 0.7 m á hæð. Tóftin virðist ekki mjög forn og erfitt er að ráða í hlutverk hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-174:007\_04** gerði rétt

363111 543054

Signar og nokkuð fornlegar leifar af garðlagi eru í hvamminum vestur af rétt 01. Greinilegasti hluti gerðisins er L-laga garðlag sem liggur frá norðvesturhorni tóftar og í um 18 m til NNV og beygir þar í 90° og liggur áfram í 10-11 m áður en það verður óljóst. Aðrir hlutar gerðisins eru sem fyrr segir óljósari en þó má greina óljósan hrygg sem liggur til suðurs frá suðvesturhorni réttar 01 í um 39 m en beygir þá í 90° og liggur áfram til VSV í tæpa 30 m áður en það verður alveg óljóst. Með góðum vilja má einnig greina garðlag sem markað hefur gerðið til vesturs, vestan við götur 681:005 sem efst eða vestast í hvamminum undir Réttarholti. Sá hluti er þó of óljós til að hægt sé að fullyrða um tilvist hans. Samanlagt virðist þó hægt að merkja einhvers konar gerði eða hól sem líklegast hefur verið ríflega 70 m á lengd en um 10-12 m á breidd nyrst en um 30 m syðst. Þar sem garðlagið er best varðveitt er það um 2-3 m á breidd en 0.3 m á hæð. Það er gróið grasi en grjóthleðslur sjást þó hér og þar. Gerðið kann að vera einhvers konar rétt eða nátthagi þótt ekki sé hægt að fullyrða um það. Ekki er auðvelt að átta sig á sambandi gerðisins og réttar 01 en mögulegt er að hún sé yngri og byggð utan í eldri rétt eða nátthaga.



*Garðlag DA-174:007\_04, horft til vesturs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-174:008** Hauksnes óþekkt hlutverk

363174 543258

"Í hánorður frá túninu gengur nes fram undan hólnum, og er það kallað Hauksnes. Á því sunnanverðu vottar fyrir tóftum," segir í örnefnaskrá. Hauksnes er á milli heimatúns Kverngrjóts og minja um Eysteinsstaði 009, um 340 m norðan við bæ 001. Er nesið fremur flatt og gróðurgrýrt en sunnan við það er grösugt og deiglent.

Ekki fundust óyggjandi ummerki um tóftir í sunnanverðu Hauksnesi en ekki gafst tími á vettvangi til þess að þaulganga svæðið. Loftmyndir af svæðinu voru skoðaðar vel en á þeim fundust heldur engar


skýrar vísbendingar um mannvirkjaleifar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kverngrjót,2

DA-174:009\_01 Eysteinsstaðir bæjarhóll býli

363056 543516



*Eysteinsstaðir DA-174:009.*

"Í hánorður frá túninu gengur nes fram undan hólnum, og er það kallað Hauksnes. Á því sunnanverðu vottar fyrir tóftum [sjá 008]. Svo litlu norðar, undir hólnum, sést glöggt fyrir hústöftum. Þar var býli, sem hét Eysteinsstaðir. Á þá er minnst í Sturlungasögu, 2 bindi, á bls. 34; liggja þeir að Saurhólslandi, sem tekur við að norðan," segir í örnefnaskrá.


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín í umfjöllun um Bjarnastaði segir: "Jörðin á afskift land á millum Saurhóls og Kveingrjóts. [...] Þar hefur búið verið að fornu, svo sem sjá má á girðingum og tóftum, og verið kallað Eisteinstader. Hefur það síðan um lánga tíma í eyði legið, og landið til slæгна og beitar verið brúkað frá Bjarnastöðum. Nú um nokkur ár hefur það bygt verið." Eysteinsstaðir eru nokkurn veginn miðja vegu milli Kverngrjóts og Saurhóls en þó nær Kverngrjóti. Bæjarstaðið er á hjalla á Jónsengisholti. Túnið fylgir legu hjallans og snýr norðvestur-suðaustur. Framarlega á hjallanum hefur bærinn staðið og er þar nokkuð afgerandi hóll, náttúrulegur að hluta, einkum í suðausturenda. Ójöfnur eru í túninu og klappir hér og hvar, aðallega frammi á hjallabrún og suðaustan við túnið en einnig í brekkunni upp af túninu, upp á háholtið, sem er nokkuð brött og há. Aftan við bæjarstaðið, vestast í túninu, er afgerandi lægð eða laut í túninu. Upp frá henni er hæst upp á brún holtsins. Frá bæjarstaðinu sér að Saurhóli og Staðarhóli og rétt grillir í bæjarstaði Kverngrjóts. Minjar í túni Eysteinsstaða eru á svæði sem er 120x90 m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess eru 14 minjainingar, af þeim eru 11 minjar sem taldar eru tilheyrja fornbylínu en minjar 02, 09 og 14 eru talsvert yngri og ekki í neinum tengslum við það. Leið DA-681:005 liggur yfir



*Eysteinsstaðir DA-174:009.*

túnið á Eysteinsstöðum.

Túnið er þýft og grasi vaxið en talsverð sina er í því og grasið ekki kjarnmikið. Klapparmói er í kringum túnið, heldur rýr. Um 200 m austar eru nokkuð víðáttumiklar útengjar niður við Staðarhólsá sem hafa verið ræstar fram og ræktaðar í véltæk tún.



*Bæjarstaði Eysteinsstaða DA-174:009\_01-02, 04 og 13. Á ljósmynd er horfi til norðvesturs.*

Lýsing á minjum hefst á bæjarhól Eysteinsstaða 01 sem er nokkuð miðsvæðis í túninu. Hóllinn er stór og ílangur, er 34x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hæstur og breiðastur er hann um miðbikið þar sem hann er um 1,5 m hár á norðausturhlíð. Líklega er hóllinn náttúrulegur að einhverju leyti en mikið af honum virðist uppsafnaðar mannvistarleifar. Á hólnum miðjum er tvískipt tóft 02. Hún er sennilega leifar af bústað sem nefndur er í Jarðabók Árna og Páls frá upphafi 18. aldar. Fast norðvestan við þá tóft er renna eða skurður yfir hóllinn sem hefur mögulega myndast við efnistöku í tengslum við tóft 02. Þar norðvestan við, í enda hólsins má sjá móta fyrir innanmáli í tóft sem er 6x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er gott að greina skil á milli hóls og þessarar tóftar en svo virðist sem að ytri brún veggja í tóftinni sé á mörkum hólsins. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kverngrjót,2; JÁM VI, 157.

**DA-174:009\_02** tóft bústaður

363062 543505

Tvískipt tóft 02 er suðaustan við útflatta tóft á bæjarhóli Eysteinsstaða 01. Tóftin er líklega leifar af bústað en þess er getið í Jarðabók Árna og Páls frá upphafi 18. aldar að bygð sé á Eysteinsstöðum. Hefur hún líklega varað stutt en ekki hafa fundist frekari heimildir um það hvenær búsetu lauk. Tóftin líkist hins vegar nokkuð stekkjartóft svo að ekki er útilokað að eftir að stekkur hafi verið útbúinn í rústinni eftir að búsetu á staðnum lauk á 18. öld. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sést enn grjót í innanverðum veggjum en ekki fjöldi umfara. Hún er 11x7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðurenda er lítill niðurgrafið hólfi sem er ríflega 2x1 m að innanmáli og snýr þvert á legu tóftar. Op er inn í það í austurenda. Mögulega er op úr því inn í stærra hólfið sem er í suðurhluta tóftarinnar. Á þeim stað í veggnum er aðeins grjót sýnilegt og gæti það verið hrun úr dyraopi. Syðra hólfið í tóftinni er 4,5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er á miðri vesturhlið þess. Vesturhlið tóftar er sigin og norðvesturhorn er óljóst. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m. Grjót úr hleðslum hefur hrunið inn í tóftina. Í tóftinni er talsverð grænka og einnig í kringum hana, einkum sunnan við.




*Tóft DA-174:009\_02 horft til suðausturs.*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:009\_03** tóft óþekkt hlutverk

363058 543531

Niðurgrafin og fornleg tóft 03 er fast NNA við bæjarhól 01. Virðist hér um jarðhýsi að ræða en hlutverk þess er ekki ljóst. Tóftin er 8,5x7,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Horn hennar eru mjög rúnuð og er hún nánast hringlaga. Tóftin er einföld og ekki sést op inn í hana. Ytri brún veggja í suðvesturhluta er nánast



*Tóft DA-174:009\_03. Á ljósmynd er horft til norðurs.*


ógreinanleg en í norðausturhluta er ytri brún veggja vel greinileg. Þar eru veggir 0,3-0,4 m á hæð. Innri brún veggja er 0,5 m á hæð. Tóftin er gengin í þúfur og liggja götur á leið DA-681:005 yfir hana. Sumar þeirra hafa grafið ofan í vegg tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

DA-174:009\_04 tóft útihús

363036 543522

Tóft 04 er 5-10 m vestan við bæjarhól 01, þar sem fer að halla ofan í lautina vestast í túni. Tóftin er stór og fornleg og gengin í þúfur en þó allvel greinanleg. Tóftin er einföld og er 8,5x6,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,3 m á hæð. Ekki sést op á henni en það kann að hafa verið nyrst í



*Tóft DA-174:009\_04. Á ljósmynd er horft til suðurs.*


tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að um einhvers konar útihús sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

DA-174:009\_5 tóft útihús

363039 543537

Fast norðan við tóft 04 og 8 m norðvestan við bæjarhól 01 er tóft 05. Hún virðist einföld og er 14,5x9,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er augljóst op á tóftinni og innanmál hennar er frekar ógreinilegt. Veggir eru 0,1-0,3 m á hæð. Götur á leið DA-681:005 liggja yfir tóftina.



*Tóft DA-174:009\_05. Á ljósmynd er horft til suðausturs.*


**Hættumat:** engin hætta



DA-174:009\_06 tóft útihús

363037 543551

Tóft 06 er einna ógreinilegust af fornu tóftunum á Eysteinsstöðum. Hún er á milli tófta 05 og 07 og er 23 m norðvestan við bæjarhól 01. Tóftin er 15x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar eru veggir 0,1-0,2 m á hæð utanmáls. Í norðvesturhluta virðist tóftin mjókka lítillaga og ytri brún veggja þar er 0,3 m á hæð en mörk tóftarinnar í norðausturenda við brekku upp á holtið eru ekki skýr.



Tóft DA-174:009\_06. Á ljósmynd er horft til SSA.


Innanmál tóftarinnar er óljóst vegna þess hve veggir eru þýfðir og að götur á leið DA-681:005 liggja yfir tóftina. Líklega var op í suðausturenda en það sést ekki.

**Hættumat:** engin hætta

DA-174:009\_07 tóft fjós

363042 543562

Langstarsta og greinilegasta forntóftin 07 er norðarlega í túninu, við brekkurætur, fast NNA við tóft 06 og 33 m NNV við bæjarhól 01. Götur á leið DA-681:005 liggja yfir tóftina og er hún aflöguð af þeim sökum og talsverðu þýfi. Einnig er nokkurt rof í veggjum í ASA-enda tóftar sem hefur gróid aftur að mestu leyti. Útlínur tóftar eru þrátt fyrir þetta greinilegar og er hún 18x7,5 m að stærð og snýr ASA-VNV. Í tóftinni sést innanmál eins hólf og er op inn í það á ASA-gafl. Það er 10x2-2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft.



Tóft DA-174:009\_07. Á ljósmynd er horft til suðausturs.


Mögulega hefur þetta hólf skipst í tvö minni hólf þar sem þrenging er í því miðju. Einnig er mögulegt að annað minna hólf hafi verið í VNV-enda en þar sést ekkert innanmál. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,5 m á hæð, hæstir í VNV-hluta. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en út frá lögun hennar, stæðilegum veggjum og því að tóftin er í mjög aflíðandi halla til ASA er ekki ósennilegt að þarna hafi verið fjósið á Eysteinsstöðum.

**Hættumat:** engin hætta

DA-174:009\_08 tóft útihús

363025 543533

Lítill niðurgráfin tóft 08 er við brekkurætur fast vestan við tóft 05 og 25 m VNV við bæjarhól 01. Er hún allfornleg en kann að vera yngri en allra elstu minjarnar á svæðinu. Ef til vill er það eingöngu meiri grasgróður á tóftinni sem vekur grun um yngri aldur. Tóftin er einföld og 5,5x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innanmál hennar er nokkuð skýrt en ytri brún veggja er illgreinanleg nema suðaustast. Frá tóftinni



Tóft DA-174:009\_08. Á ljósmynd er horft til SSA.


hallar til suðausturs ofan í laut sem er vestast í túninu. Norðurhluti tóftarinnar er grafinn inn í halla. Þar eru 0,5 m upp úr tóftinni en lægra annarsstaðar. Veggir eru 0,1-0,2 m á hæð utanmáls. Óljóst er hvort eða hvar op hefur verið á þessari tóft.

**Hættumat:** engin hætta

DA-174:009\_9 tóft útihús

363055 543477

Ungleg tvískipt tóft 09 er byggð inn í grunna hvilft í brekkunni vestan við túnið. Klappir og stór björg eru í túni sunnan og suðvestan við hana. Er hún 23 m suðvestan við býlistóft 02 og fast suðaustan við tóft 14. Tóftin er 6,5x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru úr torfi og grjóti og eru 0,5-0,6 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Grjót í hleðslum er farið að hrynja inn í tóftina. Ekki sést ytri brún á vesturvegg sem er byggður inn í brekkuna. Syðra hólfið er 3x1-1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er inn í



Útihústóft DA-174:009\_09. Á ljósmynd er horft til suðurs.


það í norðausturhorni. Nyrðra hólfið virðist aflagað, hefur líklega verið 2,5x2 m að innanmáli og haft sömu stefnu og tóftin. Op virðist hafa verið inn í það í suðausturhorni en austurveggur þess sýnist hafa fallið inn í hólfið. Í norðausturhorni er hleðsla sem gæti verið milliveggur en sennilegra er að þarna sé hrun. Ekki sjást leifar af veggheðslu í norðausturhorni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er hér um útihús frá yngri býli að ræða. Þó eru veggir hennar það lítilfjörlegir að ólíklegt virðist að þeir hafi getað borið þak.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:009\_10** tóft útihús

363054 543579

Meint tóft 10 er nyrst í túni Eysteinsstaða og er 50 m norðan við bæjarhól 01. Hún er um 7 m í þvermál og veggir hennar 0,2 m á hæð. Tóftin er sundurskorin af götum á leið DA-681:005 sem liggja yfir hana, sumar þeirra eru alldjúpir skorningar sem eru 0,2m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Tóftin er greinilegust að



*Tóft og garðlag DA-174:009\_10-11. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

norðanverðu en aðrir hlutar eru mjög illgreinilegir og innanmál hennar er vart greinanlegt.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:009\_11** garðlag túngarður

363038 543576

Meint garðlag 11 er í norðvesturhorni túnsins á Eysteinsstöðum og liggur frá brekkurótum til austurs að meintri tóft 10. Garðlagið er 53 m norðan við bæjarhól 01. Það er 17 m langt og 1,5-2 m á breidd, útflatt og þýft. Er það aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Götur á leið DA-681:005 liggja yfir garðinn. Sé hér raunverulega um garð að ræða kemur helst til greina að hann hafi gegnt hlutverki túngarðs. Ekki sjást skýr ummerki annarsstaðar um garðhleðslur sem hafa afmarkað túnið en með góðum vilja má greina afar óljós ummerki um útflattan garð í brekkunni austan við túnið og syðst í túninu, uppi á hjallanum. Sé það rétt mat hefur túnið verið um 120x100 m að stærð. Það að greinilegasti hluti garðsins í norðurenda túnsins endi við tóft 10 gæti gefið til kynna að sú tóft hafi verið sambyggð garðinum eða að þar sé eingöngu um hluta af garðinum að ræða en ekki sérstaka tóft. Þess ber að geta að utan og norðan við meintan garð er nokkuð skýr brún sem gæti hafa myndast vegna fjárumferðar. Ekki er útilokað að það sem virðast vera útlínur garðs séu í raun einnig brúnir sem myndast hafa við umferð búfénaðar.




*Garðlag DA-174:009\_11. Á ljósmynd er horft til ASA.*

**Hættumat:** engin hætta

DA-174:009\_12 gryfja óþekkt hlutverk

363022 543509

Gryfja 12 er vestast í túni þar sem laut undir brekku er dýpst. Aldur gryfjunnar er óræður en ekki eru sýnilegar hleðslur í kringum hana eða í henni. Frá gryfju (eða að henni) er grunn renna og í henni er einnig áberandi grænn gróður. Gryfjan sjálf er fremur hringlaga, samansigin og gróin. Hún er innan við 1 m í þvermál og um 0,3 m á dýpt. Rennan er 13 m löng og 0,1 m á breidd og dýpt. Hlutverk þessarar gryfju er ekki þekkt en



*Gryfja DA-174:009\_12. Á ljósmynd er horft til norðausturs.*


helst kemur til greina að þarna hafi verið brunnur eða uppspretta. Ekkert vatn sést í gryfjunni og allt er þurrt í kringum hana.

**Hættumat:** engin hætta

DA-174:009\_13 tóft útihús

363045 543505


Meint tóft 13 er fast VSV við og samsíða bæjarhóli 01. Þar er fremur flatlent og smáþýft. Tóftin er alveg útflött og er utánmál hennar mjög ógreinilegt. Á yfirborði sjást tvær grunnar gryfjur sem virðast vera innannmál veggja hólfa og er það einu skýru ummerkin um mannvirki á þessum stað. Áætluð stærð tóftar er 11x5 m og snýr hún NNV-SSA. Hæð veggja utánmáls er 0,1-0,2 m og dýpt hólfa 0,3 m. Þau eru hvort um



*Tóft DA-174:009\_13. Á ljósmynd er horft til SSA.*

sig um 1,5 m í þvermál. Hvorki sjást op inn í tóftina né á milli hólfa. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til greina að þarna hafi verið útihús.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft DA-174:009\_14. Á ljósmynd er horft til VSV.

Fremur ungleg tóft 14 er í brekku í túnjaðri, fast norðvestan við tóft 09 og 20 m suðvestan við bústað 02. Tóftin er einföld og er 4,5x3 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Hún er hlaðin utan (sunnan) í gróna tungu og er NNV-langveggur hlaðinn ofan á kletta í brekkunni. Þar standa veggir hærra en annarsstaðar í tóftinni. Greinilegir hlaðnir veggir eru á SSA-hlið og VSV-gaflri en ekki virðist vera veggjahleðsla á ANA-gaflri þar sem op er á tóftinni. Veggjahleðslur eru hæstar 0,3 m en víðast 0,2 m. Hlutverk þessarar tóftar er ekki þekkt en lögun hennar minnir helst á kvíar.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:010** *Hleypilækur* sögustaður

363838 543821

"Bæjarmegin við Hörðeyri rennur lækur eftir flóanum og fellur í Staðarhólsá; heitir hann Hleypilækur. Við þann læk er tengdur sá atburður, að árið 1170 var háður bardagi þar (líklega á grundinni upp með læknum) af Búddælingum á Skarðsströnd, og heimamönnum Einars Þorgilssonar, bónda á Staðarhóli. En tildrög bardagans voru þau, að Búddælingar komu og tóku heimanaut af Staðarhóli, en Staðarhólmenn sáu aðfarirnar og sóttu eftir þeim, og nokkrir menn af öðrum bæjum, er sáu för beggja flokkanna. Þeir fundust fyrir utan ána upp frá Hleypilæk, og voru Búddælingar sextán saman, en þeir Vilmundur fjórtán. Vilmundur var fyrir Staðarhólsmönnum, því Einar Þorgilsson var þá á þingi. Féllu þar nokkrir menn, þar á meðal Steinólfur af Kverngrjóti og Einar Sigurðsson á Bjarnastöðum. Sagnir um þennan bardaga er að finna í Sturlungu, 1 bindi, á bls. 113, 114, og 115," segir í örnefnaskrá. Hleypilækur rennur úr vestri í Staðarhólsá. Lækurinn er við landamerki Kverngrjóts og Saurhóls (DA-173), um 1 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 290 m ASA við mógrafir 019. Hleypilækur er á flatlendi sunnan við ræktað tún.



Tóft DA-174:010. Á ljósmynd er horft til suðurs.

Lækurinn er upphjónaður og er farvegur hans mjög gróinn og deigur. Engin merki fornleifa sjást á staðnum enda hér verið að skrá minjastað þar sem sögulegur atburður er talinn hafa átt sér stað og ekki von á mannvirkjum í tengslum við hann.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kverngrjót,2

DA-174:011 *Kverngrjótsgöng* örnefni leið

362291 543321

"Hátt norður frá Kambsgjá liggja upp hlíðina sneiðingar, sem nefndir eru Kverngrjótsgöng," segir í örnefnaskrá. Kristján Sæmundsson í Lambanesi og Selma Guðmundsdóttir sem er frá Þverfelli en bjó um tíma í Kverngrjóti könnuðust við þessa leið. Farið var upp í Kambsgjá og á stall þaðan (Kverngrjótsgöng) og til norðurs upp á fjall. Kambsgjáin er 985 m norðvestan við bæ 001. Kambsgjá er brött og skriðum runnin. Í klettunum eru bergstallar sem virðast heldur óárennilegir og hrynur möl og grjót á þá.

Ekki er ljóst hvar nákvæmlega var farið úr gjánni og eftir Kverngrjótsgöngum. Aðstæður voru skoðaðar neðan frá og virðist leiðin illfær eða hreinlega ófær eins og aðstæður eru nú (2020).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kverngrjót,3

DA-174:012 garðlag vörslugarður

362956 543455



*Garðlag DA-174:012. Á ljósmynd til vinstri er horft til VNV en á mynd til hægri til SSV.*

Langur unglegur og fremur lítilfjörlegur vörslugarður liggur frá túngarðshorni 014, upp með norðaustanverðum Kverngrjótshólum og suðvestan við Jónsengisholt. Þar beygir garðurinn til norðurs og norðausturs og liggur vestan við Jónsengi, norður í merki á milli Saurhóls og Kverngrjóts. Framræsluskurður liggur í gegnum garðinn á nokkrum stöðum. Garðurinn liggur um grýtt holt og grónar mýrar.


Garðurinn er 1,1 km langur en sem fyrr segir er hann rofinn á köflum, einkum vegna skurðgraftar. Garðurinn er 0,3-0,5 m á breidd og 0,5-0,6 m hár þar sem hann er hæstur. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti eða því efni sem hendi var næst á hverjum stað. Sumsstaðar er hann eingöngu hlaðinn úr grjóti og sumsstaðar eingöngu úr torfi. Á kafla, norðan við tóft 013, er nokkuð vönduð grjóthleðsla í garðinum þó að hún sé mikið úr lagi gengin og farin að hrynja. Leifar af staurum og gaddavír sjást hér og hvar á garðinum.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:013** tóft heygarður

363115 543188

Stór ferhyrnd tóft er sunnan við Hauksnes, austast í lægð á milli Kverngrjótshóla og Réttarholts 007. Hún er 260 m NNV við bæ 001 og 315 m sunnan við Eysteinsstaði 009. Ungur vörslugarður 012 er 15 m norðaustan við tóftina. Tóftin er á flatlendu svæði austast í þurrum farvegi sem skilur á milli Réttarholts og nyrsta hluta Kverngrjótshóla. Austan við hana er þýft deiglendi sem hefur verið ræst fram að nokkru leyti.



*Heygarður DA-174:013. Á ljósmynd er horft til SSA.*

Tóftin er einföld og 13x8,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Tóftin eru ferhyrnd en horn hennar eru lítillega rúnuð. Hún er að mestu torfhláðin en einnig virðist vera eitthvað af grjóti í hleðslum hennar sem eru 0,3-0,4 m háar. Rof eða mögulegt op er á tóftinni á vesturhlíð en einnig gæti hafa verið op á austurhlíð. Tóftin er sigin og orðin þýft en virðist ekki mjög gömul. Hlutverk hennar er ekki þekkt en útlit hennar bendir helst til þess að hún gæti verið stórt heystæði eða heygarður.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:014** garðlag túngarður

363184 543120

Brotakenndar leifar af túngarði má enn sjá í norðurenda gamla heimatúnsins á Kverngrjóti og meðfram norðvesturjadrí þess. Garðhleðslur í norðurenda túnsins eru um 100 m norðan við bæ 001 og fast norðan við gríðarstóra fjósbyggingu. Byggingaframkvæmdir vegna hennar hefur raskað garðinum að hluta á norðvesturjadrinum. Stórgrýti er innan garðsins í norðurenda túnsins og hefur því ekki verið ræktað tún þar í brekkunni, en þar er vel grösugt. Garðurinn meðfram norðvesturjadrí túnsins er í brekkurótum og er þar grösugt og nokkuð grýtt ofan við en ræktað tún neðan við.



*Garðlag DA-174:014. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs en á mynd til hægri suðausturs.*


Garðurinn sést á svæði sem er 250x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti og er víðast 0,3-0,5 m á hæð og breidd. Umfang garðsins er frekar lítið, virðist um nokkuð ungar hleðslur að ræða og hefur verið vírgirðing ofan á þeim. Engin ummerki sjást um túngarð í suðurenda túnsins eða meðfram austurjadrí þess vegna ræktunar og rasks vegna byggingaframkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-174:015** tóft kvíar

363109 542885

Kvíatóft er fast utan og austan við túngarð 014 sem afmarkaði túnið eins og það er teiknað á túnakort frá 1918. Túnið hefur verið fært út eftir þann tíma og nær syðsti hluti þess lengra til vesturs. Er því umrædd tóft í ræktuðu túni sem er afmarkað að túngarði 023 til vesturs. Tóftin um 130 m VSV við bæ 001 og rúmum 120 m SSV við útihús 003. Tóftin er í sléttuðu túni sem komið er í órækt, rétt sunnan við hálfgróið klettabelti.



*Tóft DA-174:015. Á ljósmynd er horfi til norðurs.*

Tóftin er einföld, 8 x 3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, eru þeir mikið grónir og sker tóftin sig ekki úr umhverfi í kring hvað gróður varðar. Veggir eru hæstir í norðurenda þar sem innra byrði þeirra er 0,5-0,7 m á hæð en ytra byrðið talsvert lægra, 0,2-0,4 m. Ekki er hlaðinn veggur í suðausturenda tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:016** frásögn huldufólksbústaður  
Að sögn Selmu Guðmundsdóttur, heimildamanns, bjó huldufólk í afgerandi og stakstæðri klettaborg syðst í túninu og 70 m sunnan við bæ 001. Klettaborgin er grasi gróin að miklu leyti en í henni norðanverðri sést í bergið. Sléttuð tún eru allt í kringum hana og annað af tveimur íbúðarhúsum á jörðinni er fast norðaustan við hana.

Engar sagnir eru þekktar sem tengjast huldufólksbústaðnum en Selma mundi eftir því að það mátti leika á klettaborginni og í kringum hana en ekki vera með læti.

363189 542823



*Huldufólksbústaður DA-174:016. Á ljósmynd er horfi til suðurs.*



**DA-174:017** *Gvendarbrunnur* lind brunnur

363125 542954

Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni heimildamanni var Gvendarbrunnur á jörðinni Kverngrjóti og kom uppsprettan fram undir Réttarklettum, um 70 m VSV við bæ 001. Á þessum stað spretta fram uppsprettur á a.m.k. tveimur stöðum undir brekkurótum og renna niður hlíðina. Um 5-10 m eru á milli þeirra.



*Gvendarbrunnur DA-174:017. Á ljósmynd til vinstri er horft til ASA, á mynd til hægri til vesturs.*

Lindirnar spretta fram undan grjóti í brekkurótum. Svölitlu af grjóti hefur verið raðað á barm syðri lækjarins en ekki er hægt að tala um eiginlega hleðslu. Uppspretturnar tvær renna niður brekkuna til austurs og sameinast 10-15 m neðan við þar sem þær koma fyrst upp og renna svo niður hlíðina. Ofan í lækjunum eru tunnur og slöngur og virðist vatnið úr þeim enn nýtt. Samkvæmt Kristjáni var vatnið í Gvendarbrunninum mjög gott og þraut aldrei. Hvernig sem viðraði var það jökulkalt og gott.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**DA-174:018** tóft heygarður

362868 543614

Stór og fornleg tóft er vestan við Jónsengisholt og sunnan við Jónsengi, 200 m vestan við Eysteinsstaði 009 og 740 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er í þýfðum móa vestan undir holtinu og norðan við hana er grösugt og mýrlent svæði.



*Tóft DA-174:018. Á ljósmynd er horft til norðausturs.*



Tóftin er líklega torfhlaðin að mestu leyti. Hún er sporöskjulaga, 11,5x9 m að stærð og snýr norður-suður. Aðeins er eitt hól í tóftinni en ekki sést skýrt op þó að helst komi til greina að það hafi verið í norðurenda. Þar eru veggir signari og breiðari en annarsstaðar. Veggir tóftarinnar eru þýfðir og komið rof í þá en það hefur gróið aftur að mestu. eru þeir 0,3-0,5 m á hæð. Staðsetning og útlit tóftarinnar bendir helst til þess að um heytóft sé að ræða og er sennilegt að hún sé frá sama tíma og elstu minjarnar um Eysteinsstaði og hafi verið nýtt af ábúendum þar.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:019** náma mógrafir

363470 543979

Rétt norðan við merki á milli Kverngrjóts og Saurhóls eru allmiklar mógrafir sem hafa horfið í tún í landi Kverngrjóts en að sögn Selmu Guðmundsdóttur, heimildamanns, voru þær bæði nýttar frá Kverngrjóti og Saurhóli. Flatlent, mýrlent svæði sem búið er að ræsa fram. Sunnan við merkin, í landi Kverngrjóts, eru ræktuð tún þar sem mógrafirnar voru.



*Mógrafir DA-174:019. Á ljósmynd er horft til austurs.*

Sá hluti mógrafasvæðisins sem enn sést er 275x65 m stórt og snýr nálega austur-vestur. Innan þess sjást stakar skýrt afmarkaðar grafir, stökkagrafir. eru þær þurrar að mestu en deiglent er í sumum þeirra. Víða eru þær 0,3-0,5 m djúpar.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:020** varða óþekkt hlutverk

363103 543655

Vörðunefna er frammi á hjallabrun 90 m norðaustan við Eysteinsstaði 009 og 700 m norðan við bæ 001. Varðan er ofan (vestan) við tvö lækjargil, beint ofan við syðra gilið sem er gróið. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin. Hún er neðan við leið DA-681:005 og sést varla frá henni en hún er 120 m suðvestan við beitarhús 022 og kann að hafa vísað leiðina að því en einnig kann hún að hafa verið hlaðin af smala. Varðan er á hlaðin á klöpp og er grýtt í kringum hana. Fjær henni tekur við rýr mólendisgróður og grasi gróið er á deiglandari svæðum inn á milli í stöllóttum brekkum sem halla til austurs.

Varðan er fremur ólöguleg, er 1,1-1,2 m að grunnfleti og snýr norður-suður. Hún er mjó í suðurenda þar sem hún myndar odd en er 0,8 m á breidd í norðurenda. Þar er varðan 0,6 m á hæð en litlu lægri í suðurenda. Í vörðunni sjást 2-3 umför.

**Hættumat:** engin hætta




*Varða DA-174:020 horft til austurs.*

**DA-174:021** tóft óþekkt hlutverk

363239 543569

Allstór tóft er á mörkum mýrlendis og flatlendis, um 200 m norðaustan við Eysteinsstaði 009 og 615 m norðan við bæ 001. Ræktuð mýrartún eru neðan við tóftina til austurs og mói til vesturs. Grasi gróid og smápýft er í kringum tóftina.



*Tófti DA-174:021. Á ljósmynd er horft til suðausturs.*


Tóftin er einföld og gróin, hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er 10x7 m að stærð og snýr norður-suður. Götur liggja yfir tóftina sem eru mögulega aðeins fjárgötur og hafa þær skemmt hana, einkum norðurvegginn sem er fallinn niður til norðurs. Ekki ljóst hvort eða hvar var op á tóftinni en mögulega var það í norðvesturhorni. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Tóftin er nokkuð fornleg en hlutverk hennar er ekki þekkt. Líklegt er að þarna hafi verið heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:022\_01** tóft beitarhús

363197 543753


Stór beitarhúsatóft er sambyggð garðlagi sem afmarkaði svæði á milli melhóla og mýrlendis nærri merkjum milli Kverngrjóts og Saurhóls. Að auki er innan svæðisins stakstætt heystæði og ummerki um mótekju eða ristu. Heildarstærð svæðis er 68x40 m og snýr það norður-suður. Innan þess eru fjórar minjaeiningar. Beitarhúsin og tengdar minjar eru 780 m norðan við bæ 001 og 250 m norðaustan við Eysteinsstaði 009. Minjasvæðið er fast sunnan við lækjarfarveg sem kemur úr vestri og er á milli tveggja hóla. Annar slíkur farvegur er litlu sunnar. Það er að mestu þurr og stórpýft og er í halla til austurs. Ræktuð mýrartún eru neðan og austan við minjarnar.



*Minjar DA-174:022\_01-04. Á ljósmynd er horft til suðausturs yfir tóft 01.*

Lýsingin hefst á beitarhúsatóft 01, tvístæðum garðahúsum með litlu hólfi samsíða fjárhúsum og hlöðu aftan við. Tóftin er 17x14,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti eins og undirstöður garða í fjárhúsunum. Eru beitarhúsin byggð austan undir túngarði 02 og myndar hann vesturvegginn í hlöðunni. Hlaðan er vestast í tóftinni og er hún 10x3 m að innanmáli, snýr norður-suður, þvert á fjárhúsin sem eru austan við hana. Op er úr hlöðu í nyrðri fjárhúsin (mögulega aðeins veggjahrun) en ekki sést op úr henni í syðri fjárhúsin. Líklegt er þó að það hafi verið op á milli hlöðu og syðstu króar í syðri húsunum. Fjárhúsin eru hvort um sig um 7,5x4,5 m að innanmáli og snúa austur vestur. Op er á miðjum austurgöflum. Garðar eru eftir endilöngum miðjum fjárhúsum og skipta hvoru þeirra í tvær krær. Fjórða hólfið er syðst í tóftinni, samsíða fjárhúsum. Er það 5x1,5 m að innanmáli og nokkuð breitt op á austurgafli. Er hólfið fremur grunnt og líklegt að í því hafi verið heystæði en þó er það ekki fullljóst. Beitarhúsin eru á tungu eða hjalla sem hallar austurs og er tóftin einnig í aflíðandi halla til austurs. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4-0,5 m og undirstöður garðanna eru 0,4 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara í veggjum.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft DA-174:022\_01

#### DA-174:022\_02 garðlag túngarður

363189 543736

Torfhláðinn garður 02 afmarkar minjasvæðið að vestanverðu og að hluta að sunnan- og norðanverðu. Ætla má að garðurinn hafi náð austur fyrir tóft 03 en hann sést ekki lengur þar vegna þýfis og hefur sigið í deiglendi. Sá hluti garðsins sem enn sést afmarkar svæði sem er 68x30 stórt og snýr norður-suður. Garðurinn er að mestu torfhláðinn en þar sem grjót er í nágrenninu hefur það verið notað í garðhleðsluna. Víðast er garðurinn 2 m breiður en allt að 4 m þar sem hann er breiðastur. Utanmáls er hann 0,4-0,5 m á hæð en innanmáls allt að 0,8 m. Í horni sem myndast milli garðs og beitarhúsa norðan við húsin er lítilfjörleg tóft eða hleðsla sem hefur að öllum líkindum afmarkað heystæði sem er 6,5x2,5-3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er grafið inn í aflíðandi halla til vesturs en er orðið aflagað.



Yfirlitsmynd sem sýnir garð DA-174:022\_02 í forgrunni. Horft til NNA.


Garðurinn beygir skarpt til austurs í norðvesturhorni þar sem hann verður fjótt mjög óskýr. Nokkuð afgerandi lögð er utan og norðan við þennan hluta garðsins og ekki útilokað að hún sé innanmál í tóft sem hefur þá líklega verið sambyggð garðinum.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:022\_03** tóft heygarður

363221 543759

Einföld, torfhláðin og sigin tóft 03 er 16 m ANA við beitarhúsatóft 01. Hún er 8x7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki sést skýrt op á henni en hún er mjög úr lagi gengin og orðin þýfð. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Bendir útlit hennar og staðsetning eindregið til þess að hún hafi gegnt hlutverki heytóftar.



*Tóft DA-174:022\_03. Á ljósmynd er horft til SA.*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:022\_04** náma rista

363209 543723

Ógreinileg ummerki um efnistöku eða ristu eru á milli túngarðs 02 og barðs í mýrlendi sunnan við beitarhús 01. Er svæðið afmarkað af garði 02 að vestan og sunnanverðu en lágum kanti að norðan og austanverðu. Hann er hvergi hærri en 0,3 m. Svæðið er 21x19 m að stærð og snýr austur-vestur.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-174:023** garðlag túngarður

363094 542849


Torf- og grjóthlaðinn garður afmarkar útrækt til vesturs frá suðurhluta heimatúnsins á Kverngrjóti og liggur af túngarði 014. Garðurinn er 115 m suðvestan við bæ 001 og innan hans er kvíatóft 015. Garðurinn er neðst í allhárri brekku sem hækkar til vesturs en innan garðsins er sléttað tún í aflíðandi halla til austurs.

Garðurinn afmarkar svæði sem er 145x50 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er hlaðinn upp í halla og stendur því ytri brún hans lítið upp úr sverði á vesturhlið. Garðurinn er nokkuð vel gróinn, 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð að utanverðu en nokkru hærri að innanverðu.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag DA-174:023. Á ljósmynd er horft til norðurs.*



## Minjakort 6

Kverngrjót - kort 1/1

0 2 4 6 8 km




### Skýringar

- |                    |                      |
|--------------------|----------------------|
| Mörk jarða (RALA)  | Torf- og grjóthlaðið |
| Mörk túns frá 1918 | Torfhláðið           |
| <b>Fornleifar</b>  | Gata                 |
| Skráðar fornleifar | Náma                 |
| Bæjarhóll          |                      |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



Minjakort fyrir Kverngrjót DA-174.

## DA-175 Bjarnastaðir

Einnig nefnt Bjarnarstaðir, t.d. í Sturlungu.

### *Sögulegt yfirlit*

Í Landnámu segir: "Sléttu-Björn hét maðr; hann átti Þuríði dóttur Steinólfs ens lága, hann nam með ráði Steinólfs enn vestra dal í Saurbæ; hann bjó á Sléttu-Bjarnarstöðum upp frá Þverfelli." ÍF, I, 158.

**1160:** "Snorri son Gufu-Halls hafði ráðist að vistafari vestur til Saurbæjar því að hann var í kærleikum við Kolfinnu Þorgeirsdóttur, konu Sigurðar á Bjarnarstöðum Höskuldssonar, og gerðist vin Einars Þorgilssonar." Sturlu saga, Sturlunga saga I, 69.

**1170:** "Steinólfur af Kverngrjóti og Einar Sigurðarson af Bjarnastöðum höfðu hlaupið til úr torfskurði." Sturlu saga, Sturlunga saga I, 73.

**1180:** "Og þriðja dag eftir kom Ólafur Þorgeirsson í Hvamm. Hann var heimamaður á Bjarnarstöðum." Sturlu saga, Sturlunga saga I, 76.

**1244:** "Þeir riðu á Bjarnarstaði og eltu þar í fjall upp Þorfinn í Múla og Þjóðólf Þorgeirsson." Þórðar saga kakala. Sturlunga saga II, 510.

**1256:** "Hann [Sturla] hafði riðið heiman um kvöldið og fylgdarmenn hans með honum og lágu þeir í hlíðinni upp frá Bjarnarstöðum því að ófriðlegt var sagt af Hrafní. "Þorgils saga skarða. Sturlunga saga II, 722.

**1397:** Máldagar Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skáholtsbiskupsdæmi. "CLXXXVI. Maldagi Stadarholl. . . . Lukte þorbjörg Ormsdotter kirkiunni Biarnarstadi firir xle. og Kvenngriot firir xvjc. og biarneyar halfar firir xxc. og ad auk hier med xvj kugilldi." DI, IV, 155-156.

**1485:** "Domur vm Gudlaugu Sueinsdotter hun var ofær. ... Huorsu fara skyllði vm þa konu sem heitir Gudlaug og er Sueinsdottir. og ofær hafði ordit j haust vetur ää Biarnastaudum j S(a)urbæ." DI, VI, 532.

**Eptir 1495:** "Stadarholl. Peturzkirkia a stadarholi a heimalannd allt og þuerdal allann. biarnnarstadi. kuenngriot. krossfirdarnes. biarnneyiar allar. ... ." DI, VII, 288.

**1547:** Afhending Staðarhóls í Saurbæ. " och dette var holddet saman thyd for Stadarhols k[irkis] jordsmun egen. Jtaker ock reker effter som vij sae kirkens [mal]dage eller Register formelldendis. Thuerdal. Biarnarstader. Kuengriot. ... ." DI, XI, 548.

**Um 1570** og síðar: Máldagar Gísla Jónssonar biskups. "LXVI. Stadarholl. ... Jtem Biarnastade fyrer .xL c." DI, XV, 592.


**1704:** 40 hdr., eign Staðarhólskirkju. JÁM VI, 156. 1847: 20 hdr. Eign Staðarhólskirkju. JJ, 171.

**Árið 1918** var gert fasteignamat fyrir Bjarnastaði. Í því kemur fram að jörðin er þá metin 8.2 hdr að dýrleika. Mannvirki eru þá talin upp fjós úr torfi fyrir 4 nautgripi, Íbúðarhús (8.8 x 3.8 m), úr timbri portbyggt, járnvarið og skúr við það (8.8 x 2.5 m) [sjá 001], fjárhús úr torfi sem hýst gat 40 fjár [004], hesthús úr torfi yfir 5 hross [óvíst hvað hús þetta voru sjá þó mögulega 003]. FDA II, 78


### *Landgæði*

Í eyði frá því á 7. áratug 20. aldar.

1918: Tún 3,7 ha, garðar 340m<sup>2</sup>. "Silúngsveiði er þar að nokkru gagni ef til vill. Túnið spillist lítilfjörlega af grjóti, en er mikillega spilt af lángrandi órækt. Engjar eru að nokkrum parti af fallnar af skriðum og grjóti úr fjallinu, og lítilsháttar af sandi úr Staðarhólsá; þær eru og í verunni þrönglendar. Hagar hafa og stórum spilst af grjótskriðum. Selstöðu á jörðin á Traðardal góða í Túngum, en það spillir heima jörðunni að ábúendur hafa ei mannskap til að brúka hana." JÁM VI, 156 og 157. Í fasteignamati frá 1918 kemur fram að tún jarðarinnar er þá um 7 ha, en mikið í órækt og aðeins um 1 ha sléttadur en jörðin sögð vel löguð til túnabóta. Ókostir jarðarinnar eru m.a. sagðir að beiti- og upprekstrarland vanti, smalamennska sé erfið, mótak vanti. Einnig er nefnt að jörðin liggi illa að samgöngum og slæmur vegur sé að henni, ágangur skepna nágrannajarða mikill og túnum sé einnig skriðuhætt. Hún geti framfleytt 30 sauðum, 3 kúm og 3 hrossum með 2-3 manna afla. FDA II, 78



## DA-175 Bjarnastaðir



### Skýringar

- |                              |                      |
|------------------------------|----------------------|
| — Útlínur túnakorts frá 1918 | Torf- og grjóthlaðið |
| <b>Fornleifar</b>            | Torfhlaðið           |
| • Skráðar fornleifar         | --- Óljóst           |
| Bæjarhóll                    | — Renna              |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
 Hnitakerfi: ISN93  
 Kortagerð: LLD

*Heimatún Bjarnastaða DA-175*



"Bærinn stendur á háum hól sunnan til í miðju túni. Sunnan við bæinn rennur lækur með tæru uppsprettuvatni," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð bærinn á Bjarnastöðum sunnarlega í túninu. Þar var bær úr torfi og grjóti í upphafi 20. aldar en nýtt íbúarhús var byggt á hólnum, fast austan við gamla bæinn 1941. Bærinn fór í eyði á árunum milli 1960-1970. Öll ummerki um húsin eru nú horfin en bæjarhóllinn er greinilegur í túninu um 300 m vestan við þjóðveg og um 420 m sunnan við gamla bæinn í Kverngrjóti 174:001. Sjálfur bæjarhóllinn fær hér númerið 01 en öskuhaugur sem er þekktur í austurjaðri hans 02. Rennislétt og slegin tún eru nú á þessum slóðum. Þau eru í afliðandi halla til austurs. 01.



*Bæjarhóllinn á Bjarnastöðum DA-175:001 er fyrir miðri mynd, horfi til austurs.*

Bæjarhóllinn er nokkuð afgerandi. Hann er 60 x 50 m stór og snýr austur-vestur. Hóllinn er 3-4 m hærri en umhverfið og er rennisléttur en sjálfur hóllinn er nokkuð afgerandi til allra átta. Upp í brekkuna (til vesturs) er hóllinn um 1 m hærri en umhverfið en þar sem hann er hæstur (til austurs) er hann 3-5 m á hæð. Síðasta húsið á hólnum stóð fram yfir 1970 (sést á loftmynd frá því skeiði) en hefur síðan verið rífið og öll ummerki um það afmáð. Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni heimildamanni var eldri bærinn á jörðinni fast vestan við það hús sem byggt var 1941. Samkvæmt fasteignamati var það íbúðarhús sem stóð á jörðinni portbyggt timburhús, járnvarið og um 8.8 x 3.8 m að stærð en skúr við það (8.8 x 2.5 m) stór. Þar er einnig talið upp fjós úr torfi fyrir 4 nautgripi en ekki er að sjá að það hafi verið sambyggt. Yngra húsið var steinsteypt hús á einni hæð samkvæmt Kristjáni heimildamanni. Samkvæmt honum var fjós sambyggt gamla bænum að vestan en í bæjarröðinni voru einnig tvær skemmur og hlóðaeldhús. Samkvæmt Kristjáni var talsvert tekið ofan af hólnum þegar hann var sléttaður í túnrækt. Grjóti og byggingaleifum var þá rutt ofan í lækjarfarveginn sunnan við bæinn, líklega á árunum 1970-80.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Bjarnastaðir, 1, FDA II, 78

#### DA-175:001\_02 öskuhaugur

363280 542502

Samkvæmt Selmu Guðmundsdóttur, heimildamanni, var öskuhaugur austast í bæjarhólnum og samkvæmt Guðmundi Gunnarssyni, heimildamanni, hefur aska verið að koma upp austan í hólnum þegar hann hefur verið plægður. Engin yfirborðsummerki sjást þó um öskuhauginn nú.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

#### DA-175:002 heimild um kálgarð

363259 542470

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður um 20 m sunnan við bæ 001 í Bjarnanesi. Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni heimildamanni var kálgarðurinn fast sunnan við bæjarlækinn sem rann á milli bæjarhóls og kálgarðs. Rennislétt og slegin tún eru nú á þessum slóðum. Þau eru í afliðandi halla til austurs.

Samkvæmt Kristjáni var kálgarðurinn afmarkaður með grjóthleðslu að vestan en annars torfhleðslum. Í hans minni var talsvert ræktað í garðinum. Samkvæmt túnakorti mætti ætla að hann hefði verið um 17 x 15 m stór um 1918. Engin ummerki sjást nú um garðinn og segir Kristján að þegar tún hafi verið sléttuð á þessum slóðum hafi grjót úr garðinum verið rutt í lækinn.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-175:003** heimild um útihús

363316 542456

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús rúmum 60 m suðaustan við bæ 001 og 55 m austan við kálgarð 002. Húsið stóð á hól sem síðar fékk nafnið Tófuhóll, eftir að byrjað var á refarækt á bænum en þá voru búrin sett á hólum. Rennislétt og slegin tún eru nú á þessum slóðum. Þau eru í aflíðandi halla til austurs. Á þessum slóðum er hóll í túninu sem er að talsverðu leyti náttúrulegur. Ekki sjást ummerki um útihúsið lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar**Heimildir:** Túnakort 1918**DA-175:004** heimild um fjárhús


363263 542647

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús norðarlega í túni, nyrst allra húsa, um 150 m norðan við bæ 001 og rúmum 50 m austan við friðlýstar tóftir 011. Ekkert útihús sést lengur á yfirborði á þessum stað. Samkvæmt fasteignamati frá 1918 voru þá fjárhús í túninu sem tóku um 40 kindur en þegar Kristján Sæmundsson heimildamaður man eftir (síðustu torfhúsunum á þessum stað) voru þau undir járnþaki og torfi og ttóku 50-60 kindur. Engin hlaða var en við þau var heygardur. Fjárhúsin voru við norðurenda mishæðotts túns. Engin ummerki um fjárhúsin sjást lengur á yfirborði vegna sléttunar. Útihús sést á þessum stað á loftmynd frá 1979 og er það sjálfssagt yngra hús.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Túnakort 1918, FDA II, 78**DA-175:005\_01** tóft stekkur

362917 542512


Tvískipt tóft er sunnan undir Bjarnastaða-Kasti og um 325 m vestan við bæ 001. Hún er um 60 m suðvestan við tóft 010. Á þessum stað er greinileg tóft 01 og óljósari ummerki um mannvirki sem gæti verið eldra 02. Samtals er svæðið 25 x 16 m stórt og snýr NNA-SSV. Tóftin er á grónu svæði (vaxið grasi og lyngi) undir



*Stekkjartóft DA-175:005\_01-02. Á yfirlitsmynd til vinstri er horft niður.*

grasi gróinni brekku en klettabelti er í hliðinni ofan við og nokkuð grjóthrun í henni. Sjálf stendur tóftin á flata (nálægt brekkukverk) og talsverður grasi gróinn flati er til norðurs og norðausturs. Talsverður hóll er norðvestan við hana.

Á þessum stað er greinileg tóft sem líklegast er að sé stekkur 01. Útlit tóftar og staðsetning gæti bent til að hún væri stekkur. Stekkurinn er 12 x 5 m stór og snýr NNA-SSV. Hann er tvískiptur og er stærra hólfið norðaustar. Það er skýrara og einstaka grjóthleðslur sjást í því. Það er 5 x 1.5-2.5 m að stærð og op er á útvegg þess nyrst á suðausturvegg. Hólfið er breiðast NNA-ast en mjókkar til suðurs. Hólfið er nokkuð skýrt nyrst en greinilegt er að brekkan hefur skriðið fram og inn í hana sunnar og þar hefur framsigið rofið vegginn og talsvert er um mold og grjót inni í tóftinni. Norðvestur-langveggur tóftarinnar er að hluta stunginn inn í brekkuna að ofan. Hugsanlegt er að op hafi verið frá hólfinu og yfir í suðvestara hólfið sem er að líkindum króin, en það er þá orðið mjög óskýrt. Syðra hólfið er 2.5 x 1.4 m að innanmáli og nokkuð djúpt (0.4-0.5 m á djúpt) og líklega hefur líka verið op á suðvestur-útvegg þess norðarlega. Frá NNA-enda tóftar liggur garðlag í framhaldi af gaffvegg fyrir NNA hlið. Garðlagið er 6.5 m á lengd en 1.5-1.8 m á breidd en 0.3-0.4 m á hæð. Það liggur frá tóftinni og til ASA og endar í svolitlum krók en vel er mögulegt að það hafi upphaflega verið lengra, t.d. einnig markað af suðausturhlið svæðisins en það er þá orðið alveg



*Stekkjartóft DA-175:005\_01. Á mynd til vinstri er horft til suðurs.*

ógreinilegt. Það hefur markað eins konar gerði við tóftina. Fast norðan við tóftina er svæði sem er 5 x 3 m stórt og líklegt má telja að torf hafi verið stungið í tóftina


**Hættumat:** engin hætta

**DA-175:005\_02** þúst óþekkt hlutverk

362914 542497

Fast SSV við tóft 02 er svæði þar sem greinileg mannaverk eru. Svæðið 13.5 x 8 m stórt og snýr ASA-VNV. Á kafla virðist sem stungið hafi verið út úr brekkunni á þessum stað en á kafla, sérstaklega að sunnan og austan virðist líkt og greina megi óljósar vegghleðslur sem eru þó vart meira en þúfnakragar. Svæðið er ræktarlegt og næstum deiglent á kafla og fast sunnan við það er eins og áður hafi runnið lækur. Ekki er ljóst hvaða hlutverki svæðið hafi gegnt.

**Hættumat:** engin hætta



*Þúst DA-175:005\_02.*

**DA-175:006** heimild um býli

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var hjáleiga í túni Bjarnastaða áður en hún hafði lengi legið í eyði þegar jarðatal þeirra var gert 1705. Í bókinni segir: "Hjáleiga hefur verið í túninu, nýbýli. Hefur nú lengi í eyði legið. Er jörðunni til skaða að bygd sje." Ekki er vitað hvar hjáleiga Bjarnastaða kann að hafa verið í túninu. Tún jaðrarinnar nær í raun landamerkja á milli og var í upphafi 20. aldar um 240 x 150 m stórt norður-suður. Það er nú orðið að rennisléttu túni en þau mannvirki sem þekkt eru innan þess eru kálgarður 002, útihús 003-004 og Hof 011 í túnjaðri. Ekki er vitað hvort hjáleigan kann að hafa staðið á einhverjum þessara staða eða annars staðar og því er ekki lengur hægt að staðsetja hana.

Rennislétt túni í halla til austurs.


**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** JÁM VI, 157.

DA-175:007 tóft útihús

363142 542546

Grasigróin tóft er rétt austan við Bjarnastaða-Kast, um 140 m ANA við bæ 001 og rúmum 90 m SSV við Hof 011\_01. Tóftin er við unga hleðslu undir túngirðingu. Hlutverk hennar er ekki þekkt en líklega hefur hér verið einhvers konar útihús. Tóftin er fast vestan við ræktað en mishæðótt tún.



Tóft DA-175:007. Á mynd til vinstri er horfi til suðausturs.

Tóftin er tvískipt, 15 x 6 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er torf- og grjóthlaðin. Gróið er talsvert yfir grjóthleðslur í veggjum en þó má sjá 1-2 umför af stæðilegu grjóti í þeim. Hæstir eru veggir á austurhlíð tóftar, um 0,7 m. Hólf í suðurenda tóftar er 5 x 2 m að innamáli og snýr eins og tóftin. Dyraop er á miðri austurhlíð þess. Nokkuð er um bárujárnsleifar í botni hólfsins. Hólf í norðurenda tóftar er samfallið og hefur síðan gróið yfir hrunið. Ekki er því unnt að greina innanmál þess eða op á því op er greinilegt á því. Mögulega hefur það verið hlaða eða heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

DA-175:008 *Ásólfsgata* heimild um leið

362562 542525

Í Sturlung er nefnd Ásólfsgata í landi Bjarnastaða en um hana segir "Og þriðju nótt hina næstu fyrir þingið fóru þeir Einar Ingibjargarson yfir fjall hið efra og ofan Traðardal upp frá Staðarhóli en þeir gerðu tvo menn hið efra um Melárdal en ofan Ásólfsgötu á njósn að vita um naut þau er komin voru úr Búðardal. Þeir komu í mót þeim Einari í Þverárdal og sögðu að nautin voru nær túni á Staðarhóli. Síðan fóru þeir til nautanna og kenndi Oddur þar með gríðung þann er kominn var úr Búðardal og fyrir því hugðu þeir að þau mundu vera nautin en það voru þó heimanaut af Staðarhóli. Þeir ráku nautin fyrir sér og stefndu til Tjaldaness." "Ásólfsgata, sem Sturlunga saga nefnir [...], liggur upp Torffjallið fyrir ofan Bjarnastaði,



Ásólfsgata DA-175:008 lá upp hliðina á þessum stað. Horfi til NNV.

liggur hún í sneiðingum upp klettana; þaðan eru götuslóðir til Seljadals, sem gengur inn á fjallið frá vestri. Næst upp af götunni í vestur eru Kolviðarhólar, út af þeim í sömu átt Kolviðarflói," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir: Reynir[Guðbjartsson] hefur ekki heyrt neinar sagnir um tilefni nafnsins

Ásólfsgata. Einhver hefur farið þarna með hross, en það er glæfraferð. Þetta er slæm gata upp fjallið. Hún kemur af Húsmæni." Ásólfsgata var líklega ekki eiginleg eða fjölfarin gata enda glæfraleg og erfið leið.

Gatan lá upp frá Bjarnastöðum. Burstalaga klettur eru fyrir neðan hæstu klettabeltin og heita þeir Litli- og Stóri-Húsmæni. Ásólfsgata lá upp sunnan við Stóra Húsmæni og upp brattan grasrana og þá klettavegg. Ekki sjást ummerki um eiginlega götu á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Sturlunga I, 85, Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb., 1

**DA-175:009** *Kolviðarhólar* örnefni kolagröf


"Ásólfsgata [008], sem Sturlunga saga nefnir á bls. 113 í 1. bindi, liggur upp Torffjallið fyrir ofan Bjarnastaði, liggur hún í sneiðingum upp klettana; þaðan eru götuslóðir til Seljadals [015], sem gengur inn á fjallið frá vestri. Næst upp af götunni í vestur eru Kolviðarhólar, út af þeim í sömu átt Kolviðarflói," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir: "Engar upplýsingar eru um, að Kolviðarhólar og Kolviðarflói dragi nafn af kolagerð. Sumum finnst ótrúlegt, að kolavinnsla hafi verið þar. Flóinn er lítill." Við aðalskráningu fornminja á Bjarnastöðum sem unnin var í tengslum við rannsóknarverkefnið Staðarhóll í Dölum: höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun var ekki farið upp á Torffjall og því ekki vitað hvort að ummerki um kolagrafir sjáist við Kolviðarhóla.

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb., 1

**DA-175:010\_01** tóft+garðlag óþekkt hlutverk

362978 542545

"Skammt fyrir ofan túnið er kletthajalli, sem heitir Bjarnastaða-Kast. Á há-Kastinu er mannvirki, þannig að hlaðin er úr grjóti þúst nokkur, og er laut í hana miðja. Ummál þessara þústa er ca 30 m. Gamla sagnir telja þetta vera leiði Sléttu-Bjarna[r]," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir: "Reynir [Guðbjartsson] hefur ekki skoðað þústina á Bjarnastaðakasti. Hann telur Ólaf Skagfjörð traustan heimildarmann, sem ekki lét frá sér fara nema það, sem rétt var." Ofan á Bjarnastaða-Kasti er tóft og garðlag, einmitt þar sem örnefnið Dys er merkt á örnefnakort. Staðurinn er um 280 m VNV við bæ 001. Minjarnar sem skráðar voru á Bjarnastaða-Kasti eru talsvert frábrugðnar því sem ætla mætti af örnefnalýsingu. Á þessum stað er tóft 01 sem skiptist í nokkur hólf og fornlegur garður sem liggur frá henni og til SSA og svo í sveig til vesturs og í framhaldi af garðlaginu er svo annar garður sem liggur niður hlíðina, til SSA (02). Samtals ná minjarnar yfir svæði sem er 53 x 15 m stórt og snýr norður-suður. Staðurinn er ofan á Kastinu en þó er einn stakur hóll ofar og mói eða dalverpi á milli. Minjarnar eru í móa en autan við eru klettur.



*Tóft DA-175:010\_01 og garður 02 á Bjarnastaðakasti. Á mynd til vinstri er horft til austurs.*

Tóft 01 er 12 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er nokkuð afgerandi og grasi gróin og er talsvert ræktarlegri en umhverfið sem er þýfður mói vaxinn vaxinn snöggu grasi og lyngi. Ytri brún tóftarinnar er mjög afgerandi og er víða 0.8-1 m hærra en umhverfið. Innri skipan tóftarinnar er hins vegar mjög óljós og aðeins hægt að geta í dældir í henni. Hún virðist þó skiptast í fjögur hólf. Allra norðaustast er hólf A sem er 2-2.5 m á kant. Mögulegt er að op hafi verið úr því til suðvesturs en það er ekki alveg skýrt. Sunnan við hólf A er aflangt hólf B. Það er um 5 x 1.5-2 m að stærð og snýr austur-vestur. Hugsanlegt er að op hafi verið á hólfinu til suðurs en það er þá orðið samfallið. Til suðvesturs úr hólf A tekur við

"miðrými" C sem er mjög óljóst. Gróflega áætlað má giska á að þar sé hólf sem sé 4-5 x 2 m að stærð norður-suður en rétt er að taka fram að erfitt er að greina hvar endi þess til suðurs sleppir og vesturendi hólfis B tekur við. Allra vestast í tóftinni er svo fjórða hólfíð D. Það er 2.5 x 0.8 og snýr norður-suður. Talsvert grjót er í botni tóftar og glittir í það í tóftinni en hún er öll talsvert úr lagi gengin og einkennileg en minnir alls ekki á legstað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb., 1

**DA-175:010\_02** garðlag óþekkt hlutverk

362986 542524

Frá tóft 01 liggur talsvert umfangsmikið L-laga garðlag 02, fyrst í um 15 m til suðurs og beygir svo til austurs og liggur í 6-7 m í mjúkri sveigju að klapparholti. Frá klapparholtinu má hins vegar rekja garðlag áfram niður hlíðina, samtals í um 26 m. Garðlagið er sigið og liggur upp að tóftinni en svo virðist sem yngsti fasi tóftarinnar sé byggður yfir garðlagið. Garðurinn er 2 m á breidd og 0.3 m á hæð, útfluttur á kafla. Talsvert af stórum grjóthnullungum eru á þeim hrygg sem myndar syðsta hluta garðlagsins og er það nokkuð tröllslegt. Gróið er nokkuð yfir syðri hluta garðsins og enfar garðurinn snögglega á miðri hlíðinni. Mögulega hefur það sveigt til vesturs en þau ummerki eru afar óljós og mögulega er það aðeins náttúrumyndun.



*Garðlag DA-175:010\_02, horft til ASA.*

**Hættumat:** engin hætta


**DA-175:011\_01** Hof tóft fjárskýli

363189 542632

"Í útnorður frá bænum, innan túngirðingarinnar, er Hof Sléttu-Bjarna[r]. Er hringmál tóftarinnar ca 50 m. Ekki sést nú fyrir dyrunum á þessari tóft, en skammt frá Hofi í austri er lítil tóft, og eru þar sjáanlegar dyr í austur," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir: "Tóftin, sem nefnd er Hof, og litla tóftin austan við eru báðar greinilegar enn í túninu. Þær hafa ekki verið sléttadar. Önnur tóftin er í túninu en hin utan til í því, rétt við Gvendarlæk. Sund er á milli tóftanna." Brynjólfur Jónsson skoðaði Hoftóftina 1899: "Hún [01] er nokkurn veginn kringlótt, nál. 7 fðm. í þvermál innan. Hún er að mestu slétt innan, en sjálf girðingin er fornleg og fyrirferðamikil. Dyr eru mót norðri. Önnur rúst [02] er fáum föðmum austar. Hún sýnist nýlegri og virðist samsett af 3 smátóftum, er atla má að hafi verið fénaðar kofar, enda er sú tóft, ekki talin að heyra til hofsins. Hoftóftin er heldur stór til þess, að þak hafi verið yfir henni, nema tjaldþak hafi verið, Mun og oft hafa verið tjaldað yfir veizlusalinn; en godastúkan hafi ávallt verið með föstu þaki. Hér vantar godastúkutóft, ef þetta ætti að hafa verið veizlusalur; getur það því eigi verið. En aftur er girðingin heldur lítil þess þess, að hofið sjálft hafi staðið inni í henni, en verið síðan sléttað út; að minsta kosti má hofið þá hafa verið mjög lítið. En þó svo hjafi verið, þá lízt mér svo á, að girðingin, muni eftir að hofið var útsléttað, hafa verið notuð fyrir gjafahring, hafi hún nokkurn tíman verið annað." Hoftóftin (01) og tóftin austan við hana (02) voru friðlýstar af Matthíasi Þórðarsyni, þáverandi þjóðminjaverði, árið 1931. Tóftirnar eru um 150 m NNV við bæ 001 og rúmum 80 m austan við útihús 004. Þær eru á svæði sem er 40 x 25 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Tóftirnar eru á mörkum sléttá túns og óræktað svæðis.



DA-175:011



*Tóftir DA-175:011\_01 og 02. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs.*

Lýsingin hefst á meintri hoftóft. Hún er um 20 m í þvermál, torf- og grjóthlaðin. Ekki er hægt að greina fjölda umfara vegna gróðurs. Þýft er inni í tóftinni. Veggir eru 0,7-0,8 m á hæð. Í umfjöllun Brynjólfs Jónssonar kom fram að dyraop væri að norðan en þar sést ekkert op lengur. Mögulega hefur verið op austast í tóftinni en það gæti líka verið rof. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar. Rannsóknir fornleifafraeðinga hafa sýnt að hoftóftir séu yfirleitt síðari tíma tilbúningur og margar hoftóftir séu í raun náttúrumyndun eða hafi gegnt öðru hlutverki en heiðin hof. Það á líklega einnig við í þessu tilviki. Sterklega kemur til greina að tóftin sé af fjárskýli eða gjafahring eins og Brynjólfur Jónsson taldi koma vel til greina á sínum tíma.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb., 1; Árbók 1899, 16; Friðlýsingaskrá 32

**DA-175:011\_02** tóft útihús

363213 542628

Hér er eystri tóftinni á svæðinu lýst. Hún er um 20 m austan við Hoftóft 01. Brynjólfur greindi frá því að þessi tóft hefði verið þrískipt þegar hann skoðaði hana en nú (2020) er aðeins hægt að greina tvö hólfa í tóft sem er 13,5 x 6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,6 m á hæð en ekki er hægt að greina fjölda umfara vegna gróðurs. Víða, einkum í suðvesturhluta hennar, sér þó glitta í stæðilegt hleðslugrjót. Lítið hólfa er í norðaustur-enda tóftar. Það er 3 x 3 m að innanmáli. Op er inn í það í austurhorni. Annað, stærra hólfa er í suðvestur-enda tóftar. Það er 6 x 4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Norðvesturhlið hólfins er mjög ógreinileg og eru veggir þar útflattir, 0,1-0,2 m á hæð. Ekkert op er



*Tóft DA-175:011\_02. Á mynd til vinstri er horft til VSV.*

sjáanlegt á hólfinu en mögulega hefur það verið í austurhorni þess. Ekki er sýnilegt op á milli hólfna. Óvíst er um hlutverk tóftarinnar, en út frá nálægð hennar frá túni og lögun kemur helst til greina að hún sé af einhvers konar útihúsi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb., 1; Árbók 1899, 16; Friðlýsingaskrá 32;

**DA-175:012** *Gvendarlækur* lind vatnsból

363174 542646

"Niður með túninu, að norðan, rennur lækur, sem heitir Gvendarlækur. Gömul munnmæli herma, að Guðmundur biskup góði hafi vígt lækinn, og ber hann því þetta nafn," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir: "Í Gvendarlæk þótti gott vatn, og sumir trúðu á lækningamátt þess. Vatnið er alltaf eins." Gvendarlækur er um 170 m NNV við bæ 001 og rúmum 15 m norðan við Hof 011\_01.

Lækurinn er rétt norðan við ræktað tún og rennur lækurinn gegnum óræktað svæði.

Vatnið í læknum er tært og kalt. Bakkar hans eru grónir og um 0,6 m háir. Lækurinn rennur frá rótum Bjarnastaða-Kasts og á 130 m löngum kafla þar til hann sameinast framræsluskurði. Engin mannvirki sjást við lækinn.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb., 1



*Lind DA-175:012. A mynd til vinstri er horft til ANA.*

**DA-175:013** renna vatnsveita

363304 542499

Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni heimildamanni var vatni veitt heim að bæjarhólnum frá uppsprettu sem var nokkru ofar. Vatninu var veitt í manngerðan "bæjarlæk" sem lá nokkuð beint niður hlíðina og framhjá fjósdyrum bæjarins 001, sunnan þeirra. Á þessum slóðum er nú rennislétt tún og ummerki um lækinn að mestu horfin.

Grunn lægð er á milli hæða í túninu austan við bæjarhólinn og er það líklega ummerki um skurðinn sem grafinn var og vatni var veitt eftir heim að bænum. Er hún greinilegust austan við bæinn og er hægt að rekja hana óljóst á milli bæjarhóls 001 og kálgarðs 002 á um 130 m löngum kafla. Fyllt hefur verið upp í rennuna og er hún illgreinanleg af þeim sökum.

**Hættumat:** hættu, vegna jarðræktar



*Renna DA-175:013. A mynd til vinstri er horft til suðvesturs.*

**DA-175:014** *Bjarnastaðaveita* heimild um áveitu

363430 542606

"Í suður af Flóðum er kallað Bjarnastaðaveita," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Reynir kallaði allt Veitu, en ætlar nú að taka upp nafnið Flóð; hann þekkti það ekki fyrr. Flóðin voru áveitur og sett undir vatn á vorin. Það mótaði fyrir skurðum þar. Nedri hluti Flóða og bakkinn eru nú tún. Ekki voru skýr merki milli Flóða og bakkans." Bjarnastaðaveita var um 180 m ANA við bæ 001 og rúmum 170 m ASA við útihús 004. Áveitan var í sléttuðu túni, rétt norðan við heimreið að heimatúni Bjarnastaða. Engin merki um áveitu sjást lengur en búið er að ræsa landið fram og slétta í tún.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Bjarnarstaðir, 2; Ö-Bjarnastaðir aths, 1



**DA-175:015** *Seljadalur* örnefni sel

"Ásólfsgata [008], sem Sturlunga saga nefnir á bls. 113 í 1. bindi, liggur upp Torffjallið fyrir ofan Bjarnastaði, liggur hún í sneiðingum upp klettana; þaðan eru götuslóðir til Seljadals, sem gengur inn á fjallið frá vestri," segir í örnefnalýsingu. Í athugasemdum við lýsinguna segir: "Reynir [Guðbjartsson] hefur aldrei farið um Seljadal og veit ekki, hvort þar sjást rústir." Seljadalur er uppi á Torffjalli, um 2 km vestur af bæ 001. Hann tilheyrir að öllu leyti jörðinni Innri-Fagradal DA-171 og í dalnum eru þekkt tvö sel, Fremra-Sel DA-171:039 og Heimra-Sel DA-171:040. Engar heimildir eru um að sel frá Bjarnastöðum hafi verið á Seljadal en fyrr á öldum átti jörðin selstöðu í Bjarnastaðatungum/Staðarhólstungum þar sem síðar var sel frá Staðarhóli og býli, sjá DA-180:022. Við aðalskráningu fornminja á Bjarnastöðum sem unnin var í tengslum við rannsóknarverkefnið Staðarhóll í Dölum: höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun var ekki farið upp á Torffjall og því ekki vitað hvort að nokkrar selminjar séu þar sem kunna að hafa verið frá Bjarnastöðum.

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb., 1

**DA-175:016** óþekkt hlutverk

Í fasteignamati Bjarnastaða frá 1918 er getið um landamerki jarðarinnar við Bjarnastaði en þar segir að þau nái frá Staðarhólsá "...upp í lægð fyrir framan túnið, svo sjónhending í móarúst í mýrinni skammt frá túni Bjarnastaða að sunnanverðu og í grjótrúst [017] uppi í hlíðinni..." Ekki er nú nákvæmlega vitað hvar umrædd móarúst var en hún hefur líklega verið sléttuð í tún. Þó má ætla að hún hafi verið á merkjum skammt sunnan við túnin á Bjarnastöðum.

**Heimildir:** FDA II, 79

**DA-175:017** óþekkt hlutverk


Í fasteignamati Bjarnastaða frá 1918 er getið um landamerki jarðarinnar við Bjarnastaði en þar segir að þau nái frá Staðarhólsá "...upp í lægð fyrir framan túnið, svo sjónhending í móarúst í mýrinni skammt frá túni Bjarnastaða [sjá 016] að sunnanverðu og í grjótrúst uppi í hlíðinni..." Ekki er nú nákvæmlega vitað hvar umrædd grjótrúst var annað en það að hún var á merkjum nokkru ofar í hlíðinni en móarúst 016.

**Heimildir:** FDA II, 79










## Minjakort 7

Bjarnastaðir - kort 1/1




### Skýringar

- |  |  |
|--|--|
|  Mörk jarða (RALA)  |  Bæjarhöll  |
|  Mörk túns frá 1918 |  Torfhlaðið |
| <b>Fornleifar</b>  |  Gata       |
|  Skráðar fornleifar |  Renna      |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



Minjakort fyrir Bjarnastaði DA-174

## DA-176 Þverdalur

### *Sögulegt yfirlit*

**1241:** "En eftir það fór Órækja vestur í fjörðu og fann Einar Þorvaldsson frænda sinn og stefndi honum til raunarstefnu um það hvort hann hefði nokkurar heimildir á Staðarhólslandi og Hvítadal, Múla, Þverfelli, Þverdal, Eysteinsstöðum, Saurhóli." Íslendinga saga, Sturlunga saga, 433.

**1354:** Máldagi Péturskirkju á Staðarhóli í Saurbæ. " Peturs kirkia ä stadarholi ä heima [land ] halft oc þuerdal allann. "DI, III, 79.

**1397:** Máldagar Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skáholtsbiskupsdæmi. " CLXXXVI. Maldagi Stadarholl. Pieturskirkia a Stadarhole a heimaland halft og Þverdal allann." DI, IV, 155.

**1430:** " Ollum þeim monnum sem þetta bref sia edur heyra send eg lopptur guttormsson kuediu gudz og mina. kunnigt giorandi at eg hefi gefit Ormi. Skula og Sumarlida. sonum mínum og Kristinar Oddzdottur . svo heitandi iarder og frida penninga og ofrida ... . Jn primis jordina Stadarhol i Saurbæ. Lx. c. ad dyrleika. þuerdalur og þuerfell. mula tuo og huitadalina bada." DI, 405.

**1492:** "...Ad Jon eiriksson beiddi og krafði Biorn gudnason kongs vmbodsmann j millum Gilsfiardar og gliufurar. ad nefnda dom yfir. huort hann mundi hafa fulla heimilld fyrir jordunni Þuerdal til abudar til næstu fardaga ... ." DI, VII, 101.

**1494:** " ... Þad giore eg sþra jon prestur kolbeinsson godum monnum kunnigt med þessv minu opnu brefi ad ce medkennvnt ad ec hefi verid heimilisfastur j breidafiardardolum einn vetur og xxxx. oc hefi ec alldre anad heyrtt ne vitad. enn þeir sem þyckua skog hafa att edr byggt edr þeir sem þar haf abuid. ad þeir hafa haft oc sier eignad og gardinvm æfinnliga selstodu j skogsmula j þuerdal fram fra kolldukinn og hier med hafi þeir beitt og beita latid aullum sijnum peningum." DI, VII, 220.

**Eptir 1495:** " Stadarholl. Peturzkirkia a stadarholi a heimalannd allt og þuerdal allann. biarnnarstadi. kuengriot. krossfirdarnes. biarnneyiar allar. ... ." DI, VII, 288.

**1547:** Afhending Staðarhóls í Saurbæ. " och dette var holddet saman thþd for Stadarhols k[irkis] jordsmun egen. Jtaker ock reker effter som vij sae kirkens [mal]dage eller Register formelldendis. Thuerdal. Biarnnarstader. Kuengriot. ... ." DI, XI, 548.

**Um 1570 og síðar:** Máldagar Gísla Jónssonar biskups. "LXVI. Stadarholl. Kirkian ä Stadarhoole ä heimaland hálft og Thuerdal allann." DI, XV, 592; " Jtem Kuengriot .xvj c. Thuerdal. Krokzfiardarnes med öllum Eyium. DI, XV, 592; " LXXVIII. Kirkian i Hiardarholltte i Laxárdal .... Hun ä selstödu i Kikasel ollu fie sijnu. Stodhrossa beit i Thuerdal." DI, XV, 597.

"Þverdalur mun upphaflega hafa verið byggður af Bjarnastaðalandi. En þó má sjá í máldaga Péturskirkju á Staðarhóli í Saurbæ ("er Gyrðir biskup Ívarsson setti") árið 1354, að þá er Þverdalur allur í eign þeirrar kirkju (sjá Diplomatarium Islandicum, bls. 79)." (Ö-Þverdalur, 1)

**1704:** 16 hdr. Eign Staðarhólskirkju. JÁM VI, 157.

**1847:** 8 hdr. Eign Staðarhólskirkju. JJ, 171.

Í fasteignamati fyrir Dalasýslu frá 1918 kemur fram að jörðin Þverdalur er þá metin 4,7 hndr að dýrleika. Eftirfarandi mannvirki voru á jörðinni: Nýlegur torfbær (3,8 x 3,2 m) á bálki (sjá 001\_01), fjós yfir 3 nautgripi úr torfi, bærilegt, fornfálegt fjárhús yfir 30 fjár úr torfi, fornfálegt hesthús úr torfi fyrir 4 hross og eldiviðarkofi úr torfi. (ekki er ljóst hver af þeim húsum sem skráð voru í fornleifaskráningu er hvert þessara húsa). FDA II, 80.

### *Landgæði*

1918: Tún 1,9 ha, garðar 261m<sup>2</sup>. "Silúngsveiði kann stundum að vera að litlu gagni. Vetrararbeit fyrir fje er góð þá niðri nær. Túnið spillist af skriðu í vatnagangi á vetur, og nokkuð af grjóti úr gili, sem þar um rennur. Engjar sumar eru af grjóti og skriðum afteknar, en sumar skemdar. Hagar smáspillast árlega af skriðum. Fjenaðargeymsla nokkuð erfið." JÁM VI, 158. Í fasteignamati frá 1918 kemur fram að harðlent tún jarðarinnar var talið um 2 ha að stærð og þriðjungur þess var sléttur. Útengi var greiðfært og beutiland þótti gott fyrir allar skepnur. Jörðin þótti vel löguð til tónbóta og vatnsból var gott. Ókostir voru helstir taldir þeir að lítið var um slægjur á jörðinni og þær voru harðar og grýttar. Engjum var hætta búin af skriðum. Smalamennska var erfið og jörðin lá illa við samgöngum. Mótak var lítið og vont og engin torfrista var á jörðinni. Jörðin var talin framfleyta 50 sauðfjár, 1 kú og 3 hrossum með 2 manna afla. FDA II, 80-81.



## DA-176 Þverdalur

0 10 20 30 40 m



### Skýringar

— Útlínur túnakorts frá 1918

### Fornleifar

- Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD

*Túnakort fyrir Þverdal DA-176.*

**DA-176:001\_01** *Þverdalur* bæjarhóll bústaður

363433 541799

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var bærinn í Þverdal sunnarlega í túni, við austurmörk þess, þar sem Þverdalsár beygir skarpt til austurs áður en hún sameinast Staðarhólsá. Á sama stað er merktur kálgarður inn á túnakortið, sjá 001\_02. Á gamalli ljósmynd af bænum sjást tvö íbúðarhús á bæjarstæðinu og aftan og sunnan við þau eru sambyggð fjós og hlaða (ekki fornminjar). Á ljósmyndinni sést engin afgerandi hæð eða hóll á bæjarstæðinu. Bæjarhóllinn var í sléttuðu gömlu túni sem er komið í órækt. Þar vex mikið og hátt gras.



*Bæjarstæði Þverdals DA-176:001. Á myndinni er horft til austurs.*

Í fasteignamatí frá 1918 kemur fram að þá var nýlegur torfbær á bænum sem var 3,8x3,2 m að stærð og var á bálki. Líklegt er að fjós hafi verið við bæinn og mögulega samtengt honum en það er talið upp í framahaldi af torfbænum í fasteignamatinu. Það var úr torfi og rúmaði þrjú nautgripi. Enginn skýr bæjarhóll sést í túninu en þar sést smá dæld þar sem einhverskonar rask hefur átt sér stað. Búið er að rífa bæði íbúðarhúsin og lítil sem engin ummerki um þau sjást lengur en gömul hlaða er enn sunnan við bæjarstæðið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; FDA II, 80

**DA-176:001\_02** heimild um kálgarð

363445 541796

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður merktur innan sama reits og bærinn. Engin ummerki um kálgarð fundust á vettvangi vegna sléttunar, húsbygginga og annars rasks en líklegt er að hann hafi verið austan við bæinn, nærri Þverdalsá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-176:002** heimild um útihús

363451 541873

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús norðarlega í túni, um 80m fyrir norðan bæinn 001. Útihúsið var í sléttu og flatlendu túni þar sem nú (2020) er beitarhólf fyrir hross. Innan þess er grösugt og smábýft. Engin ummerki sjást lengur um útihúsið vegna sléttunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-176:003** *Skeifustaðir* heimild um býli


"Norður frá túninu, í stefnu á Bjarnastaði, eru rústir, þar sem sagt er, að til forna hafi verið býli og heitið Skeifustaðir," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1704 segir: "Í heimalandi hefur verið í gamallri tíð býli, kallað Skeifustader. Þar sjest til rústa og girðinga. Hefur í mannaminnum aldrei bygt verið. Kann ekki að byggjast vegna engjabrests á jörðunni. Mætti með mögulegri fyrirhöfn ræktast jörðunni til nokkurs gagns." Engar frekari upplýsingar fengust um þessar rústir eða staðsetningu býlisins. Talsvert svæði var gengið norðan við bæ 001 en engar tóftir eða þústir fundust sem gætu gefið staðsetningu Skeifustaða til kynna. Frekari heimilda og rannsókna er þörf til þess að geta staðsett býlið með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:** Ö-Þverdalur,1; JÁM VI, 158.

DA-176:004 tóft rétt

363491 541712

Tóft er rétt austan við hvamminn Paradís, um 100 m sunnan við bæ 001 og tæpum 40 m VNV við tóft 007. Tóftin er rétt austan við á sem rennur eftir Þverdal. Á þessum slóðum er óræktað svæði. Tóftin er einföld, 6 x 5 að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru grjót- og torfhláðir en vegna mikils gróðurs er ekki hægt að telja umför þótt nokkuð stæðilegt hleðslugrjót sé greinilegt í vesturhluta tóftarinnar. Veggir eru 0,3-0,5



Réttartóft DA-176:004. Á myndinni er horft til suðurs.

m á hæð. Tóftin er hlaðin inn í brekku til suðurs. Ekki er hlaðinn veggur á norðurgafli tóftarinnar. Þetta er líklega einhvers konar aðhald fyrir skepnur, mögulega kvíar eða lítill heimarétt.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverdalur,1

DA-176:005 Stekkur tóft stekkur

363310 541277

"Suður af Nónhyrnu [004] er Nónhyrnugil. Þar fyrir sunnan, niður á Þverdalnum, er Stekkur," segir í örnefnaskrá. Stekkur er um 530 m sunnan við bæ 001 og rúmum 480 m SSV við tóft 004. Stekkurinn er í grösugum hvammi rétt vestan við á sem rennur eftir Þverdal. Umhverfis stekkurinn er grösugt mýrlendi.



Stekkjartóft DA-176:005. Á myndinni er horft til austurs.

Stekkurinn er tvískiptur, hann er 9 x 6 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Stekkurinn er torf- og grjóthlaðinn en ekki sést fjöldi umfara vegna mikils gróðurs. Þó glittir í veglegt hleðslugrjót í austurvegg tóftarinnar. Veggir eru 0,5 m á hæð þar sem þeir eru hæstir á norður- og austurhlíðum. Nyrðra hólfid snýr austur-vestur og er 4x2,5 m að innanmáli. Ekki virðist vera hlaðinn veggur í vesturenda hólfins. Syðra hólfid er um 3,5x3,5 m að innanmáli. Ekki er greinanlegur veggur á suðurhlíð þess. Um 5 m austan við stekkurinn er óljós og lágur kantur sem hefur að líkindum myndast við efnistöku en ekki er útilokað að hann hafi verið hlaðinn að einhverju leyti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverdalur,1


**DA-176:006\_01** tóft heystæði

363503 541682

Þrjár tóftir og garðlag eru um 130 m sunnan við bæ 001 og rúmum 30 m sunnan við tóft 004. Fornleifarnar eru á svæði sem er 20 x 20 m að stærð.



DA-176:006



*Minjasvæði DA-176:006. Á myndinni er horft til austurs yfir tóft 01.*


Minjarnar eru ofarlega á gróinni hæð, rétt austan við á sem rennur eftir Þverdal. Til vesturs er mólendi. Lýsing hefst á einfaldri tóft 01, sem er norðaustast á svæðinu. Tóftin er 4 x 3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er torf- og grjóthlaðin en vegna gróðurs sést ekki í umför. Veggir eru 0,3 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlíð tóftarinnar. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar, en þetta er líklega heytóft eða lítil skemma.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverdalur,1

**DA-176:006\_02** tóft heystæði

363508 541674



*Tóft DA-176:006\_02. Á myndinni er horft til austurs*


Önnur einföld tóft 02 er um 5 m sunnan við tóft 01. Hún er 4,5 x 3 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er torf- og grjóthlaðin en aðeins neðsta umfarið sést. Veggir eru 0,3 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlíð en þar beint austan við er þverhnípi niður að ánni. Óvíst er með nákvæmt hlutverk tóftarinnar en mögulega er þetta heytóft.

**Hættumat:** engin hætta

DA-176:006\_03 tóft beitarhús

363491 541681

Tvískipt tóft 03 er rúnum 5 m vestan við tóft 01. Tóftin er 9,5 x 5,5 m að stærð og snýr nálega austur-



*Beitarhúsatóft DA-176:006\_03. Á myndinni er horft til suðvesturs.*

vestur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,4-0,6 m á hæð, stæðilegastir í austurhluta tóftar. Ekki er hægt að sjá umför í hleðslum vegna mikils gróðurs. Stærra hólfíð er í austurhluta tóftar og snýr eins og hún. Það er 5 x 2,5 m að innanmáli og er op er á miðjum norður-langvegg. Í vesturenda tóftarinnar er svo lítið hólf sem er 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr þvert á stærra hólfíð. Ekki er hlaðinn veggur í norðurenda þess. Líklega er tóftin af litlum beitarhúsum hefur minna hólfíð verið heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

DA-176:006\_04 garðlag túngarður

363499 541688


Garðlag 04 er um 3 m norðvestan við tóft 01. Það er mjög óljóst og sést aðeins á um 7 m löngum kafla. Það er torfhlaðið, 0,7 m á breidd, og snýr nálega norður-suður. Það er stæðilegast syðst, um 0,3 m á hæð. Ekki er vitað um hlutverk garðsins en mögulega hefur hann afmarkað svæði kringum fornleifar 006.

**Hættumat:** engin hætta

DA-176:007 tóft heystæði

363458 541693

Tóft af heystæði er um 100 m sunnan við bæ 001 og tæpum 30 m VNV við beitarhús 006\_03. Tóftin er efst á gróinni hæð. Umhverfis tóftina er vallendismói. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er 4,5 x 4,5 m að




*Heystæði DA-176:007. Á myndinni er horft til norðurs.*

stærð. Veggir eru 0,3 m á hæð. Mögulega er op í suðausturhluta heystæðisins en það gæti einnig verið rof.

**Hættumat:** engin hætta





## Minjakort 8

Þverdalur - kort 1/1

0 50 100 150 200 m



### Skýringar


- Mörk jarða (RALA)
- Mörk túns frá 1918

### Fornleifar

- Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



*Minjakort fyrir Þverdal DA-176*



## DA-179 Þverfell

### *Sögulegt yfirlit*

**1241:** "En eftir það fór Órækja vestur í fjörðu og fann Einar Þorvaldsson frænda sinn og stefndi honum til raunarstefnu um það hvort hann hefði nokkurar heimildir á Staðarhólslandi og Hvítadal, Múla, Þverfelli, Þverdal, Eysteinsstöðum, Saurhóli." Íslendinga saga, Sturlunga saga, 433.

**1256:** "En um miðsmorgunsskeið þá sjá þeir menn mjög marga ríða ofan frá Þverfelli um eyrarnar." Þorgils saga skarða. Sturlunga saga II, 722.

**1430:** " Ollum þeim monnum sem þetta bref sia edur heyra send eg lopptur guttormsson kuediu gudz og mina. kunnigt giorandi at eg hefi geftit Ormi. Skula og Sumarlida. sonum mínum og Kristinar Oddzdottur. svo heitandi iarder og frida penninga og ofrida.... Jn primis jordina Stadarhol i Saurbæ. Lx. c. ad dyrleika. þuerdalur og þuerfell. mula tuo og huitadalina bada." DI, 405.

**1481:** "Lucktti fyrnefndur Gunnar Jonsson j þessa somu peninga halfa þridiu Jord er so heita. Munadarnes og Fell er liggur j Thriegilldiswijk j Arneskirkiu sokn fyrir 28c. Halft Þverfell er liggur j Saurbæ j Stadarhoolz kirkiusokn...." DI, VI, 351.

**1704:** 24 hdr. JÁM, 159.


**1847:** 24 hdr. JJ, 171.

Samkvæmt fasteignamati fyrir Dalasýslu frá 1918 kemur fram að jörðin Þverfell er þá metin 14,2 hndr að dyrleika. Mannvirki á jörðinni eru talin upp og tilheyrðu þessi jarðeiganda: Bæjarhús (5,7 x 3,8 m), úr timbri, allt nema ein hlið og ½ gafl, sem er úr torfi og grjóti, með járnþaki, í góðu standi, skúr 3,8 x 2,5 m, úr sama efni og bæjarhús, geymsluhús (6,9 x 3,8 m), geymsluhús (4,4 x 3,2 m) bæði úr torfi og í góðu standi og fjós yfir 6 nautgripi úr torfi með járnþaki (sjá 001\_02). Fjárhús 2 yfir 60 fjár og hesthús yfir 7 hross undir sama þaki, úr torfi og timbri, í góðu standi, hlaða (10,7 x 3,2 x 2,5 m) og hlaða (9,4 x 2,5 x 3,2 m) báðar úr torfi og með risi (sjá 002). Matjurtagarður 212 m<sup>2</sup> (sjá 014) og túngirðing úr torfi og grjótgarði, með tvístrengdum gaddavír á, 684 m löng (sjá 016). FDA II, 89.

### *Landgæði*







1918: Tún 2,9 ha, garðar 301m<sup>2</sup>. "Bærinn stendur efst á hálendi nokkru, er liggur til vesturs fram undan fjalli því, er Þverfell heitir, og mun nafn staðarins dregið af því." (Ö- Þverfell,1) "Skógur er smár, þó til eldiviðar; má í nauðsyn brúka til kolagerðar en eyðist mjög. Hann er til öngra burtleðjur til tolla. Silúngsveiði má vera lítilsháttar í Staðarhólslá þegar til vill. Berjatekja lítilsháttar, þó varla ómaks verð. Túnið hefur spilst af grjóti úr læk einum, en má hæglega við varna. Það spillist og nokkuð lítið af grjóti úr fjallinu, er og víða í því fast grjót til skaða. Engjar á dreif, þrönglendir, ógrasgefnar og liggja undir beit. Hagar blása upp smám saman. Vetrarþungt af snjónum eftir áttaskiftum. Jörðin liggur undir ágangi af annarra manna peningi. Torfrista slæm." JÁM VI, 160.


Í fasteignamati frá 1918 var túnið talið 4-5 ha, snögglent og hart og í miklum halla. Fjórðungur þess var sléttur. Útengi talið snögglent, þýft og þurrlent. Beitiland var gott fyrir sauðfé sumar og vetur en lakara fyrir stórgripi. Mótak var á jörðinni og góðir möguleikar á túnútgræðslu og áveitu. Ókostir voru helst taldir þeir að snjóþungt var á jörðinni, smalamennska var erfið og skortu var á upprekstrarlandi. Torfrista þótti slæm. Jörðin lá illa við samgöngum og ágangur var nokkur. Jörðin var talin framfleyta allt að 120 fjár, 3 kúm og 3 hrossum með 5 manna afla. FDA II, 89-90.



## DA-179 Þverfell

### Skýringar

— Útlínur túnakorts frá 1918		Grjóthlaðið
<b>Fornleifar</b>		Torfhláðið
• Skráðar fornleifar	- - - Gata	Gata
	— Kantur	Kantur
		Renna
		




Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
 Hnitakerfi: ISN93  
 Kortagerð: LLD

DA-179:001\_01 Þverfell bæjarhóll bústaður

364101 541838

"Bærinn stendur efst á hálendi nokkru, er liggur til vesturs fram undan fjalli því, er Þverfell heitir," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð bærinn norðarlega fyrir miðju túnsins. Samkvæmt Selmu



*Bæjarhóll Þverfells DA-179:001. Á mynd til vinstri er horft til suðurs.*



*Heimatún Þverfells, horft til austurs.*

Guðmundsdóttur, heimildamanni var bærinn fluttur um 130 m suðvestur af gamla bæjarstæðinu um 1950. Ástæðan var að gamla heimatúnið er í miklum halla til vesturs og var ekki véltækt af þeim sökum. Bærinn var því fluttur á meira sléttlendi. Bæjarhóll gamla bæjarins er vel greinanlegur, hann er mikið til óraskaður og enn heilleg bæjartóft á honum. Bæjarhóll og tóft síðasta torfbæjarins eru á hjalla í bröttu túni sem hallar til vesturs og suðurs.

Bæjarhóllinn er 37 x 20 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, og er a.m.k. 1 m á hæð og mögulega hærri en ekki er skýrt hvar uppsöfnuð mannvist endar og náttúrulegur hóll tekur við.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverfell, 1; Túnakort 1918

Í fasteignamati fyrir Þverfell frá 1918 eru talin upp eftirfarandi hús sem ætla má að hafi verið á bæjarhólnum á þeim tíma: Bæjarhús (5,7 x 3,8 m), úr timbri, allt nema ein hlið og ½ gafl, sem er úr torfi og grjóti, með járnpaki, í góðu standi, skúr 3,8 x 2,5 m, úr sama efni og bæjarhús, geymsluhús (6,9 x 3,8 m), geymsluhús (4,4 x 3,2 m) bæði úr torfi og í góðu standi og fjós yfir 6 nautgripi úr torfi með járnpaki. Bæjartóftin sem enn sést er 27,5 x 15 m að stærð og snýr eins og hóllinn. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en steypuleifar eru greinilegar í suðausturhluta tóftarinnar. Samkvæmt Selmu var steypur gafl á suðausturhlið og timburveggur á




*Síðasti bærinn á Þverfelli, DA-179:001\_02.*

suðvesturhlið bæjarins sem vísaði fram á hlað en baka til var bærinn úr torfi og grjóti. Veggir eru hæstir á norðvestur- norðausturhliðum þar sem þeir eru 0,9 m á hæð. Annars staðar, sérilagi á suðurvestur- og suðausturhliðum eru veggir ívið lægri, um 0,3-0,4 m á hæð. Bæjartóftin er gróin en veggir standa enn vel og innanmál hólfa er skýrt. Sjá má 2-5 umför af stæðilegu hleðslugrjóti í veggjum. Í tóftinni má greina 6 hólfa og fá þau bókstaf í lýsingu hér neðar sem hefst suðaustast, á hólfi A. Það er 10 x 5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Samkvæmt Selmu var þar eldhús og herbergi. Í miðju hólfinu sést í steiptan stromp. Op er inn í það í vesturhorni þar sem dyr voru inn í bæinn. Norðvestan við þetta hólfa eða hús var skúr. Á gamalli mynd af bænum sést þessi hluti bæjarins vel. Farið var úr fremri bænum um göng inn í torfbæinn baka til í tóftinni. Göngin sjást ekki skýrt lengur. Í torfhlöðna hluta bæjarins eru tvö hólfa (B og C), þar var eldhús með eldavél og búr. Hólfa B er allra austast í tóftinni og er 3x2 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í norðurhorni inn í hólfa C sem er 4,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er úr því og út úr tóftinni í austurhorni. Í norðvesturhluta tóftarinnar voru fjós, hlaða og hesthús. Fjós var í hólfi D sem er norðvestan við hólfa A, yngsta hluta bæjarins. Op er inn í það í suðurhorni af hlaðinu. Fjósið er 3x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er úr norðurhorni þess til norðausturs inn í hlöðu E. Hún er 10x3,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur eins og tóftin. Innsti (suðaustasti) hluti hennar er aðeins dýpri en fremri hlutinn. Talsvert hefur hrunið úr veggjahleðslum inn í hlöðuna. Allbreiður gangur virðist vera úr suðurhorni hlöðu og inn í bæinn í hólfa A. Einnig er op úr hlöðu í norðvesturenda inn í hólfa F þar sem hefur verið hesthús. Er það um 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega var op inn í það hólfa í vesturhorni en það er óljóst.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** FDA II, 89

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús austarlega í túni, um 40 m austan við bæ 001 og rúmum 10 m norðan við kálgarð 014. Enn sést greinileg fjárhústóft á staðnum. Í fasteignamati frá 1918 kemur fram að á jörðinni séu tvö fjárhús yfir 60 fjár og hesthús yfir 7 hross undir sama þaki, úr torfi og timbri, auk tveggja hlaða sem báðar voru úr torfi og með risi. Líklegt er að mörg þessara húsa hafi verið sambyggð, ef ekki öll. Það er þó ekki hægt að fullyrða en á túnakortinu frá sama ári og fasteignamatið var gert er aðeins sýnt eitt stórt útihús í túni. Fjárhústóftin er á grasþýfðu svæði sem er rétt norðan við Kattartungu.



*Fjánhústóft DA-179:002. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs.*

Fjánhústóftin er þrískipt. Hún er 17 x 16 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru grjót- og torfhláðnir og sést í 1-3 umför af veglegu hleðslugrjóti í veggjum. Veggir eru mjög stæðilegir og eru þeir 0,6-1,2 m á hæð. Þeir eru hæstir á NNA-hlið. Fjánhúshlutinn er syðst í tóftinni. Fjánhúsin eru 9 x 8,5 m að innanmáli og snúa eins og tóftin. Þýft er í botni þeirra. Á miðri VNV-hlið mótast óljóst fyrir 3 m löngum garða. Allbreitt op er í SSV-horni fjánhúsanna. Aftan og NNA við fjánhúsin er hlaða sem er niðurgrafin um 0,4-0,6 m. Hún er 9 x 3 m að innanmáli og snýr þvert á fjánhúsin. Ekki er sýnilegt op inn í hlöðuna. Heystæði er á utanverðum NNV-langvegg tóftarinnar. Það er 4 x 2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið þess.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; FDA II, 89

**DA-179:003** *Fremri-og Ytri-Leynir* huldufólksbústaður

364044 541717

"Neðan við Hólavöll eru klettabelti er kallast Fremri-og Ytri-Leynir. Þar hafa sézt ljós, og því álitid vera huldufólksbústaðir," segir í örnefnaskrá. Huldufólksbústaðurinn er um 140 m sunnan við bæ 001 og rúmum 60 m vestan við Fjánhústún 004. Við klettabeltið er grasríkur hvammur. Lengra til vesturs er núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Uppþornaður lækjarfarvegur er rétt austan við klettabeltið og hefur hann runnið í Staðarhólsá.



*Huldufólksbústaður DA-179:003, horft til VSV.*

Klettabeltið er um 3,5 m hátt og 30 x 20 m að stærð, snýr VNV-ASA. Það er fremur gróið en víða stendur grjót upp úr grasinu. Klettabeltið sést ekki vel frá bæ en það er annars áberandi í landslaginu. Engar þekktar sagnir eru um huldufólk í klettunum eða samskipti þeirra við mannfolk.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverfell,1

**DA-179:004** *Fjánhúsátún* heimild um fjánhús

364134 541655

"Vestan við Syðri-Kattatungu liggur Fjánhúsátún að Staðarhólsá; þar í ánni er ágætt silungafljót, kallað Húsafljót," segir í örnefnaskrá. Fjánhústún er rétt austan við Fremri- og Ytri-Leyni (sjá 003), um 180 m SSA við bæ 001 og rúmum 30 m SSV við túngarð 016. Fjánhústún er Ræktað tún er girt með vírgirðingu og er það í lítilsháttar halla til suðurs. Innan þess er bárujárnskofi. Lækur rennur rétt austan við túnið.

Túnið dregur nafn sitt af fjánhúsum sem voru í því en engin ummerki um þau sjást á yfirborði. Að sögn Selmu Guðmundsdóttir, heimildamanns, voru fjánhús í túninu í notkun í hennar tíð (um 1960). Þeim

var rutt út og þau sléttuð í túnið.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverfell,1

**DA-179:005** náma mógrafir

364151 542388

"Frá Kleifagili að Miklagarðslandi liggur stór hvammur, sem heitir Geithvammur," segir í örnefnaskrá. Geitastekkur DA-183:029 var í Miklagarðslandi og dregur hvammurinn nafn sitt af honum. Selma Guðmundsdóttir, heimildarmaður, man eftur mógröfum í hvamminum sem voru í notkun í hennar minni.



*Mógrafir DA-179:005. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs.*

Mórinn var ekki talinn sérlega góður en var þó nothæfur. Mógrafirnar eru skammt sunnan við landamerki Þverfells og Miklagarðs, í aflíðandi hlíð til vesturs. eru þær um 550 m norðan við bæ 001 og 160 m ASA við garðlag 019. Mógrafirnar eru í grasigrónum og smáþýfðum móa. Í mógröfunum vex stór og fífa.

Mógrafirnar eru á 70x60 m stóru svæði sem snýr norðvestur-suðaustur. Þær eru nokkuð blautar og eru að jafnaði um 0,3 m djúpar. Grafirnar eru nokkuð grónar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverfell,1

**DA-179:006** *Byrgisbrekkur* örnefni byrgi

363767 542003

"Meðfram ánni undir Kleifunum eru Byrgisbrekkur kallaðar. Þar í ánni er hylur gegnt Þverdalsgili, sem heitir Steinshylur [007]," segir í örnefnaskrá. Byrgisbrekkur eru 390 m norðvestan við bæ 001, vestan við malarveg sem liggur um sveitina. Í Byrgisbrekkum er klettabelti og gróin hlíð niður að Staðarhólsá til vesturs.

Gengið var um svæðið, bæði austan og vestan við klettabeltið en engin mannvirki fundust. Heimildamaður, Selma Guðmundsdóttir, mundi ekki eftir leifum af byrgi á þessum slóðum. Ekki er útilokað að það hafi horfið vegna vegagerðar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverfell,1

**DA-179:007** *Steinshylur* sögustaður

363769 541898

"Meðfram ánni undir Kleifunum eru Byrgisbrekkur [006] kallaðar. Þar í ánni er hylur gegnt Þverdalsgili, sem heitir Steinshylur. Hans er getið í Sturlungu 1. bindi bls. 50. Þegar Hafliði Másson gerði ferð sína að Staðarhóli til féránsdóma á hendur Þorgils Oddasonar, þá safnaði Þorgils liði og sat fyrir Hafliða við Steinshyl og varði honum leiðina til Staðarhóls. Ekki varð þó af bardaga, því góðir menn gengu á milli. (Hafliði kom sunnan Sælingsdalsheiði.)" segir í örnefnaskrá. Í dag hefur árfarveginum verið breytt til að hefta ána í flóðum en áður en það var gert var áin sífellt að breyta farvegi sínum. Hylurinn er því horfinn en steinninn sést enn. Þarna er nú netalögn fyrir silungsvæði.

Árbakkinn er grýttur en sléttur, til austurs er gróin hlíð og eftir á henni liggur malarvegurinn um sveitina. Í ánni er áberandi stór steinn sem er líklega steinninn sem hylurinn er kenndur við. Áin er svolítið djúp við steinninn en eins og áður hefur komið fram hefur áin mikið breyst og enginn áberandi hylur sjáanlegur.

**Hættumat:** engin hætta



**Heimildir:** Ö-Þverfell,1

**DA-179:008** renna vatnsból

364217 541850

Handgrafinn skurður er í túni og liggur að fjárhúsum 002 úr norðaustri. Skurðurinn er í grasgefnu túni sem komið er í órækt og hallar til suðurs. Skurðurinn liggur nálega norðaustur-suðvestur, frá uppþornuðum læk og að fjárhúsum 002. Skurðurinn er um 40 m langur og 0,2 m á dýpt og breidd. Hefur vatni að öllum líkindum veitt eftir honum í fjárhúsin.

**Hættumat:** engin hætta



*Renna DA-179:008, horft til norðausturs.*

**DA-179:009** renna vatnsból

364139 541835

Handgrafinn skurður liggur úr lind um 40 m austan við bæ 001 og um 10 m vestan við kálgarð 014. Að sögn Selmu Guðmundsdóttur, heimildarmanns, var vatni veitt eftir þessum skurði úr uppsprettulind og inn í bæinn árið 1945. Skurðurinn er í grasgefnu túni sem komið er í órækt og hallar til suðurs.

Skurðurinn liggur nálega norðaustur-suðvestur. Hann sést á um 20 m löngum kafla og er um 0,2 m á breidd og dýpt. Skurðurinn er mjög ógreinilegur og samansiginn og er við það að hverfa í gróður.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:010** *Torfunes* örnefni rista

365377 540604

"Neðst við Dýnugil er kallað Skjöldur. Suður af honum meðfram Stökkum er Torfholt, suður af því Torfunes," segir í örnefnaskrá. Torfunes er niður við Hvammsdalsá sunnan við malarveg sem liggur um sveitina og er um 1,7 km suðaustan við bæ 001. Nafnið bendir til þess að torfrista hafi verið á svæðinu.

Nesid er flatlent og grasgróið en deiglent hér og þar. Gengið var um svæðið en engin ummerki um torfristu fundust enda svæðið mjög gróið og ummerki um ristu eru fljót að gróa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverfell,2

**DA-179:011** *Fellshvammur* þjóðsaga draugur

365551 540674

"Norðan við hana [Breiðamýri] er kallað Fellshali. Þar er syðri endi Þverfellsins. Vestan við Fellshalann er hvammur stór, kallaður Fellshvammur. Þar á að hafast við útburður, og hefur mönnum stundum verið þar villuhætt á vetrum," segir í örnefnaskrá. Fellshvammur er ofarlega í hlíðum Þverfells, suðvestan við Fellshala, um 1,8 km suðaustan við bæ 001 og 470 m ANA við grenitrjálund. Í fjallshlíðinni er grasi og lyngivaxinn mói og inn á milli eru gróðurlausir melar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverfell,2

**DA-179:012\_01** *Kvíahjalli* örnefni kvíar

364014 541929

"Norður af Húsadal [024] eru lægðir, sem kallaðar eru ból; niður undan Bólum, rétt ofan við bæinn [001], er hjalli, sem heitir Kvíahjalli," segir í örnefnaskrá. Kvíahjalli er 120 m norðvestan við bæ 001, ofan og norðaustan við Útrækt. Hjallinn ofan við Kvíahjalla heitir Efstihjalli og er mun breiðari en einnig deiglandari. Selma Guðmundsdóttir, heimildamaður, man eftir því að fé var rúið í rétt á Kvíahjalla. Þessi rétt sést enn og er gert ráð fyrir að hún sé á sama stað og kvíar sem hjallinn hefur dregið nafn sitt af. Kvíahjalli er fremur mjór og flatur, í brekku vestur af Þverfelli. Brött brekka er upp á hjallann og klettur eru í brún hans. Í brekkunni upp af hjallanum eru stórgrýtisbjörg og er réttin hlaðin við tvö slík og grafin lítilla inn í brekkuna á milli þeirra. Ekki sjást minjar um kvíar á Kvíahjalla en líklegt verður að teljast að rétt 02 hafi verið hlaðin

upp úr þeim eða verið á sama stað.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þverfell,3

**DA-179:012\_02** tóft rétt

364012 541930

Rétt 02 á Kviahjalla er hlaðin úr torfi og grjóti, virðist ekki ýkja gömul. Hún er 8x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðausturhlíð réttar er að mestu leyti grafin inn í brekkuna. Torfhláðinn veggur er á suðvesturhlíð og á norðvesturhlíð eru torf- og grjóthleðslur. Ytri brún veggja er 0,6 m á hæð. Í innra byrði



*Réttartóft DA-179:012\_02. Á mynd til vinstri er horft til norðurs.*


veggja sjást 2-3 umför hleðslu. Stórt bjarg myndar suðausturvegg að mestu leyti en veggjahleðslur eru í austurhorni. Breitt op er á milli bjargsins og suðurhorns réttarinnar. Í opinu er einn jarðlægur steinn. Þess má geta að uppi í brekkunni norðaustan við réttina eru lítilsháttar hleðslur og timburbrak, mögulega leikstaður barna, sjá 028.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:013** Öskubarð öskuhaugur

364094 541823

Mjög áberandi og stór öskuhaugur er 12 m sunnan við bæ 001 og rúmum 15 m vestan við kartöflugarð 015. Öskuhaugurinn er á hjalla í bröttu túni suðvestan við Þverfell. Við suðurhluta hans tekur við brött og grasgróin brekka. Öskuhaugurinn er mjög stór. Hann er 8 x 5,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hann er



*Öskuhaugur DA-179:013. Á mynd til vinstri er horft til norðurs.*


fagurgrænn og kúptur, um 1 m á hæð. Samkvæmt Selmu Guðmundsdóttur hét barðið Öskubarð og farið var með öskuna út á barðið í hennar æsku.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:014** gerði kálgarður

364165 541830

Heillegur kálgarður er um 60 m austan við bæ 001 og rúmum 10 m sunnan við fjárhús 002. Kálgarðurinn er í gróinni brekku sem hallar mikið til suðurs. Smáþýft og var allt svæðið á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar á vettvangi í júlí 2020.



*Kálgarður DA-179:014. Á mynd til vinstri er horft til NNA.*


Kálgarðurinn er 20 x 13 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en vegna gróðurs sést ekki í umför. Veggir eru stæðilegastir til norðurs, um 0,5 m á hæð. Suðurhluti garðsins er mjög óglöggur eru veggir þar mjög signir, nánast útflattir, og eru þar aðeins 0,2 m á hæð. Kálgarðurinn er hlaðinn um 0,5-0,7 m inn í brekku til norðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:015** gerði kartöflugarður

364085 541855

Samkvæmt Selmu Guðmundsdóttur, heimildamanni, var kartöflugarður fast norðvestan við bæ 001 og rúmum 100 m suðvestan við rétt 012\_02 á Kvíahjalla. Þar sést enn torf- og grjóthlaðið gerði. Kartöflugarðurinn er rétt sunnan undir grónu klettabelti.



*Kartöflugarður DA-179:015. Á mynd til vinstri er horft til suðurs.*

Kálgarðurinn er 13 x 10 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést lengur veggur á suðvesturhlíð garðsins. Veggir eru stæðilegastir á norðvesturhlíð þar sem þeir eru um 0,5-0,6 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum vegna gróðurs. Óljóst mótar fyrir 3-4 beðum í kartöflugarðinum.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:016** garðlag túngarður  
Á túnakorti frá 1918 segir að túngarður "sé á pörtum" en ekki ljóst hvaða hlutar túnsins voru girtir. Í fasteignamati frá 1918 kemur fram að 684 m löng túngirðing hafi verið úr torfi og grjótgærði, með tvístrengdum gaddavír á. Aðeins sjást túngarðsleifar í austurhluta túnsins, um 170 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 50 m norðaustan við Fjánhústún 004. Garðurinn var torf- og grjóthlaðinn samkvæmt Selmu Guðmundsdóttur, heimildamanni. Túngarðurinn liggur í fjallshlíð í austurhluta heimatúns bæjarins. Garðurinn fylgir nær uppþornuðum lækjarfarvegi.

Garðurinn sem sést er grjóthlaðinn. Hann er um 110 m á lengd, 0,4 m á breidd og liggur nálæga norður-suður. Hann er fremur veigalítill og líklega hlaðinn undir girðingu. Garðurinn er stæðilegastur syðst, þar sjást 1-2 umför af veglegu grjóti í bland við smágrýti og er hann 0,5 m á hæð. Norðurhluti garðsins er veigaminni og þar sést aðeins neðsta umfarið og þar er garðurinn aðeins 0,2-0,3 m á hæð. Annars staðar hefur garðurinn að líkindum verið sléttaður í tún.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; FDA II, 89

**DA-179:017** renna vatnsból

Gróinn, handgrafinn skurður liggur til norðvesturs frá uppsprettu sem er utan túns og 265 m suðaustan við bæ 001. Framhald af skurðinum sést innan túns, norðvestan við læk sem rennur úr Húsadal [024] og stefnir hann að núverandi bæjarstæði Þverfells. Uppsprettan er sunnan undir klettabelti í gróinni og aflíðandi fjallshlíð. Skurðurinn liggur um gasigróna og aflíðandi fjallshlíð og í allbröttu og grösugu túni.

Rennan sést á um 335 m löngum kafla. Frá uppsprettu í grýttri skriðu liggur skurðurinn til norðvesturs á 135 m löngum kafla að læk sem rennur niður af Þverfjalli og afmarkar heimatúnið til austurs. Þaðan má greina samansignari skurð sem liggur til VSV á um 200 m löngum kafla og endar við lóðamörk sem íbúðarhúss sem byggt var árið 1953. Skurðurinn er 0,2-0,6 m djúpur og að jafnaði um 0,3 m á breidd en mesta breidd hans er 1 m. Í skurðinum er nokkuð blautt en gróið. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi skurðurinn var grafinn en líklegt verður að teljast að vatni hafi verið veitt eftir honum að íbúðarhúsinu sem byggt var 1953. Ekki var hægt að sjá leifar af vatnsleiðslu í skurðinum sem hlýtur að hafa verið til staðar til þess að geta leitt vatnið yfir lækinn. Er þessi framkvæmd þá ung að árum.

364085 541855



*Garðlag DA-179:016, horft til suðurs.*



*Renna DA-179:017, horft til norðvesturs.*


**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:018** *Stekkur* tóft stekkur

364455 541512

Selma Guðmundsdóttir, heimildamaður, benti skráningarmönnum á svæði sem kallað væri Stekkur og er niður (vestur) af Nautalág og um 500 m suðaustan við bæ 001. Þar er torf- og grjóthlaðin tóft sem ætla má að sé leifar af stekk.

Tóftin er í grónu valllendi. Upp af henni til norðurs er gróin og aflíðandi fjallshlíð en til suðurs hallar landi niður að Hvammsdalsá.



*Stekkartóft DA-179:018. Á mynd til vinstri er horft til norðurs.*

Tóftin er 13 x 12 m á stærð, snýr austur-vestur, og skiptist í þrjú hólf. Í vesturenda tóftarinnar er stærsta hólfíð sem er 6,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í það nyrst á austurvegg. Óverulegur veggur skilur á milli þessa austasta hólfis og annars hólfis sem er í miðri tóftinni. Er op nyrst á þeim vegg á milli hólfá. Ekki er útilokað að meintur veggur sem skilur á milli hólfá sé hrún. Miðhólfíð er 3,3x1,5 m að innanmáli stærð og snýr austur-vestur. Í austurenda tóftar er lambakró, lítið hólf sem er 3x2 m á stærð og snýr norður-suður. Ekki sést op inn í það. Mesta hæð veggja innanmáls er 0,6 m í norðurenda. Utanmáls er hæð veggja 0,3-0,7 m. Tóftin er grasgróin og gengin í þúfur.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:019** garðlag vörslugarður

364018 542499

Torfhláðið garðlag er sunnan við landamerki Þverfells og Miklagarðs, 620 m norðan við bæ 001 og 165 m norðvestan við mógrafasvæði 005. Garðurinn liggur um grasigróið vallendi sem er í aflíðandi halla til vesturs. Vestan við garðinn er framræst og ræktað land, afmarkað af vélgröfnum skurðum.

Garðurinn liggur NNA-SSV og er 60 m á lengd. Hann er að jafnaði um 0,3 m á hæð og er 1-1,5 m á breidd. Garðurinn virðist fremur ungur en hlutverk hans er ekki þekkt. Líklegt er að hann hafi gegnt hlutverki vörslugarðs.

**Hættumat:** engin hætta




*Garðlag DA-179:019, horft til norðurs.*

**DA-179:020** tóft útihús

364238 541800

Einföld tóft er 130 m ASA við bæ 001 og 6,5 m norðan við rennu 017. Til norðurs er gróin fjallshlíð Þverfells og 8 m vestan við rennur lækur niður aflíðandi hlíðina til suðurs. Tóftin er í grasigrónu og smápýfðu valllendi.



*Útihústóft DA-179:020. Á mynd til vinstri er horft til SSV.*


Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 10,5 x 8,5 m á stærð. Á miðjum norðaustuveggnum er op inn í tóftina. Hæð veggja innanmáls er 0,2-0,6 m, lægstir eru þeir í suðausturhorninu en þar er rof í veggnum frekar en op. Hæð veggja utanmáls er 0,3-1 m og þeir hæstir á norðvesturhlíð. Tóftin er grasigróin og gengin í þúfur og ekkert grjótt sést í veggjum. Út frá stærð og lögun ásamt fjarlægð frá bæ er ályktað að hér sé um einhvers konar útihús að ræða, þó að tóftin sé ekki innan gamla heimatúnsins.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:021** tóft heystæði

364253 541811

Einföld tóft er 150 ASA við bæ 001 og 11 m norðaustan við tóft 020. Til norðurs er gróin fjallshlíð Þverfells og 8 m vestan við rennur lækur niður aflíðandi hlíðina til suðurs. Tóftin er í grasigrónu og smápýfðu vallendi.



*Heystæðistöft DA-179:021. Á mynd til vinstri er horft til vesturs.*


Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 7,5 x 3,5 m á stærð. Hún er grafin inn í aflíðandi halla svo ekki er skýr ytri brún veggja á norðaustur- og suðausturhlíðum. Á miðjum suðvesturveggnum er op inn í tóftina. Hæð veggja innanmáls er 0,2-0,5 m. Hæð veggja utanmáls er 0,1-0,6 m og eru þeir hæstir í suðausturhorni. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og má sjá glitta í hleðslur í suðvesturveggnum. Út frá stærð og lögun ásamt fjarlægð frá tóft 020 er líklegt að tóftin sé af heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:022** tóft brunnur

364114 541819

Gróin brunnhústóft er um 20 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m austan við öskuhaug 013. Tóftin er rétt sunnan undir gróinni brekku, neðan við hjallann sem bærinn er á. Svæðið var á kaf í grasi þegar skrásetjari var þar í júlí 2020.



*Brunnur DA-179:022. Á mynd til vinstri er horft til suðurs.*

Tóftin er einföld, 5,5 x 4,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,5 m á hæð en ekki sér í umför vegna gróðurs. Hér og þar glittir þó í stæðilegt grjót í hleðslum. Innan tóftarinnar er mjög þýft en þar er greinileg renna á suðurhlíð tóftarinnar þar sem vatn hefur runnið í gegnum og niður brekkuna í átt að grunnum lækjarfarvegi (nú uppþornaður).

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:023** gata leið

364274 542009

Óviss gata liggur upp á Þverfell frá Efríhjalla ofan við bæinn 001 og norðan við alldjúpt gil sem er suðvestan við Húsadal. Gatan liggur um klappir og gróðurlitlar skriður upp á Þverfell en uppi á fellinu eru stór samfelld gróin svæði.

Götunni var fylgt á um 190 m löngum kafla frá Efríhjalla og upp á Þverfell en þar hættir hún að sjást. Ekki er vitað hvert leiðin lá en líklegt verður að teljast að hún hafi legið austur yfir Þverfell í Belgsdal. Mögulega voru vörður 031 og 027 við þessa leið en í næsta nágrenni við þær sjást engar götur. Á leiðinni sést víðast ein mjó og grunn gata sem farin er af sauðfé. Hún er vart greinanleg á köflum.

**Hættumat:** engin hætta



*Leið DA-179:023. Á mynd er horft til suðvesturs.*

**DA-179:024** Húsadalur örnefni óþekkt hlutverk


"Í vestur frá Tjarnarflóa liggur dalverpi niður á brúnina ofan við bæinn, sem heitir Húsadalur." Húsadalur er víður og gróinn dalur norðaustur af bænum 001, uppi á Þverfelli. Er hann nokkuð langt frá heimatúninu og húsanna sem í því eru og því ekki ljóst hvort dalurinn dregur nafn sitt af þeim eða öðrum húsum sem í dalnum kunna að hafa verið. Í dalnum er allstórt móggrafasvæði 025 en engar aðrar minjar sáust í honum neðan og vestan móggrafinnar. Ekki var gengið um allan dalinn.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:025\_01** náma mógrafir

364622 541984

Allstórt mógrafasvæði er neðarlega í Húsadal 024 suðaustanverðum, ofan og austan við gjúfur þar sem lækur grefst niður í bergið. Vestan við greinilegustu mógrafirnar eru tvö móstæði og eru þessar minjar á svæði sem er 45x35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinileg ummerki um mógrafir eru sunnan og vestan við þetta svæði. Miklar engjar og votlendar mýrar eru í suðaustanverðum dalnum á þessum slóðum en þurr börð inn á milli. Í norðvestanverðum dalnum er brattara, minna undirlendi og þurrara.



*Mógrafir DA-179:025\_01. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs.*


Mógrafir 01 eru norðaustast á minjasvæðinu og eru um 32x32 m að stærð. Eins og fram hefur komið eru ógreinileg ummerki um eldri mógrafir sunnan og vestan við þær en ekki reyndist unnt að afmarka þær vegna þess hve illa þær sjást orðið. Mógrafirnar sem enn sjást vel eru grónar og deiglendrar en vatn stendur hvergi í þeim. Dýpt grafanna er nokkuð jöfn, víðast 0,5 m en grynningar eru þær 0,3 m og dýpar 0,8 m. Mógrafirnar eru í lítilsháttar halla til suðvesturs.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:025\_02** tóft skemma

364599 541961

Tvær mótóftir eru neðan og suðvestan við mógrafasvæði 01 á þurru og flötu holti frammi á skammt suðaustan við farveg lækjar sem rennur um Húsadal. Holtinu hallar lítillega til vesturs og er lítil jarðvegur og rýr gróður á því, nema þar sem tóftirnar eru. Þar er grasi gróið. Syðri tóftin 02 er torfhláðin og einföld. Hún er 5x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir standa grónir í austurenda þar eru þeir eru 0,5 m á



*Mótóft DA-179:025\_02. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs.*

hæð en fara lökkandi til vesturs og eru nánast útflattir í vesturenda. Hleðslur eru farnar að ganga í þúfur.




Líklega hefur ekki verið op á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:025\_03** tóft skemma

364596 541967

Mótóft 03 er keimlík tóft 02 en heldur völdugri. Hún er einföld og er 4x4 m að stærð. Rof eða op er í norðvesturhorni tóftarinnar. Mesta hæð torfhlaðinna veggja er 0,3-0,4 m. Hleðslur eru farnar að ganga í þúfur.



*Mótóft DA-179:025\_03. Á mynd til vinstri er horft til austurs.*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:026** vegur samgöngubót

364032 541897

Upphlaðinn vegur liggur frá bæjarhlaði Þverfells 001 til norðvesturs að Kvíahjalla 012 þar sem má sjá áframhald af götum sem einnig eru á veginum. Leið þessi í túni Þverfells tengist efribyggðarleið DA-681:002 sem lá frá Þverfelli til norðurs. Vegurinn er í grasi grónu og sléttuðu túni í halla til suðvesturs en götur í framhaldi af veginum liggja um klapparmóa.

Samanlagt sjást ummerki um leiðina á 320 m löngum kafla og er vegurinn 55 m langur. Hann er víðast aðeins 0,2 m á hæð en er allt að 0,4 m þar sem hann er hæstur. Vegurinn er 1,5-2 m á breidd. Hvergi sést grjót í honum. Þess má geta að yngri, ruddur vegur er neðar í túninu, sjá DA-681:002\_02.

**Hættumat:** engin hætta



*Vegur DA-179:026. Á mynd er horft til norðvesturs.*

**DA-179:027** varða samgöngubót  
Hrunin varða er á nánast gróðurlausum mel uppi á Þverfelli norðan við Húsadal 024. Hún er 290 m ANA við vörðu 031, 85 m suðvestan við meinta hleðslu 029 og 800 m norðaustan við bæ 001. Uppi á Þverfelli, norðan við Húsadal er mikið um gróðurlausa klapparmela og gróin svæði í lægðum á milli þeirra. Melurinn sem varðan er á er fremur flatur en klappir standa upp úr honum.

364720 542347



*Varða DA-179:027, horft til NNA.*


Í kringum einn nokkuð stóran stein sem er 0,5 m á kant er minna grjót, holtagrjót og grjóthellur, sem virðist hafa hrunið úr vörðuhleðslu. Ekki stendur steinn yfir steini. Grjótdreifin er um 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Meint varða virðist ekki hafa verið efnismikil þegar hún stóð. Hlutverk hennar er ekki þekkt en ekki er útlokað að hún hafi verið við leið 023.

**Hættumat:** engin hættu

**DA-179:028\_01** tóft leikvöllur

364013 541937

Tvær litlar, ungar tóftir eru í brekkunni ofan við rétt 012 á Kvíahjalla, um 120 m norðvestan við bæ 001. Tóftirnar eru á svæði sem er 4,5x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær bera það með sér að geta helst hafa verið leiksvæði barna þó að það verði ekki fullrytt. Kvíahjalli er fremur mjór og flatur, í brekku vestur af Þverfelli. Í brekkunni upp af hjallanum eru stórgrýtisbjörg í mólendi.



*Tóft DA-179:028\_01. Á mynd til vinstri er horft til austurs.*


Norðvestari tóftin er 2,2x1,1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðausturhlíð hennar er lítilla grafín inn í brekkuna. Veggir eru grjóthlaðnir og lítilfjörlegir, eru 0,2-0,3 m á hæð, hæstir í suðausturenda þar sem sjást 2-3 umför hleðslu. Ekki er greinanlegt op á tóftinni. Timburleifar sjást í veggjahleðslunni á einum stað.

**Hættumat:** engin hættu

DA-179:028\_02 tóft leikvöllur

364015 541935

Tóft 02 er fast suðaustan við tóft 01 og er hún 1,7x1,3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti en þeir eru mjóir og lágir, víðast einhlaðnir og aðeins eitt umfar í þeim. Ekki er veggur á norðvesturhlið. Spýtnabrak er ofan á veggjum í suðausturenda, líkt og leifar af þekju.



*Tófti DA-179:028\_02. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs.*

**Hættumat:** engin hætta

DA-179:029 hleðsla óþekkt hlutverk

364795 542392

Meint hleðsla er á lágum, flötum klapparhól á mel norðan við Húsadal 024. Sé hér um hleðslu að ræða kemur á óvart að hún skuli ekki vera á hæsta punkti klapparhólsins í suðausturenda. Ekki útilokað að hér sé aðeins sprungin klöpp. Hleðslan er 85 m norðaustan við vörðu 027 og 880 m norðaustan við bæ 001. Uppi á Þverfelli, norðan við Húsadal er mikið um gróðurlausa klapparmela og gróin svæði í lægðum á milli þeirra. Melurinn sem varðan er á er fremur flatur en klappir standa upp úr honum.



*Hleðsla DA-179:029, horft til austurs.*


Hleðslan er 1,2 m á lengd og 0,7-0,8 m á breidd, snýr austur-vestur. Hún virðist hlaðin á brún í klapparhólnum. Norður-langhlið er hærri en sú syðri, er 0,4 m á hæð. Í hleðslum sjást 2-3 umför. Grjótið er skófum vaxið. Ekkert er vitað um hlutverk hleðslunnar en helst kemur til greina að hún sé eftir smala sem setið hefur yfir ám á þessu svæði en gæti einnig verið í tengslum við leið 023.

**Hættumat:** engin hætta

DA-179:030 tóft fjárhús

364130 541880

Grjót- og torfhláðin tóft er á Efstahjalla, efst og suðaustast í túninu, 40 m norðaustan við bæ 001. Ummerki um efnistöku, líklega í veggj tóftar, eru fast suðaustan við tóftina. Hjallinn er flatur og er að mestu þurrlendur en þó er deiglent næst brún hans til suðvesturs. Á honum er grasi gróid og smápýft.



*Fjárhústóft DA-179:030. Á mynd til vinstri er horft til suðurs.*

Tóftin er 10x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er afgerandi hlaðinn veggur á suðvesturgafli en þar er kantur þar sem vænta mætti ytri brúnar á vegg. Líklega hefur verið timburgafl með dyrum á þessari hlið. Tóftin er tvískipt og virðast hólfin jafnstór, 6,5 m á lengd og 1,5-2 m á breidd. Þau snúa bæði norðaustur-suðvestur. Suðaustara hólfið er sýnu greinilegra en það norðvestara en veggur sem skilur á milli hólfa er allur hruninn. Sá veggur er styttri en hólfin og er því allbreitt op (2,5 m) á milli hólfa. Suðvestast á suðausturvegg sést í jarðlægt grjót og virðist hafa komist rof þar í vegginn sem hefur gróið aftur. Hleðsluhæð er víða 0,3 m en allt að 0,4 m. Ekki sjást skýr ummerki um hlöðu eða heystæði við tóftina. Byggt á útliti tóftar og staðsetningar hennar innan túns kemur helst til greina að hún sé af fjárhúsum.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-179:031** varða óþekkt hlutverk

364435 542285

Varða er uppi á Þverfelli, 560 m norðaustan við bæ 001. Hún sést frá leið 023 og er líklegt að hún hafi varðað leiðina. Önnur meint varða 027 er 290 m norðaustan við hana. Varðan er hlaðin á klöpp á svæði sem einkennist af klapparholtum og grónum lyngmóa inn á milli í lægðum og brekkum.

Varðan er stór og skófum vaxin. Grunnflötur hennar ferhyrndur og er um 1 m á kant. Varðan hallar til suðvesturs, niður af klöppinni sem hún er hlaðin á. Hún er 0,5 m á hæð þar sem hún er hæst og sjást 2-3 umför. Hrun er framan og neðan við vörðuna sem hefur skorðast á milli steina.

**Hættumat:** engin hætta



*Varða DA-179:031, horft til norðausturs.*

**DA-179:032** renna

364111 541854

Að minnsta kosti tveir handgrafnir skurðir veita vatni af Efríhjalla og um skarð í klettum suðvestast í honum niður á bak við bæjartóftina 001\_02. Efríhjalli er grasi gróinn og fremur flatlendur en suðvestast á honum er talsvert af ójöfnum og þýfi.

Skurðirnir eru á svæði sem er 21,5x10 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þeir eru mjóir og grunnir og hafa sigið saman. Austari skurðurinn sést fyrst 9 m suðvestan við tóft 030 og liggur til suðvesturs þar sem hann sameinast stuttum skurði sem er á litlum stalli í hjallanum og liggur til SSA. Þar sem austari skurðurinn

liggur fram af barði rétt áður en komið er að klettum í hjallabrúninni hefur vatnsrennsli grafið skurðinn niður. Þar er gryfja sem er 1x1 m að innanmáli og 0,6-0,7 m djúp. Víðast eru skruðirnir 0,1 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt en eftir því sem neðar dregur verða þeir breiðari og dýpri. Neðsti hluti skurðar, neðan við kletta í hjallabrúninni, er 0,5 m breiður og 0,2 m djúpur.

**Hættumat:** engin hætta



*Renna DA-179:032, horft til suðurs.*

**DA-179:033** kantur túngarður  
Mjög skýr kantur er í talsverðum bratta, þvert á gamla túnið á milli eldra bæjarstæðis á Þverfelli 001 og yngra bæjarstæðis sem er niður við veg. Hefur þar að líkindum verið torfgarður og/eða hlaðið undir girðingu.

Heimatúnið á Þverfelli er grasi gróið og sléttað, í talsverðum halla til suðvesturs.

Kanturinn er um 60 m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er farinn að síga þar sem brattinn er mestur en er víðast um 1 m á hæð. Túnið hefur verið fært út til norðvesturs áður en túnakort frá 1918 var gert því þar eru mörk túnsins nokkuð lengra til norðvesturs en kanturinn.

**Hættumat:** engin hætta

364022 541841




*Túngarður DA-179:033, horft til suðausturs.*



## Minjakort 9

Bverfell - kort 1/3




### Skýringar


- |                    |                      |
|--------------------|----------------------|
| Mörk jarða (RALA)  | Torf- og grjóthlaðið |
| Mörk tús frá 1918  | Torfhlaðið           |
| <b>Fornleifar</b>  | Grjóthlaðið          |
| Skráðar fornleifar | Gata                 |
| Bæjarhóll          | Renna                |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD




Minjakort fyrir Bverfell DA-179. Fyrsta kort af þremur.



## Minjakort 10

Þverfell - kort 2/3

0 100 200 300 m




### Skýringar


- |  |                    |  |       |
|--|--------------------|--|-------|
|  | Mörk jarða (RALA)  |  | Gata  |
|  | Mörk túns frá 1918 |  | Vegur |
|  | Skráðar fornleifar |  | Renna |
|  | Bæjarhóll          |  | Náma  |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



Minjakort fyrir Þverfell DA-179. Annað kort af þremur.



## Minjakort 11

Þverfell - kort 3/3

0 100 200 300 m



### Skýringar

□ Mörk jarða (RALA)


### Fornleifar

• Skráðar fornleifar

--- Náma



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



Minjakort fyrir Þverfell DA-179. Þriðja kort af þremur.



## DA-180 Staðarhóll

### *Sögulegt yfirlit*

Jörðin er einnig nefnd Hóll, sjá t.d. Kirknaskrá Páls frá því um 1200. DI XII, 12.

Líklegast er að jarðirnar Staðarhóll og Saurhóll hafa upphaflega verið nefndir Hóll (undir Hóli eða að Hóli). og hefur verið umdeilt við hvorn bæinn er átt í sumum af elstu heimildum þar sem einfaldlega er vísað í Hól.

Gerðum Landnámu ber ekki saman um landnám í Staðarhólsdal. Í Landnámu (Sturlubók) segir: "[...]. Þeira son [Þjóðreks og Arngerði], var Víga-Sturla, er bæinn reisti á Staðarhól [...]" ÍF I, 159; sjá einnig Eyrbyggja saga ÍF IV, 158. Í Melabók segir „Þjóðrekr son [Slétt]u-Bjarnar ok Þuríðar [Steinólfsdóttur, Ingi]aldssonar hins hvíta, kom ungr til Íslands ok nam Saurbæ allan á [mi]lli Tjaldar[ness ok] Múlafells ok bjó undir Hóli. Hans son var Sturla ok....Son Sturlu var Þórðr faðir Þórríðar.“

Í Laxdælu segir: "Vestr í Saurbæ heitir bær á Hóli; þar bjuggu mágar þrír [Þorkell hvelpr, Knútur og Þórðr Ingunnarson]." ÍF V, 87-97; sjá einnig 95, 148, 149.

**um 1117:** Í Þorgilssögu ok Hafliða segir: "Í þennan tíma bjó Þorgils Oddason á Staðarhóli í Saurbæ." Sturl. I, 13; sjá einnig Sturl. I, 14, 156, 20, 22, 23, 27, 30, 31, 37, 68, 70, 71, 74, 76, 78, 79, 84-86, 89, 103, 131, 133, 231-232, 310, 317, 318, 348, 363, 373, 383, 448-451, 455, 470, 472, 477, 478, 480, 524; Sturl. II, 7, 68, 84, 126, 128, 207, 208, 227, 230, 236, 288.

**um 1185:** Í Íslendinga sögu kemur fram að Akureyjar (DA-169) séu undirsettar heimajörð. Sturl. I, 230.

**um 1197:** Í Íslendinga sögu segir: "Hann [Sighvatur Sturluson] tók fyrst Galtardalstungu [DA-129] ok seldi hana ok keypti Staðarhól hálfan. Síðan seldi hann Staðarhól til lausafjár ok hafði þat fé á vöxtum, áðr hann gerði búit." Sturl. I, 234.

**1241:** Deilur og málaferli Sturlu Þórðarssonar og Órækju Snorrasonar um heimildir á Staðarhólslandi. (Sturl. I, 448-450).

**Á 13. öld** bjó Sturla Þórðarson sagnaritari á Staðarhóli, líklega um þriggja áratuga skeið. Sturlunga saga I-II. **c. 1289.** Í Árna sögu segir: "Á Staðarhóli settiz ok Þorgrímr af stað ok Tómas Snartarson [...]." ÍF XVII, 194.

**1417:** "Samningr og sáttagerð þeirra Árna Skálholtsbiskup, Lopts bónda Guttormssonar og Halls Ólassonar, og kvittaði Loptr Hall um meðferð á peningum Ingibjargar Pálsdóttur konu sinnar, er hann hafði haft umboð á þeim, en Árni biskup lauk fyrir Hall hundrað hundraða, og var þar í jörðin Staðarhóll [jörðin metin á 60 hdr.]." DI IV, 251-252.

**1430:** 20. apríl: "Gjafabréf Lopts Guttormssonar til konu sinna og Kristínar Oddsdóttir, Orms, Skúla og Sumarliða [...]. Jn primis jordina Stadarhol i Saurbæ Lx að dyrleika [...] skipa eg og gief þessi þriu hundrud hundrada ormi frænda [...]. Item skipe ec ormi. Skula of Sumarlida ad halda omaga æfinglega. sierhverium þeirra af Skardzveriaett a Stadarholi [...]." DI IV, 405-406.

**1471:** "Solveig Þorleifsdóttir gefr Lopti Ormssyni syni sínum, sig og sina peninga í vald, og skyldi Loptr af hennar peningum gera það, er hann vildi, en Solveig hvorki af þeim mega selja né gefa, nema með hans ráði og samþykki [...], en fráskilr Staðarhól [...]." DI V, 624-625.

**1479:** "Solveig Þorleifsdóttir selr Jóni Sigmundssyni syni sínum jörðina Staðarhól í Saurbæ fyrir jörðina Flatatungu [sennilega SK-220], er Jón hafði fyrrum fengið af móður sinni fyrir Bjarg í Miðfirði [HV-055]." DI VI, 187-188.

**1479:** "Dómr tólf manna, utnefndr af Þorleifi Björnsyni hirðstjóra fyrir norðan og vestan á Íslandi, um ættleiðing Lopts heitins Ormssonar, er hann ættleiddi Stephán son sinn (1474), og dæma þeir ættleiðingu löglega." DI VI, 196-198.

**1479:** "Staðarhólsdomur Þorleifs hirðstjóra Björnssonar um gjafir og skuldir Solveigar heitinnar Þorleifsdóttur." DI VI, 199-202.

**1481:** "Oddr Pétursson vottar um handaband þeirra Sveins Péturssonar, er þá var biskup í Skálholti, og Lopts Ormssonar, að Loptr gaf kirkjunni á Staðarhóli jörðina Munaðarnes a Ströndum [ST-020]." DI VI, 350.


**1481:** "Bréf Gauta erkibiskups í Niðarósi, þar sem hann skipar Ólafi biskupi á Hólum að dæma með tvennum tylftum milli þeirra Magnúsar biskups í Skálholti og Þorleifs hirðstjóra Björnssonar um það, hvort gild skuli eða eigi gjöf sú, er Loptr heitinn Ormsson gaf jörðina Staðarhól í Saurbæ, undir kirkjunni, en fái þeir eigi yfirtekið með endilegum dómi, þá stefni Ólafi biskup málinu fyrir erkibiskup." DI VI, 407-408.



## DA-180 Staðarhóll

### Skýringar

— Útlínur túnakorts frá 1918	■ Steypt
<b>Fornleifar</b>	■ Torfhlaðið
• Skráðar fornleifar	--- Gata
□ Bæjarhóll	— Kantur
□ Púst	



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD

*Túnakort Staðarhóls DA-180*

**1482:** "Vitnisburðarbréf Sigurðar Daðasonar, að Loptr Ormsson hefði gefið guði og sankti Pétri jörðina Staðarhól, svo framt sem hann ætti ekki skilgetin börn eða arfleiddi ekki þau börn, sem hann ætti við Steinunni, en ekki framar." DI VI, 221; sjá einnig DI VI, 222.

**1484:** "Gaut erkibiskup í Niðarósi staðfestir tvenna dóma Magnúsar biskups í Skálholti um Staðarhól í Saurbær, að hann skuli eign heilagrar kirkju." DI VI, 518-519.

**1486:** "Úrskurður Magnúsar (Eyjólfssonar) biskups í Skálholti um tollagjalds af útróðrarmönnum í Bjarneyjum á Breiðafirði [BA-086] til Staðarhólskirkju í Saurbæ." DI VI, 560-562.

**1492:** "Dómur Jons Eiríkssonar huort honum væri leigujord sijn heimili [...] á Stadarholi Saurbæ á þingstað

riettum [...]." DI VII, 101-104.

**1495:** "Vitnisburðr, að Loptr heitinu Ormsson hafi gefið jungfrú Marie og sancte Pétri jörðina Staðarhól." DI VII, 284.

**1497:** "Dómr útnefndur af Torfa bónda Jónssyni, kongs umboðsmanni milli Gilsfjarðar og Skraumu, um tilkall Björns Guðnasonar til arfs eptir Solveigu Björnsdóttur." DI VII, 347-349.

**1510:** "Vitnisburður um gjöf Loptis Ormssonar á jörðunni Munaðarnesi á Ströndum [ST-020] til kirkjunnar á Staðarhóli í Saurbæ." DI VIII, 315.

**1512:** "Dómr utnefndr af Birni bónda Þorleifssyni og Ögmundi Tyringssyni - og samþykkt af Olafi bónda Guðmundssyni kongs umboðsmanni milli Gilsfjarðar og Gljúfrar - um ákærur nefnds Björns til greinds Ögmundur útaf arfi eptir Petr Jónsson bróður Sigríðar konu Ögmundar, en Björn reiknaði Páli Jónssyni mági (teingdaföður) sínum arfinn eptir Pétr Jónsson bróðurson sinn." DI VIII, 380-382.

**1513:** "Árni Helgason selr Hallvarði Eiríkssyni jörðina Sólheim í Laxárdal í Dölum [DA-082] með tilgreindum landamerkjum [...]. [J] kirkiugardinum a Stadarholi i Saurbæ. vorum vier i hia. sunnudagin næsta effter fardagaviku. og saum ä. og heyrðum ord og handaband þessara manna [...]." DI VIII, 455-456.

**1515:** "Dómr útnefndr af Birni bónda Þorleifssyni og Ögmundi Tyrifingssyni - og samþykktur af Ólafi bónda Guðmundssyni kongs umboðsmanni milli Gilsfjarðar og Gljúfrar - eptir Pétr Jónsson bróður Sigríðar konu Ögmundar, en Björn reiknaði Páli Jónsson mági (teingdaföður) sínum arfinn eptir Pétr Jónsson bróðurson sinn." DI IX, 62-64.

**1519:** "Vitnisburðabréf, að Loptr Ormsson hafi gefið guði og sancti Pétri garðinn Staðarhól í Saurbæ til æfinlegrar eignar." DI VIII, 678; sjá einnig DI VI III, 691-692.

**1524:** "Ágrip af kaupbréfi Ögmundar biskups og Thomasar bónda Oddssonar um Staðarhól og Gilsfjarðarmúla [BA-002]." DI XI, 90.

**1530:** "Dómr sex klerka og sex leikmanna, útnefndr af Ögmundi biskupi í Skálholti um innistæðu og reikningsskap kirkjunnar á Mýrum í Dýrafirði, er Þorleifi Grímssyni eignarmanni kirkjunnar bar fyrir að svara." DI IX, 550-551.

**1539:** "Steinun jonzdóttur afhentj pauli heitnum jonssyni (bróður sijnum) er þetta king maiestetz bref sem fyrr skrifad stendur oc þa gaf (minn langafi) pietur loptsson gardin stadarhol dottr sinni steinuni jonzdótt [minni saligu modur] [...] oc vi selldi greind steinun heitin þennan gard Stadarhol [...] pauli jonssyni fyrir lx að dýrleika [...]." DI X, 477; sjá einnig DI XIII, 200-201.

**1546:** "Tylftardómr klerka, utnefndr af Jóni biskupi á Hólum, um að Staðarhól í Saurbæ skuli vera réttilega eign Teits Björnssonar." DI XI, 484-466.

**1546:** "Þorleifr lögmaðr Pálsson úrskurðar Staðarhól í Saurbæ vera og verið hafa æfinlega eign og beneficium Skálholtsdómkirkju." DI XI, 496-499.

**1547:** "Vitnisburðr um Staðarhól og viðskipti þeirra síra Haldórs Tyrifingssonar og Pétr Loptssonar." DI XI, 572.

**1554:** "Konungsdómr og ríkisráðs úrskurðar jörðina Staðarhól vera rétta eign niðja Loptis Ormssonar, þ.e. Páls Jónssonar, er sókti málið gegn Árna Oddssyni í umboði Marteins byskups Einarssonar fyrir hönd Skálholtsstólls." DI XII, 672-674.

**1557:** "Konungr býðr Knúti hirðstjóra Steinssyni að láta ganga dóm á næsta alþingi um tilkall Páls Jónssonar til Staðarhóls og kröfur hans til Daða Guðmundssonar." DI XIII, 180-181.

**1557:** "Um Staðarhól mille Páls Jonssonar og Dada Guðmundzsonar." DI XIII, 211-213.

**1558:** "Kærur Páls Jónssonar á Staðarhóli á hendr Daða Guðmundssonar í Snókdsdal (í tvenns konar gerð)." DI XIII, 371-378.

**1686:** Jarðardýrleiki óviss, bændaeign. The Old Icelandic Land Registers, 185.

**1695:** 120 hdr., bændaeign. The Old Icelandic Land Registers, 185.

**1704:** 100 hdr., bændaeign og kirkjustaður. JÁM VI, 160. Á sama stað segir: "kirkjan [Staðarhólskirkja DA-180:002] á í heimalandi Lx c."

**1731:** 60 hdr., bændaeign. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 20. Á sama stað segir: "[...] Med öllum tilliggjande Afbylum Enn sialfur Heimastadurenn reiknast xxx [30] c."

**1847:** 30 hdr., beneficium. JJ, 171. Í neðanmálsgrein segir: "A.M. Einn segir torfuna alla hundraða hundraða að dýrleika, og 60 h. þar af eign kirkjunnar, en 1760 og seinna er hún aðeins talin 60 h. að dýrleika. 1805 eru eyðihjáleigurnar Eyjarvöllur [DA-180:026] og Hólshús [DA-180:027] taldar með heimajörðunni."

#### *Landgæði*


1918: Stærð alls túns 2,7 ha (hús o. fl. 0,2 ha, ræktað tún 2,5 ha; þar af 0,4 ha slétt). Matjurtagarðar 259 m<sup>2</sup>.

1704: "Útheyskapur víðlendur. Silúngsveiði má vera að nokkru gagni þegar til vill. Túnið er votlent,


ógrasgefið, ilt að vinna og lítið, og spillist jafnlega af vatni, sem jetur úr grasrótina. Engjum spillir áin sumstaðar, sem ber á þær sand og grjótt og brýtur árlega sumstaðar nokkuð af þeim; liggja jafnlega undir átroðningi af annarra manna peningi. Hagar heima, eru mjög þrönglendir, so peningur gengur þar fyrir jafnlega í engjar. Jörðin á frádeilt land, kallað Tradardalur, með þar nálægt liggjandi, sem þó reiknast heimaland. Selstaða, sem þar í er, er þrönglendar heldur en jarðarinnar peningi kunni að ánægja. Hagar þar spillast jafnlega af skriðum og blása upp. Eldiviðartak ekkert. Torfrista og stúnga hverttveggja slæmt og ilt til að flytja. Reidingsrista engin, og þarf til að kaupa. Heyflutningur lágur. Vatnsból slæmt og þrýtur stundum. Hættur miklar víða af dýjum og lækjum, jafnvel í sjálfu túninu, so oftlega kann að verða að skaða. Stórviðrasamt, hætt fyrir hús og hey. Vegur heim til bæjarins er so nær alt um kring ófær yfir að komast, so brúa verður með stórkostlegu fyrirhöfn. Snjósam og svellasamt oftlega á vetrardag. Húsabygging endist illa vegna veðra og votsamrar jarðar." JÁM VI, 160-161.

1731: "Koster. Utheyes Slægiur nægegar Nær og fær. Selstada göd þar sem heiter Tradardalur. Torfrista stunga og Reidings Rista ij Medallage. Siliungsveidie göd til forna, nu ad mestu af. Besta utgangsjörd ä vetur fire hross og hesta. Ökoster. Jördenn öll hefur minna land en Sambydur hennar Dyrleika. Heimastadurenn hefur slæmt tún og Votsamt, so ad þci næst ä Helminge þess verður eche Hey þurkad, Item Sundursporad og Skiemt ad umm Reidarmönnum þar umm [...], Skada giörer oft tune og eingium Stadarholzä med synu Ahlaupe, og þar med fjlgjander Sande og leyr. Selstada er þar laung og erfid. Sniöasamt og vetrarþunt. Hætt fyrir Dyumm og grófumm bæde heima og ij Sellandenu. Hagbeit er þar Sumar og Vetur liett og lagleg, ij Heimahögumm, og Slæmt under bu fyrir Mäl nitu." Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 21.

Samkvæmt Fasteignamati 1918 var túnið talið um 2 ha að stærð og fjórðungur þess sléttur. Það var talið í góðri rækt og grasgefið. Útengi jarðarinnar var sagt grasgefið og þurrlegt og veitt á nokkuð af því og jörðin sögð vellöguð til áveitu. Beitoland jarðarinnar sagt gott til sumarþeir fyrir allar skepnur, þrönglegt og vorgott. Upprekstrarland jarðarinnar er sagt nægilegt og sömuleiðis mótak og torfrista er sögð góð sem og byggingarefni. Ókostir jarðarinnar er helst taldir þeir að hún sé snjóþung og smalamennska sé þar erfid en jörðin henti einnig illa til túnbóta. Þar er ágangur af fénaði nágrannajarðanna einnig talinn nokkur. Jörðin er þá talin geta framfleytt um 250 sauðfjár, 2 kúm og 11 hrossum með 6 manna afla. FDA II, 94-95.



Bæjarhóll Staðarhóls DA-180:001. Ljósmyndir teknar á árabílinu 1940-1965, í eigu Kristjóns Sigurðssonar, ljósmyndari Þorsteinn Jósefsson, myndirnar eru aðgengilegar í Sarpi <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1384472>.



Bæjarhóll Staðarhóls DA-180:001.

Staðarhóls er getið í Landnámu og ýmsum fornsögum (sjá nánar sögulegt yfirlit). Í Þorgils sögu skarðar er þess getið að hann hafi látið reisa skála góðan á Staðarhóli og átti hann enn að standa þegar Sturla Þórðarson tók við staðnum meira en 100 árum síðar. Sturl. II, 37-38. Á túnakorti frá 1918 er bærinn merktur sem tímberhús með áföstu fjósi að austanverðu. "[U]ndir Fellshlíðinni stendur íbúðarhúsið á háum ummálgóðum hól á heimatúni, rétt suðvestan við þar sem gamli bærinn stóð," segir í örnefnaskrá. Síðasta íbúðarhúsið stendur á hól sem er á flatlendinu vestanundir austurhlíð Staðarhólsdals. Hóllinn er mjög kúptur og áberandi, allt að 10 m hár, afgangur frá norðri til suðurs. Á norðurhlutanum er kirkjugarður 002 en um miðbik hólsins stendur íbúðarhúsið sem talið er frá 1943. Sunnan við það sjást tóftaleifar uppi á hólnum. Á túnakorti frá 1918 sést að fjósið var sambyggt bænum að austanverðu og er það hér skráð með honum.

Hóllinn er allur grasi vaxinn, jafn brattur og hár á alla kanta. Heimreið, malarvegur, liggur upp á hann úr vestri og svo niður austan megin og virðist þar upphlaðinn. 3-4 m norðan við íbúðarhúsið stendur klöpp upp úr hólnum og sést á því að hann er að stórum hluta náttúrulegur. Mikill skurður liggur frá austri

til vesturs neðan við sunnanverðan hólinn og hefur hugsanlega verið grafinn gegnum einhverjar mannvistarleifar.

Alls er hóllinn rúmlega 100 x 80 m að stærð frá norðri til suðurs að kirkjugarði meðtöldum en ljóst að hann er að stórum hluta náttúrulegur. Ekki er kjallari undir íbúðarhúsinu sem stendur rétt sunnan við miðjan hól en steypur sökkull og gæti verið malarfylling umhverfis hann. Líklegt er að eiginlegur bæjarhóll sé einkum á suðurhluta hólsins, enda tekur kirkjugarðurinn yfir nánast allan nyrðri helminginn. Suðurbrún hólsins er snarbrött og gríðarlega jöfn og bein, líkt og hún hafi verið löguð til. Þar mótast mjög óljóst fyrir kanti eða signum garði, líkt og gæti hafa verið hleðsla á brún, um 2 m breið og alveg jarðlæg.




*Bæjarhóll Staðarhóls DA-180:001.*

Austan við miðja brún hólsins er smárof og sést í því mikið af móösku og brenndum kolum. Almennt séð er hóllinn meira afliðandi til austurs en á öðrum hliðum. Á hólnum stendur steinsteyppt íbúðarhús sem byggt var árið 1943 og síðast var búið í því árið 1972 samkvæmt Eyðibýlum á Íslandi. Samkvæmt Fasteignamati frá 1918 stóð þá eldhús og frambær (6.3 x 3.8 m) úr torfi í brúkanlegu standi á jörðinni en einnig íbúðarhús úr timbri (10.7 x 3.8 x 3.5 m), timburskúr við hlið þess (10.7 x 2.5 x 2.2 m) og endaskúr (2 x 3.8 x 2 m) að hluta úr timbri en hlið úr torfi en öll þessi hús voru undir jarnþaki. og járn á suðurhlið en aðrar hliðar voru klæddar pappa. Timburhúsið hefur þá líklega vikið 1942 þegar steinsteyppta húsið var byggt. Á ljósmynd eftir Þorstein Jósefsson sem varðveitt er á Þjóðminjasafni og hægt er að skoða í Sarpi má sjá nýbyggt steinsteyppt hús og eldri hús á milli þess og kirkjugarðs 002. Ekki sést glögglega hvort eldra húsið er úr timbri eða einungis torfi og grjóti en það hefur tilheyrt eldri bæjarhúsum á bæjarhólnum. Á hólnum eru tóftaleifar syðst (sjá 001\_02), hleðsla og möguleg gata suðaustast (sjá 001\_03) og hugsanlegur öskuhaugur (001\_04).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Sturl. II, 167; Túnakort 1918; Ö-Staðarhóll, 1; FDA II, 94, Eyðibýli á Íslandi 3, 22; <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1384472>



Bæjarhóll Staðarhóls DA-180:001\_02. Á ljósmynd er horft yfir svæðið, til suðurs.

Tóftaleifar sjást fast sunnan við íbúðarhúsið - leifar veggja úr torfi og líklega grjóti. Hugsanlegt er að á þessum stað megi greina leifar eldri bæjarhúsa en vel er þó hugsanlegt að ummerkin gætu verið eftir útihús. Veggjaleifarnar mynda ekki afgerandi heild en sjást á svæði sem er alls um 15 x 15 m stórt. Greina má allt að 3-4 möguleg hólf en erfitt er að ráða nokkuð í afstöðu eða samhengi, enda leifarnar fremur ógreinilegar, hálfútmáðar og rísa lágt yfir yfirborð (0,3 m).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180:001\_03** gata leið

364112 543315


Í suðausturhorn bæjarhólsins liggur líkt og skora skáhallt upp í hann, gæti hafa verið gata en þá allbrött. Hún liggur í sneiðing fyrst til norðausturs og svo upp til norðvesturs, markast ansi djúpt í hólinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180:001\_04** öskuhaugur

364131 543334

Þar sem tekur að halla niður frá hólnum til austurs, um miðbikið, er iðagræn bunga, rúmir 10 m í þvermál, sem sker sig nokkuð úr þar sem hún rís um 0,4 m yfir yfirborð og gæti mögulega verið öskuhaugur. Skammt vestan við bunguna stóð fjósið samkvæmt túnakorti frá 1918 (sjá 001\_01) og er hugsanlegt að bungan sé



Öskuhaugur á bæjarhól Staðarhóls DA-180:001\_04. Á ljósmynd er horft yfir til austurs.


einungis yfirgróinn fjóshaugur. Í gegnum hana liggur skurður sem nú er uppgróinn en hefur sýnilega verið grafinn í gegnum hana. Hann liggur í átt að Staðarhólsbænum og gæti verið fráveituskurður frá 20. öld. Hann er greinilegur á allt að 25-30 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180:001\_05** hleðsla óþekkt hlutverk

364113 543306

Meðfram götu 03 að austanverðu er hleðsla sem liggur til suðurs niður brattann um 12-13 m og sveigir síðan til austurs við hólræturnar um 90° eina 4-5 m til viðbótar. Hún er L-laga, algróin og mest um 0,4 m breið. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún hefur gegnt.



*Hleðsla DA-180:001\_05*

**DA-180:002** kirkjugarður kirkja

364111 543373

Á túnakorti frá 1918 er kirkjugarður teiknaður rúmum 30 m norðan við bæ 001. "Á Staðarhól, rétt norðan við bæinn [001], er gamli kirkjugarðurinn, nálægt því í honum miðjum stóð Péturskirkja fram til ársins [áartal ekki skrifað], er hún var flutt til Kirkjuhvols [sjá 003], sem nú er kallað (áður kallaður Skallhóll eða Skollhóll [sjá 031] [...]. Kirkjuhvoll stendur í Staðarhólsodda," segir í ornefnaskrá. "Mannvirki, sem aðrir eiga að mestu eru þessi: [...] 7. Kirkjugarður úr torfi, hruninn að mestu [...]. Á jörðinni er kirkjugarður forn, notaður fyrir mestalla sóknina," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Péturskirkja; Staðarhóll í Saurbæjarhreppi. c. 1118: "Nú er það sagt, at lík Ólafs [Hildarsonar] var heim flutt ok tjaldat yfir í kirkjugarði." Þorgils saga ok Hafliða. Sturl. I, 30. c. 1200: Kirkjunnar er getið í Kirknaskrá Páls. DI XII, 12.

1224: "Groftr skal til Staðarhóls [frá Tjaldanesi, DA-172] ok sva kirkia. ef eigi er heimilis prestur [...]." DI I, 466 [Tjaldaness].

1354: "[...] þangad liggia xiiij bæir ad tijnndum oc lysitollum. þar skulu vera prestar ij heimilisfastir." DI III, 79-80.

1394: "Peturskirkia ä Stadarhole ä heimaland hälfft og Þverdal [DA-176] allan [...]." DI III, 774.

1397: "[...] a heimaland halft og þverdal [DA-176] allann [og reka] Þangad liggia xiiij bæer ad tiundumm oc lysitollumm. Þar skulu vera ij prestar heimilisfaster. eigur kirkiann ad auk þess sem ädur seiger [fénað] oc halfar Biarneyar [BA-086] gaf. er Þetta jnnstæda og oreiknud portio ecclesie." DI IV, 155-156.

[eftir 1397]: "[...] luktte Þorbiorg Ormsdotter kirkiunni Biarnastadi [DA-175] firir xlc. og Kvenngriot [DA-174] firir xvj c. og Biarneyar [BA-086] halfar firir xx c. og ad auk hier med xvj kugilldi." DI IV, 156.

01.10.1467: "Skal þingaprestur sa sem aa stadarhole er syngia [í Stórholt, DA-197] annan hvern dag helgan." DI V, 493-494.

21.04.1480: "Vitnisburður um að Loptr Ormsson hafi gefið kirkjunni jörðina Munaðarnes [ST-020] á Ströndum." DI VI, 350.

30.04.1481: Jörðin Þverfell í Saurbæ [DA-176] er í Staðarhólskirkjusókn. DI VI, 351.

22.08.1481: "Jörðin Hvammsdalur [DA-177] [...] liggur j saurbæ j stadarhóls kirkiu sokn." DI VI, 394; sjá einnig DI VII, 126.

27.09.1481: "Bréf Gauts erkibiskups þar sem hann skipar Ólafi Hólabiskupi að dæma með tveimur tylftum manna milli Magnúsar Skálholtsbiskups og Þorleifs Björnssonar hirðstjóra um hvort gild sé gjöf sú er Loptr heitinn Ormsson gaf jörðina Staðarhól undir kirkjuna, en geti þeir ekki dæmt þá skuli Ólafur stefna málinu fyrir erkibiskup." DI VI, 407-408.

04.01.1482: "Vitnisburður um að Loptr Ormsson hafi gefið jörðina Staðarhól Guði og sankti Pétri svo framt sem hann ætti ekki skilgetin börn eða arfleiddi ekki þau börn sem hann ætti við Steinunni." DI VI, 421.

05.01.1482: "Vitnisburður um að Loptr Ormsson lýsti því að hann gæfi Staðarhól til beneficium frekar en annað sitt höfuðból, því hann vildi ekki að Solveig móðir sín nyti eða hennar börn þau er hún ætti við síra Sigmundi." DI VI, 422.



16.04.1483: "Grænsey og Skarðseyjar tvær liggja [...] j stadarhols kirkiv sokn." DI VI, 478.

06.07.1484: "Erkibiskup Gautr staðfestir tvenna dóma Magnúsar biskups um að Staðarhóll skuli eign heilagrar kirkju." DI VI, 518-519.

05.03.1486: "Úrskurður Magnúsar biskups um tollagjald af útróðrarmönnum í Bjarneyjum [BA-086] á Breiðafirði til Staðarhólskirkju að það skuli goldið sem fyrr eins og máldagi kirkjunnar útvísar." DI VI, 560-562.

27.02.1492: "Vitnisburður um að sira Olafur Oddzson heimiladi Jone Eirikssyne með orðum jordina Þuerdal [DA-176] til abudar hid næsta ar vpp fra fardaugum er var j vor og beit j Jord sijna j Stadarhols jord j millum miclagardz [DA-183] og kleijfa [DA-199] og einngiar sem han þurfti j Stadarholmsodda fyrir nedan heygard [...] og um að fyrri landseti hefði í fardögum 1491 afhent Jóni þau kugilldi sem sira Olafur Oddzson hafði bygt Jone [...] [en Jón hafði einnig um haustið 1491] tekid I fodur [...] ij laumb af síra Olafi Oddzsyni. Enn sira Marcus radzmadur hans afhenti [Jóni] þau vppi þa landzskylld sem hann atti að giallda vppi jordina Þuerdal. og sijra Olafur skjildi sier þessi tuo lambafodur af Jone Eirikssyne þa hann heimiladi honum [...]. Þuerdal." DI VII, 102-103.

[eftir 1495]: "Stadarholl. Peturzkirkia a stadarholi a heimaland allt og þuerdal [DA-176] allann. biarnnarstadi [DA-175]. kuenngriot [DA-174]. krossfiardarnes [BA-005]. biarnneyiar [BA-086] allar. oc halfa vætt fiska af hueriu skipi oc manni sem vt rer j biarnneyium oc skal gollidid fyrir jonzmessu baptista. þar j eyunum kirkjunnar vmbodzmanni, jtem ä kirkian fiogra manna oc xx jferd j saurbæiar fiuru. fiordung j hulareka oc vidreka milli merkialækia oc hellu þeirrar sem nordur er frá sandvijk. oc alldreij fiarar fyrir. hálffann hualreka með eyri j jnggolfsfirdi [ST-021]. þangad liggia xii bæir af tjunndum oc lysitollum. þar skulu vera ij prestar heimilisfastir. þridiung j vidreka j bitru milli kirkiulækia oc hundzvorduness. oc osttoll af ollum bæium sem til stadarholzkirkiu liggia. oc giora huortt sem kirkiv bonndi vill að reka heim. eda tueggia mäla smior [...]." DI VII, 288-289.

1495: "Vitnisburður um að Loptr heitinn Ormsson hefði gefið Maríu og Pétri Staðarhól en þó ekki frammar en svo að hann ætti ekki skilgetin börn eða arfleiddi þau er hann ætti við Steinunni Gunnarsdóttur." DI VII, 284.

1495: "[...] a biskupinn at heimta [...] hia gudmundi bonda andresyni hundrads hestur oc xij fiordungar smiors j haust oc a at flytia til stadarhols oc asaudar kugilldi [...]." DI VII, 284-285.

02.05.1496: "Jörðin Holt [DA-196/197] er í Staðarhólskirkjusókn." DI VII, 294.

07.03.1504: "Vitnisburður um að Loftur Ormsson hafi gefið Staðarhól guði, jómfú Maríu og sankti Pétri." DI VII, 678.

07.11.1507: "Vitnisburður um að Loptr heitinn Ormsson hefði aldrei gefið Staðarhól frammar til beneficium en hann ætti ekki skilgetin börn eða arfleiddi ekki þau börn, er hann ætti við Steinunni (Gunnarsdóttur)." DI VIII, 167.

30.08.1508: "Vitnisburður um gjöf Lofts Ormssonar á Munadarnesi á Ströndum [ST-020] til Staðarhólskirkju." DI VIII, 229-300; sjá einnig DI VIII, 315.

27.06.1511: Akureyjar [DA-169] eru í Staðarhólskirkjusókn. DI VIII, 355.

17.02.1519: "Vitnisburður um að Loftur Ormsson gaf Guði og sankti Pétri garðinn Staðarhól." DI VIII, 678.

07.05.1520: Neðri Múli [DA-185] liggur í Staðarhólskirkjusókn. DI XI, 79.

1524: "Thomas Oddsson selldi Biskup Augmunde Stadarhól fyrir xxxiiijc. i kirkiureikning. og þar til jordena Gilsfiardarmula [BA-002] fyrir xxxc með vj kugilldum. Það (giórdist) a Stadarhole Anno 1524." DI XI, 90.

02.10.1524: Ytri Fagradalur í Saurbæ [DA-168] er í Staðarhólskirkjusókn. DI IX, 246.

18.05.1547: "Staðarafhending er séra Þórður Olafsson fór frá en séra Björn Jónsson tók við [...] [mal]dage eller Register formelldendis. Thuerdal [DA-176]. Biarnerstader [DA-175]. Kuengriot [DA-174]. Krogsfiardernes [BA-005]. Kroksfiardereyer. Galter[ey]. Treisey. Lijney. Biarneyer [BA-086] meth fem eyer. och en halff vett tholld aff huer fiskemand och skib som der er thill sos. de[sse] vrag. half hualvrag meth Öre udi Jngolffsfiord [...]." DI XI, 547-548.

1575: "[...] ä heimaland hälff og Thuerdal [DA-176] allann [+hualreka, viðreka] Biarneyiar [BA-086] [...] Biarnastade [DA-175] fyrir. xLc. [...] Kuengriot [DA-174]. xvjc. Thuerdal. Krokzfiardarnes [BA-005] með öllum Eyium [...] Holl thann sem sijra Thordur galltt i stadarfall [...] Galltarey með them eyium thar með fylgia fyrir xvjc. Munadarnes [ST-020] i Arneskirkjusokn." DI XV, 592.


[um 1600]: "Til merkis og opinbera saninda hier vm þann tylftardom sem mijn saliga moder Steinun jonzdatter afhentj pauli heitnum jonssyni brodur sijnum er þetta kong maiestetz bref [sjá 13.9.1539 - DI X, 476-77] sem fyrr skrifad stendur oc þaa gaf minn langafi pietur loptsson gardin stadarhol dottr dottr sinni steinuni jonzdatter minni saligu modur huerium hon naadi eckj ad hallda fyrir ofrike skalholltzmannna oc því

selldi greind steinun heitin þennan gard starhol brodur sijnum pauli jonssyni fyrir lxc j jordum. huer lxc j jordum mijn saliga moder feck mier. oc þennan gard starhol helldur paall jonsson enn j dag oc feck kongzins vrskurd oc stadfestu þaa vpp aa nytt og var fyrrnefndur tylftardomr vpp aa arf pieturs loptssonar epter stephan loptsson brodur sinn af konginum giordur nytur og myndugur oc med fulla mact blifja huer kongzins urskurdur var af pauli jonssyni vpp lesinn hier aa alþingi þaa hann klaga uildi af skardzmonnum toll j biarneynuni [BA-086] sem margt ar hafdi skardz kirkia haft oc halldid." DI X, 477.

1704: Galtareyjar eru eign kirkjunnar að Staðarhól. JÁM VI, 130.

1705: Kirkjustaður. Þar er bóndakirkja. 100 c jörð, 50 c bóndaeign en 50 c eign kirkjunnar. Kverngrjót [DA-174], Bjarnastaðir [DA-175] og Þverdalur [DA-176] eru kirkjugarðir frá Staðarhólskirkju. JÁM VI, 155-157, 160-161.

1710: "Pétur Bjarnason að Tjaldanesi [DA-172] lét grafa upp úr kirkjugarði að Staðarhóli kerlingu dauða fyrir 7 árum, er heitið hafði Ingveldur og verið fóstura barna hans, og taka jaxla hennar og önnur höfuðbein konu sinni til lækninga, að því er hann sagði sjálfur." Annálar I, 494; sjá einnig Annálar III, 540.



*Kirkjugarður á bæjarhól Staðarhóls DA-180:002. Á ljósmynd er horft yfir til suðvesturs.*



*Tveir af þeim legsteinum í kirkjugarðinum á Staðarhóli sem enn eru greinilegir. Á ljósmynd til vinstri er horft niður en á ljósmynd til hægri til SSV.*

15.12.1826: Bænhús í Innra-Fagradal [DA-171] lagt niður og sóknin lögð til Staðarhóls. PP II, 168 [konungsbréf].

22.03.1890: Garpsdalsprestakalli steipt saman við Saurbæjarþing og heita síðan Staðarhólsþing. PP II, 168 [lög].

10.03.1896: "Staðarhóls- og Hvolskirkjur lagðar niður og sóknirnar sameinaðar í eina". PP, 168 [landshöfðingiabréf] Sú kirkja var reist á Skollhól (Kirkjuhvoli) og vígð 1. desember 1899. Kirkjugarðurinn er auðfundinn norðan við íbúðarhúsið á Staðarhóli, á norðurenda bæjarhóls 001 en bratt er niður af honum

til norðurs, austurs og vesturs. Hóllinn er fremur lítill um sig og af þeim sökum er engu líkara en kirkjugarðurinn, brúnir og leiði, teygi sig niður fyrir brúnir hans, einkum til austurs.

Kirkjugarðurinn er alls rúmlega 37 x 30 m stór frá austri til vesturs, heldur breiðari austan til sem líklega stafar af lögun hólsins sem hann er á. Hann er allur mjög þýfður og grösugur og rís hærra en yfirborð hólsins sunnar sem nemur 1-1,5 metra. Vel markar fyrir suðurbrún garðsins líkt og upphækkuðum stalli um 0,3 m háum en ekki er þó hægt að tala um eiginlega hleðslu, enda máð og sigrin. Þó markar fyrir grjóti á nokkrum stöðum. Að austanverðu er garður sem virðist torfhláðinn vel sýnilegur en á aðrar hliðar er ekki afgerandi garður þótt marki fyrir brúnnum. Tveir legsteinar eru sýnilegir innangarðs, annar norðarlega austan megin í garðinum (A) og hinn sunnarlega austan megin (B). Steinn A, beint austan við líklegt kirkjustæði, er yfir sr. Jóni Thorarensen sóknarpresti (látinn 1895) og Steinunni Jakobínu konu hans. Ekki eru greinileg ummerki um síðustu kirkjuna á staðnum en þó er þýft svæði beint vestan við leiði Jóns og Steinunnar sem virðist nokkuð raskað. Það er hér um bil um miðbik garðsins. Þar gægist stórgrýti upp úr sverði á svæði sem er um 9 x 5 m stórt frá austri til vesturs og vel mögulegt að þar séu leifar kirkjugrunns (C). Ekki er svæðið þó með skýra lögun. Þar vestan og suðvestan við er svæði (D) sem sker sig úr innan um þýfið í garðinum, enda mjög slétt, og mögulegt að þar hafi verið sléttað eða rutt út efsta lagi kirkjugarðsins. Alls er þetta svæði um 11 x 3 m á stærð frá norðri til suðurus. Mjög mörg leiði sjást í garðinum: Afgerandi þúfur sem eru um 2 m langar og liggja frá austri til vesturs. Slík leiði sjást um allan garð og sumstaðar í greinilegum röðum, til dæmis bæði suður og vestur af leiði Jóns og Steinunnar. Tvö tré hafa staðið að vestanverðu við suðurhlið, líklega birki, og sjást stofnarnir. Rof er í hólnum undir suðvesturhorni kirkjugarðs. Þar í sést mikið torf, líklega úr garðhleðslunni, og undir því gjóskulag að líkindum frá 1693, enda ekki mörgum fleirum til að dreifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 2; FDA II, 94; Sturl. I, 30; DI I, 466; DI XII, 12; DI III, 79-80, 774; DI IV, 155-156; DI V, 493-494; DI VI, 350, 351, 407-408, 421, 422, 518-519, 560-562; DI VII, 102-10, 126, 284-285, 288-289, 284, 294, 678; DI VIII, 167, 315, 355

**DA-180:003** *Skollhóll/Skallhóll/Melrakkahvoll* hús kirkja 364866 545677

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er Staðarhólskirkja merkt um 2,3 km norðan við bæ 001. "Á Staðarhól, rétt norðan við bæinn [001], er gamli kirkjugarðurinn, nálægt því í honum miðjum stóð Péturskirkja [002] fram til ársins [1898 - en ártal ekki skrifað í heimild], er hún var flutt til Kirkjuhvols, sem nú er kallað (áður kallaður Skallhóll eða Skollhóll [031][...]. Kirkjuhvoll stendur í Staðarhólsodda)," segir í örnefnaskrá. "Mannvirki, sem aðrir eiga að mestu eru þessi: [...] Kirkja á Skollhól, 9,4x6,3x3,2 m, ris 2 m, úr timbri, öll járnvarin, fúin stækkuð, bygð 1899," segir Í Fasteignamati Dalasýslu frá 1918.

10.03.1896: "Staðarhóls- og Hvolskirkjur lagðar niður og sóknirnar sameinaðar í eina með kirkju á Tjaldanesi [DA-172]. Sú kirkja var þó reist á Skollhól (Kirkjuhvoli) í Staðarhólslandi," segir í Prestatali og prófasta



*Yngri kirkja og kirkjugarður í Staðarhólslandi DA-180:003. A ljósmynd til vinstri er horft til ASA en til suðvesturs á mynd til hægri.*

[landshöfðingjabréf].

Í Kirkjum Íslands kemur fram að Torfi Bjarnason í Ólafsson hafi ráðið miklu um það að kirkjunni var valinn staður á þessum stað. Þar kemur eftirfarandi fram: "Lyktir þessa máls urðu þær að Jóakim Guðmundsson tók að sér að smíða kirkjuna á Staðarhóli og kostaði hún fullsmíðuð 5.070 krónur. Ekki verður ráðið af byggingarreikningi hver hafi teiknað kirkjuna eða komið að smíðinni með Jóakim." Í umfjölluninni er fjallað um margvíslegar viðgerðir og lagfæringar á kirkjunni og vísast til bókarinnar um þær. Árið 1979, á 80 ára afmæli kirkjunnar, voru gerðar talsverðar endurbætur á kirkjunni og umhverfi hennar en þeirra naut ekki lengi þar sem kirkjan fauk af grunni sínum og skemmdist mikið þann 17. febrúar 1981. "Varð það kirkjunni til happs að hún stöðvaðist á félagsheimilinu Tjarnarlundi sem stendur rétt norðan við kirkjuna." Var kirkjan mjög illa farin á þessum tíma og óljóst hvort endurbygging væri mögulegt en á almennum safnaðarfundum var ákveðið að ráðast í endurbætur og við þær var kirkjan lítillega færð frá fyrri staðsetningu, um tæplega legu sína til austurs. Var þá m.a. steypturn undir hana nýr grunnur, ný timburgólf, nýr turn og kirkjan klædd að utan með bárujárni. Kirkjan á Skollhól sem nú nefnist oftast Kirkjuhóll er á hólnum miðjum en kirkjugarðurinn nær yfir hólinn sunnanverðan.

Stendur á geysiháum, grasigrónum hól sem sést víða af í sveitinni. Vestan í hólnum er mikill trjágróður en enginn trjágróður er í sjálfum kirkjugarðinum.

Kirkjugarðurinn er 42 x 33 m að stærð. Hann er girtur með timburgirðingu (steypturn undir) að austan og austasta hluta norður og suðurveggjar. Kirkjugarðurinn var áður stakstaður frá kirkjunni og sunnan hennar. Það var svo löngu síðar sem sett var timburgirðing í kringum kirkjuna, það var gert eftir að hún var færð aftur á sinn stað eftir óveðrið 1981. Torfgarður markar af aðrar hliðar. Í raun mætti skipta kirkjugarði í þrennt. Austast er sem fyrr segir timburgirðing, Miðhluti garðs er girtur af með torfgarði en innribrún hennar er þar nokkuð óskýr. Vestasti hlutinn er einnig girtur torfgarði en þar eru báðar brúnir hans greinilegar þótt ytri brúnn sé mun skýrari alls staðar. Í garðinum sunnarlega er klukknaport úr timbri og steinlögð stétt að því. Garðurinn er 1,2 m á hæð (að utan) en að sunnanverðu er stallur í brekkunni um 1 m utan við hann. Kirkjugarðurinn er ósléttur. Fast vestan við hann er heilmikill trjágróður. Fyrst var grafið í garðinn um 1920. Kirkjan stendur allra nýrst í garðinum, við malarhlað sem er á milli garðsins og félagsheimilisins Tjarnarlundar. Hún er bárujárnsklædd timburkirkja og samkvæmt Sigurði í Fagradal var það Torfi Bjarnason í Ólafsdal samdi um timburkaup í Friðriksstað í Noregi 21. apríl 1898 fyrir fjögur hús í Saurbæ og var kirkjan þar á meðal (einnig verslunarhús kaupfélagsins í Salthólmavík og tvö hús í Ólafsdal). Upphaflega stóð hún á hlöðnum grunni en hún fauk af grunni sínum árið 1981 en var samkvæmt Sigurði Þórólfsyni var hún nánast óskemmd og var dregin í heilu lagi á steiptan grunn en hún hafði stoppast á félagsheimilinu þegar hún fauk. Samkvæmt Sigurði er kirkjan nú u.þ.b. 1-2 metrum austar en hún stóð áður. Í óveðrinu hafði turninn fokið af í heilu lagi og lenti út í mýri, var hann sóttur og settur á sinn stað. Samkvæmt Sigurði eru í kirkjunni eru minjar úr gömlu Staðarhólskirkjunni sem eru predikunarstóll frá 1738 og altarafla frá 1750, hvoru tveggja gefið kirkjunni af Bjarna "ríka" Péturssyni sem bjó tvívegis á Staðarhóli. Samkvæmt Sigurði er það rangt sem kemur fram í bókinni Kirkjur Íslands, að byrjað hafi verið að grafa í garðinum um leið og kirkjan var vígð og var það ekki fyrr en um 1920 en fyrsta útför sem gerð var frá hinni nýju Staðarhólskirkju á Kirkjuhól var útför kirkjusmiðsins sem samkvæmt Sigurði. Í bókinni Kirkjur Íslands er eftirfarandi lýsing á kirkjunni: "Staðarhólskirkja er timburkirkja, áttstrend að grunnformi, 11,85 m að lengd og 6,38 m á breidd, byggð 1899 af Jóakim Guðmundssyni forsmið. Þakið er krossreistog upp af framstafni stendur stöpull og upp af honum áttstrendur burstsettur turn með hárru spíru. Kirkjan stendur á steinsteypturn, ómúrhúduðum sökklí. Framundan kirkjudyrnum eru steinsteypturn tröppur og í þeim tvö þrep sem ganga fram og til hliðar með stafninum. Af þeim er hellulögð stétt frá sálhliði norðvestan kirkjunnar. Gengt sálhliði er klukknaport, suðvestan kirkjunnar."

**Heimildir:** Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA; Ö-Staðarhóll, 2; FDA II, 94; PP II, 168, Kirkjur Íslands 16, 274, 279-280

**DA-180:004** þúst kálgarður

364096 543370

Um 10 m NNV við bæ 001 er kálgarður merktur inn á túnakort frá 1918. Norðurveggur garðsins hefur verið sambyggður kirkjugarði 002 að suðvestan. Garðurinn hefur verið þar sem nú er grösugt svæði í smáhalla mót vestri, milli íbúðarhúss og kirkjugarðs.

Á þessum stað vottar fyrir óljósri upphækkun utan í kirkjugarðinum sem gæti verið leifar kálgarðs. Þarna er algróinn stallir sem er um 0,2 m hærri en umhverfið og er samtals um 6 x 5 m stór. Hann snýr austur-vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918




*Þúst DA-180:004. Horft til norðurs.*

**DA-180:005** tóft útihús

364300 543285

Tvö sambyggð útihús eru merkt inn á túnakort frá 1918. Þau eru merkt inn á stakstætt tún sem er austan við bæjarhól og túnið þar í kring, en þar nyrst stóð áður Fjósakot DA-182-001. Þetta er tæpa 200 m austur af íbúðarhúsi á bæjarhól 001. Húsin hafa verið þar sem nú er grösugur túnrani sem líklega hefur ekki verið vélsléttaður. Raninn snýr norður-suður.



*Útihús og kálgarður DA-180:005. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs.*

Greinilegur hlaðinn kálgarður er utan í brekkunni mót vestri og í framhaldi af honum til norðurs er óljósari rúst sem er nær alveg jarðlæg en þó ekki fornleg en mögulegt að grjót hafi verið fjarlægt úr veggjum. Alls er kálgarðurinn rúmlega 21 x 9 m að stærð og snýr NV-SA, ferkantaður en mjókkar heldur til austurs. Op er við norðvesturhorn. Tóftin er sambyggð honum að norðanverðu austast og er tvískipt, um 12 x 6 m stór. Op er á báðum hólfum í norðvestur. Veggjahæð er aðeins um 0,2 m í tóftinni en veggir kálgarðsins eru töluvert hærri og líklegt að hann hafi verið lengur í notkun. Lögum húss á túnakorti er ekki lík þeim mannvirkjum sem hér sjást og mögulegt að þau séu yngri.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-180:006** tóft óþekkt hlutverk  
Tóft er neðan vegar um Staðarhólsdal, um 200 m vestur af bæjarhól. Hún er sunnan við veginn sem liggur niður að Staðarhólsá í framhaldi af heimreiðinni. Umhverfis er grösugt stórþýfi.

363899 543475

Tóftin snýr hér um bil norður-suður og er alls um 12 x 7 m stór. Dyr eru á suðausturhorni og mögulegt að aðskilin kró hafi verið undir norðurvegg. Veggir er um 1 m breiðir og 0,5 m háir, ekkert grjótt sést í þeim.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft DA-180:006.*

**DA-180:007\_01** tóft útihús

364175 543422

Norðaustan við bæjarhól 001 er áberandi grænn hólrani sem er að nokkru leyti áfastur honum og stendur upp úr mýrinni umhverfis. Hann er rústalegur og virðist vænlegur til nánari athugana þótt tiltölulega litlar hleðsluleifar sjáist á yfirborði. Undir þessu númeri er skráður sjálfur hóllinn en þrjár þústir/tóftir eru á



*Tóftir DA-180:007\_01-04.*

honum (02-04) og eru þær skráðar undir sérstöku númeri. Lágur rani, mun lægri en bæjarhóllinn, en smáhækkar þó til NNA.

Greinilegt er að mannvirkjaleifar eru í hólnum þótt lítil skýr rústamerki sjáist á yfirborði. Hóllinn smáhækkar til norðurs og þar á hápunkti hans og norðan við hann eru mögulegar rústir. Þaðan lækkar hóllinn aftur til norðurs að skurði sem hefur nánast farið gegnum norðurenda hans. Í honum sést grjót. Suðurhluti hólinsins er aflangur en sléttur og ekki ólíklegt að hann hafi verið ræktaður sem túnbleðill en með góðum vilja má ímynda sér að þar gæti leynst fornleg, aflöng rúst undir yfirborði. Alls er hóllinn um 70 x 35 m á stærð frá norðri til suðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918




*Rústahóll DA-180:007\_01, horft til austurs.*

**DA-180:007\_02** þúst óþekkt hlutverk

364174 543440

Um 7-10 m vestan við rúst 007\_4 eru áberandi, hringlaga þústir utan í hólnum á tveimur stöðum, eins og gróin hrúgöld, hvor um sig á bilinu 5-8 m í þvermál og 0,5-0,7 m á hæð. Rúmir 10 m eru á milli þeirra. Hér er skráð það syðra.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




*Þúst DA-180:007\_02.*

**DA-180:007\_03** þúst óþekkt hlutverk

364183 543455

Um 7-10 m vestan við rúst 007\_4 sjást áberandi, hringlaga þústir utan í hólnum á tveimur stöðum, eins og gróin hrúgöld, hvor um sig á bilinu 5-8 m í þvermál og 0,5-0,7 m á hæð. Rúmir 10 m eru á milli þeirra. Hér er skráð það nyrðra.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




*Þúst DA-180:007\_03.*

**DA-180:007\_04** tóft fjárhús

364186 543433

Norðan við hápunkt hólsins er óljós rúst, aflöng frá norðri til suðurs, um 15 x 5 m stór, með mögulega útskoti eða afhýsi til vesturs syðst. Hún er því alls um 15 x 10 m að stærð. Lögun og stærð gæti einna helst bent til að hér hafi staðið fjárhús, en erfitt er að ráða í aldur mannvirkjaleifanna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




*Fjárhústóft DA-180:007\_04.*



DA-180:008 Þinghús þúst þingstaður

364344 543367

"Fáum metrum fyrir sunnan gamla Fjósakotsbæinn [DA-182:001] stóð þinghús Saurbæinga, þar til það var flutt á Kirkjuhvol [sjá 034]. Stundur húsatóftin enn og er kölluð Þinghús," segir í örnefnaskrá. "Þinghús var einnig heima við bæ og seinna notað sem peningshús," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2011. Staðarhóll var þingstaður um aldir en elsta tilvísun til þess í heimildum svo vitað sé er frá árinu 1492 þegar dómur er kveðinn upp „á Stadarholi Saurbæ á þingstað ríettum [...]“ eins og segir í Fornbréfasafni en þó voru þar kveðnir upp feralsdóma fyrir samkvæmt Sturlungu. Ekki er vitað hvar á jörðinni var þingað á fyrstu öldum en þegar komið var fram um miðja 19. öld var þinghús hreppsins um 250 m frá Staðarhólsbænum, í Fjósakoti og 1871 kemur fram í dómabókum sýslunnar að hreppstjóra sveitarinnar var “uppálagt að annast um að



*Staðsetning þinghúss DA-180:008. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs.*

þinghúsið á Staðarhóli yrði endurbætt.“

Fjósakotstúnið er sýnt sem stakt tún austan bæjar á túnakorti frá 1918. Þar eru nú leifar af fjárhúsi nyrst (sjá 182:001) á líklegu bæjarstæði Fjósakots og tóftaleifar syðst (005). Nú virðist enginn vita hvar þinghústöftin var. Lækur rennur nú í dragi 40-50 m sunnan við meint bæjarstæði Fjósakot. Beggja megin við hann eru iðagrænir hólar og lækur skarpt niður af þeim til vesturs. Mannvirki gætu hafa staðið á báðum hólum, en líklegt þykir að þinghúsið hafi verið á þeim nyrðri. Grasi grónir hólar við læk.

Í nyrðri hólum eru leifar af mannvirki sem mun vera súrheysgryfja. Þetta er um 1 m djúp dæld, allt að 2-3 m í þvermál. Svo virðist sem ekki sé langt síðan rask átti sér stað í henni, enda arfi í botni. Sagnir eru um að þessi súrheysgryfja hafi verið tekin ofan í þinghústöftina.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1; ÁFÍ 2011, 164, DI VII, 101-104, Dómabækur Dalasýslu: Dal. V. 15, 294.

DA-180:009 heimild um traðir

363984 543460

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er gata teiknuð sem liggur í vesturátt frá Staðarhólstúni og sameinast leið (681:001). "Norðan við heimreiðina, sem er frá ánni til bæjarins [001], er Réttareyri [016], þar er gamalt býli, er heitir Vindheimar [017]," segir í örnefnaskrá. "Norðan við gömlu heimreiðina skammt frá Réttareyri [016] við ána [...]," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2011. Heimreiðin hefur legið frá vesturhlíð gamla íbúðarhúss Staðarhóls, niður bæjarhólinn og haldið þeirri stefnu til norðvesturs á um 240 m löngum kafla að Staðarhólsá. Heimreiðin lá að mestu í gegnum óræktað, deiglent og smáþýft svæði.

Akfær malarvegur liggur frá Staðarhólsá að Staðarhólsvegi sem liggur um sveitina. Þaðan er malarvegur heim að Staðarhólsbænum. Ætla má að öll ummerki um traðir hafi horfið undir yngri vegagerð.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1; ÁFÍ 2011, 164, Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA

**DA-180:010** garðlag túngarður

364065 543389

"[Landamerki milli Staðarhóls og Þurranes DA-184]. Síðan girðing, sem er í kringum Miklagarðstún [sjá DA-183:007] í girðingahorn á Staðarhólstúni að sunnan. Síðan túngirðing fyrir Staðarhólstúni í læk þann, sem fellur í gegnum Staðarhólstún," segir í Landamerkjabréfi. "Mannvirki, sem jörðinni teljast fylgja, eru þessi [...]. 5. Túngirðing, úr torfgarði með tvístrengdum gaddavír á, að meðtali, um 1488 m löng," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Torfgarður sem passar vel við lýsinguna sést meðfram vesturhlið túnsins á Staðarhóli. Mörk túnsins eins og þau eru sýnd 1918 er hins vegar nokkru Hann markar að líkindum vesturhlið túnsins eins og hún er sýnd á túnakorti 1918 eru hins vegar á bilinu 10-25 m austar þannig að þessi garður gæti verið yngri mörk. Hvort garður hafi verið þar sem mörk túns voru 1918 er ekki ljóst en ekki virðist það ósennilegt, að austan- og sunnanverðu hefur hann þá verið í jafri bæjarhóls. Mjög þýft, gamalt tún.



*Túngarður DA-180:010, horft til suðurs.*

Garðurinn sést fyrst skammt norðan við heimreið, stefnir þar beint í norður frá gömlum olútanki.

Hann er beinn, um 0,7 m breiður og 0,5 m hár, sést þokkalega í þýfinu sem annars er mjög ráðandi. Þetta er garður sem líklega hefur verið girt ofan á. Hann má rekja rúma 140 m til norðurs að skurði, eða öllu heldur undir uppmokstur úr honum. Af túnakorti að dæma hefur hann ekki náð mikið lengra en þetta, en túninu austan við hefur verið raskað töluvert með skurðagreftri. Ekki fundust leifar af túngarði annarsstaðar um þetta tiltekna tún en túngarður fannst hins vegar austan við tún Fjósakots, sjá 026.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; Landamerkjabréf No. 52; FDA II, 92

**DA-180:011** *Eyjavöllur* heimild um bústað

"Hjáleiga hefur verið í túninu, nýbýli, kölluð Eyjavöllur [svo]. [...] Hefur nú nokkur ár í eyði legið. Kann ekki að byggjast fyrir vatnsflóði úr Staðarhólsá," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705. Í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731 segir: "Eijavöllur hiet firrumm Hiáleiga ij Stadarholtstune, sem fyred æred mörgum árumm hafde bygd bered, þo veit eingenn hennar leigumála." Ekki er vitað hvar Eyjavöllur stóð en mögulegt er að það sé sami staður og hefur verið kallaður Vindheimar 017.

**Heimildir:** JÁM VI, 161; Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 24

DA-180:012\_01 náma mógrafir

365473 539966

Allstórt mógrafasvæði er í grasi grónu mýrlendi í lægð milli Járnhryggjar og Steypu, um 100 m norðaustan við býli/sel 022 og 780 m SSA við mógrafasvæði 033. Innan mógrafasvæðisins er ein mótóft og eru þessar minjar skráðar undir tveimur einingunúmerum. Mýrin sem mógrafirnar eru í er grasi vaxin og deiglend. Lyngi grónar hliðar eru til norðvesturs og suðausturs.



*Mógrafir og mótóft DA-180:012\_01 og 02.*

Mógrafirnar eru nokkuð samfelldar og ná yfir svæði sem er 140x45 m að stærð og snýr NNA-SSV. Eru þær í lítlsháttar halla til norðausturs. Dýpstar og skýrastar eru grafirnar í ASA- og VNV-jöðrum þar sem þær eru 1,5-2 m á dýpt en eru mun grynnsri annarsstaðar. Þær grynna smám saman eftir því sem lengra dregur til NNA uns þær hætta að sjást. Mógrafasvæðið er gróið en innan þess er deiglent. Vatn stendur óvíða í gröfum. Þar sem grafirnar eru dýpstar hefur vatnsrennsli grafið þær enn frekar niður.

**Hættumat:** engin hætta




*Mógrafir DA-180:012\_01, horft til suðvesturs.*

DA-180:012\_02 tóft skemma

365486 539985

Allstór torfhláðin mótóft er innan mógrafanna, litlu innan við ASA-jaðar þeirra, þar sem jarðvegshaft hefur verið skilið eftir. Tóftin er einföld, 6x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru



Mótóft DA-180:012\_02. Á ljósmynd er horft til norðurs.

0,3-0,4 m á hæð. Ekkert op er á henni og er hún grasi vaxin og gengin í þúfur. Innanmál hennar er ógreinilegt.

**Hættumat:** engin hætta

DA-180:013 Imbutóft þúst bústaður


364147 543254

"Suðaustur frá bæjarhólnum [001] innan girðingar [010] er tóftarrúst gamallar hjáleigu, er heitir Imbutóft. Þar hafði búið einsetukona," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar Imbutóft var en um 90 m suðaustur af íbúðarhúsinu á Staðarhóli 001 er þúst sem vel geti verið sú rúst sem getið er í örnefnaskrá. Þústin er á mjög þýft og grösugu stykki handan við skurð sem liggur þvert á bæjarhól við hann sunnanverðan. Er á flatlendu og smáþýfðu svæði, sæmilega þurrlandu.

Á þessum stað er nær örugglega einhver mannvist undir sverði en ekki er hægt að fullyrða að þarna sé fundin Imbutóft þótt tað teljist líklegt. Tóftin er 19 x 13 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Breiðust í austurenda en mjókkar lítillga til vesturs. Er 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1




Þúst DA-180:013.

DA-180:014\_01 Hólkot tóft bústaður

364010 543154

"Sunnan við girðingu [010], rétt við Imbutóft [013], er einnig gömul hjáleiga, sem heitir Hólkot," segir í örnefnaskrá. "[Landamerki milli Staðarhóls og Þurranes, DA-184] [...]. Svo er sjónhending úr Staðarhólsá í skurð þann sem rennur ofan flóann, úr þeim skurði ræður kelda sem rennur ofan flóa allt að Hólkot[i]," segir í Landamerkjabréfi. Bæjarstæði Hólkots er mjög greinilegt um 170 metra beint suður af Staðarhóli. Undir þessu númeri er skráð bæjartóft 01 og garðlag skammt norðan við 02. Þetta er á ósléttuðu svæði milli túna. Skurður er bæði fast sunnan við bæjartóftina og tún bæði vestan, sunnan og austan við hana. Norðan við er hins vegar ósléttað svæði allt að skurðinum sunnan undir bæjarhól 001. Berskjölduð staðsetning.



*Hólkot DA-180:014\_01. Á ljósmynd er horft til austurs.*



*Hólkot DA-180:014\_01. Horft niður.*

Tóftin er á mjög þýfðum túnbleðli, sem rís mjög lágt upp úr blautu þýfinu umhverfis. Bæjartóftin er sunnar. Hún er af litlum gangabæ, mjög falleg og glögg ef rýnt er í þýfið. Veggir eru skýrir. Hún er alls um 17 x 13 m NV-SA en mjókkar til austurs, skiptist alls í 6-7 hólf. Bæjargöng opnast til vesturs og markar fyrir litlum stalli, líklega kálgarði, undir suðurvegg. Ef haldið er inn eftir bæjargöngum opnast strax tvö hólf inn á vinstri hönd en eitt hægra megin, síðan bæstast við þrjú hólf innar í tóftinni. Hleðslur eru algrónar en greinilegar, hæð þeirra allt að 0,8 m. Smáhóll er undir rústinni. Merkjaskurður móti Miklagarði er fast sunnan við hólinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1; Landamerkjabréf No. 52

DA-180:014\_02 hleðsla óþekkt hlutverk


364010 543154

Rúmum 20 m norðan við rúst 014\_1 er mögulegur veggjarbútur. Mikið þýfi er í kring og ekki hægt að skera úr um hvort þar eru aðrar húsaleifar á ferð.

DA-180:015 tóft heygarður

363755 545777

"[J] Jord sijna j Stadarhols jord j millum miclagardz [DA-183] og kleijfa [DA-199] og eingiar sem hann þurfti j Stadarholmsodda [sjá 031] fyrir nedan heygard," segir í dómsbréfi frá 1492 í Diplomatarium islandicum. "Austan við bæinn [Ós, 028] er tjörn, sem heitir Lómatjörn og enn austar er Flæðilækur [029], en á merkjum móti Lambanesi er tóftarbrot á Heyvaðseyri [025] um jarðfastan stein í Oddanum og í Flæðilæk," segir í örnefnaskrá Óss. "Milli Lambaness [DA-180b] og Saurhóls [DA-173] eru landamerki þessi: Frá Erlendstóft [037] ræður Staðarhólsá alla leið fram fyrir brú [021] að tóftarbroti á Heyðvaðseyri, þaðan er bein sjónhending um jarðfasta stein í Oddanum alt að Flæðilæk," segir í Landamerkjabréfi. Tóft sem gæti verið af heygarði/heystæði er á þessum slóðum. Hún er fast neðan við slóða að Ósi (sumarbústað), um 120 m norðan við þjóðveg og 10 m austan við Staðarhólsá. Tóftin er um 2.4 km norðan við Staðarhól 001.



*Heygarður DA-180:015. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðausturs.*

Tóftin er á grösugum árbakka sem er um 1.5 m hærri en eyrin sunnan við en norðar er árbakkinn aflíðandi og grasi gróinn og liggur þar áin í sveig meðfram Hestvaðseyri. Allt svæðið er á kafi í sinu og var illfært þegar það var kannað á vettvangi.

Á þessum stað er kargabýfi og auk þess er svæðið á kafi í gróðri og því væri best að skoða svæðið að vorlagi. Það var hins vegar skráð að hausti og nokkuð erfitt var því að átta sig á lagi tóftar. Gróflega áætlað virðist þó vera þarna hól sem gæti að hluta til verið uppsöfnuð mannvistarlög. Hann er 17 x 16 m stór, aðeins lengri norður-suður en á þvervegin. Á hólnum virðist mega greina tóft eða gerði sem þá væri 10 x 8 m stórt og opið til norðurs. Veggir er sem fyrr segir á kafi í þúfum og gróðri en eru 0.2-0.3 m á hæð en 1.5-2.5 m á breidd. Hugsanlegt er að einhvers konar óljósari ummerki um hól hafi verið vestan við gerðið en það er þá alveg hlaupið í þúfur og órækt.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** DI VII, 102, Ö-Ós, 1 og Landamerkjabréf no. 51

DA-180:016 tóft óþekkt hlutverk

364052 543675

Nokkuð sigin tóft er austarlega á Réttareyri 046, um 300 m norðan við bæ 001 og rúmum 60 m norðan við Vindheima 017. Hún gæti hafa verið sambyggð fornlegu garðlagi 065. Tóftin er mitt á milli tveggja nær uppþornaða lækjarfarvega. Óljós slóði er rétt norðan við tóftina.

Tóftin er 13 x 5 m að stærð, tvískipt og snýr ANA-VSV. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en gróid er yfir hleðslur að miklu leyti. Víða sést þó í hleðslugrjótt hér og þar. Veggir eru nokkuð signir, 0,3-0,4 m á



*Tóft DA-180:016. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs.*


hæð. Í VSV-enda er ílangt hólf sem er 6,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki er hlaðinn veggur í VSV-enda þess. Í ANA-enda er minna hólf sem er austast og er það ívið minna. Það er 2 x 2,5 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóft. Op er inn í það í NNV-horni. Ekki er op á milli hólfanna. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:017** *Vindheimar* tóft býli

364010 543154

"Norðan við heimreiðina [009], sem er frá ánni til bæjarins [001], er Réttareyri [016], þar er gamalt býli, er heitir Vindheimar," segir í örnefnaskrá. Tóft er upp af Réttareyri, 50-60 m neðan eða vestan við veginn inn Staðarhólsdal hátt í 250 m norðvestur af bæjarhól 001. Nú er ekkert vitað um við hvaða rétt Réttareyri er



*Býlistóft DA-180:017. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðausturs.*

kennd en þó verður að teljast líklega að þessi tóft sé bæjartóft og því rökrétt að tengja hana við Vindheima. Mjög þýft og grösugt svæði. Á loftmynd sést að tóftin er á þúfnakraga sem er þurrari og ívið vallendari en svæði í kring, líklega einn af gömlu túnbleðlum Staðarhólstúnsins. Áberandi grænt er að austanverðu við tóftina.

Tóftin minnir nokkuð á tóft Hólkots 014 að umfangi, veggjaþykkt og gerð en er enn loðnari og þýfi ívið meira. Hún er alls um 15 x 13 m stór. Svo virðist sem inngangur hafi verið mót vestri og í framhaldi af honum líkt og göng en hólf bæði beggja megin við þau og við endann, alls líklega 7-8 talsins. Veggir eru algrónir, mest um 0,7 m háir. Ekki er teljandi hólmyndun að sjá undir tóftinni. Mögulegar tóftaleifar sjást í kring, sjá t.d. 064 og 016, sem gætu hafa tilheyrt Vindheimum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1

**DA-180:018** *Kirkjuvað* náttúrumin vað

363996 543761

"Norðan við heimreiðina [009], sem er frá ánni til bæjarins [001], er Réttareyri [016], þar er gamalt býli, er heitir Vindheimar [017]. Þar við eyrina er vað á ánni, kallað Kirkjuvað," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá Saurhóls segir ennfremur: "Kirkjuvaðstjörn [nálægt Kverngrjótsmerkjum] er gegnt Kirkjuvaði á Staðarhólsá. Vegurinn var neðan við tjörnina með ánni. Vaðið var farið á leið til kirkju á Staðarhóli," Kirkjuvað er rétt suðaustan við Hleypilæk og norðarlega á Réttareyri, um 420 m NNV við bæ 001 og rúmlega 100 m norðvestan við tóft 016. Engar leiðir sjást á vettvangi við vaðið, hvorki á loftmynd eða á vettvangi. Sunnan við vaðið er nokkuð deiglent og gróið svæði. Til vesturs er gróður minni og þar eru nokkuð grýtt áreyri.

Árbakkar Staðarhólmegin eru fremur flatir og grónir og er áin ekki straumþung á þessum slóðum, fremur grunn og um 10 m á breidd. Saurhólmegin eru árbakkar Staðarhóls smágrýttir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1 og Ö-Saurhóll ath. og viðb.I,2

**DA-180:019** *Braut* heimild um leið

364542 543742

"Norður frá túninu er mýrlendið kallað Braut. Sagt er, að á landnáms tíð hafi þar verið svo þéttur skógur, að höggvin var braut í gegnum hann," segir í örnefnaskrá. Brautin var frá Staðarhóli og til NNA. Samkvæmt örnefnaskrá Landmælinga Íslands var hún um 500 m ofan (austan) við núverandi þjóðveg en um 160 m neðan við þjóðveg þann sem teiknaður var inn á herforingjaráðskort frá því í upphafi 20. aldar og lá til norðurs og NNA frá Staðarhóli í rótum Múlahyrnu, sjá 681:002.

Aflíðandi svæði til vesturs, deiglent á köflum.

Engin merki sást um veg á þessum slóðum.

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1

**DA-180:020\_01** *Goddastaðir* heimild um býli

364441 543425

"Fellsmegin við Fjósakot [DA-182:001] eru rústir af gömlu býli, sem heitir Goddastaðir," segir í örnefnaskrá. Af lýsingunni að dæma ættu Goddastaðir helst að hafa verið austan við Fjósakot en ekki könnuðust heimildamenn við býlisrústir á þessum slóðum og ekki fundust tóftir sem þóttu líklegar bæjarrústir á þar. Á þessu svæði fundust hins vegar þrjár tóftir (020\_2-4) sem gætu hugsanlega hafa tengst Goddastöðum en líkjast þó meira heystæðum, einkum þær tvær sem sunnar eru. Þar eru lækjardrög og mýrlent ofan túns en litlu sunnar hafa skurðir verið grafnir

Engar leifar af býlinu Goddastöðum fundust á vettvangi en á þeim slóðum sem það hefur verið fundust þrjár tóftir aðrar (sjá 02-04)

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 2



DA-180:020\_02 *Goddastaðir* tóft heystæði

364451 543419

Tóft 20\_2 er um 20 m norðvestar en 020-4. Hún er svipuð að gerð en ívið lengri, um 6 x 4 m og snýr austur-vestur. Líkt og hlaðin upphækkun, iðagræn og slétt, og engir eiginlegir veggir sjást. Líklega er þetta heystæði.



*Tóftir DA-180:020\_01-04. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs.*

**Hættumat:** engin hætta

DA-180:020\_03 *Goddastaðir* tóft útihús

364436 543449



*Tóftir DA-180:020\_02-03. Á báðum myndum er horft til austurs.*

Tóft 020\_3 er um 25 m norðan við 020-2. Hún er veglegri en hinar tvær, gæti verið af fjárhúsum og ekki óhugsandi að eldri byggingarstig séu undir. Hún er algróin og sigin en vel grænt í veggjum miðað við umhverfið, hæð allt að 0,6 m, stærð alls um 16 x 8 m. Grjót sést ekki í veggjum. Tóftin virðist aðeins eitt hólft og snýr NV-SA með dyr í NV, undan brekkunni. Hugsanlega hefur hólft verið sambyggt henni að suðvestan. Tóftin er dýpst innst, í SA-enda, sem gæti bent til að þar hafi verið hlaða en NV-endinn er mun óskýrari, líkt og hóll.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:020\_04** þúst heystæði

364464 543392

Þúst 20\_4 er syðst og er um 90 m ANA af fjárhúsunum 005, í mjög mýrlendri brekku. Þetta er lágreist upphækkun, um 0,3 m, með torfbörnum en lækkar í miðju, iðagræn og sker sig úr þar sem hún er sléttari en umhverfið. Hún er um 5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur.

**Hættumat:** engin hætta



*Heystæði DA-180:020\_04, horft til vesturs.*

**DA-180:021** hleðsla brú

364451 545765

"Milli Kirkjuhóls og Staðarhólsár liggur grafningur eða landbrot neðan úr Hvolsá langt inn í Oddann og heitir Flæðilækur [029], því sjór fellur þangað upp. Yfir lækinn er steipt brú á stöplum," segir í örnefnaskrá. "Milli Lambaness [DA-180b] og Saurhóls [DA-173] eru landamerki þessi: Frá Erlenstóft [037] ræður Staðarhólsá alla leið fram fyrir brú að tóptarbroti [024] á Heyðvaðseyri [025], þaðan er bein sjónhending um jarðfasta stein í Oddanum alt að Flæðilæk," segir í Landamerkjabréfi. Brúin yfir Flæðilæk var áður örlítið norðar (10-15m) en núverandi þjóðvegur þar sem eldri kerruvegur lá en hann var m.a. merktur inn á Herföngjaráðskort frá 1911 (DA-681:004). Göturarnar liggja frá Fremri-Brekku (DA-190) til Salthólmavíkur í landi Tjaldanes (DA-172). Þær er teiknaðar sem vagnavegur innan Staðarhólslands (DA-180). Brúin sem hér er skráð var á umræddri leið. Ummerki um hana sjást enn en hún er um 420 m vestan við kirkjuna á Kirkjuhóli 003 en um 2.4 km norðan við Staðarhól 001.



*Hleðsla DA-180:021. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs en niður á mynd til hægri.*

Gamli vegurinn er upphlaðinn að Flæðilæk á þessum slóðum en brúarhleðslan er nú að mestu hruninn og orðin ógreinileg. Bakkar lækjarins eru á kafi í órækt og grasi og minjar því ógreinilegri en annars hefði verið. Endinn á Flæðilæknum heitir Skipapollur og er fyrir ofan núverandi (og fyrri) brú og þjóðveg. Talsvert af hleðslugrjóti er í læknum á þessum stað og óljóst má sjá móta fyrir brúarhleðslu í óræktinni að og frá læk á svæði sem er samtals 6-7 m langt og 3-4 m á breidd. Sem fyrr segir má sjá undirhleðslu gamla vegarins (681:004) beggja vegna við brúna á kafla sem er samtals um 50 m langur. Steipt plata var á brúnni

lengi vel og sést hún m.a. á mynd sem varðveitt er í Sarpi, gagnagrunni Þjóðminjasafns Íslands, er í eigu Byggyðasafns Dalamanna og virðist tekin árið 2010. Samkvæmt Sigurði Þórólfsyni í Fagradal lá vegurinn yfir svonefndan Staðarhólsodda frá Kirkjuhóli yfir að Staðarhólsá. Samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefur undir höndum (skrá yfir sveitavegi í í Saurbæjarhreppi) var vegurinn lagður árið 1901, þá var fyrsta brú yfir Flæðilækinn byggð sem var timburbrú.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar


**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 2; Landamerkjabréf No. 51,

<https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1746414>

**DA-180:022\_01** *Staðarhólsel* heimild um sel

365345 539886

"Efst á honum [Járnhrygg] er tún og húsatóftir. Þar var haft í seli frá Staðarhóli, eftir að lögð var niður selstaða í Selhvammi [sjá DA-181:006] [...] og síðan búið þar öðru hvoru til ársins 1927, en er nú í eyði. Var býlið kallað Járnhryggur," segir í örnefnaskrá. "Í tungunni milli ána [Hvammsdalsár og Traðardalsár] var öðru hverju býli sem kallaðist ýmsum nöfnum, svo sem Bjarnastaðatungur, Staðarhólsel og Járnhryggur en seinast var búið þar 1928 og kallaðist bærinn þá Staðarhólstungur," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2011. Eyðibýlið Bjarnastaðatungur er merkt inn á Herforingjaráðskort sem gefið var út 1913, um 3,6 km suðaustan við bæ 001. Áður en Staðarhóll eignaðist Staðarhólstungur hétu þær Bjarnastaðatungur og tilheyrðu Bjarnastöðum DA-175. Sú jörð átti þar selstöðu á öldum áður og er hún nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín: "Selstöðu á jörðin [Bjarnastaðir] á Traðardal góða í Túngum, en það spillir heimajörðunni að ábúendur hafa ei mannskap til að brúka hana." Sel- og búsetuminjar eru á allstóru grónu svæði sunnan í Járnhrygg og sunnan við hann. Minjarnar eru á svæði sem er 200x85 m að stærð og snýr norðaustur-súðvestur. Innan þess eru 16 minjaneiningar sem flestar virðast tengjast býlinu sem byggðist seint á selstæðinu. Helst kemur til greina að tóft 16 sé frá eldri tíð og í tengslum við seljabúskap og tóft 12 er einnig nokkuð fornleg. Fær hver minjaneining sérstaka umfjöllun hér á eftir.



*Staðarhólsel DA-180:022\_01-18.*

Járnhryggur er há og brött melalda meðfram austanverðri Traðardalsá. Er hún ógróin að vestanverðu, næst ánni, en að annarsstaðar er hún gróin upp í miðjar hlíðar eða ofar. Í túninu sunnan í Járnhrygg er jarðvegur grunnur og þurr. Þar vex fölt gras á smápýfðum velli. Mýrarsund er sunnan við Járnhrygg og nær túnið yfir það og til suðurs að rótum kjarri vaxinnar og nokkuð brattrar hlíðar fellis sem

nefnist Steypa. Utan túnsins er víða lyngmói en mýrlent inn á milli. Frá býli/seli sést ekki út Staðarhólsdalinn og ekki að neinu öðru býli í grennd. Nokkuð skjólgott virðist vera á þessum stað en líklega er þarna mikil




*Staðarhólssel/Járnhryggur DA-180:022\_01-06.*

snjóakista.

Heimildir geta þess að sel hafi verið í Staðarhólstungum, fyrst frá Bjarnastöðum, en að sel Staðarhóls hafi verið flutt á svæðið þegar selstaða í Selhvammi var lögð niður. Ekki er vitað hvenær Bjarnastadaasel var aflagt og Staðarhólssel flutt á selstaðið. Líklegt er að það hafi verið á 18. öld. Ekki er augljóst hvar selminjarnar er að finna, og í raun er ekki heldur vitað hvort að þessi sel hafi verið á sama staðnum, en helst kemur til greina að þær séu þar sem tóft 02 er eða í hól undir fjárhústóft 15. Í Fasteignamati Dalasýslu frá 1918 er selstaða og upprekstrarland í Staðarhólstungum enn talið til jarðnytja.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 3; ÁFI 2011, 161; Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA; JÁM VI, 157; FDA II, 95



*DA-180:022\_01-06.*

**DA-180:022\_02** tóft útihús

365346 539886

Allstór tóft er í túni neðst í brekku sunnan í Járnhrygg, niður við mýrarsund. Hún er sigin og gengin í þúfur. Miðhluti hennar er greinilegastur og er sýnilega grjót í hleðslum þar. Samband tóftarhluta er ekki alveg augljóst. Miðhlutinn tengist hinum hlutunum en kann að hafa verið lengur í notkun og/eða stendur betur vegna grjóthleðslna. Ekki er að sjá að mikil uppsöfnun mannvistarlaga sé undir tóftinni. Tóftin er 25x7,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Tvö nokkuð skýr hólfi eru í norðausturhlutanum og í miðri tóft en vesturhlutinn er ógreinilegur. Í norðausturenda er allstórt, ílangt hólfi sem er 7,5x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki sést op á því en ekki er útilokað að op hafi verið úr suðvesturenda þess inn í miðhluta tóftarinnar. Innanmál hólfsins er nokkuð greinilegt en suðausturveggur þess er siginn og úr lagi genginn.

Ekki eru augljós tengsl á milli þessa hólfs og miðhluta tóftarinnar sem kann að vera hlaðinn ofan í eldri minjar. Í miðri tóft er lítið hólfi sem er um 2,5 m á kant innanmáls. Er innanmál þess nokkuð skýrt en talsvert hefur hrunið ofan í það úr suðvesturvegg. Ekki sést skýrt op inn í hólfið en líklegt er að það hafi verið á norðvesturhlíð, þar er allbreitt skarð í veggnum. Suðvesturveggur í þessu hólfi stendur vel og er mjög greinilegur. Sem fyrr segir er grjót í veggjahleðslum í þessu hólfi en það er ekki sýnilegt annarsstaðar í tóftinni. Suðvestan við miðhólfið er niðurgrafið hólfi sem er 0,3 m djúpt og um 1,5 m í þvermál. Þar suðvestan við eru innri brúnir veggja vart greinanlegar í þýfi og snarrótartoppum. Op kann að hafa verið norðvestan við niðurgrafna hólfið því þar er nokkuð afgerandi skarð í vegginn, um 1 m breitt, og kann þar að hafa verið þil á stafni. Hleðsluhæð veggja er 0,2-0,3 m í suðvesturhluta tóftar, 0,4-0,5 m í norðausturhlutanum og 0,6 m í miðhlutanum. Ekki sést fjöldi umfara í grjóthleðslum þar. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt hlutverk en ætla má að þarna hafi verið útihús sem tilheyrði býlinu Járnhrygg 09. Til greina kemur að þarna hafi verið seltóft sem útihús hafi verið byggt ofan á í seinni tíð.

**Hættumat:** engin hætta




Útihústóft DA-180:022\_2, horft til vesturs.

**DA-180:022\_03** tóft útihús

365355 539899

Lítill sigin tóft er fast norðaustan við tóft 02, neðst í brekku sunnan í Járnhrygg. Tóftin er ferhyrnd og einföld.



Útihústóft DA-180:022\_03, 06 og 07. Á ljósmynd er horft yfir þúst 03, til austurs.

Ekki er augljóst op á henni. Fjargötur liggja yfir hana og er veggir hennar farnir að hlaupa í þúfur. Tóftin er um 3,5x3,5 m stór og veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð. Mögulega var op á henni í austurhorni. Ekki er augljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi. Líklegt er að um útihús sé að ræða en einnig kemur til greina að tóftin hafi gegnt hlutverki heystæðis í ljósi þessu hversu smá hún er og að það vex ekki kjarnmikill grasgróður á

henni.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:022\_04** tóft heystæði

365330 539879

Lítilllega niðurgrafin tóft er fast vestan við tóft 02 og sunnan við sambærilega tóft 05, neðarlega í brekku sunnan í Járnhrygg. Tóftin er um 6 m í þvermál og torfhláðnir veggir meðfram grunnum niðurgrefti eru um 0,2 m á hæð. Ætla má að hér hafi verið heystæði.

**Hættumat:** engin hætta



*Heystæði DA-180:022\_04, horft til vesturs.*

**DA-180:022\_05** tóft heystæði

365330 539887

Lítilllega niðurgrafin tóft er fast norðan við sambærilega tóft 04 og norðvestan við tóft 02, neðarlega í brekku sunnan í Járnhrygg. Tóftin er um 6x5 m stór og snýr austur-vestur. Torfhláðnir veggir meðfram grunnum niðurgrefti eru 0,2-0,3 m á hæð. eru þetta að öllum líkindum leifar af heystæði.

**Hættumat:** engin hætta



*Heystæði DA-180:022\_05, horft til vesturs.*

**DA-180:022\_06** tóft+garðlag kálgarður

365341 539906

Torf- og grjóthlaðið gerði og sambyggð tóft eru ofan og norðan við tóft 02 á fremur flatlendu svæði en þó í aflíðandi halla til suðurs. Tóftin er í sýnu meiri halla en gerðið. Saman eru þessi mannvirki 19,5x19 m að stærð og snúa nálega austur-vestur. Gerðið er að mestu grjóthlaðið. Það er ferkantað og vel greinilegt, 18,5x10,5 m að innanmáli og snýr austur-vesturs. Ytri brún veggjahleðslna er víðast 0,3 m á hæð en allt að 0,5 m. Mest sjást 3 umför í hleðslum. Veggir eru 0,6 m á breidd og eru hleðslur farnar að hrynja út. Þýft er innan gerðisins. Ekki er ljóst hvar eða hvort op var á gerðinu en austarlega á norðurhlið er rof þar sem kindastígur liggur yfir vegginn. Þar innan/sunnan við er hryggur, beð eða upphleðsla af einhverju tagi, sem liggur þvert á gerðið.



*Kálgarður DA-180:022\_06, horft til suðurs.*

Sambyggð tóft úr torfi og grjóti er við miðjan utanverðan suðurvegg gerðisins og er neðar í brekkunni. Hún er 5,5x2,5 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Op er inn í hana úr gerði í norðausturhorni. Veggir tóftarinnar standa vel og eru víða 0,5 m á hæð en hæstir eru þeir 0,8 m á suðurgafli, undan halla. Þar sjást 6 umför hleðslu. Kálgarður hefur verið innan gerðisins og líklega einhvers konar útihús í sambyggðri tóft. Á austurvegg tóftar er legsteinn Ingibjargar Kristfríðar Björnsdóttur F. 20.08. 1880 D. 29.10. 1966. Kristfríður bjó á Járnhrygg og var legsteinn hennar fluttur úr kirkjugarðinum við Staðarhólskirkju 003 á Kirkjuholi.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:022\_07** hleðsla óþekkt hlutverk  
Ílöng vegghleðsla er fast utan og norðan við gerði 06. Ekki er útilokað að þar sé eingöngu gróinn klettur. Veggurinn er tæpir 4 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er um 1 m breiður og 0,5 m hár þar sem hann er hæstur í suðvesturenda. Þýfi og snarrót er á milli veggjar og gerðis 06.

**Hættumat:** engin hætta

365337 539916



*Hleðsla DA-180:022\_07, horft til norðausturs.*


**DA-180:022\_08** tóft fjárhús

365334 539929

Sigin tóft, líklega fjárhús með tveimur áföstum heystæðum er á milli meintrar býlistóftar 09 og gerðis 06, í túni sunnan í Járnhrygg. Hún er 12x7 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin er í halla til suðurs, einkum þó heystæðin sem eru í suðurhluta tóftarinnar. Fjárhúsin eru í norðurhlutanum og eru 5,5x2 m að innanmáli, snúa eins og tóft. Op er inn í þau í suðvesturhorni. Veggir í norðurhlutanum eru um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Veggir í heystæðum eru mun umfangsminni, 0,5-0,6 m á breidd og 0,2 m á hæð. Heystæðið



*Fjárhús DA-180:022\_8, Á ljósmynd er horft til suðurs.*




í suðvesturhorni tóftar er 3x2,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Heystæðið í suðausturhorni tóftar er 3,5x2,5 og snýr norður-suður. Breið op eru inn í heystæðin á suðurhlið (í suðausturhornum þeirra) en líklegt er að þau hafi myndast vegna rofs. Ekki sjást ummerki um garða eða jötur í meintum fjárhúsum.

**Hættumat:** engin hætta

DA-180:022\_09 Járnbryggur tóft bústaður

365343 539944

Efst og nyrst á minjasvæðinu er stór tóft úr torfi og grjóti sem skiptist í fjögur hólf. Er hér líklega um bæjartóftina að ræða sem tilheyrði býli því sem hér var og var í stopulli ábúð fram á 20. öld eftir að seljabúskapur á svæðinu lagðist af. Í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918 segir: "Mannvirki, sem aðrir eiga að mestu eru þessi: [...] 10. Torfbær í Staðarhólstungum e. 3,8x3,2 m á bálki, nýbygður. 12. Fjós yfir 2 gripum úr torfi." Ekki hefur bærinn verið stór og óvíst er hvort að fjósið hafi verið sambyggt honum en það verður að teljast líklegt. Meint bæjartóft er 13x11,5 m að stærð og snýr NNW-SSA. Í austurhluta tóftar er stórt hólf sem er 7,5x3 m að innanmáli og snýr NNW-SSA. Nær það suður fyrir hólf sem eru í vesturhluta tóftar.



Bæjartóft DA-180:022\_09. Á ljósmynd er horft til suðvesturs.


Hólfíð er í halla til suðurs og er op á því á miðri SSV-hlið, í kverk á milli austur-og vesturhluta tóftarinnar. Veggir og innanmál hólfins eru skýr nema ef vera skyldi norðurveggur sem er mjög siginn. Heygarður kann að hafa verið í þessu hólf. Í vesturhluta tóftar eru þrjú hólf. Op er inn í syðsta hólfíð í suðvesturhorni þess. Það er afar lítið hólf en vel afmarkað, er 2x1 m að innanmáli og snýr SSV-NNA. Op er úr því inn til norðurs inn í vestara hólfíð af tveimur. Það hólf er 3x3 m að innanmáli (bærinn sem nefndur er í fasteignamati?). Op er úr því til ANA inn í fremur lítið hólf (fjós?) sem er 2x2 m að innanmáli. Mesta hæð veggja er 0,5-0,6 m og sjást 2-3 umför í hleðslum sem eru grónar. Þessi tóft virðist vera með yngstu tóftum á svæðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** FDA II, 95

DA-180:022\_10 þúst óþekkt hlutverk

365336 539960



Þúst DA-180:022\_10. Á ljósmynd var horft til suðurs.

Allra efst og nyrst í túni sunnan í Járnhrygg er afar ógreinileg og lág þúst, mögulega heystæði. Utan við túnjarðarinn er lymgmói. Þústin er nokkuð hringlaga, 3x2,7 m að stærð og snýr austur-vestur. Þústin er 0,1 m á hæð.


**Hættumat:** engin hætta



DA-180:022\_11 þúst óþekkt hlutverk

365375 539949

Þúst er í túnjaðri sunnan í Járnhrygg, um 23 m austan við meinta bæjartóft 09 á lágu barði í brekku sem hallar til suðausturs. Utan túns er lyngmói. Þústin er nokkuð afgerandi því grænni gróður og meira þýfi er í henni en umhverfis hana. Þústin er ílöng, 4,5x2,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Utanmál hennar er ekki



Þúst DA-180:022\_11. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSV.


skýrt afmarkað og ekki sést innanmál í henni. Þústin er 0,1-0,2 m á hæð. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hefur verið hér.

**Hættumat:** engin hætta

DA-180:022\_12 tóft útihús

365308 539888

Óljós tóft er neðst í suðvestanverðum Járnhrygg, innan túns og fast norðaustan við skurð 13. Tóftin er lítillega grafin inn í brekkuna og sést gróið sár þar eftir. Tóftin er einföld og er 4,5x4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er ljóst hvar eða hvort op hefur verið á tóftinni en fjárgata liggur í gegnum hana endilanga og þar er því rof í veggjum. Tóftin er nokkuð fornleg að sjá og eru veggir hennar signir. Þeir eru



Útihústóft DA-180:022\_12. Á ljósmynd er horft til norðvesturs.

um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekki sést í grjóti í hleðslum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að þarna hafi verið einhvers konar útihús.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:022\_13** renna

365328 539867

Þrír stuttir framræsluskurðir sem sameinast í einn langan skurð eru í mýrarsundi á milli túnhluta á miðju minjasvæðinu. Þeir eru á svæði sem er 90x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Skurðirnir eru þrír í suðausturhluta svæðisins en sameinast fljótlega í einn þegar komið er niður úr dálitlum halla. Miðskurðurinn er 25 m langur, nyrsti skurðurinn er 13 m langur og á syðsti 14 m langur. Eftir að skurðirnir sameinast í einn er hann 70 m langur og er í aflíðandi halla til norðvesturs í átt að Traðardalsá. Víðast eru þessir skurðir 0,2 m á breidd og 0,1-0,3 m á dýpt.

**Hættumat:** engin hætta




*Renna DA-180:022\_13, horft til norðvesturs.*

**DA-180:022\_14** tóft óþekkt hlutverk

365311 539879

Skurður 13 liggur í gegnum litla tóft 14 á mjög deiglendu svæði og er hlutverk hennar óljóst. Hún er einföld, 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni í norðvesturenda og virðist suðvestur-veggur tóftarinnar liggja út frá tóftinni til þeirrar áttar líkt og leiðigarður. Nær hann 2 m lengra til norðvesturs en



*Tóft DA-180:022\_14. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðvesturs.*


gafi tóftarinnar. Mjó renna hefur myndast meðfram tóft að suðvestanverðu. Líklega hefur vatn í skurði 13 fundið sér þar farveg frekar en að þar hafi líka verið grafinn skurður. Tóftin er torfhláðin og er hæð veggja 0,1-0,2 m.

**Hættumat:** engin hætta

DA-180:022\_15 tóft fjárhús

365338 539828

Allstór fjárhús tóft er uppi á hól í suðurjaðri túnsins, sunnan við mýrarsund sem skilur á milli túnhluta. Utan túns, ofan við tóft til suðurs, er lyngi gróin brekka. Túnblettur er norðvestan við tóftina sem er túngarður 17 afmarkar. Einhver uppsöfnun mannvistarlaga virðist vera á hólnum, undir tóftinni, en hóllinn virðist að mestu leyti náttúrulegur. Uppsöfnunin er á svæði sem er um 20x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er 14,5x12,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Uppi á háhólnum eru fjárhús og hlaða í norðausturhluta tóftarinnar. Fjárhúsin eru frammar og norðvestar en hlaðan aftan við þau og snýr þvert á fjárhúsin. Fjárhúsin eru nokkuð stór og hafa líklega verið




Fjárhústóft DA-180:022\_15. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNV.

tvístæð. Þau eru 6x4,5 m að innanmáli og snúa norðvestur-suðaustur. Op er inn í þau í suðurhorni, í kverk á milli fjárhúsa og hlöðu annars vegar og hólfis í suðvesturhluta tóftar hins vegar. Rof er á tveimur stöðum á norðvesturgafli tóftarinnar og þar hefur mögulega einnig verið op. Ekki sjást ummerki um jötur eða garða í fjárhúsunum. Ekki er skýrt op inn í hlöðu en hún er 7,5x2,5 m að innanmáli. Í henni miðri er lágur veggur sem skiptir henni í tvo hluta. Hólf í suðvesturhluta tóftarinnar stendur lægra en hin tvö hólfín og er byggt utan í hóllinn eða grafið að hluta til inn í hann. Það erum 4x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Mikið hrun er inni í hólfinu úr norðvesturvegg. Ekki er skýrt op á þessu hólfu en líklegt er að það hafi verið á norðvesturhlíð. Innanmáls í tóftinni má greina þrjú umför grjóts í hleðslum og hæð er þar 0,8 m. Utanmáls er mesta hæð veggja einnig 0,8 m, norðvestast. Tóftin virðist með yngri minjum á minjasvæðinu og hefur líklega verið í notkun á síðasta búsetuskeiði býlisins.

**Hættumat:** engin hætta

DA-180:022\_16 tóft óþekkt hlutverk

365323 539811



Útihús og kálgarður DA-180:022\_16. Á ljósmynd er horft norðvesturs

Lítill tóft af eldri kynslóð minja á svæðinu er á flatlendi suðvestan við hól sem fjárhús 15 eru á. Torfhlaðinn

garður 17 umlykur þennan túnhluta. Tóftin er algróin og sigin. Hún er einföld og 4,5x4,5 m að stærð. Hæð veggja er 0,3-0,4 m. Ekki sést op á tóftinni en það hefur að líkindum verið á miðri norðurhlíð þar sem ytri brún veggja er lægst.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:022\_17** garðlag túngarður  
Túngarður afmarkar flatlenda hluta túnsins, syðst á minjasvæðinu. Er hann suðvestan við fjárhús 15 og innan hans er fornleg tóft 16. Garðurinn afmarkar svæði á þrjá vegu sem er 33x23 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er garðhleðsla í NNA-enda svæðisins. Suður- og vesturveggir túngarðsins eru torfhlaðnir og nokkuð voldugir þar sem garðurinn er á flatlendi. Þar er hann 0,5-0,6 m breiður, 0,7 m á hæð innanmáls og litlu hærri utanmáls þar sem sjást greinileg ummerki um efnistöku. Austurveggur garðsins er hlaðinn í brekku og liggur að fjárhústóft 15. Þar er hann mun mjórri, 0,3-0,4 m á breidd og þar er ytri brún mjög lág, aðeins 0,1-0,2 m. Við fjárhús 15 fjarar garðurinn út en sjá má óljóst framhald norðaustan við fjárhúsin þar sem er 12 m langur, lágur kantur. Óljóst op er á túngarðinum á miðjum suðurvegg.

**Hættumat:** engin hætta

365316 539797




*Garðlag DA-180:022\_17. Á ljósmynd er horft VSV.*

**DA-180:022\_18** tóft óþekkt hlutverk

Einföld tóft er rétt utan og suðvestan við túngarð 17. Hún er í mjög aflíðandi halla til norðvesturs á flatlendi

365295 539786



*Útihústóft DA-180:022\_18. Á ljósmynd er horft til suðausturs.*

í þýfðum lyngmóa. Ofan og innan við hana til suðurs og suðausturs er mýrlent. Tóftin er torfhlaðin og er 7x4,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í norðurhorni. Veggir eru 0,6-0,8 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:023** *Byrgisbreiðar* örnefni

365202 539523

"Suður af túninu [sennilega átt við gamla túnið uppi á Járnhrygg, sjá 022] er engi kallað Byrgisbreiðar," segir í örnefnaskrá. Byrgisbreiðar eru grösugar útengjar, mýrlendar. Í þeim vex mýrargróður og fjalldrapi. Upp af Rauðahvammi, sunnarlega eða syðst í breiðunum, er ílangur og allhár hóll. Efst á honum og nyrst er grænn grasgróður, lyng og fjalldrapi. Þar eru mishæðir en ekkert sem gefur skýrt til kynna að þar kunni að leynast mannvistarleifar. Hins vegar hefur staðurinn hentað vel sem útsýnisstaður smala og má vera að breiðarnar dragi nafn sitt af smalabyrgi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 3

**DA-180:024** frásögn leið

364911 545745

Sigurður Þórólfsson frá Fagradal man eftir götu sem lá yfir mýrarnar frá Staðarhólskirkju 003 og til NNA að Brunnárþæjunum. Leiðin var ekki upphlaðin heldur götutroðningur en Sigurður fór hana einhveju sinni sem barn með föður sínum. Leiðin hefur legið yfir mýrar að talsverðu leyti en ekki sjást móta fyrir henni næst kirkjunni og er hún væntanlega orðin alveg ógeinileg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ós, 1; Landamerkjabréf No. 51

**DA-180:025** *Heyvaðseyri* örnefni vað

363624 545830

"Austan við bæinn [Ós, 028] er tjörn, sem heitir Lómatjörn og enn austar er Flæðilækur [029], en á merkjum móti Lambanesi er tóftarbot [015] á Heyvaðseyri um jarðfastan stein í Oddanum og í Flæðilæk," segir í örnefnaskrá Óss. Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er vaðið á þessum stað nefnt Fremra-Heyvað. Ekki fengust upplýsingar um hvar Heyvaðið var nákvæmlega og líklega hefur það verið eitthvað breytilegt. Áin er ágæt yfirferðar víða, t.d. bæði fast vestan við heygard 015 en einnig um Heyvaðseyrina miðja þar sem staðsetningarhnutið var tekið.

Fram af heygardi er áin fremur lygn og breið og ávalir bakkar að henni. Norðvestar tekur við frekar brattur en stuttur árbakki en þegar komið er fram á nes-nefnið er svæðið aftur aflíðandi og áin þæginleg yfirferðar og sömu sögu er að segja austan í/við sjálfa eyrina. Heyvaðseyri er grasgefin að stórum hluta. Ekki er nákvæmlega vitað hvar Heyvaðið var eða hvort það var kennt við alveg afmarkað svæði við eyrina eða var einfaldlega breytilegt eftir árstíma og veðri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ós, 1

**DA-180:026** garðlag túngarður

364370 543345

Hlaðinn torfgarður er meðfram Fjósakotstúni (sjá 182:001) að austanverðu, 40-50 m beint austan við fjárhús sem nú standa þar nyrst í túninu, á bæjarstæði Fjósakots. Punktalína er sýnd meðfram austurhlið túnsins á túnakorti 1918 og kemur heim og saman við garðinn. Mýrlent er utangarðs þ.e. austan við garðinn en þýft og þurrlandara innan.

Torfgarður sem er býsna skýr, um 1 m breiður og 0,5 m hár og hefur væntanlega verið girt ofan á. Hann var rakinn á 70-80 m löngum kafla en hefur náð lengra til suðurs af kortinu að dæma. Hann líkist mjög garði sem er í túni vestan og norðvestan við bæjarhól 001 (sjá 010) en sá er einnig sýndur á túnakorti.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag DA-180:026. Horft til NNA*

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-180:027** garðlag óþekkt hlutverk  
543538

363971

Garðlag er um 60-70 m vestan við þjóðveg og um 10 m norðan við veg sem liggur að Staðarhólsá frá heimreiðinni að Staðarhóli. Mjög þýft og grösugt en fremur þurrt.

Garðlagið liggur nokkurnveginn norður-suður, er grasi vaxið og allt að 1,1 m hátt og talsvert mikið um sig, 2-3 m breitt. Það var rakið á rúmlega 20 m kafla. Ekki sést greinilegt framhald af því á loftmynd en ekki er útilokað að það hafi tengst fornlegum garði sem markar heimaland Staðarhóls til norðurs, sbr. 065. Önnur möguleg kenning er að það hafi átt að girða af túnbleðil til vesturs.

**Hættumat:** engin hættu



*Garðlag DA-180:027. Horft til norðvesturs.*

**DA-180:028\_01** Ós heimild um bústað

363816 546059

"Vestur í Oddanum við Staðarhólsá er nýbýli byggt á Staðarhólslandi, er heitir Ós," segir í örnefnaskrá. "Neðar með Staðarhólsá stóðu húsamenskubýlið Ós í tvo áratugi og Sunnuhvoll [038] einn áratug um og miðja 20. öld," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2011. Bærinn var byggður 1939 og fór í eyði 1955 en árið 1968 var byggt sumarhús með sama nafni rúmum 200 m sunnar en samkvæmt staðkunnugum var það lítið sem ekkert notað. Mest af ummerkjum um býlið eru horfin en þó sjást leifar fjárhúsa sem voru við þau. Þessi ummerki eru skráð hér saman undir einu númeri enda minjarnar tæknilega séð of ungar til að teljast til fornleifa. Þó var talið mikilvægt að hafa þær með á fornleifaskrá. Engin ummerki sjást um býlið 01 en fjárhústóftin 02 er tæpum 30 m norðvestan við skurð og rúmum 30 m norðaustan við Staðarhólsá.

Svæðið er illt yfirferðar. Það er stórþýft og á köflum deiglent. Þegar það var skráð í októbermánuði var gríðarlegur grasvöxtur og náði sína upp í mitti sem gerði göngur og yfirsýn erfiðari en ella. Nokkru austar tekur við deigara og sléttara svæði. Bæjarstæðið hefur líklega verið nærri fjárhúsinu (e.t.v. um 100 m á milli) en sumarbústaðurinn Ós er talsvert sunnar. Ekki sáust skýr ummerki um býlið en svæðið er í mikilli órækt.


**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll,2; ÁFÍ 2011, 169

DA-180:028\_02 tóft fjárhús

363761 546139

Á þessum stað eru nú tóftir af fjárhúsum. Tóftin sker sig úr umhverfinu þar sem hún er fagurgræn en hún er þó þýfð og sinvaxinn eins og umhverfið. Ekki sáust frekari ummerki í námunda við tóftina. Tóftin er 15 x 8.5 m stór og skiptist í tvö hólf. Það stærra er vestar og er 7.5 x 4 m stórt og op er á norðurvegg þess vestarlega. Austara hólfid er 4.5 X 2.5 m stórt og virðist opið til norðurs. Ekki er greinilegt op á milli hólfna



*Fjárhústóft DA-180:028\_02. Á ljósmynd er horft til norðurs.*

Nokkuð erfitt er að greina lag tóftarinnar sökum gróðurs. Veggir eru breiðir og 0,4-0,8 m á hæð en gróðurfar og lag veggja bendir til að hún sé fremur unglæg. Ekki er ólíklegt að húsið hafi verið úr blönduðu efni en engar grjóthleðslur sjást.

**Hættumat:** engin hætta

DA-180:029 *Flæðilækur* þjóðsaga samgöngubót

364443 545796

"Munnmæli herma, að Staðarhóls-Páll hafi grafið Flæðilæk og ætlað sér að gera skipgengan skurð fram að Staðarhóli," segir í örnefnaskrá. "Milli Lambaness [DA-180b] og Saurhóls [DA-173] eru landamerki þessi: Frá Erlendstóft [037] ræður Staðarhólsá alla leið fram fyrir brú [021] að tóptarbroti [025] á Heyðvaðseyri, þaðan er bein sjónhending um jarðfastan stein í Oddanum alt að Flæðilæk," segir í Landamerkjabréfi. Flæðilækur er um 2.5 km norðan við Staðarhól 001 og sést norðan við þjóðveg og á samtals um 460 m löngum kafla.

Framræst tún eru norðaustan við lækinn og að hluta til vestan hans allra nyrst og liggur vegarlóði á vesturbakkanum. Svæðið er flatlent og grösugt. Bakkar Flæðilækjar eru sendnir og beinir. Erfitt er að skera úr um hvort mögulegt sé að það sé manngert en a.m.k. er ekkert uppkast að sjá á bökkum lækjarins líkt og búast mætti við væri um manngerðan skurð að ræða. Bakkar lækjarins eru þó nokkuð beinir og reglulegir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1; Landamerkjabréf No. 51;



*Flæðilækur DA-180:029, horft til norðurs.*

**DA-180:030** heimild um myllu

"Magnús vissi um myllur á Staðarhóli [. . .] Magnús minnti að myllan á Staðarhóli, verið starfrækt fram til ársins 1914 og var hún lengst starfrækt af þeim myllum sem hann þekkti [. . .]. Magnús heldur að þessar myllur allar hafi átt það sameiginlegt að mala korn fyrir nokkuð marga bæi," segir í svörum við spurningum um fráfarur og myllur í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands. Ekki fundust vísbendingar um hvar myllan á Staðarhóli stóð en líklegast hefur hún verið skammt ofan við bæ í þeim lækjum sem runnið hafa niður túnin sem nú hafa verið framræst.

**Heimildir:** ÞP 008a, 15108

**DA-180:031** *Skollhóll* óþekkt hlutverk

364876 545699

"Á odda þeim sem nú heitir Staðarhólsoddi, stendur stór hóll einstakur. Á honum eru sjáanlegar rústir miklar, og er það meining sumra manna, að á hólum þesum hafi kunnað að vera bær sá er Steinhólfur hinn lági lét reisa og kalla Saurbæ," segir í Sýslu-og sóknalýsingum. "[. . .] Staðarhólsoddi, ólítill hóll að nafni Skollahóll. Ekki er auðvelt að fullyrða hvort hann sé gerður af náttúrunni eða manna völdum, enda þótt mér virðist hið fyrra sennilegra [...]," segir í Frásögum um Fornaldarleifar. Skollahóll eða Skollhóll er hóllinn þar sem Staðarhólskirkja 003 stendur nú. Hóllinn er 4-5 m hár og 115 x 77 m stór. Hann er náttúrulegur að mestu en vel má vera að mannvistarleifar leynist undir sverði.



*Skollhóll DA-180:031, horft til norðausturs.*

Engar rústir eru lengur sjáanlegar á hólnum og er vel hugsanlegt þær hafi horfið þegar kirkja eða samkomuhús var byggt. Ekki könnuðust þó staðkunnungir heimildamenn við slíkar sögur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** SSD, 166; FF II, 366

**DA-180:032** heimild um virki

"[c. 1170] Þá var gert virki um bæinn á Staðarhóli og þar byrgð í nautin um nætr ok vakat yfir ok setit at um daga yfir undir fjallinu gegnt Staðarhóli," segir í Sturlu sögu. Óljóst er hvar virkið var sem nefnt er í Sturlu sögu en þó skal bent á að syðsti hluti bæjarhóls 001 er mjög reglulegur í laginu og jafnvel eins og hleðsla sé á brún hans syðst, sjá 001.


**Heimildir:** Sturl. I, 84



DA-180:033\_01 náma mógrafir

365115 540702

"Reynir [Guðbjartsson] veit ekki til, að mótak væri í Kjarlaksvallalandi [DA-181]. Í seinni tíð var tekið í Staðarhólstungum [022], og móg[r]afir sjást þar enn," segir í örnefnaskrá Kjarlaksvallanna. "Jarðnytjar eru þessar: [...]. 5. Mótak nóg," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Greinilegar mógrafir eru í mýri fast norðan við Járnhrygg, háan melhrygg sem er upp með Traðardalsánni að austanverðu. Lítil hvammur,



*Mógrafir DA-180:033\_01-04.*

Paradís, er á móts við grafirnar í landi Kjarlaksvallanna og norðaustan við hann gengur grjóttangi eða -nef út í árfarveginn. Mógrafir sjást á tveimur svæðum og tvær mótóftir eru við þær á svæði sem er 75x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mýrin sem minjarnar eru í er blaut, flatlend og grösug og hallar lítillega niður af henni til norðvesturs. Lyngmói er allt í kringum mýrina.


Lýsingin hefst í norðvesturhluta svæðisins þar sem stærra mógrafasvæðið er. Grafir 01 eru á svæði sem er 52x47 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær eru ójafnar og eru dýpstu grafirnar yst, næst jöðrunum. Þar sjást skýrar ferhyrndar grafir og stendur vatn í sumum þeirra. Víðast er mógrafasvæðið 0,4-0,6 m á dýpt en dýpstu stakar grafir um 1 m djúpar. Svæðið er gróið en deiglent og lítil gróður er þar sem vatn stendur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kjarlaksvellir,4; FDA II, 95



*Mógrafir DA-180:033\_01, horft til norðvesturs.*




*Mótóft DA-180:033\_02, horft til norðvestur.*

Mótóft 02 er fast norðvestan við mógrafasvæði 01. Er hún frammi á lágu barði. Tóftin er torfhlaðin og úr lagi gengin. Virðist hafa hrunið úr veggjahleðslum á suðvesturhlið. Tóftin er 5,5x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál sést í suðausturenda. Hleðsluhæð er 0,3 m.

**Hættumat:** engin hætta

Á milli mógrafasvæða 01 og 04 er lítil torfhlaðin mótóft. Hún er 5x3,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin mjókkar í norðurenda og þar sést ekki innanmál en það er greinilegt í suðurhluta, er 2,5x2 m



*Tóft DA-180:033\_03, á ljósmynd er horft til suðvesturs.*

að stærð og snýr austur-vestur. Innanmálið er ferkantað en innri brún veggja stendur lítið upp úr umhverfinu og er lítt greinanleg. Ekki sést op á tóftinni og veggir eru 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

DA-180:033\_04 náma mógrafir

365141 540669

Lítið stakstætt mógrafasvæði er suðaustan við mótóft 03. Það er 15x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Greinilegastar eða skýrarstar eru grafirnar næst bökkunum og eru þar 0,5-0,8 m djúpar. Grafirnar eru grónar og stendur lítið vatn í dýpstu gröfunum. Skurður hefur verið grafinn úr norðvesturhorni til suðvesturs til að hleypa vatni úr gröfunum.

**Hættumat:** engin hætta



Mótóft DA-180:033\_04, horft til suðvestur.

DA-180:034 Þinghús heimild um þingstað

364863 545693

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er þinghús merkt um 2,4 km norðan við bæ 001. "Fáum metrum fyrir sunnan gamla Fjósakotsbæinn [DA-182:001] stóð þinghús Saurbæinga [sjá 008], þar til það var flutt á Kirkjuhvol. Stendur húsatóftin enn og er kölluð Þinghús [sjá 008]," segir í örnefnaskrá. "Samkomuhús var "[b]yggt áfast fundarhúsi hreppsins [árið 1924] og sérstaklega útbúið til leiksýninga. Ein hæð og kjallari [. . .]," segir í Sporun ungmennafélaga e. Jón M. Ivarsson. Gamla þinghúsið á Kirkjuhóli/Kirkjuhvoli er nú orðið hluti af talsverðri byggingu, Tjarnarlundi, en byggt hefur verið við húsið nokkrum sinnum. Húsasamstæðan er til móts við kirkjugarðinn um 10 m norðan við hann og er malarvegur/-plan á milli.

Norðvesturhluti hússins sem stendur er á því svæði sem elsta húsið var. "Mannvirki, sem aðrir eiga

að mestu eru þessi: [. . .] 8. Þinghús 5,7x4,4x2,5 m, með risi úr timbri með járnþaki, bygt 1906. 10. Skúr [þ.e. samkomuhús] við það, eign Stórstúku Íslands 2x4,4x2 m, úr timbri með járnþaki," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Sigurður Þórólfsson í Fagradal hefur tekið saman fróðleik um byggingu þinghúss og annarra húsa á Kirkjuhólnum. Þar kemur m.a. fram að árið 1907 hafi yfirstjórn kirkjumála gert kröfu um að húsi yrði komið upp við kirkjuna þar sem kirkjugestir gætu haft fataskipti o.s.frv. og í kjölfarið var ákveðið að byggja hús sem einnig gæti þjónað hlutverki þinghúss hreppsins, Samkvæmt gögnum frá Sigurði komst húsið upp þá um sumarið og var Magnús Halldórsson í



Núverandi samkomuhús DA-180:034, horft til ASA.

Fagradal smiður hússins en Torfi í Ólafsdal gaf ofn í húsið en annars hefði það ekki verið nothæft yfir vetrartímamann en þetta var einmitt árið sem Búnaðarskólinn í Ólafsdal var lagður niður. Í húsinu var líklega sett upp fyrsta leiksýningin í Saurbænum þegar Skugga-Sveinn var settur á svið 1918 eða 1919 samkvæmt Sigurði þótt ekkert væri sviðið því það var ekki fyrr en 1921 að ákveðið var að kaupa efni í leiksvip. Árið 1924 var svo ráðist í stækkun á húsinu sem samkvæmt Sigurði var líklega fjármagnað af ungmennafélaginu og komst það í skuldir vegna byggingarinnar. Þá var steypur kjallari og hæð ofan á hann sem var notað sem leiksvið. Árið 1936 ákváðu ungmennafélagið, kvenfélagið og hreppsfélagið að reisa hesthús á þessum stað norðan við hliðið, við girðinguna og samkvæmt Sigurði voru dyr á þeim sem var utan girðingar. Á aðalfundi ungmennafélagsins 1942 var ákveðið að ráðast í endurbætur og stækkun á fundarhúsinu ef hreppurinn fengist til að greiða helming af kostnaði á móti. Það var ekki samþykkt það ár eða á næstu árum en 1947 samþykkti hreppurinn loks að ráðast í framkvæmdirnar, líklega vegna stofnunar Félagsheimilásjóðs sem var þá nýstofnaður og ætlað að styrkja félagsheimili á landsbyggðinni (og bera 40% af kostnaði).

Framkvæmdir drógust en byrjað var á endurbótum 1950 sem fólust m.a. í að salurinn var lengdur. Einhvern tíma eftir 1957 var enn hafist handa við endurbætur og viðbyggingar og var þá um verulega stækkun að ræða og byggður nýr salur þvert yfir austurenda hússins, kjallari og leiksvið í norðurenda og anddyri og bakdyr á austurhlíð. Þessum breytingum lauk með vígsluhátíð árið 1962 og var það eftir þessa framkvæmd sem nafnið Tjarnarlundur festist við húsið. Samkvæmt Sigurði var yfirsniður við þessa framkvæmd Valtýr Guðmundsson frá Níp. Árið 1982 var svo enn staðið í endurbótum "Þá var byggt yfir skotin, sem voru beggja vegna við innganginn á suðurhlíð gamla hússins og við norðurhlíðina var byggður kjallari þar sem voru búningaklefar, klósett og sturtur fyrir þá keppendur, sem þátt tóku í frjálsum íþróttum og knattspyrnu á íþróttavellinum sem þá var kominn vestan við Hólinn, en á þessum árum var töluverð gróska í íþróttalífinu í héraðinu. Á hæðinni yfir búningaöstöðunni komu snyrtingar fyrir húsið, eldhús með öllum búnaði og einnig lítill salur við hlíð stóra salarins og sem einnig tengdist eldhúsinu. Einnig voru innréttuð tvö herbergi í vesturenda hússins og jafnframt lítill salur inn af forstofunni, sem nýttist til minni fundarhalda og var hann í beinu sambandi við eldhúsið." segir í greinargerð Sigurðar.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA; Ö-Staðarhóll,1; Jón M. Ívarsson (2006),28; FDA II, 94, Sigurður Þórólfsson - Tjarnarlundur - Upphaf að húsbyggingu

**DA-180:035** varða landamerki

366127 540209

"Einnig á Staðarhól ítök í Staðarhólstungum svokölluðum, sem er gömul selstaða og ræður þar merkjum Traðardalsá alt að Smjörhjallagili og með því að upptökum gilsins og eftir því sem vötnum hallar ofan Steypuna í slakka í hásteypuhaus að austan og þaðan sjónhending í 2 vörður [sjá líka 036] sinnhvort veginn við Hvammdalsá," segir í landamerkjalyngu. Vörður þær sem nefndar eru í lýsingunni sjást enn og er nyrðri varðan skráð hér. Hún er 700 m austan við Staðarhólssel 022\_01 og um 3,7 km suðaustan við bæ 001. Þá er hún rúmum 400 m norðan við landamerkjavörðu 036. Varðan er á merkjum milli lands Staðarhóls í Staðarhólstungu og Hvammsdals DA-177. Varðan er á hálfgrónum mel, á hlíðarbrún.



*Varða DA-180:035, horft til VNV.*

Varðan er hrunin, er 2 x 1 m að stærð og snýr norður-suður. Varðan er 0,4 m á hæð og er hlaðin úr blöndu af stæðilegi ferhyrnu grjóti og flötum hellum. Grjótið er skófum vaxið. Mikið grjótdreif er norðan við vörðuna, líklega hrun úr henni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 52

**DA-180:036** varða landamerki

366019 539833

"Einnig á Staðarhól ítök í Staðarhólstungum svokölluðum, sem er gömul selstaða og ræður þar merkjum Traðardalsá alt að Smjörhjallagili og með því að upptökum gilsins og eftir því sem vötnum hallar ofan Steypuna í slakka í hásteypuhaus að austan og þaðan sjónhending í 2 vörður [sjá líka 035] sinnhvort veginn við Hvammdalsá," segir í landamerkjalyýsingu. Vörður þær sem nefndar eru í lýsingunni sjást enn og er syðri varðan skráð hér. Hún er 700 m austan við Staðarhólssel 022\_01 og um 3,7 km suðaustan við bæ 001. Þá er hún rúmum 400 m sunnan við landamerkjavörðu 035. Varðan er á merkjum milli lands Staðarhóls í Staðarhólstungu og Hvammsdals DA-177.



*Varða DA-180:036, horft til norðvestur.*

Varðan er ofarlega á mosagrónum stalli. Uppþornaður og gróinn lækjarfarvegur er rétt austan og sunnan við vörðuna.

Varðan er hlaðin ofan á litla og gróna klöpp. Hún stendur nokkuð vel og er rúmur 1 m á kant að grunnfleti og 0,4 m á hæð (1,3 m ef klöppin er talin með). Í hleðslum er skófum vaxið grjót.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 52


**DA-180:037** Erlendstóft tóft óþekkt hlutverk

364188 545170

"Austur af bænum [180b:001] eru [Lönguflatur] [...]. Austan við þá er Erlendstóft," segir í ornefnaskrá Lambaness. "Vestan við Flóa meðfram Staðarhólsá liggur harðvellisengi niður að Erlendstóft [...]," segir í ornefnaskrá Þurraness. "Milli Lambaness [DA-180b] og Saurhóls [DA-173] eru landamerki þessi: Frá Erlendstóft ræður Staðarhólsá. . .," segir í Landamerkjabréfi No. 51. Í landamerkjabréfi No. 49 segir: "Staðarhólsá ræður merkjum milli Þurraness [DA-184] og Saurhóls alla leið að Erlendstóft." Erlendstóft er



*Erlendstóft DA-180:037, horft til vesturs á ljósmynd.*



um 300 m norðaustan við Staðarhóls á en áin hefur áður runnið í bugðu mun lengra til austurs og aðeins verið um 20 m sunnan við tóftina. Tóftin er á merkjum, um 260 m austan við íbúðarhúsið í Lambanesi en um 1800 m norðan við Staðarhól 001.

Tóftin er á flata þar sem nú hafa verið ræst fram og ræktuð tún en tóftinni hefur verið þyrmt í þeim framkvæmdum. Kristján Sæmundsson heimildamaður hafði heyrt að ekki mætti slétta tóftina en ekki um hvers vegna það væri. Hann telur að hún hafi gengið undir nokkrum nöfnum, m.a. Imbutóft og Siggutóft og hafði hann heyrt því fleygt að þar hefði einhvern tíma búið einsetukonu.

Tóftin er aflöng og 14 x 7.6 m að stærð. Hún virðist einföld og snýr ANA-VSV. Op er á miðjum norðurlangvegg hennar. Talsvert þýfi er í norðausturhluta hennar en ekki hægt að greina hólfaskipan. Tóftin er skýr og sker sig á afgerandi hátt úr flatanum. Veggir hennar eru 0.4 m hærri en umhverfið en 1.5-2 m á breidd. Þeir eru þýfðir og á kafi í grasi. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Lambanes, 1; Ö-Þurranes, 1; Landamerkjabréf No. 51; Landamerkjabréf No. 49.

**DA-180:038** *Sunnuhvoll* heimild um bústað 363837 545621

"Norður frá túninu [DA-180b:001] við ána og nálægt veginum er nýbýli, sem heitir Sunnuhvoll, en er nú í eyði," segir í örnefnaskrá Lambaness. "Neðar með Staðarhólsá stóðu húsamenskubýlið Ós [028] í tvo áratugi og Sunnuhvoll einn áratug um og miðja 20. öld," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2011. Sunnuhvoll var rúmum 500 m norðan við Lambanes 180b:001 en sammt austan við heimreið að Lambanesi. Þar sem býlið stóð eru nú sléttuð tún.


Húsið stóð á einhvers konar rima eða lágu nesi og túnskiki við það var vestan undir því, aðeins lægra í landinu. Sléttað hefur verið yfir ummerki um býlið. Það er strangt til tekið of ungt til að teljast til fornleifa en þótti þó mikilvægt að taka með á fornleifaskrá sem hluta af byggðarþróun á svæðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Lambanes, 1; ÁFÍ 2011, 169;

**DA-180:039** þúst óþekkt hlutverk 364054 543414

Mjög óljósar minjar er um 20 m norðan við heimreið að Staðarhóli og um 40-50 m vestan við rætur bæjarhóls. Mjög þýft og grösugt svæði.



*Þúst DA-180:039, horft til ASA á ljósmynd.*

Kargabýfð upphækkun sem rís um 0,4 m yfir yfirborð, alls rúmir 30 x 10 m á stærð frá NV-SA. Eiginlegir veggir sjást ekki. Skammhliðar eru nokkuð ljósar sem og suðurhlið en norðurhliðin er minna sannfærandi. Hugsanlega er þetta einn túnbleðlanna sem rísa upp úr þýfinu norðan og vestan við Staðarhól en umfang og lögun bendir þó frekar til að hér geti verið mannvirkjaleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180:040** heimild um ristu

"Torfrista og stúnga hvertveggja slæmt og ilt til að flytja. Reidingsrista engin, og þarf til að kaupa," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705. Í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731 segir: "Torfrista stunga og Reidings Rista ij Medallage." Í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918 segir: "Jarðnytjar eru þessar: [...] 6. Torfrista góð [...]." Ekki er vitað hvar torf var rist innan jarðamarka Staðarhóls.

**Heimildir:** JÁM VI, 160; Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 21; FDA II, 95

**DA-180:041** heimild um vatnsból

"Vatnsból slæmt og þrýtur stundum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705. Í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918 segir: " [...] Vatnsból óhæfilegt [...]." Vatnsból á Staðarhóli þótti almennt slæmt en ekki er vitað hvort eða hvar brunnur eða uppspretta jarðarinnar var.

**Heimildir:** JÁM VI, 161; FDA II, 95

**DA-180:042** heimild um brú

"Vegur heim til bæjarins er so nær alt um kring ófær yfir að komast, so brúa verður með stórkostlegri fyrirhöfn," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705. Staðarhóll er á talsverðu mýrarsvæði. Ekki er vitað hvar umrædd "brú" eða vegur var en vísast hér m.a. til hinnar svokölluðu Brautar sem samkvæmt heimildum var norðan við bæinn, sjá 019 en hafi hlaðin braut eða vegur verið um mýrarnar sjást lítil sem engin ummerki um hana í dag. Í upphafi 20. aldar lá leiðin norður frá Staðarhól talsvert ofar eða vestar í hlíðinni, ofan við mestu mýrarnar (sjá 681:002) annars vegar en önnur leið (norður og suður frá Staðarhól, neðst í dalnum, við Staðarhólsá (og -eyrar - sjá 681:001). Ekki eru fleiri leiðir þekktar.

**Heimildir:** JÁM VI, 161

**DA-180:043** heimild um áveitu

"Jarðnytjar eru þessar: [...] 2. Útengi grasgefið, greiðfært, þurrleint, sémilegt, veitt á nokkuð af því, stutt á það og vegur góður," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Ekki er vitað hvaða áveitu er vísað til í fasteignamati og ekki eru þekktir önnur áveitumannvirki en þau sem fundust skammt sunnan við bæ 001 og skráð voru undir númerinu 051.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** FDA II, 95

**DA-180:044** sáðslétta tún

364113 543431

Á túnbleðli sem er fast NNV við bæjarhól 001 - næstum syðst á honum - vottar fyrir tveimur beðasléttum. Smátúnbleðill sem rís lágt, þýfður og mjög loðinn. Beðin virðast tvö og vottar fyrir þeim á loftmynd. Þegar komið er á staðinn sést lítið annað en hugsanlega rásin á milli beðanna, sem er um 15 cm breið og liggur nokkurn veginn frá austri til vesturs á um 10 m löngum kafla. Alls er svæðið að líkindum um 12 x 10 m stórt alls þótt örðugt sé að slá á það máli.

**Hættumat:** engin hætta


**DA-180:045** tóft útihús

364135 543392

Tóft er undir norðausturhorni kirkjugarðs 002, nánast við rætur hólsins. Vel grösugt svæði í halla mót austri.

Tóftin er grafin lítillega inn í hólinn, snýr austur-vestur með op í austurátt. Hún er nær áreiðanlega frá 20. öld af útliti að dæma, alls um 5 x 4 m að utanmáli. Veggjahæð er mest um 1 m. Hún virðist ferköntuð í grunninn en er talsvert rofin og aflöguð, einkum að innanverðu, en þar hafa kindur nuddað sér utan í vegg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Tóft DA-180:045.*

**DA-180:046** Réttareyri örnefni rétt

364039 543707

"Norðan við heimreiðina [009], sem er frá ánni til bæjarins [001], er Réttareyri,..." segir í örnefnaskrá. Réttareyri er um 300 m NNV við bæ 001. Á þessum slóðum er m.a. býlið Vindheimar 017 og óskýr, tvískipt tóft en engin ummerki fundust um rétt á þessum slóðum eins og ætla má að hafi verið samkvæmt örnefninu. Þýft og grösugt svæði. Engin ummerki sjást nú um rétt á þessum slóðum.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll, 1

**DA-180:047** þúst óþekkt hlutverk

365170 540610

Þúst er fast neðan og norðan undir Járnhrygg, um 60 m suðaustan við mógrafasvæði 033 og 2,9 km sunnan við bæ 01. Hlutverk hennar er ekki þekkt en það verður að teljast líklegt að um leifar af móstæði sé að ræða. Ekki er hins vegar að sjá ummerki um móskurd næst þústinni. Þústin er í þýfðum lyngmóa. Grösug mýri er til norðvesturs en há lyngi vaxin brekka í Járnhrygg til suðausturs.



*Þúst DA-180:047, á ljósmynd er horft til norðausturs.*

Þústin er 10x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,1-0,2 m á hæð og er í aflíðandi halla til norðvesturs. Greina má afar óljóst innanmál eins hólfs í þústinni iog mögulega hefur verið op inn í það í norðvesturenda. Norðvesturhlíð þústarinnar er óskýr og þýfð eins og reyndar öll þústin.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:048\_01** gata leið

365372 539969

Sjá má stítróttar götur eftir Járnhrygg sem liggja að býli/seli 022. Varða 02 er við leiðina. Götur á leiðinni sjást best þar sem þær liggja inn í túnið á býli 022. Járnhryggur er langur og hár hryggur, gróinn í austurhlíðum en melur og holtagrjót efst á honum. Hóltoppur eru á honum og gróið er í lægðum milli slíkra hæða.

Þar sem leiðin sést best í túninu er hægt að rekja hana á 26 m löngum kafla. Sjást 3-4 götur grónar götur á 2 m breiðu svæði. Eru þær 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Utan túnsins, á melum Járnhryggjar, sjást fjárgötur en einnig liggur bíslóði eftir Járnhrygg og framhjá vörðu 02. Líklega er slóðinn á svipuðum stað og eldri reidleið lá áður.

**Hættumat:** engin hætta



*Þúst DA-180:048\_01, á ljósmynd er horft til suðvesturs.*



**DA-180:048\_02** varða samgöngubót  
Lítill hrunin varða er á stóru bjargi á Járnhrygg norðvestan við mógrafir 012\_01 og 120 m norðaustan við greinilegar götur 01. Bjargið sem varðan er á er gríðarstórt eða um 2x1,5 m að stærð og 1 m á hæð. Það er flatt og fremur slétt að ofan. Varðan er 0,7-0,8 m í þvermál en hleðslur í henni eru hrundar og hefur hún líklega verið minni um sig en hærri en hún er nú. Varðan er 0,3 m á hæð. Grjót í henni er skófum vaxið.

**Hættumat:** engin hætta

365406 540084



*Varða DA-180:048\_02, horft til norðausturs.*

**DA-180:049** varða óþekkt hlutverk  
Varða er uppi á Þverfelli sem virðist ekki gömul og ekki sérlega vandlega hlaðin. Er hún á milli Staðarhóls og Þurraness DA-184. Frá henni sést glitta í bæinn á Þurranesi en óvíst hvort varðan sjáist þaðan. Klapparmelar eru allt í kringum vörðuna uppi á Þverfelli. Varðan er ekki frammi á ystu brún fellsins heldur aðeins inni á því.

Varðan er hlaðin á flatan jarðlægan stein sem er 0,5 m hár. Varðan er 0,7 m á hæð og 0,7 m í þvermál. Í henni sjást 5-6 umför. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin og óvíst að um fornleif sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

364940 543500




*Varða DA-180:049, horft til norðausturs.*

**DA-180:050** mannvirki óþekkt hlutverk

Afar óljósar minjar eru út við merki á milli Miklagarðs DA-183 og Staðarhóls, á milli áveitugarða 051\_01 og 051\_02 og 115 m sunnan við bæ 001. Mögulega er hér um leifar af vegi milli Staðarhóls og Miklagarðs að

364115 543213



*Mannvirki DA-180:050, á ljósmynd er horft til SSA.*

ræða. Minjarnar eru á fremur flatlendu og grasgefnu svæði. Þar er þýft og talsvert um ójöfnur og bakka.

Í þýfinu sést ílangur hryggur sem er 35 m langur og um 8 m breiður. Hann liggur nálega norður-suður og er víðast 0,2-0,3 m á hæð. Nyrst á þessum hrygg, þar sem er nokkuð skýr brún í landinu, eru tvær þústir út við jaðra hryggjarins. Er sú nyrðri og austari 5x2 m að stærð og snýr norður-suður. En sú syðri og vestari er 7,5x3 m að stærð og snýr eins. Báðar eru þær 0,3-0,4 m á hæð. Á milli þústanna er grunnt skarð sem kann að hafa myndast vegna umferðar eftir meintum vegi en þetta er allt mjög óljóst og ekkert framhald sést á hryggnum, hvorki til norðurs né suðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180:051** garðlag áveita

364096 543283

Áveitugarður er á flatlendu svæði á milli bæjarhóls 001 og merkja á milli Staðarhóls og Miklagarðs DA-183. Hinum megin við merkin eru einnig áveitumannvirki DA-183:010 í landi Miklagarðs en óvíst er að þau hafi tengst og tilheyrt sama kerfi. Áveitan er á fremur flatlendu og grasgefnu svæði. Þar er þýft og talsvert um ójöfnur. Ber þetta svæði með sér að hafa verið deiglendara áður en það var ræst fram með djúpum skurðum.

Áveitugarðurinn nær frá skurði sunnan við bæjarhól Staðarhóls 001 til suðausturs að merkjum milli Staðarhóls og Miklagarðs. Hann er torfhlaðinn, 132 m langur, 0,7-0,8 m á breidd og 0,3-0,4 m áhæð. Norðausturbrún garðsins er skýrari en suðvesturbrúnin. Um 47 m frá norðvesturenda garðsins verður hann mjög siginn, nánast útflattur. Þar suðaustan við hækkar landið lítillega og þar verður suðvesturbrún garðsins skýrari því renna hefur myndast meðfram garðinum en rennan kann að vera handgrafinn skurður. Hún er 0,2-0,3 m á breidd og 0,3-0,5 m á dýpt. Frá þessum stað á garðinum og að suðausturenda er norðausturbrún garðsins mjög ógreinileg og mögulega mæld utar en hún er.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag DA-180:051, á ljósmynd er horft til norðvesturs.*

**DA-180:052** varða óþekkt hlutverk

365812 540212

Hrunin varða er norðarlega í Staðarhólstungum, rétt sunnan við Hvammsdalsá, um 3,6 km suðaustan við bæ 001 og um 560 m norðaustan við Staðarhólssel 022\_01. Ekki er víst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en þessi varða er rúmum 300 m vestan við landamerkjavörðu 035 og hefur ef til vill einnig gegnt hlutverki landamerkjavörðu. Ekki er þó hægt að fullyrða það. Varðan er á hálfgrónum klapparmel rétt norðan við uppþornaðan og gróinn lækjarfarveg.

Varðan er mikið hrunin og varla stendur lengur steinn yfir steini. Hún er rúmur 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Í henni eru 4-5 steinar sem eru skófum vaxnir.

**Hættumat:** engin hætta




*Varða DA-180:052, horft til norðvesturs.*

**DA-180:053** tóft óþekkt hlutverk

364084 543509

Mjög óljós og fornleg, hringlaga tóft er á túnbleðli rúma 100 m norðvestur af bæjarhól 001. Umhverfis er mjög þýft graslendi.



*Tóft DA-180:053, á ljósmynd er horft til norðvesturs.*

Tóftin sést ágætlega á loftmynd en heldur verr þegar að er komið. Tóftin er nyrst og vestast á bleðlinum. Þar er mikið þýfi. Hún virðist hringlaga og er allt að 20 m í þvermál. Hún er alveg sigin og hlaupin í þúfur, mest um 0,3 m há en rís þó eilítið yfir þýfið. Dyr sjást ekki. Skál er í miðjunni en innra byrði þó varla nema 7-8 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:054** þúst tún

364366 543439

Á þrívíddarlíkani sem gert var af Staðarhólstúni og nágrenni sumarið 2020 kom í ljós að beðasléttur eru nyrst í Fjósakotstúni, norðan við fjárhúsleifar á bæjarstæði Fjósakots 182:001. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en þarna sjást 4-5 beð sem snúa austur-vestur, líklega í smáhalla mót vestri. Greinilegar rásir eru á milli beðanna. Líkleg stærð svæðis er um 40 x 40 m eða rúmlega það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Tóft DA-180:054 sjást á yfirborðslíkani allra efst*

**DA-180:055** tóft heystæði

364400 543363

Tóft, að líkindum heystæði, er fast ofan eða austan við garð 026, en hann er ofan við Fjósakotstún (sjá 182:001). Tóftin er í mýrlendum, aflíðandi halla mót vestri.



*Tóft DA-180:055, á ljósmynd er horft til austurs.*


Áberandi, iðagræn og grjótlaus upphækkun (um 0,5 m há), líklega leifar mannvirkis og þá sennilega heystæðis frekar en húss eða aðhalds. Alls er hún um 11 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Ekki mótar fyrir veggjum eða dyraopi.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:056** tóft heystæði

363899 543451

Mögulegt heystæði er 50-60 m vestan vegarins um Staðarhólsdal, sunnan við Réttareyri 046 og tæpa 20 m suður af tóft 006. Gríðarlegt þýfi er á þessum slóðum.



*Tóft DA-180:056, á ljósmynd er horft til suðvesturs.*

Grasi vaxin upphækkun sem sker sig úr þýfinu, um 9 x 5 m stór frá norðri til suðurs. Norðurhlutinn er skýr en sá syðri afmyndaður og rennur saman við þýfið umhverfis. Ekki er ósennilegt að þessi tóft og 006 tengist með einhverjum hætti.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:057** garðlag áveita  
Hugsanlegir áveitugarðar (eða  
flóðvarnargarðar) eru við farveg frá lítilli  
tjörn skammt norðaustan við tóft 056.  
Gríðarlegt þýfi er á þessum slóðum.

362596 546490

Garðarnir eru að líkindum tveir.  
Sá vestari er L-laga og liggur fyrst  
norður-suður en sveigir svo til vesturs en  
um 8 m ASA er annar garður sem snýr  
norður-suður. Farvegur er á milli þeirra  
og því virðast þeir hafa átt að stýra  
vatnrennsli en hvert er óljóst - þarna er  
lítill vatnshalli. Hvor garður um sig er  
um 1 m breiður og 0,5 m háur og alls ná  
þeir yfir svæði sem er um 30 x 20 m stórt.  
**Hættumat:** engin hætta




*Garðlag DA-180:057 horft til norðurs.*

**DA-180:058** garðlag túngarður

364044 543215

Á þrívíddarlíkani sem gert var af Staðarhólstúni og nánasta umhverfi sumarið 2020 sjást tvö fornleg garðlög  
í túni suður af bæ. Þau liggja nokkurn veginn samhliða í boga milli Hókots 014 og bæjarhóls 001. Hér er  
skráð það syðra en það nyrðra undir númerinu 059. Mjög þýft og grösugt svæði.



*Fornleg garðlög DA-180:058-059 sjást á yfirborðslíkani, neðarlega á mynd.*

Það sem er sýnilegast af garðlaginu eru tvær samhliða þústir 60 norður af Hólkoti. Á vettvangi var  
talið að þær gætu verið tóftaleifar og raunar er ekki útlokað að einhverntíma hafi staðið útihús á eða við  
leifar garðsins. Þegar mynd af líkaninu er skoðuð sést hins vegar að sigrinn garður liggur frá þústinni í sveig  
bæði til SA og NV. Alls er hægt að rekja hann um 250 m. Norðvesturendi garðsins er h.u.b. þar sem mætast  
skurðurinn sem sker suðurenda bæjarhóls og vegurinn um Staðarhólsdal en austurendinn er nálægt  
merkjagirðingu Staðarhóls og Miklagarðs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180:059** garðlag túngarður

364114 543184

Á yfirborðslíkani sem gert var af Staðarhólstúni og nánasta umhverfi sumarið 2020 sjást tvö fornleg garðlög í túni suður af bæ. Þau liggja nokkurn veginn samhliða í boga milli Hókots 014 og bæjarhóls 001. Hér er skráð það nyrðra en það syðra var skráð undir númerinu 058. Mjög þýft og grösugt svæði.

Á líkaninu sést að garðurinn liggur nokkurnvegin samsíða garðlagi 058, en víðast hvar eru rúmir 20 m á milli. Þó virðist þessi garður mögulega nálgast þann ytri eftir því sem suðaustar dregur. Alls er hægt að rekja garðinn á tæplega 200 m löngum kafla. Lítil hluti garðsins var skráður af jörðu niðri en þar sést hann á um 40 m löngum kafla frá merkjum á móti Miklagarði DA-183 til norðvesturs. Þar er garðurinn 0,2 m á hæð og 1,5-2 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180:060** *Hólshús* heimild um bústað


"Önnur hjáleiga hefur verið, kölluð Hólshus [svo]. Hefur ýmist tilgengið um bygging á henni eins og hinni. Sjaldan landskuld goldin, heldur ljeð fátækum mönnum. Kann ekki að byggjast jörðunni án skaða," segir í Jarðabók Árna Manússonar og Páls Vídalíns frá 1705. Í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731 segir: "Hólshús önnur hiáleiga þar og, J firndenne bijgd, övyst öllum Hvad hún leigdest. Hverig þessara Kann Aftur ad byggjast fyrir utan stærsta skada hema Stadaenz og Nälægra Afbyles Kota." Ekki er vitað hvar hjáleigan Hólshús stóð og er vel mögulegt að hún hafi síðar breytt um nafni og sé því á sama stað og síðar stóð hjáleiga með öðru nafni, t.d. Hólkot 014.

**Heimildir:** JÁM VI, 161; Jarðabók yfi Dalasýslu 1731, 24

**DA-180:061\_01** tóft óþekkt hlutverk



364239 543958

Talsverður fjöldi af einföldum tóftum er ríflega 600 m norðan við Staðarhól 001 en 770 m sunnan við Þurranes 184:001. Tóftirnar eru tæpum 110 m norðvestan við þjóðveg en 200 m suðaustan við Staðarhólsá. Á bakkanum eru sex þústir og rústir, á svæði sem er 160 x 50 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar þjónuðu. Tóftirnar eru ofan og utan í árbakka gamals farvegar og talsverð sina er allt í kring, neðar (í farveginum) er gras sneggra. Tóftirnar eru á mörkum bakkanna og lægra svæðis neðar. Þær skera sig úr sinunni þá rsem þær eru þýfðar og grónar.



*Tóftir DA-180:061\_01-06.*

Lýsingin hefst syðst á svæðinu þar sem tóft 01 er. Hún virðist einföld og 16 x 10 m að stærð. Tóftin snýr NNA-SSV. Ekki er greinilegt op á henni. Tóftin er stórbýfð og veggir eru víða allt að 2-2.5 m á breidd en aðeins 0.3 m á hæð.




*Tóft DA-180:061\_01, á ljósmynd er horft til norðurs.*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:061\_02** tóft óþekkt hlutverk

364292 543996

Tóft 02 er í raun ekki tóft heldur aðeins L-laga hleðsla. Hún er um 48 m NNA við tóft 01 en aðeins um 6



*Tóft DA-180:061\_02, á ljósmynd er horft til suðurs.*


m SSV við þúst 03. Hleðslan er mjög óskýr og kann að hafa verið stærri áður. Nú er hún 7.5 x 7 m að stærð og myndar sem fyrr segir L-laga horn. Hún er algróin og sigin, samtals um 0.4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:061\_03** tóft óþekkt hlutverk

364298 544005

Þúst 03 er um 6 m NNA við þúst 02 en 22 m SSV við tóft 04. Hún er í raun aðeins hæð eða þúst með svólíttli dæld í. Þústin er samtals 7 x 5.5 m að stærð. Hún er talsvert afgerandi, bæði grænni en umhverfið og rís einnig í um 0.5 m hærra. Sem fyrr segir er dæld í henni miðri en varla hægt að tala um hólf (innri löggun).



*Tóft DA-180:061\_03, á ljósmynd er horft til suðurs.*


Dældin er 2.3 x 1.3 m að stærð.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:061\_04** þúst óþekkt hlutverk

364316 544031

Þúst 04 er ríflega 20 m NNA við þúst 03 en um 20 m VSV við tóft 05. Hún er 7 x 6 m stór og snýr norður-suður. Ekki er greinilegt op á henni eða tóftarlag en svólíttli dæld er þó í miðjunni. Þústin er um 0.5 m hærra en umhverfið.



*Tóft DA-180:061\_04, á ljósmynd er horft til suðurs.*


**Hættumat:** engin hætta



**DA-180:061\_05** þúst óþekkt hlutverk

364339 544039

Þúst 05 er um 19 m VSV við þúst 04 en um 18 m SSA við þúst 06. Bæði þústir 05 og 06 eru á svæði þar sem nú er búið að slétta tún en þó má greinilega sjá móta fyrir þeim í sléttuðu túninu. Þúst 04 er í raun rústahóll. Hún er 13 x 11 m stór og snýr austur-vestur. Hún virðist skiptast í tvö hólf. Það vestara er 3.8 x



*Þóft DA-180:061\_05, á ljósmynd er horft til suðurs.*


2.1 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á vesturvegg þess allra syðst. Innar eða austar er annað hólf minna. Það er um 2.2 m í þvermál. Á einstaka stað sést í grjóti veggjum.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:061\_06** þúst óþekkt hlutverk

364327 544069

Þúst 06 er einnig sléttuð í tún. Hún er um 18 m NNV við þúst 05. Hún er í raun hólbunga, fagurgræn og ræktarleg. Hún er 14 x 11 m stór og snýr norður-suður. Ekki er greinilegt tóftarlag á henni.




*Þúst DA-180:061\_06, á ljósmynd er horft til suðurs.*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:062\_01** tóft+garðlag óþekkt hlutverk

364845 545629

Talsverð mannaverk eru suðvestan í Skollhól/Kirkjuhóli/Kirkjuhvoli þar sem Staðarhólskirkja og félagsheimilið Tjarnarlundur standa. Á þessu svæði voru hlaðnir stallar en sökum gróðurs sjást þeir nú ekki eins vel og áður. Þarna eru þó ýmis ummerki s.s. tóft 01, skjólgarður 02 og stallar 03. Mannvirkin ná yfir




*Minjar DA-180:062\_01-03, á ljósmynd er horft til ASA*

svæði sem er 28 x 23 m stórt og snýr austur-vestur. Á þessum slóðum lét kvennfélagið í sveitinni hlaða gerði og þarna var gróðursett talsvert mikið af trjám, barrtré, reyniviður, birki, víðir og rífsberjarunnar.

Tóft 01 er alveg undir hólnum. Hún er 16.5 x 7.5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Annars vegar er um eiginlega tóft að ræða sem er austar og 7 x 6 m að stærð, opin til suðurs. Tóftin gæti t.d. hafa verið hestakofi í tengslum við kirkjuna. Til VNV frá honum gengur eins konar stallur til vesturs. Hann er 7.5 x 1.2 m að innanmáli og opin til vesturs. Stallurinn er grafinn inn í brekkuna og á kafi í rífsberjarunnum.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar



*Tóft DA-180:062\_01.*

**DA-180:062\_02** garðlag óþekkt hlutverk

364856 545628

Garðlag sem var skjólgarður samkvæmt Sigurði í Fagradal, liggur niður (til SSV) kirkjugarðshólinn í framhaldi af suðurhorni kirkjugarðs 003. Garðlagið er um 23 m á lengd og snýr nálega norður-suður. Það er allt að 0.8-1 m á hæð en tæpur 1 m á breidd. Það er á kafi í gróðri.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar



*Garðlag DA-180:062\_02, á ljósmynd er horft til SSA*

**DA-180:062\_03** dæld

364852 545634

Samkvæmt Sigurði Þórólfsyni í Fagradal stóðu kvenfélagskonur á svæðinu fyrir því að gerðir væru e.k. pallar í sunnanverðan Kirkjuhólinn. Enn má sjá ummerki efitr a.m.k. tvo af stöllum en þeir hafa að nokkru horfið í gróðurinn á hólnum. Stallarnir eru um 7 m á lengd og flatir í toppinn. Móðir Sigurðar, Elínbet Hjálmfríður Jónsdóttir, var lengi var í sóknarnefnd kirkjunnar og sagði Sigurði frá því að á 3. áratug 20. aldar hefðu kvenfélagskonur fengið Markús Torfason frá Ólafsdal til að útbúa og hanna reitinn sunnan kirkjugarðsins. Þar var grafinn skeifulagaður reitur inn í hólinn og bekkir hlaðnir að innan.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**DA-180:063** þúst óþekkt hlutverk

364528 545716

Stór þúst/rústahóll er um 8 m sunnan við þjóðveg en um 340 m vestan við Staðarhólskirkju 003. Þústin er 2350 m frá Staðarhóli 001 en 85 m ASA við þar sem brú 021 á gamla þjóðveginum 681:004 lá yfir Flæðilæk. Þústinn er á grasivöxnu og stórbýfðu svæði þar sem Flæðilækur beygir til austurs en endinn á Flæðilæknum heiti Skipapollur. Er hann á milli lækjar og þjóðvegar norðar. Svæðið er stórbýft og sinuvaxið.



*Þúst DA-180:063, á ljósmynd er horft til vesturs.*

Ekki er um eiginlega tóft að ræða heldur þúst þar sem líklegt virðist að mannvistarleifar geti leynst undir sverði. Þústin sker sig nokkuð úr umhverfi sínu þar sem hann stendur hærra og grænka er þar meiri en umhverfis en bæði hóllinn og næsta nágrenni hans er stórbýft. Hóllinn er 14 x 10 m stór og snýr norður-suður. Hann er um 1 m hærra en umhverfið þar sem hann stendur hæst.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:064** þúst óþekkt hlutverk

364039

543566

Áberandi þúfnakragi er 40-50 m suður af Vindheimatóft 017. Mögulegt er að þar leynist mannvirkjaleifar. Þúfnakraginn er um 40 x 20 m stór frá norðri til suðurs og nær allt upp að veginum um Staðarhólsdal. Hugsanlega er ekki eiginleg tóft hér heldur enn einn lítill túnbleðill.


**DA-180:065** garðlag óþekkt hlutverk

364083 543668

Þykkt, mikið og fornlegt garðlag liggur norðan við Staðarhólstún frá fjallsrótum og langleiðina niður að Staðarhólsá. Það sést vel á loftmynd og lýsingin hér á eftir styðst raunar helst við hana þótt garðurinn hafi verið skoðaður á einum stað á vettvangi, skammt norðan við Vindheima 017. Ef dregin er lína frá bæjarhól 001 og beint til norðurs í garðinn er fjarlægðin tæpir 230 m. Garðurinn liggur almennt um mjög þýft svæði og á köflum votlent.


Alls sést garðurinn á um 450 m löngum kafla. Austast vottar fyrst fyrir honum norðan eða norðaustan við fjárhús á bæjarstæði Fjósakots 182:001. Þaðan má fylgja honum til vesturs (eða norðvesturs). Á einum stað á leiðinni niður að vegi liggur yngri túngirðing (vír) yfir hann en svo má rekja hann allt niður fyrir veg þar sem hann liggur 40-50 m norðan við Vindheima. Þar er hann líkastur greinilegri þúst og á honum fuglaþúfa. Hann liggur þar um mikið þýfi sem er bæði austan og vestan við hann en fjarar út skammt vestar, talsvert áður en komið er að Staðarhólsá, og ekki útilokað að hann hafi sveigt til suðurs skammt þar frá. Garðlög sem sjást sunnan Staðarhólstúns eða í það minnsta annað þeirra gætu hafa tengst þessum garði. Það virðist mögulegt að garðlögin hafi afmarkað svæði sem hefur verið mun stærra en eiginlegur töðuvöllur Staðarhóls en til að ganga úr skugga um þetta þyrfti rannsóknir.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:066\_01** tóft útihús

364032 543398

Sigið garðlag (mögulega gamall, upphlaðinn vegur) 066\_2 og tóft 066\_1 sjást fast norðan við heimreiðina að Staðarhóli. Hin meinta tóft er um 70 m VNV af íbúðarhúsi á bæjarhól 001. Mannvistarleifarnar eru á svæði sem er um 42 x 9 m stórt og snýr ASA-VNV. Svæðið er mjög grösugt og þýft.



*Tóft og garðlag DA-180:066\_01-02, á ljósmynd er horft til ASA.*

Tóftin er um 5 x 5 m stór, sigin og grjótlaus. Op kann að hafa verið til norðvesturs og veggir virðast þykkir og mest 0.8 m á hæð. Á ljósmynd sem Sigurhans Vignir tók á Staðarhóli 1966-68 og varðveitt er í Sarpri má sjá lítið hús úr torfi og grjóti, undir þaki á þessum sama stað. Það var með timburþilli til norðvesturs og op á því miðju. Húsið hefur verið lítið og líklegast verið útihúskofi af einhverri gerð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimild:** <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2308896>

**DA-180:066\_02** garðlag óþekkt hlutverk

364022 543407

Frá tóft 066\_01 virðist liggja garðlag til beggja átta, vesturs og austurs, 15-20 m í hvora átt. Það er sigið og um 2 m breitt, hlaupið í þúfur. Ekki er útilokað að hér sé komin eldri heimreið að Staðarhóli sem þá hefur verið raskað við gerð yngri vegar. Mögulega gæti þá þá hin meinta tóft verið afleiðing rasksins.


**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:067** tóft útihús

364071 543234

Tóft er um miðja vegu milli Hólkots 014 og bæjarhóls 001. Hún er 80-90 m norður af Hólkoti. Mjög grösugt og þvæði, líklega gamall túnbleðill. Ekki er útilokað að tóftin sé útihús frá Hólkoti, enda ber hún þess merki að geta verið frá svipuðum tíma. Tóftin er lítil og einföld, þökkalega greinileg, um 4 x 4 m að stærð. Veggir fremur signir og óljósir.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft DA-180:067*

**DA-180:068** *Slokagarðsengi* örnefni

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir um ítök Tjaldaness DA-172: "Sagt er jörðin eigi engi í Staðarhólslandi, kallað Slokagarðsengi; um það er þó ei átölulaust, en jafnan eru Tjaldaness ábúendum ljeðar nokkrar engjalslægjur í Staðarhólslandi, þó ekki í skyldunafni." Nafnið Slokagarðsengi gefur til kynna að þar hafi verið hlaðinn garður af einhverju tagi, mögulega heygardur. Örnefnið er týnt og ekki reyndist því unnt að staðsetja það.

**Heimildir:** JÁM VI, 161

**DA-180:069** varða óþekkt hlutverk

365675 539842

Stór og stæðileg varða er rétt austan við Byrgisbreiðar (sjá 023), í Staðarhólstungum. Varðan er 3,8 km suðaustan við bæ 001 og 670 m austan við Staðarhólssel 022\_01. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en þessi varða er um 340 m vestan við landamerkjavörðu 036 og hefur ef til vill einnig gegnt hlutverki landamerkjavörðu. Ekki er þó hægt að fullyrða það. Varðan er ofarlega á gróinni hæð, rétt austan við gróið votlendi.

Varðan er 2 m í þvermál og er austurhluti hennar hlaðin ofan á og utan í stórt bjarg. Varðan er 0,8 m á hæð og er hlaðin úr fremur smáu grjóti og myndarlegu hleðslugrjóti. Grjótið er stærra í botni vörðunnar en minnkar eftir því sem hærra dregur. Kringum vörðuna



*Varða DA-180:069, horft til vesturs.*

er nokkuð grjótdreif. Gott ástand vörðunnar gefur til kynna að hún sé fremur ung eða hafi verið endurhlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-180:070** þúst óþekkt hlutverk

363957 543352


Af loftmyndum má sjá að tóft sem sléttuð hefur verið í tún er um 160 m VSV við Staðarhól 001 en 20-30 m ofan við þjóðveg. Tóftin var í túni sem er nú í órækt.

Af drónamyndum sem teknar voru af svæðinu sumarið 2020 að dæma hefur tóftin verið á bilinu 15 til 20 m löng en 7-8 m á breidd og snúð NNV-SSA. Ekki er ljóst hvort hún hefur verið einföld eða mögulega skipst í tvö hólf. Hugsanlegt er að frekari mannvistarleifar séu norðan við hana en þau eru of óljós til að um þau sé hægt að fullyrða. Nyrðra garðlagið af tveimur sem virðast hafa markað af heimahaga Staðarhóls til suðurs (skráð undir númerinu 059) virðist hafa legið fast sunnan við tóftina og er hugsanlegt að hún hafi verið sambyggð því.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



*Tóft DA-180:070, horfi niður.*











## Minjakort 12

Staðarhóll - kort 1/4


0 100 200 m

### Skýringar


- |  |  |
|--|--|
|  Mörk jarða (RALA)  |  Torfhlaðið |
|  Mörk túns frá 1918 |  Þúst       |
| <b>Fornleifar</b>  |  Vegur      |
|  Skráðar fornleifar |  Náma       |
|  Bæjarhóll          |  |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD




Minjakort fyrir Staðarhóll. Fyrsta kort af fjórum.



<h2>Minjakort 13</h2> <p>Staðarhóll/Fjósakot - kort 2/4</p> <p>0 25 50 75 m</p> <p><b>Skýringar</b></p> <p> <span style="border: 1px solid black; display: inline-block; width: 15px; height: 10px; vertical-align: middle;"></span> Mörk jarða (RALA)         <span style="border: 1px dashed black; display: inline-block; width: 15px; height: 10px; vertical-align: middle; margin-left: 10px;"></span> Þúst       </p> <p> <span style="border-bottom: 1px solid orange; display: inline-block; width: 20px; vertical-align: middle;"></span> Mörk túns frá 1918         <span style="background-color: gray; display: inline-block; width: 15px; height: 10px; vertical-align: middle; margin-left: 10px;"></span> Steypa       </p> <p> <b>Fornleifar</b> <span style="background-color: #8ebf42; display: inline-block; width: 15px; height: 10px; vertical-align: middle; margin-left: 10px;"></span> Torfhlaðið       </p> <p> <span style="color: red; font-size: 10px;">•</span> Skráðar fornleifar         <span style="background-color: #8ebf42; border: 1px solid black; display: inline-block; width: 15px; height: 10px; vertical-align: middle; margin-left: 10px;"></span> Torf- og grjóthlaðið       </p> <p> <span style="border: 1px dashed black; display: inline-block; width: 15px; height: 10px; vertical-align: middle;"></span> Bæjarhóll       </p>		<p>FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS</p> <p>Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI Hnitakerfi: ISN93 Kortagerð: LLD</p>	
---	--	---	--

Minjakort fyrir Staðarhól. Annað kort af fjórum.












## Minjakort 14

Staðarhöll - kort 3/4

0 100 200 300 m




### Skýringar

- |  |   |
|--|---|
|  Mörk jarða (RALA)  |  Gata  |
| <b>Fornleifar</b>  |  Renna |
|  Skráðar fornleifar |  Náma  |
|  Rústahöll          |   |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



*Minjakort fyrir Staðarhöll. Þriðja kort af fjórum.*








## Minjakort 15

Staðarhóll/Lambanes - kort 4/4




### Skýringar

- |   |                    |  |
|---|--------------------|--|
|  | Mörk jarða (RALA)  | <b>Fornleifar</b>  |
|  | Mörk túns frá 1918 |  Skráðar fornleifar |
|  | Rústahóll          |  |
|  | Vegur              |  |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



*Minjakort fyrir Staðarhól. Fjórða kort af fjórum.*

## DA-180b Lambanes

### *Sögulegt yfirlit*

1918: 5 hdr., hreppseign. FDA II, 98.

"Nýbýli þetta er að nokkru leyti uppbyggt úr býlinu Fjósakot [DA-182] [og] að nokkru leyti úr Staðarhólslandi [DA-180]," FDA II, 99.

### *Landgæði*

Tvíbýli var á jörðinni skv. herforingjaráðskorti Dana frá 1911.


Jarðaitak: Jörðin á beitítak í Staðarhólsodda (DA-180) skv. Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918, 98. Mannvirki eru þá talin upp nýleg baðstofa (6.3 x 3.2 m) á bálki úr torfi en alpiljuð með timburgali, gamalt búr úr torfi og gamalt eldhús úr torf (sjá 001)i, ásamt eftirfarandi útihúsum sem öll voru úr torfi: fjós yfir 2 kúr í þökkalegu ástandi, hesthús yfir 4 hross í þökkalegu ástandi, hesthús yfir 3 hross nýbyggt, fjárhús tvö yfir 60 kindur í bærilegu ástandi. Önnur mannvirki voru matjurtagarðar (285m<sup>2</sup>), nátthagagirðing (sjá 006) og túngirðing úr torfgarði með 1 gaddavírstreng 580 m löng (sjá 005). Ekki er hægt að vita með vissu hver af þeim húsum sem skráð voru á jörðinni eru þau sem getið er í lýsingunni. Að auki voru taldir upp matjurtagarðar (664m<sup>2</sup>), nátthagagirðing um 71 m á lengd úr torfgarði með 1 gaddavír á og túngirðing úr torfgarði með tvístrengdum gaddavír á 1219 m löng (sjá 174:014). FDA II, 98

1918: Stærð alls túns 2,3 ha (hús o. fl. 0,8 ha, ræktað tún 1,5 ha; þar af 0,5 ha slétt). Matjurtagarðar 156 m<sup>2</sup>.

1918: "Matjurtagarðar 285 m<sup>2</sup> [...]. Í Fasteignamati frá 1918 kemur fram að tún jarðarinnar er um 2 ha að stærð, og er þriðjungur þess sléttaður. Útengið er sagt snögglengt og þurrlegt samfellt frá túni en beutiland þrönglent, reiðingarsamt flatlandi, snjóljett, ljett til vetrararbeitar, gott til stórgripabeitar, stutt á það og smalamennska hæg. Jörðin er sögð liggja vel við samgöngum innansveitar og vera vel löguð til túnbóta auk þess sem þar er ágætt mótak. Ókostir eru taldir þeir að hún er landlítill og áveðurssöm auk eþss sem hana skorti upprekstrarland. Torfrista er þar slök og jörðin líði fyrir ágangi af skepna nágrannajarða. Að auki er þess getið að mannvirkjum, túni og skepnum sé hætta búin af flóðum úr Staðarhólsá og flæðihætt sé fyrir sauðfé. Jörðin er á þessum tíma talin geta framfleytt 40 sauðfjár, 2 kúm og 4 hrossum með 2 manna afla. FDA II, 98-99.



## DA-180b Lambanes



### Skýringar

— Útlínur túnakorts frá 1918

### Fornleifar

• Skráðar fornleifar

■ Torfhlaðið



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
 Hnitakerfi: ISN93  
 Kortagerð: LLD

*Heimatún Lambanes DA-180b*

**DA-180b:001** *Lambanes* bæjarstæði bústaður

363922 545065

Gamli bærinn var austarlega fyrir miðju túni, um 150 m sunnan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (byggt 1973). Svæðið þar sem gamli bærinn var hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Búið er að slétta það og reisa ný útihús á svæðinu. Vegna þessara framkvæmda sjást engin merki um gamla bæinn lengur á yfirborði. Gamli bærinn var rétt sunnan við fjárhús. Ræktað tún er til austurs og til vesturs er vegur að fjárhúsunum og þar lengra til vesturs rennur Staðarhólsá.

Engin merki um bæjarhól sjást lengur á yfirborði vegna byggingaframkvæmda. Mögulega er enn mannvist undir sverði, þótt hún sé að öllum líkindum mikið röskuð. Samkvæmt Kristjáni Sæmundssyni, heimildamanni, var gamli bærinn að hluta til steinhús með viðbyggingu úr timbri. Húsum á jörðinni er lýst fasteignamati frá 1918 en þar segir: "Mannvirki, sem á jörðinni eru, eru þessi: 1. Baðstofa 6,x3 m, á bálki, úr torfi, alþiljuð, með timburgaflí, nýleg. 2. Búr úr torfi, gamalt. Eldhús úr torfi gamalt. 3. Fjós yfir 2 kýr úr torfi í þokkalegu standi."

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918, FDA II, 98



*Bæjarstæði Lambaness DA-180b:001, horfi en til austurs*

**DA-180b:002** heimild um útihús

363926 545049

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918, um 20 m sunnan við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við útihús 003. Þar sem útihúsið stóð er sléttað og óræktað svæði. Til austurs er ræktað tún. Engin ummerki útihúss sjást á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-180b:003** heimild um útihús

363933 545026

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918, um 50 m sunnan við bæ 001 og rúmum 30 m sunnan við útihús 002. Á þessum slóðum er óræktað svæði. Þar sem húsið stóð er nú kominn matjurtagarður. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-180b:004** heimild um fjárhús

363930 545107

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918, um 50 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 40 m SSA við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (byggt 1973). Til suðurs er óræktað svæði og til austurs er ræktað tún. Engin merki útihúss sjást lengur á yfirborði vegna þess að búið er að byggja annað útihús á sama stað.

**Hættumat:** hætta, vegna byggingar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-180b:005\_01** garðlag túngarður

363943 544989

Túngarður er teiknaður umhverfis heimatún bæjar 001 á túnakorti frá 1918. Hann afmarkaði um 200x140 m stórt svæði, sem snýr nálega norður-suður. "Mannvirki, sem á jörðinni eru, eru þessi: [...]. 10. Túngirðing úr torfgarði, með 1 gaddavír streng, 580 m löng," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Torfhladdinn túngarður afmarkaði túnið á Lambanesi sem er á flatlendi við Staðarhólsá. Netagirðing er ofan á honum þar sem hann hefur varðveist. Á svæði sem er 215x150 m að stærð og snýr austur-vestur má sjá túngarð 01, tvær sambyggðar tóftir 02 og 03 og yngri garð 04 sem tengst hefur túngarði. eru þessar minjar skráðar sem ein heild en hver minjaneining fær sitt númer.

Fast sunnan við túnið er votlendi, gamall og grasgefinn vatnsfarvegur sem afmarkar Lambatanga. Áin hefur breytt farvegi sínum og rennur ekki lengur meðfram tanganum. Lýsingin hefst á torfhlöðunum túngarði 01. Hann afmarkar svæði sem er 150x110 m að stærð og snýr ANA-VSV. Garðurinn er nokkuð stæðilegur og stendur vel á löngum kafla vestan við túnið þar sem hann liggur meðfram Staðarhólsá. Þar er hann 0,6-0,7 m á breidd og víða 0,8 m á hæð. Þessi vesturveggur túngarðsins er nánast útflattur sunnan við netagirðingu þar til hann hverfur fram á árbakkanum. Garðurinn er horfinn í SSV-horni vegna landbrots af völdum árinna en sést enn meðfram suðausturjaðri túnsins. Þar sést þó garðurinn nánast eingöngu sem kantur og við hann utanverðan eru tóftir 02 og 03. Á þessum kafla er garðurinn um 1 m á hæð og breidd utanmáls.




*Garðlag DA-180b:005\_01, horft til norðurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots  
**Heimildir:** Túnakort 1918; FDA II, 99

**DA-180b:005\_02** tóft óþekkt hlutverk

363978 545019

Tóft 02 er sambyggð utanverðum túngarði 01 á suðausturhlíð túnsins. Hún er einföld og torfhlaðin, er 5,5x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést skýrt op á henni en það hefur mögulega verið á miðri suðausturhlíð. Veggir tóftarinnar eru farnir að hlaupa í þúfur og eru 0,4-0,5 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða



*Tóft DA-180b:005\_02. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs.*


hlutverki tóftin hefur gegnt. Hún er lítil og við utanverðan túngarðinn þannig að sennilegra er að þarna hafi verið heystæði en útihús.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180b:005\_03** tóft óþekkt hlutverk

364011 545040

Tóft 03 er við utanvert horn á túngarði 01 um 33 m norðaustan við tóft 02. Hún er torfhláðin og einföld, um 4x4 m að stærð. Veggir hennar eru úr lagi gengnir og aðeins farnir að síga inn í tóftina. Líklega hefur verið op er á suðausturhlíð tóftarinnar en það er allt samansigið. Veggjahæð er mest 0,6-0,7 m. Hlutverk



*Tóft DA-180b:005\_03. Á mynd til vinstri er horft til ANA.*

tóftarinnar er ekki þekkt en helst kemur til geina að það hafi verið lítið útihús eða heystæði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-180b:005\_04** garðlag túngarður  
Garður 04 tekur við af garði 01 á suðausturhlíð túnsins en er sýnilega yngri og umfangsminni. Hann er tæpur 1 m á breidd og er innri brún hans 0,3-0,4 m há en ytri brúnin 0,6-0,7 m há. Garðurinn er 120 m langur og liggur eftir náttúrulegri brún þar sem Staðarhólsá hefur eitt sinn runnið í sveig og myndað Lambatanga.

**Hættumat:** engin hætta, vegna ábúðar

364021 545030



*Garðlag DA-180b:005\_04, horft til norðausturs.*

**DA-180b:006** heimild um nátthaga

"Magnús minnir að nátthagar hafi verið á nokkrum bæjum, m.a. Lambanesi [...]," segir í svörum við spurningum um fráfarur og myllur í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands. "Mannvirki, sem á jörðinni eru, eru þessi: [...]. 9. Nátthagagirðing," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Kristján Sæmundsson, heimildamaður, man ekki eftir nátthaga á jörðinni. Á túnakorti frá 1918 er afmarkað svæði sem merkt er "órækt" um 60 m sunnan við bæ 001. Hugsanlega var nátthagi innan þess en frekari heimildir þarf til þess að staðfesta það. Ekki er hægt að staðsetja nátthagann án frekari heimilda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; ÞP 008a, 15108; FDA II, 98

**DA-180b:007** heimild um mógrafir

"Jarðnytjar eru þessar: [...] 4. Mótak nærtækt," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Þetta er eina heimildin sem getur um mótak á jörðinni svo vitað sé. Kristján Sæmundsson, heimildamaður, man ekki eftir mógröfum á jörðinni og taldi raunar að landið hentaði illa til móskurðar. Án frekari upplýsingar um staðsetningu mógrafarsvæðis á jörðinni er ekki hægt að staðsetja þær með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:** FDA II, 98

**DA-180b:008** heimild um brunn

363886 545065

"Jarðnytjar eru þessar: [...] Vatnsból gott," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Brunnur var um 30 m vestan við bæ 001 og rúmum 40 m norðvestan við útihús 002. Vegur að fjárhúsum syðst í túninu liggur í sveig við staðinn þar sem brunnurinn var. Brunnurinn var á sléttu en óræktuðu svæði. Til vesturs rennur Staðarhólsá og til austurs er útihús. Engin merki um brunn eru sjáanleg lengur en búið er að fylla upp í brunninn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FDA II, 99










## Minjakort 15

Staðarhöll/Lambanes - kort 4/4

0 100 200 300 m




### Skýringar

- |   |                    |                      |
|---|--------------------|----------------------|
|  | Mörk jarða (RALA)  | <b>Fornleifar</b>    |
|  | Mörk túns frá 1918 | • Skráðar fornleifar |
|  | Rústahöll          |                      |
|  | Vegur              |                      |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



Minjakort fyrir Lambanes DA-180b



## DA-181 Kjarlaksvellir

### *Sögulegt yfirlit*

**1704:** 8 hdr., undirsett Staðarhóli, helmingur bændaegn. JÁM VI, 162.

**1731:** 7 1/2 hdr., undirsett Staðarhóli. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 23.

**1847:** 7 1/2 hdr., undirsett Staðarhóli. JJ, 171.

Samkvæmt fasteignamati fyrir Dalasýslu frá 1918 kemur fram að jörðin Kjarlaksvellir er þá metin 5 hndr að dýrleika. Mannvirki á jörðinni voru eftirfarandi: Afþiljaður torfbær (5,7 x 3,8 m), búr (3,8 x 2,5 m) og eldhús (3,8 x 3,2 m) sem ætla má að hafi verið á bæjarhólnum (sjá 001). Þar hefur mögulega einnig verið fjós yfir 4 nautgripi. Önnur mannvirki voru samstæðufjárhús úr torfi fyrir 50 fjár (sjá 002), hlaða (7,5 x 3,8 x 2,5 m) úr torfi með járnþaki, hesthús út torfi yfir 4 hross, matjurtagarður 240 m<sup>2</sup> og túngirðing um 135 m löng (sjá 004) (ekki er í öllum tilvikum ljóst hver af þeim húsum og mannvirkjum sem skráð voru í fornleifaskráningu passar við hvert þessara húsa og mannvirkja). FDA II, 82.

### *Landgæði*

1918: Stærð alls túns 2,4 ha (hús o. fl. 0,08 ha, ræktað tún 2,3 ha; þar af 0,9 ha slétt). Matjurtagarðar 184 m<sup>2</sup>. 1704: "Silúngsveiði kynni að vera, varla fyrirhafnar verð. Túnið hefur áður spilst af læk nokkrum, sem þar er hjá, og verður ekki viðgjört; áin fyrir neðan brýtur og lítilsháttar af því. Engjar, sem eru í verunni litlar, spillast jafnlega af grjóti úr fjallinu og leir, sem á þær rennur. Torfrista engin, og er ljeð frá heima jörðunni betalingslaust," segir í JÁM VI, 162.

1731: "Töduvöllur er þar gödur. Utheyes Slægiur hollar og notagodar. Gott under bu ä Sumurenn, og Hagbeit ä vetrumm þá Sniöar ei banna. Okoster. Koter er Landlyted, og Nytur annara Jarda landeigna. Vetrarhardt sem ä ödrum Daljördumm torfristu og stunga er þar valla ad fá utan ij heimastadarenz Lande." Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 23.

Jarðaitök: Jörðin á slægjuítak í Staðarhólsodda. FDA II, 82.

Í fasteignamati frá 1918 kemur fram að túnið var um 3 ha að stærð og þriðjungur þess sléttaður. Útengi var snögglent, greiðfært og votlent. Beitiland þótti gott til sumarbeitar fyrir allar skepnur. Upprekstrarland var meira en nægilegt og vatnsból gott. Jörðin átti slægnaítak í Staðarhólsodda. Helstu ókostir jarðarinnar voru taldir að engjavegur var langur og slæmur, vetrarbeít var lítil og snjóþyngsli mikil, smalamennska erfið. Mótak vantaði og torfristu. Jörðin lá illa við samgöngum og var illa löguð til umbóta. Ágangur var af fénaði nágrannabæja og nokkur fennihætta. Jörðin var talin framfleyta 100 sauðfjár, 2 kúm og 5 hrossum með 5 manna afla. FDA II, 80-81.



## DA-181 Kjarlaksvellir

### Skýringar

— Útlinur túnakorts frá 1918


#### Fornleifar

• Skráðar fornleifar

□ Bæjarhóll

□ Þúst

■ Torfhlaðið



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD

*Heimatún Kjarlaksvallar DA-181*

**DA-181:001** *Kjarlaksvellir* bæjarhóll bústaður

364666 540995

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð bærinn austarlega á miðju túninu, nyrst allra húsa. "Sagt er, að Sléttu-Bjarni hafi byggt Kjarlaksvelli manni, er Kjarlakur hét, og sé þannig tilkomið nafn staðarins," segir í örnefnaskrá. Í þeirri sömu skrá er einnig örnefnið Bæjarhóll sem sagður er vera skammt upp af bæ en að bærinn hafi alltaf staðið á sama stað. Bæjarhólsörnefnið virðist því ekki eiga við um bæjarhól sem samanstandur af uppsöfnuðum mannvistarleifum. "[Lýsing á Kjarlaksvalla- og Þverfellsbæ] Þetta voru



*Kjarlaksvellir DA-181:001. A mynd til vinstri er horft til norðurs en til suðausturs á mynd til hægri.*

moldarbær með litlum gluggakytrum á gaffli og tveim á hlið [...]. Ekki voru eldunarfæri í þessum [þriggja stafgólfa] baðstofum, heldur voru eldhús útúr löngum göngum sem lágu frá baðstofu til útidyra, Um mið göngin voru dyr til beggja handa, aðrar voru í eldhús og hinar í búr[...]. Eldhúsið var torfhús reft upp með strompi upp úr þaki [...]," segir í Breiðfirðingi 55. Í fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918 eru talin upp mannvirki á jörðinni og er líklegt að þessi hafi verið á bæjarhólnum: 1. Búr 3,8x2,5 m úr torfi. 2. Eldhús 3,8x3,2 m. 3. Fjós yfir 4 nautgripi úr torfi [...] 1. Torfbær 5,7x3,8 á bálki, alþiljaður, í bærilegu ástandi." Bæjarhóllinn á Kjarlaksvöllum er á sama stað og þar sem eldra íbúðarhús af tveimur á bænnum stendur. Hann er miðsvæðis í austanverðu túninu, nærri bakka Staðarhólsár. Mikið umrót hefur orðið á bæjarstæðinu og í kringum það vegna byggingaframkvæmda og annars rasks Trjágardur er framan og sunnan við eldra íbúðarhúsið, á bæjarstæðinu. Heimátún Kjarlaksvalla er á flatlendi suðvestan við Staðarhólsá.

Mjög lítil uppsöfnun bæjarhóls er greinanleg en þó má sjá óljós ytri mörk hans norðaustan og norðvestan við elda íbúðarhúsið. Þar er bunga fram undan húsinu sem er 0,5-0,7 m há en ekki er útilokað að hún hafi myndast við byggingu hússins. Út frá þeim ummerkjum sem sjást er erfitt að áætla stærð bæjarhóls en hann hefur líklega ekki verið minni en 30x20 m og snúið norðaustur-suðvestur. Mörk meintrar uppsöfnunar sjást á svæði sem er 26x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Kjarlaksvellir, 1, 3; Breiðfirðingur 55, 80; FDA II, 82; Ö-Kjarlaksvellir, 1

**DA-181:002** heimild um fjárhús

364699 540913

Á túnakorti frá 1918 er stórt útihús teiknað um 80 m sunnan við bæ 001. Er líklegt að þar hafi hlaða og stór samstæðufjárhús fyrir 50 fjár staðið sem nefnd eru í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Ekki er það þó víst að þessi hús hafi staðið saman eða á þessum stað. Útihúsið var á flatlendi sunnan við bæ þar sem flest útihús og skemmur jarðarinnar standa. Allt þetta svæði er umturnað vegna bygginga og rasks.

Engin ummerki sjást lengur um útihúsið.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; FDA II, 82

**DA-181:003** tóft útihús

364632 540926

Á túnakort frá 1918 er útihús teiknað um 70 m suðvestan við bæ 001. Útflótt útihústóft er í gömlum hluta túnsins sem ekki er lengur nytjaður. Er hann í aflíðandi halla til norðurs en neðan og norðan við tóft er flatlendi mikið raskað vegna bygginga og vegagerðar. Fast neðan við tóft er allhátt barð en ekki er ljóst hvort það er náttúrulegt eða hefur myndast við jarðrask. Allstór þúst 010 er 7 m austan við útihústóftina. Þessi hluti gamla túnsins er þýfður og mjög grösugur.



*Útihúsatóft DA-181:003. Á mynd til vinstri er horft til norðurs.*

Tóftin hefur verið jöfnuð um en er enn greinanleg og virðist vera 19x9 m að stærð, snýr norður-suður. Hún mjókkar lítillega í suðurenda og aðrir hlutar hennar en austurveggur eru mjög óskýrir. Austurlangveggur tóftarinnar er 0,2-0,3 m á hæð og 2-3 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-181:004** garðlag túngarður

364638 540883

"Mannvirki sem jörðunni teljast fylgja, eru þessi [. . .]. Túngirðingum, 135 m löng," segir í fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918 en á túnakorti frá 1918 segir að túnið sé ógirt. Hvergi er merki um túngarð að sjá á túnamörkum eins og þau voru 1918 og virðist þá bæjarlækurinn sem er um 75 m suðvestan við bæ í brekkukverkinni hafa markað af túnin til suðvesturs. Ofan eða suðvestan við læk og tæpum 100 m suðvestan við bæ 001 er hins vegar greinilegur túngarður í hlíðinni. Hugsanlegt er að allra syðsti hluti hans sem er um 20 m sunnan við útihústóft 003 hafi þegar verið hlaðinn þegar túnakortið er gert, a.m.k. virðast fara nærri því að geta hafa verið á tünmörkum. Norðvestar er garðurinn alls staðar suðvestan við læk og er hann líklega gerður eftir að túnakortið var gert í þeim tilgangi að færa út túnin.

Túngarðurinn liggur í grasi gróinni og á köflum deiglendri brekku sem hallar til norðausturs. Frá suðaustri má fyrst sjá túngarðinn um 8 m norðvestan við malarslóða sem þarna liggur upp hlíðina. Þessi kafli er um 50 m langur og nær að bæjarlæknum sem rennur niður hlíðina á þessum slóðum. Norðvestan við lækinn heldur garðurinn áfram til norðvesturs og liggur tæpa 100 m til viðbótar áður en hann endar við bugðu á bæjarlæknum en samkvæmt túnakorti hafa túnamörk legið beint til norðurs norðan við læk en engin merki garðs sjást þar í sléttuðu túninu og hvorki norðan eða suðvestan við tún heldur. Garðurinn er torfhláðinn og nokkuð misjafn eftir svæðum. Hann er víða 1.2-1.5 m á reidd og 0.7 m á hæð. Girðing er á honum norðan við læk og þar er lækjarsitra meðfram honum á kafla og nokkuð deiglent niður af garðinum. Á þessum kafla er suðvesturbrún garðlagsins óveruleg en nokkuð bratt niður af honum til norðausturs. Líklegast hefur garðurinn verið gerður snemma á 20. öld.




*Túngarður DA-181:004, horft til suðurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FDA II, 82

**DA-181:005** *Stekkjahvammur* tóft stekkur

365050 540447



*Stekkur DA-181:005. Á mynd til vinstri er horft til vesturs.*

"Upp með ánni, undir Melunum, er kallaður Stekkjahvammur. Þar voru einhvers staðar tóftabrot, en áin ryðst þarna um, og Reynir [Guðbjartsson] hefur ekki athugað, hvort þetta sést enn. Hann veit ekki um fráferur á Kjarlaksvöllum," segir í ornefnaskrá. Stekkjartóft er 650 m suðaustan við bæ 001 og 760 m norðaustan við mógrafir 019. Stekkurinn er norðarlega í grónum hvammi. Rétt austan við stekkin rennur Traðardalsá.


Tóftin er tvískipt. Hún er 12 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en er á kafi í grasi og því ekki unnt að greina grjóthleðslur. Veggir eru 0,3-0,6 m á hæð og eru þeir veglegastir á norðurhlið. Í norðurenda er hól sem er 4,5 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gengið er inn í hólfið um op á miðri austurhlið. Annað hól er í suðurenda. Það er 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í það á miðri suðurhlið. Ekki er op á milli hólfá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjarlaksvellir,2

**DA-181:006\_01** *Selhvammur* tóft óþekkt hlutverk 364214 538286

"Undir Seljamúla er stór hvammur við ána, sem heitir Selhvammur. Þar var til forna haft í seli frá Staðarhóli, og þar eru rústir," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704 segir: "Jörðin [Staðarhóll] á frádeilt land, kallað Traðardalur [...]. Selstaða, sem þar í er, er þrönglendar heldur en jarðarinnar peningi kunni að ánægja. Hagar þar spillast jafnlega af skriðum og blása upp." Selsins er einnig getið í Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731. Seljahvammur er rétt vestan við Dragamýri, nokkuð innarlega í Traðardal og rétt norðan við Smjörhalla, um 2,7 km sunnan við bæ á Kjarlaksvöllum 001 en rúmum 5 km sunnan við Staðarhólsbæinn DA-180:001. Þá eru þessar selminjar rúmum 200 m suðvestan við seltóftir 007. Í Selhvammi eru 11 fornleifar á svæði sem er 120 x 70 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Miðsvæðis er rústahóll 04 og á honum eru yngri selminjar 05, eldri selminjar 06 og sigið garðlag 07. Minni tóftir (01,02, 08,09, 11), flestar með óræð hlutverk, eru dreifðar um Selhvamminn. Þar eru einnig ummerki um mótekju eða torfristu 03. Stór réttartóft 10 sem er sýnilega talsvert yngri en aðrar minjar á svæðinu er sunnan við selminjar, næst Traðardalsá.



*Minjar í Selhvammi DA-181:006\_01-11.*


Selminjarnar eru í mjög grónum, en nokkuð deiglendum hvammi. Rétt sunnan við hvamminn rennur Traðardalsá. Þrjár vatnslitlir lækir renna niður hvamminn og út í ána. Miklar útengjar og grösugt mýrlendi er ofan við hvamminn. Almennt séð er dalurinn gróinn þó svæði við hann séu illa farinn af jarðvegsrofi.



Lýsingin hefst austarlega í Selhvammi á siginni og ógreinilegri tóft 01. Hún er ofan á litlum og grónum stelli upp í brekku. Tóftin er skeifulaga, 4 m í þvermál, en til norðurs afmarkar brekka tóftina. Veggir eru torfhláðnir og signir, 0,2 m á hæð. Svæðið er gróskumikið á þessum slóðum og ekki er unnt að sjá neitt op á tóftinni. Ekki er víst um nákvæmt hlutverk tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjarlaksvellir,2




*Tóft DA-181:006\_01.*

**DA-181:006\_02** tóft+garðlag óþekkt hlutverk

364337 538220

Einöld tóft 02 og óljós ummerki um garðlag eru á gróinni hæð, fremur suðvestarlega í Selhvammi. Tóftin er 5 x 4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er grjótt- og torfhláðin og eru veggir 0,3 m á hæð. Ekki er hægt að greina fjölda umfara í hleðslum vegna mikils gróðurs. Tóftin er niðurgrafin um 0,4 m. Op er á tóftinni á miðri norðurhlíð hennar. Rétt norðan við tóftina er mjög sigið, torfhláðið, garðlag. Það er 0,2 m á hæð og



*Tóft og garðlag DA-181:006\_02. Á mynd til vinstri er horft til suðurs.*

um 1 m á breidd. Það liggur frá norðausturenda tóftarinnar og til norðausturs, á um 15 m löngum kafla. Óvíst er um hlutverk tóftarinnar, annað en það er einhvers konar aðhald fyrir skepnur.

**Hættumat:** engin hætta



Mógrafir DA-181:006\_03. Á mynd til vinstri er horft til vesturs.

Ummerki um mótekju eru rúmum 25 m norðan við tóft 02. Merki um þau má sjá á um 10 x 3 m stóru svæði sem snýr austur-vestur. Á þessu svæði sést að stungið hefur í bakka lækjarfarveggar (sem nú þornaður upp). Bakkar grafanna eru hæstir um 0,4 m. Grafirnar eru ekki samfelldar, þær eru nokkuð grónar en deiglent innan þeirra. Ekki er útilokað að þarna hafi eingöngu verið efnistaka fyrir byggingar í hvamminum.


**Hættumat:** engin hætta

**DA-181:006\_4** þúst  
Nokkuð áberandi rústahóll 04 er um 50 m austan við mógrafir 03. Austan og vestan við hólinn renna tveir, vatnslitlir nær uppþornaðir, lækir. Hóllinn er 25 x 20 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hann rís um 0,8-1,2 m hærra en umhverfið í kring og mjög líklega að stórum hluta uppsafnaðar mannvistaleifar. Ofan á hólnum eru mjög greinilegar seltóftir 05, 06 og garðlag 07.

**Hættumat:** engin hætta

DA-181:006

364382 538271



Tóftir og þústir DA-181:006\_04-08.

**DA-181:006\_05** tóft sel

364388 538275

Nokkuð heilleg seltóft er fyrir miðjum Selhvammi, ofan á rústahóli 04. Tóftin er 12,5 x 8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er tvískipt. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir, 0,6 m á hæð, og sjást 1-3 umför af veglegu hleðslugrjóti í þeim. Hólf í norðausturenda er ílangt, 9,5 x 2 m að innamáli, og snýr eins og tóftin. Það hallar smávægilega til suðausturs. Op er á hólfinu, norðarlega á austurhlið þess. Í suðvesturenda er annað hólf sem er 3,5 x 2 m að innamáli og snýr eins og tóftin. Ekki er hlaðinn veggur á SSA-hlið hólfins. Þetta er líklega yngsta seltóftin á rústahóli 04.

**Hættumat:** engin hætta*Seltóft DA-181:006\_05, horft til vesturs.***DA-181:006\_06** tóft sel

364378 538272

Rétt austan við tóft 05, á miðjum rústahóli 04, eru mjög grónar leifar af seltóft/-um sem hefur verið raskað við byggingu seltóftar 05, einkum norðaustasti hluti þeirra. Ummerkin sem sjást eru á svæði sem er 10 x 8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Sjá má veggjabrot sem eru torf- og grjóthlaðin en ekki er gott að átta sig á skipulagi tóftarinnar og getur verið að um fleiri en eitt byggingarskeið sé að ræða. Svo virðist sem að um tvö meginrými sé að ræða sem snúa norðvestur-suðaustur. Veggjahæð er 0,3-0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta*Seltóft DA-181:006\_06 horft til suðurs.*

**DA-181:006\_07** garðlag óþekkt hlutverk Vestast á rústahóli 04 er torfhlaðið garðlag 07. Garðurinn er útflattur, 2 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Hann liggur í sveig á hóljaðrinum og er greinilegur á um 25 m löngum kafla. Engin ummerki um garðinn sjást utan rústahóls 04. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi garðhleðsla hefur gegnt.

**Hættumat:** engin hætta

364372 538265

*Garðlag DA-181:006\_07, horft til ASA.*

**DA-181:006\_08** tóftir óþekkt

364394 538283

Tóftir og þúst eru á lítill bingu, rétt austan við læk í miðjum Selhvammi. Þessar fornleifar eru um 15 m norðaustan við seltóft 05 og á yfirborði eru þær signari og fornlegri en þær, mögulega vegna þess að ekki er mikið um grjóthleðslur í þeim. Tóftirnar eru á svæði sem er 15 x 6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir eru 0,4-0,5 m á hæð. Tóft A er nyrst. Hún er 4 x 2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á miðri norðvesturhlíðar tóftarinnar. Rétt sunnan við hana er tóft B. Mögulega hafa þær verið sambyggðar en það er ekki lengur skýrt. Tóftin er 5 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vesturhlíð tóftarinnar er útflött, aðeins 0,1 m á hæð. Þúst C er syðst. Hún sker sig frá umhverfinu vegna þess að á henni er þéttari og grænni gróður en annarsstaðar í næsta nágrenni. Hún er 3 m í þvermáli og rís 0,2-0,3 m hærra en umhverfið. Brúnir hennar eru skýrar, nema norðausturmörk hennar eru óljós. Ekkert innra byrði er greinilegt á þústinni en í henni sennilega mannvist undir sverði. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar tóftir hafa gegnt.




*Seltóftir DA-181:006\_08 horft til austurs.*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-181:006\_09** tóft óþekkt hlutverk


364416 538257



*Tóft DA-181:006\_09 horft til suðurs.*

Fornleg og mjög útflött tóft er sunnarlega í Selhvammi, um 20 m sunnan við tóft 011. Tóftin er einföld, 6,5 x 3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er líklega torfhlaðin og eru veggir útflattir, 0,1-0,2 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturhlíð tóftarinnar. Mögulega er þetta lítil rétt en hlutverk hennar er ekki þekkt.

**Hættumat:** engin hætta



*Réttartóft DA-181:006\_10, horft til vesturs.*

Réttartóft er sunnarlega í Selhvammi, rétt norðan við Traðardalsá. Tóftin er mjög heilleg og vafalaust talsvert yngri en aðrar fornleifar á svæðinu. Hún er 17 x 7,5 m að stærð, snýr ANA-VSV og er einföld. Veggir er torf- og grjóthlaðnir og sjást 4-6 umför af myndarlegu grjóti í hleðslum sem eru 0,7-0,9 m á hæð. Líklega hafa veggir ekki verið mikið hærri en þetta. Ekki er hlaðinn veggur á ANA-hlið tóftarinnar.


**Hættumat:** engin hætta

**DA-181:006\_11** tóft kvíar

364424 538276

Austarlega í Selhvammi, í gróinni brekku er sigin tóft. Hún er 7 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru líklega torfhlaðnir, 0,2 m á hæð og er hún einnig niðurgráfin um 0,3 m. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið tóftarinnar. Hefur tóftin líklega verið einhvers konar aðhald fyrir skepnur, mögulegar kvíar.

**Hættumat:** engin hætta




*Kvítóft DA-181:006\_11.*


**DA-181:007\_01** tóft sel

364521 538403

Tvær fornlegar tóftir eru inni á Traðardal, um 100 m norðaustan við selminjar 006 í Selhvammi og 2,6 km sunnan við bæinn á Kjarlaksvöllum en 5 km sunnan við bæinn á Staðarhóli DA-180:001. eru minjarnar neðst og suðaustast í mýri (líklega Hrossamýri) þar sem eru þurrar, þýfðar brúnir og hallar frá þeim til suðausturs niður að Traðardalsá. Tóftirnar eru á svæði sem er um 70x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grunnt mýrardrag eða gil er á milli þeirra. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en nálægð þeirra við Selhvamm og útlit þeirra bendir helst til þess að um seljarústir sé að ræða. Grasi gróid og þýft er næst tóftunum. Holmói er á litlum svæðum neðan við þær til suðurs en einnig eru rofin svæði á melhryggjum nær ánni og lengra til suðausturs.



*Seltóftir DA-181:007\_01-02.*



*Seltóft DA-181:007\_01. Á ljósmynd er horft til vesturs.*


Norðaustast á svæðinu er fornleg tóft 01. Hún er ílöng, 16,5x6,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Við miðjan utanverðan norður-langvegg er óljóst hólfið og þar er tóftin 9,5 m breið. Op er inn í tóftina vestast á suðurvegg. Þar framan við er grænni gróður en í kring og nokkurt þýfi. Inn af opinu er skýrasti hluti tóftarinnar og virðist hafa verið grafið út úr henni þar eftir að hún var fallin út notkun því þessi hluti tóftarinnar er mun dýpri og innanmálið greinilegra en annarsstaðar. Þessi hluti hennar er 4 m á lengd, 1,5 m á breidd og 1 m á dýpt, frá botni upp á norðurvegg. Austan við hann eru mögulega tvö önnur ílöng hólfið en skilin milli þeirra eru óljós vegna hruns. Þau eru bæði um 3x1 m að innanmáli. Ekki er útilokað að op hafi einnig verið á tóftinni í austurenda. Hólfið sem er við norðurlanghlið er 1,3 m í þvermál, ekki sést op inn í það. Vestan við þetta hólfið er mikið þýfi og ekki útilokað að þar kunni að leynast fleiri mannvirki. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,3 m.

**Hættumat:** engin hætta

DA-181:007\_02 tóft sel

364500 538361

Tóft 02 er 35 m suðvestan við tóft 01. Hún er á lágum rústahól sem er 18x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Er hann mjög þýfður og grasi gróinn. Tóftin er á miðjum hólnum og er 13,5x8,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í þrjú greinanleg hól og er breiðust í norðaustur-enda. Tóftin er öll mjög sigin og gengin í þúfur svo að innanmál hólfa sést orðið illa. Í suðvesturenda er stærsta hólfið sem er



*Seltóft DA-181:007\_02. Á ljósmynd er horft til suðausturs.*

5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Óljóst op er inn í það á norðaustur-langvegg. Í norðurhorni tóftar er hól sem er 3x2 m að innanmáli og snýr líka eins og tóftin. Afar óljóst op er á því í vesturhorni. Að lokum er óljóst hól í suðurhorni tóftar sem er 2x1,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Óljóst op er á því í SSV-enda. Ekki er að sjá að op hafi verið á milli hólfa en ekki er hægt að útiloka það. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Hvergi sést í grjóthleðslur í veggjum en ekki er vitað hvort að eingöngu hafi verið notast við torf í veggjahleðslur.

**Hættumat:** engin hætta

DA-181:008 gerði nátthagi

364467 541111

"Rétt inn af Klappafljóti er tún, sem heitir Girði. Það er fyrsta tún, sem komið er að. Torfgarðar eru í kring, sem ekki hafa verið hreyfðir. Þarna var fjárgæzla, en er nú slegið," segir í örnefnaskrá. Á þessum stað var nátthagi og sést vel fyrir garðahleðslunum í kring. Girði eru um 215 m NNV við bæ 001 en fast suðvestan við heimreið að Kjarlaksvöllum. Á þessum slóðum eru tvö stór hól, afgirt með túngarði. Þau eru enn slegin og eru rennislétt tún innan þeirra.



*Nátthagi DA-181:008. Á ljósmynd er horft til suðvesturs.*

Girðir er tvö stór hól, samtals 180 x 80 m að stærð. Torfgarðar eru fyrir öllum hliðum nema til norðausturs, sem er sú hlið sem samsíða er heimreiðinni. Garðurinn er torfhladinn og víða 1.3 m á hæð og um 1 m á breidd. Hann er breiðari í botninn en mjókkar upp. Nokkurt hrun er komið í garðinn hér og þar, sérlega í suðvesturhlið. Líklegast er að garðurinn hafi verið hlaðinn í kringum aldamótin 1900 eða snemma á 20. öld. Hann var tvær dagsláttur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kjarlaksvellir,3

**DA-181:009** heimild um myllu

364565 540987

"Magnús vissi um myllur á Staðarhól, Kjarlaksvellir....," segir í Svörum við spurningum um fráfarur og myllur í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands. Guðmundur Gunnarsson heimildamaður mundi ekki eftir að hafa heyrt talað um mylluna á Kjarlaksvöllum en taldi þó líklegast að hún hefði verið um 85 m vestan við bæ 001 á þeim slóðum sem kvarnarsteinn fannst í bæjarlækjum fyrir allnokkru.

Á þessum slóðum eru nú húsaþyrping neðan bæjarlækjar (bæjar- og útihús) en ofan hans deiglend hlíð. Norðar eru sléttuð tún.

Engin ummerki sjást um myllu á þessum slóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** ÞB 008a, 15108

**DA-181:010** þúst útihús

364653 540920

Suðvestarlega í gamla heimatúni Kjarlaksvallar er svæði sem ekki er lengur nýtt sem tún og er í aflíðandi halla til norðurs. Þar er þúst um 7 m austan við tóft 003 og 60 m sunnan við bæ 001.

Þústin er í stórþýfi á nánast flötum bletti í túninu sem hallar þó lítillega til NNA. Þústin er 16x10,5 m stór



*Þúst DA-181:010. Á ljósmynd er horft til norðausturs.*


og snýr austur-vestur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð. Virðist hér vera ummerki um mannvirki sem hefur verið rífið, líklega útihús af einhverju tagi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-181:011** *Byrgisbrekka* tóft óþekkt hlutverk

364812 540816

"Sunnan fjárhúsa eru nefndar Byrgisbrekkur. Á því svæði eru tóftir, en ekki veit Reynir, hvað þar var, e.t.v. Kvíar [sjá 014]," segir í örnefnaskrá. Gengið var um Byrgisbrekkur án þess að í þeim yrði vart við byrgi sem þær hafa dregið nafn sitt af. Ungleg tóft er rétt austan við Byrgisbrekkur, um 160 m suðaustan við bæ 001



*Tóft DA-181:011. Á ljósmynd er horft til vesturs.*



og rúmum 10 m suðaustan við garðlag 017. Er ekki ólíklegt að Byrgisbrekka dragi nafn sitt af þeirri tóft. Tóftin er á flatlendi niður við Traðardalsá, fast vestan við vatnslítinn læk.

Tóftin er tvískipt, 6,5 x 4 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Veggir er grjót- og torfhláðir en gróið er yfir hleðslur og var því ekki hægt að greina fjölda umfara. Veggir standa vel og eru þeir 0,7 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á austurhlið tóftarinnar og því opið inn í bæði hólfin í austurenda. Hólfin tvö eru mjög lík að stærð, bæði 2 x 1,5 m að innanmáli og snúa þvert á tóftina. Óvíst er með nákvæmt hlutverkt tóftarinnar, annað en að það sé einhvers konar aðhald fyrir skepnur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjarlaksvellir,1; Breiðfirðingur 55, 80

**DA-181:012** heimild um leið

364951 539490

"Ókostir eru þessir taldir helstir: 1. Engjavegur langur og slæmur [...]," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Engjavegur á Kjarlaksvöllum lá inn á Traðardal og má ætla að hann hafi, a.m.k. að hluta, legið á sömu slóðum og leið að seljum 007 og 006 og leið DA-681:008 sem legið hefur inn úr Traðardal og yfir í Hvammssveit. Guðmundur Gunnarsson, heimildamaður, sagði að hey hefði verið reitt heim úr Traðardal eftir Illamel ef hann var þurr. Illamelur er þurr og gróðurlaus og er hann framarlega á dalnum næst Traðardalsá. Ofan við hann til norðvesturs er mýrlent og mikill grasgróður. Dalurinn er að mestu leyti vel gróinn en næst ánni eru ógrónir melar á köflum.

Engin skýr ummerki um leið inn Traðardal sáust á vettvangi. Sjá nánari umfjöllun um ferðaleiðir á Traðardal í umfjöllun um leið DA-681:008.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** FDA II, 83

**DA-181:013** heimild um vatnsból

"Jarðnytjar eru þessar: [...] 5. Vatnsból gott," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Guðmundur Gunnarsson, heimildamaður, taldi tvo lækir hafa sameinast ofan bæjar og runnið í gegnum túnið norðaustan við bæ 001. Engin ummerki sjást um lækinn í sléttu og flatlendu túninu en vatni er nú veitt frá túni í skurði ofan við það. Ekki vitað hvar vatnið í bæinn var sótt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FDA II, 82

**DA-181:014** heimild um kvíar


364812 540816

"Þegar þetta gerðust voru tveir bændur komnir að Kjarlaksvöllum og búnir að byggja þar upp og þeir létu báðir færa frá," segir í Breiðfirðingi 55. Engar sannfærandi kvíatóftir fundust á jörðunni. Án frekari heimilda er ekki hægt að staðsetja kvíarnar með innan við 50 m skekkju.

**DA-181:015** tóft heystæði

364519 538648

Tvískipt tóft af heystæði er á þurru og lágu barði í Hrossamýri langt inni á Traðardal, 400 m norðaustan við sel 006 og 2,3 km sunnan við bæ 001. Hrossamýri er grösug og hallar frá henni til suðausturs niður að gili



Heystæði DA-181:015. Á ljósmynd er horfi til suðurs.

Traðardalsár. Suðvestan við tóftina er grunnt og gróið lækjargil.


Tóftin er líklega torfhlaðin, er 8x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfín eru bæði norðvestarlega í tóftinni og eru áþekkt að stærð, 2x1,5 m að innanmáli og snúa eins og tóft. Suðvestara hólfíð er þó mun óljósara en það norðaustara og innanmál þess illgreinilegt. Ekki sjást op inn í hólfín og óvíst að þau hafi verið til staðar þar sem ætla ma að um leifar af heystæði sé að ræða. Hæð veggja er 0,2-0,4 m.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-181:016** tóft óþekkt hlutverk

364214 538286

Tóft er rétt vestan við Selhvamm 005, um 2,7 km SSV við bæ 001 og rúmum 180 m vestan við seltóftir 005.



*Tóft DA-181:016. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

Næst tóftinni er smábýft og grasigróið. Nokkuð mýrlent er rétt norðan við tóftina.

Tóftin er einföld, 10 x 6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sjást 1-2 umför í hleðslum sem eru 0,5 m á hæð. Op er á tóftinni austarlega á norðurhlið hennar. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar, en mögulega var hér aðhald fyrir búfénað.


**Hættumat:** engin hætta

**DA-181:017** garðlag vörslugarður

364804 540823

Útflattur torf- og grjóthlaðinn garður sést á bardí frammi á suðvesturbakka Traðardalsár suðaustan við gamla heimatúnið á Kjarlaksvöllum. Líklega er um unga hleðslu undir túngirðingu að ræða. Innan og vestan við garðinn er grasi vaxið gamalt tún en utan hans eru grasi grónar eyrar niður við Traðardalsá sem heitir svo áður en hún sameinast Hvammsdalsá litlu neðar og norðar.

Garðurinn sést aðeins í austurhorni túnsins þar sem hann afmarkar svæði sem er 4x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Allar hleðslur eru hrundar og eru þær 0,6-0,8 m á breidd þar sem þær eru breiðastar og 0,2 m á hæð. Í brekkunni suðvestan við garðinn, innan við uppistandandi girðingu má sjá



*Garðlag DA-181:017. Á ljósmynd er horft til norðvesturs.*

einfalda grjótröð sem er 26 m löng og hefur eldri girðingin haldið þar áfram upp á brekkubrún. Ólíklegt er að þessar minjar séu nógu gamlar til að geta talist til fornminja (100 ára eða eldri).

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**DA-181:018** vegur samgöngubót

364720 539936

Gamall ruddur vegur liggur frá Lyngásabreiðum til norðurs vestast í Múlaskarði sem er ofan og vestan við Bæjarmúla. Vegurinn er 900 m sunnan við bæ 001 og 130 m norðaustan við mógrafir 019. Ekki er ljóst hvert þessi vegur lá en líklegast er að hann hafi verið farinn til að sækja hey á Langahjalla en þar virðast vera ágætar slægjur.

Vegurinn liggur um mólendi í fjallshlíð, ofan og vestan við flatlenda grösuga mýri. Á vettvangi var veginum aðeins fylgt á stuttum kafla en á loftmynd má sjá að hann er um 170 m langur og liggur úr suðri til NNV. Syðst er vegurinn 2 m breiður sneiðingur utan í fjallinu.

**Hættumat:** engin hætta



*Vegur DA-181:018, horft til NNV.*

**DA-181:019** náma mógrafir

364666 539796

Ummerki um mótekju eru fremst á Traðardal, í jadrri mýrlendis í Lyngásbreiðum undir fjallinu Gelti. Mógrafirnar eru 1,2 km sunnan við bæ 001 og 1,5 km norðan við sel 006 í Selhvammi. Mógrafirnar eru á mörkum deiglendrar og grösugar mýri til suðausturs og nokkuð brattrar og grasi gróinnar fjallshlíðar til norðvesturs.



*Mógrafir DA-181:007\_2. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

Mógrafasvæðið er 112x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mórinn hefur verið grafinn út í brekku til norðvesturs þar sem afmörkun þeirra er nokkuð skýr en afmörkun þeirra til suðausturs sést ekki. Mógrafasvæðið er gróið og þurrt og hallar frá því til suðausturs. Sjá má að stakar grafir eru ferhyrðar, víða 2x3 m að innanmáli.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-181:020** heimild um huldufólksbústað

"Þegar Ragnheiður Pálsdóttir móðir Brynjólfs biskups Sveinssonar var heimasæta að Staðarhóli í Saurbæ er svo frá sagt að einn dag hafi hún farið til fundar við bónda einn í Fjósakoti [DA-182] og bedið hann að söðla sér hest og fylgja sér fram á Traðardal. Riðu þau síðan leiðar sinnar uns þau komu fyrir leiti eitt [...]. Síðan skildi hún við bóndan og hvarf fyrir áðurnefnt leiti í dalnum [...]. Hafði hún, meðan brottu var, alið barn í álfhól og bað hún bónda þegja yfir ferð sinni og gaf honum tuttugu spesiur fyrir ómakið," segir í

Árbók Ferðafélags Íslands frá 2011. Traðardalur gengur inn úr Staðarhólsdal til suðvesturs og eru þar allmiklar engjar og minjar um sel frá Staðarhóli, sjá 006 og 007 en dalurinn áður fyrir eign Staðarhóls.

Ekki er vitað með vissu hvar leitið er í dalnum þar sem Ragnheiður Pálsdóttir hvarf sjónum bóndans í

Fjósakoti eða hvar álfhóllinn var. Mjög innarlega í dalnum heita Hólar og er líklegt að þar sé leitið sem átt er við í sögunni. Engar aðrar sagnir hafa fundist um huldufólk eða álfa á Traðardal.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÁFI 2011, 164



## Minjakort 17

Kjarlaksvellir - kort 1/2

0 150 300 450 m

### Skýringar

□ Mörk jarða (RALA)    - - - - Rústahóll

— Mörk túns frá 1918    - - - - Gata


### Fornleifar

• Skráðar fornleifar    - - - - Náma

- - - - Bæjarhóll    — Renna



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD




Minjakort fyrir Kjarlaksvelli DA-181. Fyrri kort af tveimur.



## Minjakort 18

Kjarlaksvellir - kort 2/2



### Skýringar

Mörk jarða (RALA)     Bæjarhóll  
 Mörk túns frá 1918     Torfhláðið


### Fornleifar

• Skráðar fornleifar

Þúst



Kortagrunnur: Loftmyndir  
 ehf og LMI  
 Hnitakerfi: ISN93  
 Kortagerð: LLD



*Minjakort fyrir Kjarlaksvelli DA-181. Seinna kort af tveimur.*

## DA-182 Fjósakot

### *Sögulegt yfirlit*

**1704:** 8 hdr., undirsett Staðarhóli. JÁM, 162.

**1731:** 7 1/2 hdr., undirsett Staðarhóli. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 23. Á sama staðar segir: "Hefur í Eide leiged sidann 1707 [...]. 1730. var það lied til grasnytjar betalings laust [...] og mä þetta Kot aftur bigia, ef duglegur landsete fiengest."

**1847:** 7 1/2 hdr., undirsett Staðarhóli. JJ, 171.

### *Landgæði*

Jörðin fór (endanlega) í eyði 1881. ÁFÍ 2011, 164.

1704: "Engjar hagabeit, hlunnindi og skaðar alt sama með heimajörðunni. Þessi hjáleiga er so dýrt bygð, því að af heimatúninu er henni tillagður völlum, og hennar sjálfrar völlum er ennþá betri heldur en sambýður velli heimajarðarinnar. Hún er heimajörðunni meir til skaða heldur en gagns, vegna túbrests, sem heimajörðin þar fyrir líður." JÁM VI, 162.



## DA-182 Fjósakot

### Skýringar

— Útlínur túnakorts frá 1918

#### Fornleifar


• Skráðar fornleifar

⋯ Púst

■ Steypt

■ Torf- og grjóthlaðið

■ Torfhlaðið



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD

*Túnakort/minjakort fyrir Fjósakot DA-182*



**DA-182:001** Fjósakot bæjarhóll býli

364359 543405

"Hefur í Eide leiged sidann 1707 [...]. 1730. var það liéd til grasnytjar betalings laust utan að koma þar upp húskofumm, því, þar voru öll hus fallenn, og má þetta Kot aftur bigia, ef duglegur landsete fiengest," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731. "Annað tún er austar nær Fellshlíðinni, er heitir Fjósakotstún. Þar var býli líklega fram að 1880 er hét Fjósakot og er enn svo kallað, þótt nú standi þar gripahús [líklega á Staðarhóli DA-180]," segir í örnefnaskrá Staðarhóls. Undir þessu númeri er skráð líkleg staðsetning Fjósakots en gengið er út frá því að það hafi staðið þar sem fjárhús 002 byggðust síðar upp en rétt er að geta þess að það kann að hafa staðið þar sem fornleifar 180:005 eða 180:008 voru skráðar. Allar fornleifar á þessum slóðum, utan við sjálft bæjarstaðið (001 og 002) falla undir Staðarhól (DA-180) og því skráðar undir slíkum númerum. Stakstætt tún er í Fjósakoti og var það um 250 x 70 m stórt þegar það er teiknað 1918 en mjókkar nokkuð



*Bæjarhóll Fjósakots DA-182:00 og fjárhús. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðausturs en niður á mynd til hægri.*

til suðurs.

Þarna er talsvert greinilegur hóll. Hann er grænn og lögulegur með skarpri brún að vestan. Ekki er ólíklegt að þarna leynist talsverð uppsöfnun mannvistarlagu undir sverði. Á hólnum eru uppistandandi fjárhús 002 og eldri fjárhústóft, norðarlega í Fjóstúninu og er talið líklegast að býlið hafi staðið þar áður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll,1; Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 23, Túnakort 1918; FDA II, 94

**DA-182:002** tóft fjárhús

364359 543405



*Fjárhústóft DA-182:002. Á ljósmynd er horft til NNV.*

Tóftir af fjárhúsum eru nú á bæjarstaði Fjósakots 001. Húsin voru teiknuð inn á túnakort frá 1918, hugsanlega það hús sem getið er í fasteignamati: "Mannvirki, sem jörðinni teljast fylgja, eru þessi: [...]. 3. Fjárhús yfir 24 fjár úr torfi í allgóðu standi," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Staðurinn er um 260 m norðaustan við Staðarhól 180:001 og hefur verið í stakstæðu túni en vegarslóði sem liggur að Staðarhóli liggur áfram að hólnum enda var þinghús 008 um 10 m sunnan við húsið. Á túnakortinu virðast

hafa verið fjárhús og kálgarður á þessum stað 1918. Stakstætt tún er í Fjósakoti og var það um 250 x 70 m stórt þegar það er teiknað 1918 en mjókkar nokkuð til suðurs.

Á bæjarhól 001 eru uppistandandi fjárhús og eldri fjárhústóft, norðarlega í Fjóstúninu. Húsin eru um 12 x 12 m stór. Þau úr blönduðu efni, timbri og járn og að húsabaki er hlaða en fast norðan við húsin er rústir af húsum sem hafa verið úr torfi og grjóti, eldri fjárhús en ekki er langt síðan þau stóðu einnig undir bárujárnsklæddu þaki. Þau eru 16 x 13 m stór og skiptast í þrjú fjárhús sem eru vestar og hlöðu að húsabaki (austar). Líklega hafa eldri húsin verið í notkun stórátt hluta af 20. öld og má t.d. sjá að vatni hefur verið veitt í þau. Líklega hefur timburþil verið fyrir vesturhlíð, a.m.k. er ekki hægt að greina veggir úr torfi og grjóti þar eins og annars staðar. Í fjárhúsinum eru tveir garðar, hlaðnir. Talsvert rof er í veggjunum hér og þar. Þeir eru 1.2 m á hæð nyrst þar sem þeir standa best.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Staðarhóll,1; Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 23, Túnakort 1918; FDA II, 94

## DA-183 Mikligarður

### *Sögulegt yfirlit*

**1492:** "[S]uo vær heyrðum að hann hefði hia verið j meyarholli j Saurbæ að sira Olafur Oddsson heimiladi Jone Eirikssyne með orðum jordina Þuerdal [DA-176] til abudar hid næsta ar vpp fra fardaugum er var j vor og beit j Jon sḡna j Stadarhols jord j millum miclagardz og klerfa [DA-199]. [...] DI, VII, 102.

Jarðaitök: Jörðin á slægjuítak í Staðarhólsodda [DA-180], skv. Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Þá var jörðin metin á 5 hdr að dýrleka FDA II, 92. Í Fasteignamatinu frá 1918 eru talin upp eftirfarandi mannvirki á jörðinni sem annars vegar fylgja jörðinni og hins vegar tilheyra leiguliða: torfbaðstofa (7.7 x 3.2 m) pallbyggð og þiljuð forn en í góðu ástandi en á þeim tíma notuð til geymslu og gólfbaðstofa (7.5 x 3.8 m) með timburhlið og járnþaki en torfveggjum á þrjá vegu sem var þá nýbyggð (sjá fornleif 001\_03). Önnur hús sem voru öll úr torfi voru þá: fjárhúshluti yfir 9 fjár með járnþaki, ágætur, geymsluhús (3.8 x 3.2 m) í góðu standi, fjós yfir 4 gripi í bærulegu ástandi, fjárhús fyrir 100 fjár með timburhlið og járnþaki, hlaða (11.9 x 3.8 x 2.5 m) með timburhlið og járnþaki, fjóshlaða (10 x 3.8 x 3.2 m) með járnþaki, ný og hesthús yfir 8 hross gamalt. Ekki er unnt að fullyrða um hver af þeim húsum sem skráð voru eru þau hús sem lýst er í fasteignamati. Að auki eru taldir upp matjurtagarðar sem eru 520 m<sup>2</sup> (sjá m.a. 001\_04) og tún- og engjagirðingar úr torfi með tvöföldum gaddavír á, 1320 m að lengd (sjá m.a. 009). FDA II, 91

**1704:** 8 hdr., undirsett Staðarhóli. JÁM, 162. Þar sem nú er hjáleiga, Mikligarður [DA-183:001], eru munnmæli að staðurinn hafi til forna staðið, og verið fluttur þangað, sem nú er," segir í Jarðabók Árna Manússonar og Páls Vídalíns frá 1705.

**1731:** 8 hdr., undirsett Staðarhóli. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 21. Á sama stað segir: "Syðann bolu hefur það oft j Eide leiged, en þegar að hefur bigst, þá hefur það leigst sem ij. ár."

**1847:** 7 1/2 hdr., undirsett Staðarhóli. JJ, 171.

### *Landgæði*

1918: Stærð alls túns 2,8 ha (hús o. fl. 0,3 ha, ræktað tún 2,5 ha; þar af 1,5 ha slétt). Matjurtagarðar 300 m<sup>2</sup>.

1704: "Hlunnindi og skaðar er sama og á heimajörðinni." JÁM VI, 163.

1731: "Koster. Toduvöllyr er þar Sæmelegur. Utheyes Slægiur grasgiefnar, þo votunnar og Adrer Koster sem seiger umm heimastad. Okoster. Fiallended fire ofann skriduruned og af griote fordiarfad. Adrer ökoster sem seiger mm heimastadenn." Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 22.

Í fasteignamati frá 1918 kemur fram að tún jarðarinnar voru þá 3,5 ha og tæplega helmingur þess var sléttaður og það talið bæði grasgefið og í góðri rækt en þó fremur mýrlent. Útengjum var þá lýst sem snögglandum og þurrlandum en beitarland jarðarinnar sagt mjög þröngt en fremur létt fyrir og skjólsamt fyrir sauðfé og stutt til vetrarþeitar. Móttak var sagt nokkuð og torfrista en þó ekki góð. Ókostir jarðarinnar eru taldir þeir að hún sé nokkuð snjóþung og smalamennska sé mjög erfið, jörðinni vanti upprekstrarland og hún liggi illa að samgögnum. FDA II, 91-92.



## DA-183 Mikligarður

### Skýringar


— Útlínur túnakorts frá 1918

#### Fornleifar

• Skráðar fornleifar

▭ Bæjarhóll

■ Torfhlaðið



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD

*Heimatún Miklagarðs DA-183*

DA-183:001\_01 Mikligarður bæjarhóll bústaður

364253 543055

Í Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Þar sem nú er hjáleiga, Mikligarður, eru munnmæli að staðurinn hafi til forna staðið, og verið fluttur þangað, sem nú er," segir í Jarðabók Árna Manússonar og Páls Vídalíns 1705. Á túnakorti frá 1918 er bærinn teiknaður sem stakt mannvirki. Þar segir: "Bæjarhús og kálg." Í örnefnaskrá segir um jörðina: "Sagnir herma, að þegar Staðarhóls-Páll bjó á Staðarhóli, hafi hann látið bera í garð hey mikið fyrir nautgripi sína, og hafi nafnið Mikligarður komið þar af," Samkvæmt Ásmundi Jóhannessyni, heimildamanni var gamli bærinn fast sunnan við núverandi íbúðarhús og ríflega 300 m SSA við Staðarhól 180:001. Á þessum stað sér enn fyrir bæjarhóli um 340 m autan við þjóðveg. Undir númerinu 01 er skráður sjálfur bæjarhóllinn en á honum eru einnig skráð ummerki eftir gamla bæinn 03, staðsetning öskuhaugs 02 og óljós ummerki eftir kálgarð 04. Bæjarlækurinn á Miklagarði rennur niður hlíðina fast sunnan við bæjarhóllinn. Á bæjarhólnum er nú steinsteypt íbúðarhús og bakgarður þess umhverfis ásamt malarplani að norðvestan og norðan.



*Bæjarhóll Miklagarðs DA-183:001\_01-04.*



*Bæjarhóll Miklagarðs DA-183:001. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSA en til austurs á mynd til hægri.*

Á þessum stað er ávalur hóll sem gæti verið nátturulegur að talsverðu leyti en án efa leynast þó talsverðar uppsafnaðar mannvistarleifar undir sverði. Hóllinn er samtals 37 x 35 m stór norður-suður. Hann hverfur inn í brekkuna til austurs og þar eru mörk hans afar óskýr. Að vestan eru mörk hólins fremur skýr

en þar liggur heimreiðin upp hólinn. Að norðan til eru mörk hólans einnig nokkuð skýr og sömuleiðis að sunnan þar sem bæjarlækurinn markar svæðið af en að honum er talsvert brott brekka. Frá sléttunni vestan við og upp á háhólinn er nokkurra metra hækkun en stærstur hluti hólans er greinilega náttúrulegur. Samkvæmt Ásmundi Jóhannessyni heimildamanni brann gamli bærinn á hólum árið 1940 og var þá íbúðarhúsið byggt. Íbúðarhúsið í Miklagarði er á steinsteypum grunni en er án kjallara.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM, 162, Túnakort 1918; FDA II, 91, Ö-Mikligarður ÓS, 1

**DA-183:001\_02** öskuhaugur

364238 543049

Ásmundur Jóhannesson heimildamaður kom niður á leifar af öskuhaugi við framkvæmdir við húsalóð íbúðarhússins í Miklagarði. Þar sá hann bæði öskulög og ýmislegt rusl og taldi hann að umræddar leifar hefðu tilheyrt gamla bænum 03 á bæjarhólum. Engin ummerki sjást um öskuhauginn nú en hann var nálega þar sem nú er horn íbúðarhúsalóðar og hornstaur (suðausturhorn) girðingar. Leifarnar fundust í jaðri baklóðar íbúðarhússins en á henni hafa verið gróðursett bæði reyni- og barrtré. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs en lækjarbakkinn að bæjarlæknum nokkuð brattur sunnan við lóðamörk.



*Öskuhaugur DA-183:001\_02 fannst við girðingarhornið, horft til austurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**DA-183:001\_03** hleðsla bústaður

364253 543050

Gamli bærinn í Miklagarði 03 stóð á svipuðum slóðum og núverandi íbúðarhús en náði þó lengra til suðurs.

Í honum bjó Steinn Steinarr skáld. Í bakgarði hússins þar sem þéttur trjágróður vex nú, má sjá hleðslur sem Ásmundur Jóhannesson, ábúandi, segir að séu úr gamla bænum. Hleðslurnar eru um 1 m vestan við íbúðarhúsið, á baklóð þess sem er í aflíðandi halla til suðurs en fast sunnan hennar rennur bæjarlækurinn niður hlíðina. Þær hleðsluleifar sem sjást á þessum slóðum ná yfir svæði sem er samtals 6-8 m í þvermál. Þær virðast ekki fornar og í sumum þeirra má sjá steypulím. Samkvæmt heimildamönnum var sambyggt fjós vestast í bæjarröðinni. Í Fasteignamati er getið um hús á þessum slóðum en þar segir: "Mannvirki sem jörðinni teljast fylgja eru þessi: 1.



*Hleðsla DA-183:001\_03, horft til ASA.*

Torfbadstofa, 5,7x3,2 m [...] góðu standi, notuð til geymslu [...]. Mannvirki sem leiguliði á, eru þessi: 1. Gólfbadstofa, 7x5x3,8 m, með timburhlið og járnþaki, torfveggir á 3 vegi, nýbyggt. Einnig er getið um mannvirki sem eru í eigu leiguliðans og líklegast hafa verið sambyggt bænum: "2. Geymsluhús 3,8x3,2 m úr torfi, í góðu standi. 3. Fjós yfir 4 grip, úr torfi"

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FDA II, 91

**DA-183:001\_04** hleðsla kálgarður

364236 543058

Steinaröð er innan við 10 m norðvestan við íbúðarhúsið í Miklagarði en 5 m sunnan við heimreiðina að bænum. Steinaröðin er 6-7 m löng og samanstendur af 5-6 steinum í grassverðinum. Samkvæmt Ásmundur Jóhannesson heimildamaður taldi að á þessum stað hafi verið kálgarður og er það í samræmi við merkingu á túnakort en þar eru bæjarhús og kálgarður merkt saman.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Hleðsluleifar DA-183:001\_04, horft til suðurs.*

**DA-183:002** heimild um traðir

364258 543049

Traðir eru merktar inn á túnakorti frá 1918 til norðausturs fá bæ og út fyrir túnmörk. Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að traðirnar hefðu verið um 55 m langar. Næst bænum er malarhlað þar sem traðirnar lágu en þegar norðaustar dregur hafa þær legið þar sem nú eru sléttuð og ræktuð tún. Engin ummerki sjást lengur um traðirnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-183:003** heimild um kálgarð

364300 543085

Ásmundur Jóhannesson, heimildamaður, greindi frá því að kálgarður úr torfi (og grjóti) með áfastri timburrétt hefði verið ofan við almenningsveg um sveit DA-681:002 og norðaustan við bæ 001. Voru þessi mannvirki á sama stað og stórt gerði sem teiknað er á túnakort jarðarinnar frá 1918.

Kálgarðurinn var efst í sléttuðu túni, nærri skurði sem aðskilur það frá næsta túnstykki ofan og austan við. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-183:004** heimild um fjárhús

364329 542993

Tvö sambyggð útihús eru teiknuð inn á túnakort frá 1918 um 80 m sunnan við bæ 001. Húsin stóðu ásamt öðrum húsum 005 á svokölluðum Húsavelli sem var sunnan við bæjarlækinn nokkuð ofar í hlíðinni en bærinn 001. Húsin eru á túnbletti sem nú er nýttur sem beitihólf fyrir hross. Framan í hæðinni er svolítið rof og rennur bæjarlækurinn fyrir norðan þar sem húsin voru.

Þar sem húsin voru er nú arfablettur í túninu en engin eiginleg ummerki sjást um húsið á yfirborði. Samkvæmt Ásmundi Jóhannessyni heimildamanni voru þau fjárhús og hesthús. Í fasteignamati frá 1918 er húsum 004 og 005 lýst en þar segir: "Fjárhús yfir e. 100 fjár, úr torfi með timburhlið og jarnþaki. 5. Hlaða við [?] 11,8x3,8x3,2 m, úr torfi, með jarnþaki ný. 7. Hesthús yfir 8 hross úr torfi gamall. 8. Vatnsleiðsla í fjárhús [...] 19 m löng."

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918, FDA II; 91

**DA-183:005** heimild um fjárhús

364324 542951

Útihús er merkt inn á túnakorti frá 1918 um 100 m sunnan við bæ 001 og 13 m sunnan við hús 004. Húsin

voru á svokölluðum Húsavelli sem var sunnan við bæjarlækinn nokkuð ofar í hlíðinni en bærinn 001. Húsin eru á túnbletti sem nú er nýttur sem beitihólf fyrir hross og er kominn í nokkra órækt.

Hæð er í túninu þar sem húsin stóðu en ekki er hægt að tala um eiginlega þúst. Líklegt má þó telja að einhverjar mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað. Samkvæmt Ásmundi Jóhannessyni heimildamanni var lögð jarleiðsla úr læknum að húsunum. Í fasteignamati frá 1918 er húsum 004 og 005 lýst en þar segir: "Fjárhús yfir e. 100 fjár, úr torfi með timburhlið og járnþaki. 5. Hlaða við [?] 11,8x3,8x3,2 m, úr torfi, með járnþaki ný. 7. Hesthús yfir 8 hross úr torfi gamall. 8. Vatnsleiðsla í fjárhús [...] 19 m löng,"

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; FDA II; 91

**DA-183:006** heimild

364330 543035

Á túnakorti frá 1918 er sýnt afmarkað svæði í Kvíatúni sem var hluti af heimatúninu. Ekki er ljóst hvort að þetta svæði var afgirt eða hvaða hlutverki það þjónaði. Á þessum slóðum er tún sem hallar smávægilega til vesturs. Í norðvesturhorni svæðisins eru framræsluskurðir. Engin merki um gerði eða garða sem kunna að hafa girt af þetta svæði sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-183:007** garðlag túngarður

364353 543037

Á túnakorti frá 1918 er túngarður teiknaður umhverfis tún bæjar 001. Garðurinn afmarkar um 240x110 m stórt svæði og snýr nálega norðvestur-suðvestur. Túngarðurinn virðist einnig hafa gegnt hlutverki landamerkjagarðs að hluta til en í Landamerkjabréfi Staðarhóls frá 1918 segir: "[Landamerki milli Staðarhóls [DA-180] og Þurraness [DA-184] [...]. Síðan girðing, sem er í kringum Miklagarðstún í girðingahorn á Staðarhólstúni," "Mannvirki sem jörðinni teljast fylgja eru þessi: [...] 4. Tún og engjagirðing úr torfgarði með tvístrengdum gaddavír á, 1320 m löng," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Torf- og grjóthlaðinn túngarður sést á kafla meðfram norðausturhluta túnsins. Þar hét Kvíatún (sjá 019) á milli túngarðs og Bæjarlækjar. Einnig eru mjög óljós ummerki um garð eða undirstöðu girðingar meðfram austurjaðri túnsins. Þar sem garðurinn sést er hann utan þess svæðis sem enn er í rækt og er það nýtt fyrir hrossabeit. Túnið er í aflíðandi halla til VNV. Austasti hluti þess er í órækt.



*Túngarður DA-183:007. Á mynd til vinstri er horft suðurs en til norðvesturs á mynd til hægri.*

Garðurinn sést á um 80 m löngum kafla í norðausturjaðri túnsins. Þar er hann reyndar rofinn á tveimur stöðum. Í austurjaðri túnsins eru mjög ógreinileg ummerki um garðhleðslu eða undirstöðu undir girðingu á 37 m löngum kafla. Saman afmörkuðu þessir garðar svæði sem er 90x43 m að stærð og snýr norður-suður. Garðurinn sem er í norðausturjaðri túnsins virðist að mestu torfhlaðinn en grjót er neðst í honum. Er hann 0,6-0,8 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð þar sem hann er óraskaður. Ekki sést framhald af garðinum til norðvesturs vegna túnræktunar. Þar kann hann að hafa tengst yngri garði sem afmarkaði túnið Gyrði en sá sést ekki lengur. Innan við túngarð í Kvíatúni sést óljós, ílöng og grunn lægð. Er hún 7x2,5 m að innanmáli og 0,1-0,2 m á dýpt. Frá henni hallar til norðvesturs. Ekki er útilokað að þarna hafi verið kvíar í eina tíð en samkvæmt örnefnaskrá voru Kvíar utan túns.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



**Heimildir:** Túnakort 1918; Landamerkjabréf No. 52; FDA II, 91

**DA-183:008** heimild um hlöðu

"Fyrstu hlöðuna í Miklagarði byggði Steingrímur árið 1906, en fimm árum síðar byggðu hann tvær til viðbótar og hús yfir hundrað fjár með járnþaki [sjá 005]," segir í bók Gylfa Gröndal um Stein Steinarr. Ekki er vitað hvar umræddar hlöður hafa verið en ekki er ólíklegt að hlöður hafi staðið við útihús 004 og/eða 005 og eins gæti hafa verið hlaða við bæjarsamstæðuna 001. Árið 1930 voru fjárhús jarðarinnar flutt nær bæ þar sem enn stendur votheysturn en sjálf húsin sem voru ofan við turnin eru horfin. Í stuttu máli sagt er ekki lengur hægt að staðsetja þær hlöður sem byggðar voru í Miklagarði rétt eftir 1900 en líklegast er að a.m.k. sumar þeirra hafi verið við útihús sem skráð eru undir öðrum númerum.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Gylfi Gröndal (2000), 83

**DA-183:009** tóft rétt

364197 542841

Einföld réttartóft er um 220 m sunnan við bæ 001 og rúmum 80 m austan við Torfholt 011. Tóftin er á grösugum bala, á austanverðu Torfholti. Austan við hana er ungur áveituskurður.



*Réttartóft DA-183:009. Á ljósmynd er horft til norðausturs.*

Tóftin er einföld og ferningslaga. Hún er 12 x 11 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir og eru þeir veglegastir á norðurhlið þar sem þeir eru 0,4 m á hæð. Aðeins neðsta umfarið af stæðilegu grjóti sést vegna gróðurs. Op er á suðvesturhorni tóftarinnar. Suðurveggur nær vestur fyrir vesturhlið réttarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-183:010\_01** *Veita* garðlag áveita

364164 543185

"Niður af túninu innan girðinga er Veita," segir í örnefnaskrá ÓS. Í örnefnalýsingu AG segir: "Gegnum

Miklagarðstún, aðeins sunnan við bæinn [001] rennur lækur sem heitir Bæjarlækur og rennur alla leið niður í kelduna fyrrnefndu, dreifist samt út rétt fyrir neðan túnið og heitir þar Veita, var að nokkru veitt á hana."

Ummerki um áveitu eru í kverk sem myndast á milli tveggja túna út við merkin á milli Staðarhóls og Miklagarðs, um 120 m norðvestan við bæ 001. Í landi Staðarhóls eru einnig áveitumannvirki DA-180:051 NNV við Veitu. Tveir áveitugarðar sjást á svæði sem er 44x35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Að sögn Ásmundar Jóhannessonar, heimildamanns, var bæjarlæknum veitt í Veitu og vatn látið liggja á yfir veturinn en svo var vatninu veitt frá fyrir slátt. Áveitugarðarnir eru á grösugu svæði sem er flatlent, deiglent og smáþýft.



*Áveita DA-183:010\_01. Á ljósmynd er horft til suðurs.*

Garður 01 er 42,5 m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann tengist garði 02 í suðvesturenda. Garðurinn er torfhláðinn og mjór, er 0,3-0,5 m á breidd og 0,3-0,4 m áhæð. Ytri og norðvestari brún greinilegri en sú innri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mikligarður ÓS,1; Ö-Mikligarður AG, 1-2

**DA-183:010\_02** garðlag áveita

364123 543167

Suðvestast á minjasvæðinu er garður 02. Hann er torfhláðinn, 35 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Garður 02 er nokkuð veigameiri en garður 01, er 0,5-0,6 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta



*Áveitugarður DA-183:010\_02, horft til ANA.*

**DA-183:011\_01** *Torfholt* heimild um ristu

364112 542839

"Fyrir sunnan túnið er stórt holt, sem heitir Torfa eða Torfholt," segir í örnefnaskrá. "Jarðnytjar eru þessar: [...]. 6. Torfrista, en ekki góð, byggingarefni gott og nærtækt," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Torfholt er um 240 m sunnan við bæ 001 og er réttartóft 009 austast á holtinu. Torfrista 01 hefur verið í grennd við holtið en við það má einnig sjá ummerki um mótekju 02. Fornleifarnar eru á svæði sem er 40 x 30 m að stærð og snýr norður-suður. Torfholt er rétt austan við framræsta mýri. Neðan og vestan við holtið eru slétt tún í rækt en til annarra átta er óræktaður mói og deiglendi.

Engin ummerki um ristu 01 sjást lengur á svæðinu en slík ummerki gróa yfirleitt mjög fljótt. Torfið hefur líklega verið þurrkað á holtinu sjálfu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mikligarður ÓS,1; FDA II, 93


**DA-183:011\_02** náma mógrafir  
Mógrafasvæði 02 er rétt austan og sunnan við Torfholt. Það er 20 x 20 m að stærð en hefur líklega náð lengra til vesturs. Þar hafa tún verið ræktuð. Innan svæðisins má óljóst greina 2-4 aðskildar grafir, rétt sunnan við Torfholt. Mógrafirnar eru grunnar og þurrar, um 2 x 2 m að stærð.  
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

364088 542779



*Mógrafir DA-183:011\_2, horft til suðurs.*

**DA-183:012** *Gálgasteinar* örnefni aftökustaður 364324 542771  
"Upp af því [Torfholti, 011] eru tveir stórir steinar með litlu millibili og heita Gálgasteinar. Munnmæli herma, að þar hafi átt að hengja mann (eða verið hengdur)," segir í örnefnaskrá ÓS. Í örnefnaskrá AG segir: "Milli Geithóls og Barnastígs [014], eru þrír steinar illgengir, sem heita Gálgasteinar[,] þar hengdi sig strákur." Gálgasteinar eru tæpum 300 m sunnan við bæ, undir Stóruskriðu og um 140 m ofan (SA) við Torfholt. Gálgaklettur er tveir stakstæðir klettur undir Stóru skriðu en ofan við tún. Þeir eru á grasi grónu svæði við hlíðarrætur og hallar því til norðvesturs. Ofan við svæðið er klettabelti og í brekkunni neðan við talsvert af stórgrýti sem fallið hefur úr klettunum. Umhverfis steinana er lítil gróður og nokkuð deiglent.  
Gálgasteinar eru í raun tveir stakstæðir steinar sem hvor um sig er 3-4 m á hæð. Sá efri er



*Gálgasteinar DA-183:012. Á ljósmynd er horft til NNA.*

þríhyrningslaga en sá neðri stöpull. Svólítið skarð eða rás er í þann efri á einum stað og er það líklega það sem Ásmundur Jóhannesson heimildamaður á við þegar hann segir að höggvið hafi verið haft í annan steinninn. Um 2-3 m eru á milli steinanna efst en 4-5 m neðst.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mikligarður ÓS,1; Ö-Mikligarður AG,2

"Fyrir sunnan Torfholt [011] við Þverfellsmerki eru gamlar rústir við hól, sem heitir Geitastekkur (hóll)," segir í örnefnaskrá. "Utanvert við lækinn [Stekkjarlækinn] um miðja hlíð móts við efra túnhorn er svo Stekkurinn," segir örnefnaskrá. "[Landamerki milli Miklagarðs og Þverfells] [...] svo í Votuhellu í Geithvammi í læk þann, sem rennur næst fyrir sunnan Geithúsatóft," segir í landamerkjalyngu í Fasteignamati. "Hjá þeim læk [Merkjalæk/Stekkjarlæk] er hóll. Á honum er stekkjarihóll með sléttu í kring og múum niður af. Trúað gæti ég því að þar hafði verið mannabyggð fyrir á öldum," segir í bókinni Steinn Steinarr eftir Gylfa Gröndal. Allstór tóft er þar sem heitir Stekkur eða Geitastekkur við Klettatún 027. Tóftin



Geitastekkur DA-183:013. Á ljósmynd er horft til suðausturs.

er á lágum hól fast ofan og sauðastan við gamla veginn um sveitina [DA-681:002\_02]. Hóllinn og tóftin eru neðan við flatan hjalla í hlíðinni niður af Þverfelli og í hjallabrúninni ofan við eru klappir.

Tóftin skiptist í nokkuð mörg hólf en greinlegust er nokkuð skýrt afmörkuð stekkjartóft á miðjum hólnum sem virðist tilheyra yngsta byggingarstigi mannvirkja á þessum stað. Aðrir hlutar tóftarinnar eru ógreinilegri og standa lægra en ekki er augljóst að þeir séu eldri. Heildarstærð tóftarinnar er 16x13 m og snýr hún norðaustur-suðvestur. Fyrir utan stekkjartóft á miðjum hólnum sjást þrjú önnur hólf en lýsingin hefst á stekkjartóftinni. Hún er 7x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er minna hólfið í tóftinni sem er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er úr því til norðvesturs í stærra hólfið sem er 4,5x2 m að innanmáli og snýr þvert á minna hólfið. Ekki sést op inn í tóftina. Hún er grasi gróin og lítilega farin að ganga í þúfur. Tóftin er hlaðin út torfi og gjóti en ekki sést fjöldi umfara í veggjum. Hæð veggja utanmáls er 0,8 m á norðvesturhlíð. Nokkuð bratt er fram af hól og tóft til þeirrar áttar. Norðaustan við stekkjartóft er óljóst hólf sem er 3x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á norðausturhlíð og óljós veggur er á suðausturhlíð. Nokkuð afgerandi veggur er hins vegar á norðvesturhlíð og þar er grjót í hleðslum. Annað hólf sem virðist vera heystæði er suðaustan við stekkin. Það er 4x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op inn í það. Það virðist ekki fornlegt og gæti tilheyrt síðasta notkunarskeiðinu. Að lokum er ógreinilegt hólf suðvestan við stekkin sem er mögulega aðeins niðurgröftur sem myndast hefur við efnistöku. Það er 2x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er 0,1-0,2 m á dýpt en ekki er að sjá að hlaðið hafi verið upp á brúnir niðurgraftarins. Ekki er nein afmörkun eða veggur á suðvesturhlíð. Neðan og norðvestan við þetta meinta hólf er gróið rof í hólnum. Utan stekkjartóftar eru aðrir hlutar tóftarinnar sem sjást 0,3-0,4 m á hæð. Lítið sést af grjóti í veggjum. Ljóst er að stekkur hefur verið á þessum stað en einnig virðist geitakofi hafa verið þar, mögulega eftir að fráferum var hætt. Ekki er umfang minjanna slíkt að líklegt sé að þar hafi verið mannabústaður.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Mikligarður ÓS, 1; Ö-Mikligarður AG,1; Gylfi Gröndal (2000), 83; FDA II, 93

**DA-183:014** *Barnastígur* heimild um leið

364536 542797

"Skammt sunnan við Bæjargil er stígur upp Fellsklettana er kallast Barnastígur," segir í örnefnaskrá ÓS. Í örnefnalýsingu AG segir: "Þegar kemur suður fyrir Bæjargil er á brúninni Barnastígur[,] þar var féð rekið upp á fjall, þetta er upp af bænum [001]." Barnastígur hefur verið tæp og erfið gata upp í skorning suðvestan við grjóthöfða sem gengur fram úr fjallsbrúnum Þverfells og er suðvestan við Bæjargil. Grasi gróin en brött og grýtt brekka er af láglendi upp að kletthömrum og farið eftir sillu í berginu til að komast upp í lyngi gróinn hvamm uppi á Þverfelli þar fyrir ofan. Vatnslæna rennur úr hvammi niður skoruna sem Barnastígur liggur um.



*Barnastígur DA-183:014. A ljósmynd er horfi til suðvesturs.*

Ekki sjást nein ummerki um götuna því hrúnið hefur úr berginu og aðstæður hafa breyst síðan stígurinn var í notkun. Margrét Guðbjartsdóttir, heimildamaður, var von að fara þessa götu þegar hún var barn.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Mikligarður ÓS,1; Ö-Mikligarður AG, 2

**DA-183:015** hleðsla óþekkt hlutverk

364807 542987

Allforngleg grjóthleðsla er uppi á brúnum Þverfells suðaustur af Staðarhóli, sést þangað frá hleðslunni og að Miklagarði. Er hún vestast og nyrst á klappar- og grjóthjalla, um 560 m austan við bæ á Miklagarði 001 og 150 m sunnan við vörðu 016. Ofan við hleðsluna til austurs eru klappir og neðan við hana til vesturs eru samskonar hjallar og hún er á. Uppi á Þverfelli er lynggróið í lægðum milli ógróinna, grýttra svæða.



*Hleðsla DA-183:015, horfi til norðausturs.*

Hleðslan sem enn sést tilheyrir mannvirki sem er að miklu leyti hrúnið en virðist hafa verið 2x2 m að stærð. Hleðslan er syðst í meintu mannvirki en einnig má greina hleðslu á austurjaðri þess. Þar sem best lætur er hleðslan 0,5 m á hæð og í henni sjást 3-4 umför. Hleðslan hallar til norðurs og hefur grjót úr mannvirkinu að miklu leyti fallið fram af hjallanum sem það stóð á til norðvesturs. Þar er mikil grjótdreif. Fram af hjallanum til vesturs er ekki hátt en mjög bratt. Hlutverk þessa mannvirkis er ekki þekkt en það virðist allfornt. Um stæðilega vörðu af einhverju tagi gæti verið að ræða, mögulega eyktamark (dagmál frá Staðarhóli), en einnig kemur til greina að þarna hafi verið einhvers konar byrgi. Ef hér hefur verið eyktamark virðist það hafa verið svipað stórt að grunnfleti og Bóndavarða 025 sem var hádegismark frá Staðarhóli.

**Hættumat:** engin hættu

**DA-183:016** varða óþekkt hlutverk  
Skófum vaxin og stæðileg varða stendur hátt  
frammi á brún Þverfells ofan við Staðarhól,  
um 150 m norðan við hleðslu 015 og 600 m  
ANA við bæ 001 en 775 m ASA við bæinn  
á Staðarhóli DA-180:001. Allt í kringum  
vörðuna er urð og grjót en lyngmói í  
brekkum og lægðum inn á milli.

364842 543133



*Varða DA-183:016, horft til norðvesturs.*

Varðan stendur á klöpp og ber  
nokkuð hátt. Hún er um 1 m í þvermál og  
sömuleiðis 1 m á hæð. Grjót er fremur stórt  
og sjást mest 8 umfór í hleðslu. Hleðslur eru  
farnar að síga og aflagast að suðaustanverðu.  
Hlutverk vörðunnar er óþekkt hlutverk. Til  
greina kemur að hún hafi verið eyktamark  
(dagmál frá Staðarhóli) en einnig að hún sé  
landamerkjavarða því beint niður af henni til  
vesturs er Merkjagjá á merkjum milli  
Miklagarðs og Staðarhóls og þar neðan við,  
á láglandi, er Merkjälækur.

**Hættumat:** engin hætta

**DA-183:017** frásögn tún

364244 543005

Beðasléttur voru áður þar sem nú er grasflöt um 40 m sunnan við bæ 001. Grasflötin er í hálfgerðu hringtorgi en akvegur og hlað er umhverfis hana í hring. Hún er beint niður af gömlu fjósunum en um 15 m sunnan við bæjarlækinn. Grasbletturinn er hringlaga og er í aflíðandi halla til vesturs. Hann er nú í mikilli órækt.

Samkvæmt Ásmundi Jóhannessyni heimildamanni má enn vel greina beðaslétturarnar á vissum árstíma og við viss birtuskilyrði. Þegar svæðið var skráð í júlí 2020 var það á kafi í háu grasi og órækt og engar beðasléttur sýnilegar. Reiturinn var nefndur Bæjarvöllur og hann er nú tæpir 40 m í þvermál.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FDA II, 91

**DA-183:018** Rústir örnefni

363907 542872

"Neðan við Torfholtið [011] tekur svo við stórt svæði, sem heitir Flói; liggur það þvert yfir landið, upp frá Merkjakeldunni, sem fyrr er talað um. Í flóanum er fátt auðkenna, nema á einum stað er hávaði sem nefndur er Rústir," segir í örnefnaskrá. Flóinn hefur nú verið ræstur fram og er orðinn að túni. Hann var um 300 m suðvestan við bæ 001 og fast ofan eða austan við núverandi þjóðveg. Á þessu svæði eru nú rennislétt tún með skurðum á milli.

Engin ummerki sjást nú á yfirborði um Rústirnar en samkvæmt Ásmundi Jóhannessyni heimildamanni kom hann niður á hleðslugrjót sem virtist aðflutt í túninu á þessum slóðum skammt ofan við veg (20-30 m) m en um 380 m suðvestan við bæ 001. Þar var svolítill hæð í flatanum en úr henni var sléttað og sjást nú engin yfirborðsummerki um hæð eða rúst.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mikligarður AG, 1

**DA-183:019** Kvíar örnefni kvíar

364408 543002

"Ofan við túnið er hátt grjótbarð, sem nefnt er Kvíakast. Milli þess og túnsins eru Kvíar," segir í örnefnaskrá AG og á Í örnefnaskrá ÓS segir: "Sá hluti túns, er liggur næst Staðarhól, er kallað Gyrði, upp af bænum norðan Bæjargils. Kvíatunga sunnan við gilið, þar standa gripahús," Líklegt er að öll örnefni hafi dregið nafn sitt af sömu kvíunum, þeim sem hér eru skráðar. Kvíar voru 170 m austan við bæ 001 og rúnum 80 m VNV við Lambhaga 021. Kvíarnar hafa verið í rótum fjallshlíðar Þverfells, rétt sunnan við ungan áveituskurð. Þar er smáþýft og grösugt. Til suðurs rennur bæjarlækurinn niður hlíðina með stefnu í átt að bænum til vesturs. Engin ummerki um kvíar sjást lengur á staðnum. Ekki er ljóst af hverju.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mikligarður AG, 1, Ö-Mikligarður ÓS,1

**DA-183:020** heimild um vatnsból

364258 543031

Jarðnytjar eru þessar: "7. Vatnsból gott," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Samkvæmt Ásbirni Jóhannessyni heimildamanni var vatnsból bæjarins í bæjarlæknum og má gera ráð fyrir því að vatni hafi oftast verið tekið nærri bænum þótt ekki hafi verið um fastan stað að ræða. Bæjarlækurinn rennur niður hlíðina fast sunnan við lóðarmörk íbúðarhússins í Miklagarði.

Samkvæmt Ásbirni var vatnsbólíð einfaldlega í læknum en vatnið í læknum var kalt og þraut aldrei. Til gamans má geta að þegar útvarpið kom í Miklagarð var bæjarlækurinn virkjaður skammt ofan við túngarðinn til að tryggja rafmagn fyrir útvarpstækið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** FDA II, 91

**DA-183:021** *Lambhagi* garðlag vörslugarður

364494 542959

Lambhagi er í miðjum Þverfells, um 260 m austan við bæ 001 og rúmum 100 m austan við kvíar 019. Garður afmarkaði hagann og sést hluti hans enn, norðan við læk sem rennur úr Bæjargili og í gegnum Lambhagann. Garðurinn er í gróinni fjallshlíð en sums staðar stendur smágrýti upp úr grasinu.

Garðurinn sem afmarkaði Lambhaga sést einkum norðan við lækinn sem rennur úr Bæjargili en hefur að líkindum einnig náð suður fyrir lækinn. Norðan við lækinn sést garður sem er 37 m langur þar sem hann liggur VNV niður hlíðina en í VNV-enda beygir hann til suðvesturs í átt að læknum og sést þar á 8 m kafla. Sunnan við lækinn eru óljós ummerki eða hryggur sem gæti verið leifar af hleðslu og sé sú raunin hefur gerðið verið 50 x 40 m að stærð. Garðurinn norðan við lækinn er torf- og grjóthlaðinn, 0,5 m á hæð og um 45 m á lengd. Ekki sér í umför vegna gróðurs. Sunnan við lækinn úr Bæjargili verða ummerki óljósari og þar sést aðeins 0,4 m hár hryggur sem er um 40 m á lengd og liggur nálega austur-vestur.



*Vörslugarður DA-183:021, horft til austurs.*

**Hættumat:** engin hætta

**DA-183:022** *Mólaut* heimild um mógrafir

364416 543203

"Upp undir Bólunum fyrrnefndu er Háabarð þar niður af er svo Mólautarbarð þar neðar utan við túnið nær Staðarhóli er Mólaut og beint niður af henni Húsabarð [023] neðan þess, nafnlaus mýri niður að Flóanum," segir í örnefnaskrá. "Jarðnytjar eru þessar: [...] 5. Mótak dálítið," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918.

Örnefnið Mólaut gefur vísbendingu um að mótekja hafi verið þar. Mólaut er mitt á milli Mólautarbarðs og Húsabarðs, um 230 m NNA við bæ 001 og tæpum 90 m ASA við Húsabarð 023.

Á þessum slóðum er ræktað tún sem hallar lítillga til vesturs. Engin merki lengur sjást um mógrafir á þessu svæði. Þar hafa áður verið hallamýrar en búið er að ræsa fram votlendið og rækta tún.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Mikligarður AG, 2; FDA II, 92

**DA-183:023** *Húsabarð* örnefni

364341 543242

"Upp undir Bólunum fyrrnefndu er Háabarð þar niður af er svo Mólautarbarð þar neðar utan við túnið nær Staðarhóli er Mólaut [022] og beint niður af henni Húsabarð neðan þess, nafnlaus mýri niður að Flóanum," segir í örnefnaskrá. Húsabarð er rétt sunnan við Merkjalaut, rúmum 200 m norðan við bæ 001 og um 90 m VNV við Mólaut 022. Engin merki fornleifa sjást á þessum stað á yfirborði og ekki er ljóst til hvaða mannvirkja/húsa örnefnið vísar til. Mögulega hefur það verið útihús frá Staðarhóli (DA-180:005) en frekari heimildir þarf til þess að segja til um það með vissu. Húsabarð er smáþýft, óræktað svæði mitt á milli mýratúna sem hafa verið ræktað í seinni tíð.

Engin merki um mannvirki sjást á yfirborði á þessum slóðum. Þegar gamli bærinn í Miklagarði var rifinn var byggingarefni úr honum flutt á Húsabarð. Víða á þessum slóðum má því sjá gróið hleðslugrjót sem líklega hefur upprunalega tilheyrt gamla bænum.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar  
**Heimildir:** Ö-Mikligarður AG, 2

**DA-183:024** heimild um heygard


"Einnig þurfti mikinn við í heytótir, því að lítið var um hlöður [sjá þó 008] [. . .]," segir í Steinn Steinarr e. Gylfa Gröndal. Ekki er vitað hvar heytóftir voru í landi Miklagarðs og ekki könnuðust heimildamenn við þær. Hugsanlegt er að heytóftirnar hafi verið sambyggðar útihúsum, sjá t.d. 004-005.

**Heimildir:** Gylfi Gröndal (2000), 83

**DA-183:025** *Bóndavarða* varða eyktamark

364400 542569

"Upp af Hádegishyrnu, er varða sem heitir Bóndavarða. Á henni er hádegi, þar uppaf er og meðfram Bóndavörðu lágar fallegar lágar og berjabrekkur svo eru talsvert utar aðrar lágar Staðarlágar," segir í örnefnaskrá. Bóndavarða er gríðarstór og stæðileg. Hún stendur fremst á klapparhjalla ofan við ystu brúnir Þverfells, um 580 m suðvestan við hleðslu 015 og 500 m SSA við bæ 001. Klappir og melar eru víða uppi á Þverfelli og í brúnum þess en inn á milli eru grónir lyngmóar. Frá vörðunni sést heim að Staðarhóli og Fjósakoti en ekki Miklagarðs.



*Bóndavarða DA-183:025, horft til norðurs.*

Bóndavarða er 2 m í þvermál og 1,4 m á hæð. Hún er hringhlaðin og er grjótið í henni stórt, sjást 7 umför. Lítil, ungleg hleðsla gengur út frá henni til austurs. Er hún 1,5 m á lengd, 0,6 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Í henni sjást 2-3 umför. Þá er dálítið af lausu grjóti vestan við vörðuna, mögulega er eitthvað af því hrún. Varðan stendur vel en er aðeins farin að halla til suðausturs og hrúnið hefur úr efsta hluta hennar. Lítið vörðubrot er norðaustan við Bóndavörðu sem er ungt og var ekki skráð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mikligarður AG, 2



**DA-183:026** *Rauðaskora* gata leið

364316 542524

"Næst sunnan við Stóruskriðu í brún er Hádegishyrna [sjá 025], þar utar heitir Rauðaskora. Þar var skástallur eða snið og þar var fé rekið og þar fór maður eitt sinn með hest." Leið lá upp á Þverfell um Rauðaskoru og var komið upp við Bóndavörðu 025.

Heimildamenn, Ásmundur Jóhannesson og Margrét Guðbjartsdóttir, þekkjja þessa leið. Hún sést 530 m sunnan við bæ og 250 m austan við Geitastekk 013. Leiðin liggur um grýttar og skriðurunnar grasbrekkur upp frá Geitahvammi og svo eftir grónum sillum í klettum efst í Þverfelli.



*Rauðaskora DA-183:026, horft til SSV*

Leiðin um Rauðaskoru sést fyrst 80 m suðvestan við Bóndavörðu 025 og er hægt að fylgja kindastíg á 40 löngum kafla þar sem hann liggur norður-suður eftir mjórri syllu þar sem grasbrekka mætir berginu. Rauðaskora dregur nafn sitt af rauðu bergi sem er þar í Þverfelli. Leiðin virðist enn að mestu fær og er farin af sauðfé.

**Heimildir:** Ö-Mikligarður AG, 2

**DA-183:027\_01** *Klettún* álagablettur tún

364074 542527

"Þar hjá Stekknum [015] bæjarmegin við hann er nefnt Klettur [027\_02] og kringum Stekkinn heitir Klettún [027\_01]. Þarna bjó huldufólk, sem átti þetta tún, svo ekki mátti slá blettinn; var hann afmarkaður af smálæk," segir í örnefnaskrá. Klettún er skráð sérstaklega sem álagablettur og Kletturinn sem huldufólksbústaður. Túnið 01 er lítill fremur sléttur ofan og norðaustan við Stekk 013. Klettur 02 er þar sem klappir eru í lágru hjallabrún litlu ofar og austar en nyrsti hluti túnsins. eru þessir staðir á svæði sem er um 50x40 m að stærð og snýr norður-suður. Klettatún og Klettur eru í fremur þurrlandum móa en deiglendir blettir eru inn á milli.



*Álagablettur DA-183:027\_01, horft til VSV.*

Klettún er ofan og austan við Stekk 013 og afmarkar gamall vegur DA-681:002\_02 það til vesturs. Sjá má óljós skil á milli túnsins og móans utan þess en ekki er þó hægt að segja að túnið sé mjög ræktarlegt eða grasgefið og er í raun fremur lítill munur á gróðri innan túns og utan. Túnið er 45x34 m að stærð og snýr norður-suður. Það mjókkar í hvassan odd til norðurs en er breiðast í suðurenda við Stekkjarlæk/Merkjalæk, á merkjum móti Þverfelli DA-179. Ekki er útilokað að túnið hafi náð lengra til norðausturs, nær Kletti 02. Túnið er skorið í sundur af læk sem rennur í gegnum það. Ásmundur Jóhannesson, heimildamaður, sagði frá því að fóstri Steins Steinarrs sem bjó á jörðinni á fyrri hluta 20. aldar hefði slegið þetta tún og misst kýr í kjölfarið. Þá bar Ásmundur eitt sinn erlendana áburð á þetta tún og missti fjórar kýr.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Mikligarður AG, 1

**DA-183:027\_02** *Klettur* huldufólksbústaður

364095 542549

Klettur er í klöppum fremst og vestast í lágum hjalla vestan við Geitahvamm. Þar er einn klettur sem er klofinn og mjókkar lítillga upp þannig að minnir á húsburst. Er það líklega sá hluti klappanna sem kallaður er Klettur og talinn er vera huldufólksbústaður.

Margrét Guðbjartsdóttir er fædd og uppalin í Miklagarði. Hún þekkir tvær sagnir sem tengjast huldufólki í Kletti. Eitt sinn var hún og bróðir hennar að fara að reka kindur upp á Þverfell og fara um þessar slóðir. Bróðirinn var á undan og fann nýsteiktan ástarpung á Kletti. Systkinin vildu ekki borða punginn og héldu að hrafnninn hefði stolið honum og misst hann. Þegar þau komu heim og sögðu frá þessu kom í ljós að enginn hafði verið að steikja ástarpunga. Bróðir Margrétar var öðru sinni að reka kindur upp á Þverfell með öðrum dreng og voru þeir með hund með sér. Þeir sjá strák upp undir Kletti og hleypur hundurinn að stráknum sem klípur í hann. Bróðir Margrétar sá þennan strák á Kletti en ekki hinn sem var með honum.



*Huldufólksbústaður DA-183:027\_02, horfi til ASA.*

**DA-183:028** frásögn fjárhús

364281 543055

Árið 1930 voru fjárhús jarðarinnar flutt nær bæ þar sem enn stendur votheysturn en sjálf húsin sem voru ofan við turnin eru horfin. Húsin voru um 25 m austan við gamla bæinn 001. Á þessum slóðum er sléttuð grasflöt. Vestan við er vélaslóði og ofar eru sinuvaxnar brekkur.

Samkvæmt Ásmundi Jóhannessyni heimildamanni voru fjárhúsin færð á þennan stað (sjá um eldri hús 004 og 005) um 1930. Húsin voru úr blönduðu efni, hlaðin að hluta en að hluta til braggabygging og steipt. Þau stóðu allt fram til 1979 og einu ummerkin sem nú sjást um þau eru steiptur súrheysturn sem var nyrstur í húsaröðinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



## Minjakort 16

Miklagarður - kort 1/1

0 100 200 m




### Skýringar

- |                    |       |
|--------------------|-------|
| Mörk jarða (RALA)  | Þúst  |
| Mörk túns frá 1918 | Vegur |
| <b>Fornleifar</b>  | Renna |
| Skráðar fornleifar | Vegur |
| Bæjarhóll          | Gata  |



Kortagrunnur: Loftmyndir  
ehf og LMÍ  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



Minjakort fyrir Miklagarð DA-183



## DA-184 Purranes

### *Sögulegt yfirlit*

**1704:** Jarðardýrleiki óviss, undirsett Staðarhóli. "Hlunnindi og skaðar er sama og á heimajörðunni." JÁM VI, 163.

**1731:** 7 1/2 hdr., undirsett Staðarhóli. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 22. 1847: 7 1/2 hdr., undirsett Staðarhóli. JJ, 171. Jarðaítök: Jörðin á slægjuítak í Staðarhólsodda (DA-180) segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918, 100. Þá var jörðin metin á 7 hdr að dýrleka FDA II, 92. Í Fasteignamatinu frá 1918 eru talin upp ýmis mannvirki sem ýmist tilheyrðu jörðinni eða leiguliða þ.a.m. baðstofa (5.7 x 3.8 m) á bálki alþiljud og í góðu standi, búr (5.2 x 2.5 m) úr torfi í hrörlegu standi, eldhús (5.9 x 2.5 m) úr torfi í hrörlegu standi, bæjardyr (5.7 x 1.3 m) úr torfi í hrörlegu standi og fjós yfir 3 kúr úr torfi í bærilegu ástandi (sjá 001). Að auki voru þá eftirfarandi útihús á jörðinni, öll úr torfi: fjárhúshluti fyrir 2 kindur í þokkalegu ástandi, fjárhús 2 yfir 48 fjár í þokkalegu ástandi og hesthús fyrir 7 hross í þokkalegu ástandi (sjá útihús 002-004 en óvíst hvaða hús er hvað). Einnig var talinn upp brunnur á jörðinni (sjá 006), matjurtagarðar sem voru 190 m að stærð (sjá 003) og túngirðing úr torfgarði með ein og tvöföldum vírstreing samtals um 620 m löng (sjá 006). Koster. Utheyes Slægiur Sæmelegar og miklar. Item Adrer sem seiger umm Heimastadenn. Ökoster. Túned er þar Lyted, Snögt og Hardlendt. Fótaskör allra Nábúa peninga, og Vantar þar fyrer utan, fæa þa ökoster, sem heimastadenn Skadar." Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 22.

**1918:** Stærð alls túns 1,9 ha (hús o. fl. 0,07 ha, ræktað tún 1,8 ha; þar af 0,7 ha slétt). Matjurtagarðar 180 m<sup>2</sup>.

### *Landgæði*

Samkvæmt fasteignamati frá 1918 var heimatúnið þá um 3 ha og fremur grasgefið en um þriðjungur þess var sléttaður. Útengi var þá sagt grasgefið og stutt á þá og þess getið að það gæfi af sér gjott og hæft hey. Beitiland jarðarinnar var þá talið hentugt til stórgripabeitar og létt fyrir sumt fé og það sagt snjólétt og smalamennska hæg. Sagt er að jörðin sé ágætlega löguð til áveitu á engi og mótak sé þar gott. Ókoster hennar eru taldir þeir að jörðin er landlítil og upprekstrarland vantar. Þar er ekki torfrista og byggingarefni vantar auk þess sem vegleysa sé að bænum. Jafntframt líði jörðinn fyrir ágang af hestum ferðamanna. Jörðin er metin svo að hún geti framfleytt um 90 sauðfjár, 2 kúm og 7 hrossum með 3 mannafla. FDA II, 100-101.



*Heimatún Þurraness DA-184*

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 er Þurranes talin upp sem ein af hjáleigum Staðarhóls. "Niður frá Þverfellshöfðinu, vestan við Múlann, gengur nes eitt fram til hánorðurs, niður á láglandið. Að nesinu á þrjú vegu liggur votlendi. Er því auðsætt, að nafnið Þurranes er dregið af umhverfinu, en ekki landnemans," segir í ornefnskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð bærinn þá nálega í miðju túninu. Bærinn stóð þar sem vélaskemma sem nýlega var endurnýjuð stendur nú.

Ekki er hægt að tala um eiginlega uppsöfnun þar sem bærinn stóð í upphafi 20. aldar en þó hallar niður af svæðinu til vesturs (0.5-1 m). Norðurhlið umræddrar "hæðar" endar í hól 002 en aðrar hliðar eru óskýrar.

Í Fasteignamati frá 1918 er bænum lýst á eftirfarandi hátt: "Mannvirki sem jörðinni fylgja eru þessi: 1. Baðstofa 5,7x3,8 m á bálki, allþiljuð, í góðu standi. 2. Búr 5,7x2,5 m úr torfi í hrörlegu standi. 3. Eldhús 5,7x2,5 m úr torfi í hrörlegu standi. 4. Bæjardyr 5,7x1,3 m úr torfi í hrörlegu standi. 5. Fjós yfir 3 kýr úr torfi í sæmilegu standi". Bærinn sem stóð á þessum stað var úr torfi, grjóti og timbri.



*Bæjarstæði Þurraness, DA-184:001-002, horft til NNW.*

Hætt var að búa í gamla bænum árið 1939 þegar eldra íbúðarhúsið sem stendur á jörðinni var byggt fast sunnan við gamla bæinn. Þá var byggt fjós þar sem gamli bærinn stóð en síðar vék það fyrir vélaskemmuni. Eldra íbúðarhúsið er nú nýtt til útleigu fyrir ferðamenn en yngra íbúðarhús var byggt á jörðinni um 90 m NNA. Enginn bæjarhóll er greinilegur þar sem bærinn stóð í upphafi 20. aldar en skammt norðan við hann er þónokkur hólmyndun (sjá 002) og virðist vel hugsanlegt að bærinn hafi staðið þar á fyrri öldum.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Þurranes, 1; JÁM VI, 163; FDA II, 100

**DA-184:002** þúst útihús

364818 544713

Inn á túnakort frá 1918 var merkt útihús norðarlega í túni, nyrst allra húsa, um 30 m norður af bænum 001. Á þessum slóðum má enn greina talsverða hólmyndun og má velta því upp hvort mögulegt sé að bærinn hafi fyrrum staðið þarna fremur en þar sem hann stóð í upphafi 20. aldar. Á þessum stað stóð hins vegar útihús 002 í upphafi 20. aldar samkvæmt túnakorti frá 1918 og sjást enn óljóst ummerki á hólnum þar sem þau hafa staðið. Líklegast stóð eitthvað af þeim húsum sem lýst er svo í fasteignamati á þessum stað: "Mannvirki sem jörðinni fylgja eru þessi: " [...] 6. Fjárhúshluti yfir 2 fjár úr torfi í þokkalegu standi, Fjárhús 2 yfir 48 fjár úr torfi, í þokkalegu standi. Hesthús yfir 2 hross úr torfi í þokkalegu standi," .Samkvæmt Ólafi Skagfjörð Gunnarssyni, heimildamanni, stóð útielldhús/reykkofi á þessum stað langt fram eftir 20. öld. Víðitré vex í suðvestanverðum bæjarhólnum. Kartöflugeymsla er vestan í honum og lítill bárujárnskofí þar við.



*Þúst, DA-184:002, horft til SSV.*

Hóllinn er fremur stæðilegur og nokkuð afgerandi, 1.5 m hærri en umhverfið. Hann er 36 x 25 m stór og snýr h.u.b. norður-suður. Afar líklegt er að þarna séu talsverðar mannvistarleifar undir sverði. Á einum stað í hólnum sjást tvær dældir og örlítill grjótdreif er í hlið norðurdældar en dýrakirkjugarður barna í þeirri syðri. Syðri dældin er 5.5 x 2.3 m að stærð en sú nyrðri 3-3.5 m í þvermál. Dældirnar eru einmitt þar

sem útihús er merkt á túnakortinu frá 1918. Ólafur man ekki eftir eldra útihúsi á þessum stað nema að það sé lítill kofi sem byggður var í hóllinn. Þarna stóð útielldhús úr torfi og grjóti þegar Ólafur man fyrst eftir. Það var úr torfi grjóti og timbri og var í því strompur og voru hlóðir inni í húsinu. Í þessu húsi sauð amma Ólafs m.a. slátur en húsið var einnig notað sem reykkofi. Á haustin var lokað fyrir stromp.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-184:003** heimild um fjárhús 364855 544622

Á túnakorti frá 1918 er minjabyrping merkt um 100 m sunnan við bæ 001. Innan hennar er teiknuð fjögur mannvirki, 2-3 kálgarðar og 1-2 útihús öll samtengd og skráð undir sama númeri. Líklegast stóð eitthvað af þeim húsum sem lýst er svo í fasteignamati á þessum stað: "Mannvirki sem jörðinni fylgja eru þessi: " [...] 6. Fjárhúshluti yfir 2 fjár úr torfi í þokkalegu standi, Fjárhús 2 yfir 48 fjár úr torfi, í þokkalegu standi. Hesthús yfir 2 hross úr torfi í þokkalegu standi," . Útihúsin hafa verið um 70 m sunnan við bæ 001. Á þessum slóðum eru nú steinsteypt fjárhús frá 1945 auk yngri fjárhúsa sunnan við sem öll standa á örhlíttilli hæð í sléttu túninu.

Útihúsasamtæða með malarlóðum og -plönunum umhverfis. Í kring eru sléttuð tún. Samkvæmt Ólafi Skagfjörð heimildamanni stóðu áður eldri fjárhús á þessum stað sem hurfu þegar nýju húsin voru byggð 1945. Stór kálgarður var vestan við húsin og var hann í notkun allt fram yfir 1970.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918, FDAII, 100

**DA-184:004** heimild um útihús 364859 544581

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 120 m sunnan við bæ 001. Á þessum stað er nú stór útihúsasamtæða en eldra hús hefur líklega staðið fast sunnan hennar þar sem nú er malarplan. Líklegast stóð eitthvað af þeim húsum sem lýst er svo í fasteignamati á þessum stað: "Mannvirki sem jörðinni fylgja eru þessi: " [...] 6. Fjárhúshluti yfir 2 fjár úr torfi í þokkalegu standi, Fjárhús 2 yfir 48 fjár úr torfi, í þokkalegu standi. Hesthús yfir 2 hross úr torfi í þokkalegu standi," . Útihúsasamtæða er á þessum stað og malarplan í kringum hana. Fast vestan við þar sem húsið hefur staðið er heyrullustæða. Ekki sést til fornleifa á þessum stað. Ólafur Skagfjörð heimildamaður mundi ekki eftir húsi á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918, FDA II, 100

**DA-184:005** heimild um túngarð 364798 544626

Á túnakorti frá 1918 er túngarður teiknaður umhverfis heimatún bæjar 001. Garðurinn afmarkar um 240x120 m stórt svæði og snýr nálega austur-vestur. Um túngarðinn er getið á nokkrum stöðum. Í örnefnskrá segir: "Austan við bæinn meðfram túngirðingu er nefnt Jaðar," "[Landamerki milli Þurraness og Staðarhóls DA-180]. Frá Prestspúfu bein sjónhending með Þurranestúngarði upp í Grástein fyrir ofan Þurranes og þaðan upp frá hrygginum uppí norðvestur horn Fellsins," segir í Landamerkjabréfi.

Í Fasteignamati frá 1918 segir ennfremur: "Mannvirki sem jörðinni fylgir eru þessi: [...] 8. Túngirðing úr torfgarði með ein- og tvístrengdum gaddavír á, um 620 m löng," Engin merki sjást nú lengur um túngarðinn í Þurranesi en skurður hefur verið grafinn meðfram vestanverðu túninu, á svipuðum slóðum og ætla má að túngarðurinn hafi verið. Þar sem túngarðurinn var áður eru nú sléttuð tún enda hafa túnin mikið verið færð út á 20. öldinni. Engin merki um túngarðinn sjást lengur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**DA-184:006** heimild um brunn 364838 544669

"Mannvirki sem leiguliðu á, eru þessi: 1. Fjárhús 2 yfir 48 fjár úr torfi, í þokkalegu standi. 2. Hesthús yfir 2 hross úr torfi í þokkalegu standi," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Brunnur var áður þar sem suðvesturhorn íbúðarhússins í Þurranesi stendur nú (byggt 1945). Nú er húshorn íbúðarhúss, timburpallur og malarplan þar sem brunnurinn var.

Brunnurinn var orðinn afar samansiginn og óljós en hvar endanlega þegar byggt var á þessum stað. Hann var ekki grjóthlaðinn samkvæmt Ólafi Skagfjörð heimildamanni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** FDA II, 100



DA-184:007 *Litlistekkur* þúst stekkur

364602 544570

"Milli Brandseyrar og bæjar [001] er höll, sem heitir Litlistekkur," segir í örnefnaskrá. Litlistekkur var um 240 m VSV við bæ 001 þar sem nú eru rennislétt tún vestan við bæinn. Mjög greinileg hæð er í túninu þar



*Litlistekkur DA-184:007, horft til austurs.*

sem stekkurinn var. Hæð í rennisléttu túni.

Sjálf hæðin er um 80 x 55 m stór og snýr norður-suður eins og dalurinn. Brúnir hólans eru aflíðandi til austurs og vesturs og nánast slétt er af honum til suðurs. Norðurbrúnin er nokkuð brattari en nærri henni er áberandi dæld í hólinn. Hún er 20 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Hóllinn er 1-2 m hærri en umhverfið og virðist ekki ólíklegt að þar leynist nokkrar mannvistarleifar undir sverði. Hann var sléttaður þegar túnið var gert.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Þurranes,1

DA-184:008 heimild um kvíar

"Þetta var síðasta árið [1917] sem Magnús færði frá, og hélt hann að bóndinn í Þurranesi hefði fært frá síðastur allra í Saurbænum og var það vegna þess að þar þurfti ekki að smala, þar gekk féð á engjum. Ekki var Magnús viss um hvaða ár Þur[r]anesbóndinn hætti að færa frá [...]. Magnús minnti að bændur í Saurbænum hafi almennt hætt að færa frá skömmu eftir aldamót, en síðan voru fráfarur teknar upp aftur 1914 og stundaðar í 2-3 ár," segir í svörum við spurningum um fráfarur og myllur í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands. Ólafur Skagfjörð heimildamaður hafði aldrei heyrt minnst á kvíar í Þurranesi nema ef ske kynni að þær væru á stekkjum, þá líklegast 007. Er það vel hugsanlegt en ef þær voru annars staðar er þekking á staðsetningu þeirra nú týnd. Hugsanlegt er að kvíarnar hafi verið færkvíar sem ekki skildu eftir sig mikil ummerki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** ÞÞ 008a, 15108

DA-184:009\_01 Stóristekkur tóft stekkur

364279 544883

"Í þeim móum [Stórumóum (008)] er hár hól, og á kalli hans eru gamlar tóftarrústir; heitir hann Stóristekkur," segir í ornefnaskrá. Stóristekkur er um 575 m VNV við bæ 001 en um 70 m austan við Staðarhólsá. Á þessum stað er stór rústahóll 01 og 2-3 tóftir á honum. Allt í kringum hólinn eru rennislétt og slegin tún. Sjálfur er hólinn á kafi í háu grasi.

Undir þessu númeri 01 er skráður sjálfur hólinn. Hann er 34 x 31 m stór og er aðeins lengri austur-vestur en á þverveginn. Hólinn er 2-3 m á hæð. Hann er afar afgerandi í rennisléttu túninu og virðist að stóru leyti geta verið uppsöfnuð mannvistarlæg. Hliðar hans eru allar brattar og afgerandi. Upphleðslan í hólnum virðist nokkuð vegleg fyrir stekki og má velta fyrir sér hvort þar hafi einhvern tíma staðið hjáleiga.



DA-184:009



Stóristekkur DA-184:009, Á ljósmynd er horft til norðurs.


**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Þurranes,1

DA-184:009\_02 tóft óþekkt hlutverk

364274 544876

Tóft 02 er allra vestast á hólnum og liggur til vesturs eftir eins konar hólrana sem gengur frá hólnum til vesturs. Hún er 19.5 x 9 m stór og snýr austur-vestur. Hún er algróinn grasi og sinu en virðist skiptast í tvö hólf og er það austara (innra) 4-5 m í þvermál en það ytra (vestara) virðist minna og aðeins um 2-3 m í



Stóristekkur DA-184:001\_02, Á ljósmynd er horft til ANA.


þvermál. Helst má ætla að op hafi verið á milli hólfanna syðst á milliveggnum milli þeira og að auki op á vestar hólfid í suðvesturhorni en þó eru þessi ummerki of óljós og hlaupin í þúfur og órækt til að hægt sé að fullyrða um það. Ytri brún tóftarinnar er fremur óljós og hún virðist grafin inn í hólinn að hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

DA-184:009\_03 tóft óþekkt hlutverk

364274 544865

Tóft 03 er allra syðst á hólnum og aðeins eru um 2.5 m á milli hennar og 02. Tóft 03 er 14 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hól og er það innra (austara) 3.5 x 1.2 m að innanmáli og snýr norður-




*Stóristekkur DA-184:001\_03, Á ljósmynd er horft til suðurs.*

suður. Op er á því yfir í ytra (vestara) hólfið sem er 4.7 x 2 m að innanmáli. Op er á vesturgafli tóftarinnar. Hún er algróin og veggir eru 1-2 m á breidd en 0.3 m á hæð. Tóftin stendur lægra á hólnum 02.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

DA-184:009\_04 þúst óþekkt hlutverk

364282 544876



*Stóristekkur DA-184:001\_04, Á ljósmynd er horft til norðausturs.*

Þúst 04 er mjög ógreinileg tóft eða niðurgröftur í hól 01 allra austast. Dældin er 10 x 4 m stór og snýr norður suður. Hryggur afmarkar hana til austurs, hugsanlega veggur eða garðhleðsla. Að öðru leyti er ekki tóftarlag á þústinni, hún er í raun aðeins dæld í hólinn.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

DA-184:010 heimild um áveitu

"Jarðnytjar eru þessar: [...] 5. Jörðin löguð til áveitu á engi," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Ólafur Skagfjörð heimildamaður hafði ekki heyrt minnst á áveitu á jörðinni og staðsetning hennar er nú týnd.

**Heimildir:** FDA II, 100

**DA-184:011** heimild um brunn

364792 544727

"Mannvirki sem jörðinni fylgir eru þessi: [...] 9. Brunnur," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Brunnurinn var tæpum 40 m NNV við bæ 001 í kverk skammt suðvestan við hól 002. Á þessum slóðum er grasi gróin slétta á kafi í grasi en sléttuð og slegin tún eru vestan við. Lítil sem engin ummerki sjást nú um brunninn en samkvæmt Ólafi Skagfjörð heimildamanni var hann grjóthlaðinn að hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FDA II, 100

**DA-184:012** heimild um leið


"Jarðnytjar eru þessar: [...] 2. Útengi grasgefið, þýft, þurrt, samfelt, stutt á þá og vegur góður," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Ólafur Skagfjörð heimildamaður mundi ekki eftir vegi á engjar og taldi að hann hefði verið horfinn fyrir sína tíð. Engin ummerki eru lengur um engjaveg og ekki var hægt að staðsetja hann við skráningu.

**Heimildir:** FDA II, 100

**DA-184:013\_01** náma mógrafir

364680 544171

"Jarðnytjar eru þessar: [...] 4. Mótak gott," segir í Fasteignamati yfir Dalasýslu frá 1918. Góðar mógrafir voru um 480 m SSV við bæ 001, fast sunnan við þar sem nú hafa verið byggð þrjú sumarhús í landi Þurraness. Á þessum stað voru skráðar mógrafir 01 og mótóftir/þústir á tveimur stöðum 02-03. Svæðið er samtals 120 x 100 m stórt. Deiglend órækt fyrir sunnan tún og suðvestan þrjú sumarbústaði sem nú hafa risið í hlíðinni. Svæðið er framræst, þ.e. að skurður hefur verið grafinn í gegnum grafirnar en þær eru þó deigar á kafla. Raflína liggur ofanvert í gegnum grafirnar. Greinilegt er að slóði hefur verið lagður í gegnum grafirnar nýlega. Svæðið þýft og á kafi í sinu.



*Mógrafir og mótóftir DA-184:013\_01-03. Á ljósmynd er horfi til vesturs.*

Grafirnar eru 120 x 100 m að stærð og snúa NNV-SSA. Greinilegt er að þær hafa áður náð lengra til norðurs, þar sem nú eru tún. Stór hluti grafanna er nú þurr þar sem svæðið er framræst en þó er víða bleyta.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** FDA II, 100

DA-184:013\_02 þúst skemma

364713 544168

Þústin er 6.3 x 7.5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ekkert op er á henni en innanmál er 3.4 x 1.8 m. Tóftin er gróin og engar hleðslur sjást. Hæð veggja 0.2 m. Lögun er nokkuð óljós en ekki er ólíklegt að mór hafi



Mótóft DA-184:013\_02. Á ljósmynd er horft til vesturs.


verið geymdur á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

DA-184:013\_3 þúst skemma

364663 544168

Á einum stað er áberandi hæð í gröfunum sem virðist þess leg að þar hafi verið sett upp hey. Hóllinn 9 X 5.5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann er 1,5 m hærra en umhverfið, sléttað að ofan en ekki er tóftarlag



Þúst DA-184:013\_03. Á ljósmynd er horft til vesturs.


að sjá í honum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

DA-184:014 Grásteinn álagablettur

364900 544378

"Fellsmegin við túnið er melur, sem kallaður er Skeið [sjá DA-681:003]. Ofan við það, undir hlíðinni er stór




*Grásteinn DA-184:014. Á ljósmynd er horft til norðausturs.*

steinn, sem heitir Grásteinn," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Skagfjörð var talið að huldufólk byggi í steininum og brýndi móðir hans fyrir þeim systkinum að fíflast ekki í kringum steininn. Steininn er um 320 m sunnan við bæ 001 um 135 m austan við þjóðveg. Steininn er áberandi í landinu og gnæfir Múlinn yfir. Sumarbústaðir hafa nú verið byggðir í svipaðri hæð og steininn en nokkru sunnar. Steininn er ríflega 3 m í þvermál og 3-4 m á hæð. Á honum er burstalag.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Þurranes,1



## Minjakort 19

Purranes - kort 1/1




### Skýringar

- |                    |            |
|--------------------|------------|
| Mörk jarða (RALA)  | Rústahóll  |
| Mörk túns frá 1918 | Torfhlaðið |
| <b>Fornleifar</b>  | Vegur      |
| Skráðar fornleifar | Næma       |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



*Minjakort fyrir Purranes DA-184*





## DA-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð

### DA-681:001\_01 heimild um leið

Leið er teiknuð inn á herforingjaráðskort frá 1913. Hún liggur yfir Sælingsdalsheiði af Heiðarvegi DA-651:022 í Hvammsveit að Hvammsdal (DA-177) í norðvesturátt, framhjá Hvammsdalskoti (DA-178), Kjarlaksvöllum (DA-183) og Þverfelli (DA-179). Á þeim slóðum sveigir leiðin til norðurs og í kjölfarið liggur hún nálega norður-suður. Göturnar halda sömu stefnu uns komið er á norðurpart Staðarhólslands (DA-180); þar beygja þær til vesturs og liggja þá í norðvestur-suðaustur. Göturnar enda í Salthólmavík í Tjaldaneslandi (DA-172) en þar var Kaupfélag Saurbæinga DA-172:024 þegar kortið var gert. Leið þessi er líka sýnd á Uppdrætti Íslands eftir Björn Gunnlaugsson frá 1849. Á upplýsingaskilti um Kaupfélagið sem finna má í Salthólmavík kemur eftirfarandi fram: "Til ársins 1941 var hesta- og bílvegur um Flæðeyrar frá Ósi og þvert yfir Ósamelinn, og einnig frá Tjaldanesi niður svokallað Horn [sjá leið 007]. Árið 1941 var lagður upphleyptur vegur austan við Tjaldanes að Ósamel. Skiptar skoðanir voru um vegstæðið og festist nafnið Langavitleysan við þessa vegagerð." Er vegurinn frá 1941 sá vegur sem enn er í notkun og liggur að Ásum og Ljósuvík (sumarhúsi). Að sögn Sæmundar Kristjánssonar, heimildamanns hét það að "fara vöðin" þegar þessi leið var farin. Þekkt eru eftirfarandi vöð yfir Staðarhólsá á leiðinni: Kirkjuvað DA-180:018 móts við Staðarhól og ef til vill Fremra-Heyvað á Heyvaðseyri DA-180:025. Leiðin var einkum skoðuð í landi Tjaldaness en einnig í landi Saurhóls en þar sjást enn upphlaðnar brýr (02-03) frá síðari tímum. Heildarlengd leiðarinnar er um 14 km.

Alfaraleið sú sem hér er skráð lá yfir Sælingsdalsheiði þar sem hálent er og gróður rýr, ofan í Hvammsdal og með Hvammsdalsá út fyrir Þverfell og Kjarlaksvelli þar sem Traðardalsá og Hvammsdalsá sameinast í Staðarhólsá og Staðarhólsdalurinn opnast með sínum víðfedmu og flatlendu engjum. Niður á dalnum lá leiðin eftir bökkum árinna norður á Ósamel í Tjaldaneslandi.

Bakkar Staðarhólsár eru víða þurrir og grösugir en farvegur árinna tekur stöðugum breytingum og því ekki von til þess að sjá fornar götur á leiðinni við ána og þar sem leiðin lá meðfram Hvammsdalsá er líklegt að seinni tíma vegagerð hafi raskað leiðinni. Engin ummerki fundust um reiðgötur á leiðinni þar sem þeirra var leitað meðfram Staðarhólsá. Þar fundust þó upphlaðnar torfbrýr í landi Tjaldaness 02 og Saurhóls 03.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA; Hkort 24 Fellströnd-Hafratindur; Björn Gunnlaugsson 1849

### DA-681:001\_02 vegur samgöngubót

363260 546925

Uppbyggður og gróinn vegur 02 er í landi Tjaldaness norðan við Flæðeyrar við vesturbakka Staðarhólsár og liggur til norðurs að Ósamel. Vegurinn liggur um flatlandan og þýfðan valllendismóa og er um 800 m norðaustan við Tjaldanesbæinn DA-172:001. Vegurinn er um 160 m langur og er að jafnaði um 5 m á breidd, liggur NNV-SSA. Hann rís um 0,5-0,6 m hærra en umhverfið. Ytri brúnir vegarins eru þýfðar og uppi á veginum eru mjóar götur. Þar sem upphlaðni vegarkafllinn endar til NNV má sjá óljósan slóða í framhaldinu yfir Ósamel, langleiðina að Salthólmavík. Þessar vegabætur eru líklega frá síðasta notkunarkeiði leiðarinnar en hætt var að nota hana þegar nýr vegur var lagður að Salthólmavík 1941.

**Hættumat:** engin hætta



Leið DA-681:001\_02, horft til suðurs.

**DA-681:001\_03** vegur samgöngubót

364078 544755

Uppbyggður vegarkafli liggur þvert í gegnum Mónes DA-173:011 í landi Saurhóls. Hann er 2,1 km SSA við veg 02 og um 760 m austan við Saurhólsbæ DA-173:001. Vegurinn er um 120 m á lengd og 5 m á breidd, liggur nálega norðvestur-suðaustur. Hann sést aðeins á þessum stutta kafla yfir Mónes en það er afmarkað af Staðarhólsá. Vegurinn er um 0,5 m á hæð og sjást ummerki um efnistöku sittthvoru megin við hann. Hann er grasi gróinn og farinn að ganga í þúfur. Ætla má að þessar vegabætur séu frá síðasta notkunarskeiði leiðarinnar sem mun hafa verið í kringum miðja 20. öld.

**Hættumat:** engin hætta



*Leið DA-681:001\_03, horft til suðvesturs.*

**DA-681:002\_01** heimild um leið

Leið er teiknuð inn á herföngjaráðskort frá 1913. Hún liggur frá túninu á Staðarhóli til norðurs (ofan við svæði sem heitir Braut sjá DA-180:019), út fyrir Múlahyrnu þar sem leið 003 liggur af henni til norðvesturs. Frá Múlahyrnu liggur leiðin ofan við Múlabæina (DA-185 og DA-186) inn að Belgsdal DA-187 og yfir að Hvammsdalskoti DA-178 á leið 001. Í landi Hvammdalskots eru göturnar merktar sem óvissar. Þó að það sé ekki sýnt á herföngjaráðskortinu hélt leiðin áfram inn Staðarhólsdal frá Staðarhóli inn að Miklagarði DA-183 og Þverfelli DA-179. Leiðin var skoðuð á nokkrum stöðum þegar skráning var unnin í Staðarhólsdal sumarið 2020. Þá voru ummerki um vegabætur 02 á leiðinni skráð í landi Miklagarðs en á loftmyndum má sjá framhald af þeim í landi Staðarhóls. Leiðin lá um fremur þurrlegt svæði neðst í hlíðum Þverfells, ofan við mýrlendi.

Engar reiðgötur sáust á leiðinni þegar vettvangsskráning var gerð í Staðarhólsdal sumarið 2020 og er líklegt að þær hafi horfið að stórum hluta undir vegabætur, sjá 02 og 03.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA

**DA-681:002\_02** vegur samgöngubót

364166 542796

Ruddur vegur sést vel í landi Miklagarðs á milli Torfholts DA-183:011 og Stekkjarlækjar á merkjum mótum Þverfelli, sjá DA-183:013. Hann liggur um þurrt svæði á mörkum mýrlendis og fjallshlíðar. Vegurinn var raktur á vettvangi á 280 m löngum kafla þar sem hann liggur nálega norður-suður. Vegurinn er um 3-4 m breiður og er orðinn mjög gróinn. Hann verður mjög ógreinilegur við Stekkjarlæk en hann hefur líklega náð lenga til suðurs, alla leið að Þverfelli. Á loftmynd má óljóst sjá framhald af veginum í landi Þverfells á 145 m löngum kafla litlu sunnan við Stekkjarlæk. Eins má greina veginn á loftmynd í landi Staðarhóls frá Fjósakotstúni að Múlahyrnu á um 1 km löngum kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Miklagarður AG, 1

**DA-681:002\_03** vegur samgöngubót  
Upphlaðin torfbrú 03 er á vegi 02 þar sem hann liggur niður Torfholtsbrekku í landi Miklagarðs DA-183. Sést hún á 76 m löngum kafla þar sem hún liggur norðaustur-suðvestur og er 4-5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Rof er í gegnum miðja brúna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

364166 542796



*Vegur DA-681:002\_03, horft til suðvesturs.*

**DA-681:003** heimild um leið

365103 544223

Inn á herföngingjaráðskort frá 1913 eru merktar óvissar götur sem liggja af leið 002 undir Múlahyrnu að Þurranesi DA-184 og áfram að Lambanesi DA-180b og sameinadist þar leið 001 við Staðarhólsá. Í örnefnalýsingu Þurraness segir: "Fellsmegin við túnið er melur, sem kallaður er Skeið. Ofan við það, undir hlíðinni er stór steinn, sem heitir Grásteinn [DA-184:014]." Hefur leið sú sem hér er skráð að öllum líkindum legið um melinn sem ber nafnið Skeið.

Után melsins lá leiðin að langmestu leyti um deiglent flatlendi sem hefur verið ræst fram og ræktað í tún. Að sögn Kristjáns Sæmundssonar, heimildamanns, var upphlaðinn vegur frá Þurranesi niður að Staðarhólsá. Ekki sáust skýr ummerki um þessa leið á vettvangi, enda að mestu horfin í ræktarland. Á loftmynd af svæðinu má greina óljósa braut á stuttum kafla norðan undir Múlahyrnu sem stefnir á Grástein.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA; Ö-Þurranes,1

**DA-681:004** vegur leið

364435 545766

Götur eru merktar inn á herföngingjaráðskort frá 1913. Göturnar liggja frá Fremri-Brekku (DA-190) að Kaupfélagi Saurbæinga DA-172:024 í Salthólmavík í landi Tjaldaness (DA-172). Þær er teiknaðar sem vagnavegur innan Staðarhólslands (DA-180). Á þessum götum var m.a. skráð brú í landi Staðarhóls (sjá DA-180:021). Samkvæmt Sigurði Þórólfssyni í Fagradal var vegurinn að hluta til hlaðinn úr sniddu og strengur ofan á, a.m.k. sá partur sem lá frá vestri að Kirkjuhóli/Kirkjuholvi DA-180:003 og svo áfram til austurs að Brunná. Þessi hluti vegarins var gerður árið 1901 samkvæmt Sigurði. Vegurinn hefur að talsverðu leyti legið yfir flatlent deiglendi.

Vegurinn er sjálfsgagt að mestu leyti horfinn undir núverandi þjóðveg. Hann má þó sjá á kafla norðan hans, t.d. beggja vegna við Flæðalæk þar sem brú DA-180:021 var á honum. Þar virðist vegurinn hafa verið 4-5 m á breidd og upphlaðinn og mest allt að 1 m hærri en umhverfið.

**Heimildir:** Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA; Hkort 33 Óspakseyri-Gilsfjörður SV



*Leið DA-681:004, horft til austurs.*

**DA-681:005\_01** gata leið

363079 543098

Efribæjarleið hefur að öllum líkindum legið milli bæja í vestanverðum Staðarhólsdal, frá Þverdal DA-176, að Bjarnastöðum DA-175, Kverngrjóti DA-174, Saurhóli DA-173 og að Tjaldanesi DA-172. Á þeirri leið sjást allmiklar götur í landi Kverngrjóts, einkum vestan við rétt DA-174:007 undir Réttarholti en einnig í túni fornbylisins Eysteinsstaða DA-174:009 sem eru innan marka Kverngrjóts. Ekki sáust skýr ummerki um leiðina í landi Bjarnastaða eða Þverdals en líklegt er að í landi Saurhóls hafi hún legið á sama eða svipuðum stað og Gamllivegur (sjá 02), ruddur vegur sem liggur eftir Kvíabörðum (sjá DA-173:009). Ummerkja um leiðina var ekki leitað í landi Tjaldaness á vettvangi en þess má geta að á loftmynd má sjá að gamall slóði liggur af þessari leið yfir Kaldsholt í landi Tjaldaness til vesturs á leið 007. Leiðin lá um holt, móa og mýrlendi og í nokkuð jafnri hæð.

Á vettvangi voru götur 01 raktar á um 750 m löngum kafla en frá Þverdal í suðri að Tjaldanesi í norðri eru um 5 km. Hjá rétt DA-174:007 sjást 10-15 götur, mjóar og fremur grunnar, 0,1-0,2 m á dýpt og breidd. Þar sunnan við, þar sem Réttarholtið rís hæst að austanverðu, er leiðin í breiðri og fremur grunnri rennu innan um holtagrjót. Til suðurs endar leiðin við túngarð DA-174:023. Fjöldi gatna liggur yfir tún Eysteinsstaða DA-174:009 en fljótlega eftir að komið er norður fyrir túnið hætta göturnar að sjást vel.

**Hættumat:** engin hætta



*Gata DA-681:005\_01, horft til suðurs.*

**DA-681:005\_02** *Gamllivegur* vegur samgöngubót

363182 545356

Gamllivegur er ruddur vegur sem liggur eftir Kvíabörðum DA-173:009 austan undir Torffjalli frá túninu á Saurhóli til norðurs þar sem leiðin hefur sameinast leið 004 við Hagagarð DA-173:005. Vegurinn er vel merktanlegur víðast hvar í hlíðinni norðan við Saurhól. Hann er um 620 m langur og víðast hvar 4-5 m breiður og allt að 1 m hár. Að sögn Kristjóns Sigurðssonar frá Tjaldanesi var vegurinn ruddur um eða eftir 1950.



*Gamllivegur DA-681:005\_02. Á ljósmyndum er horft til norðurs*

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Saurhóll,1

**DA-681:006\_01** heimild um leið

363405 547092

Leið er merkt inn á herforingjaráðskort frá Stóra-Holti DA-197 til vesturs yfir ós Staðarhólsár og Hvolsár, sunnan við Orustuhólma DA-172:010, og liggur á leið 001 í landi Tjaldaness á Ósamel. Leiðin lá um svæði sem er búið að umbylta að miklu leyti austan Staðarhólsár og Hvolsár og rækta í tún. Vestan áнна, í landi Tjaldaness, liggur leiðin um mýrlendi og þurra mela.

Leiðin var skoðuð í landi Tjaldaness árið 2020 og var þá skráður upphlaðinn vegur 02 en engar eldri götur sáust á leiðinni. Þó má leiða að því líkum að götur DA-172:026\_02 sem liggja frá Fremra-Heyvaði DA-172:026\_01 tilheyri þessari leið en sé ekki bara engjavegur frá Tjaldanesi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA

**DA-681:006\_02** vegur samgöngubót

363375 547014

Upphækkaður og mjög gróinn vegur liggur til vesturs frá Staðarhólsá suðvestan við Orustuhólma DA-172:010 í landi Tjaldaness og litlu norðan við Neðra-Heyvað og götur frá því DA-172:026. Hann liggur nálega austur-vestur og sést á um 100 m löngum kafla. Vegurinn rís 0,5 m hærra en umhverfið og er á kafi í grasi. Hann er um 3 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs



*Vegur DA-681:006\_02. Á ljósmynd er horft til austurs.*

**DA-681:007** heimild um leið

362545 546005

Leið er merkt inn á herföngjaráðskort sem lá frá Salthólmavík og Tjaldanesi eftir Skeiði til vesturs eftir Tjaldaneshlíð og Fagraneshlíð að Innri-Fagradal DA-171. Segja má að leiðir 007, 004, 005, 001 og 006 hafi allar legið í Salthólmavík en þar var að líkindum gott skipalægi á öldum áður og síðar verslunarstaður Kaupfélags Saurbæinga DA-172:024. Leiðin lá eftir allbröttum og stöllóttum Tjaldanes- og Fagraneshlíðum þar sem núverandi malarvegur um sveitina liggur. Á Tjaldanesi liggur leiðin eftir melnum Skeiði sunnan við tún og áfram er slóði í gegnum túnin og niður af Horni ofan í Salthólmavík.

Engin ummerki um gamlar reiðgötur sjást á þessari leið vegna vegagerðar, túnasléttunar og annars rasks. Ruddur slóði er enn vel greinilegur þar sem leiðin lá niður af norðurenda Tjaldaness (sjá hnit B).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA

**DA-681:008** Traðardalur örnefni leið

364766 539056

Traðardalur er að mestu leyti í landi Kjarlaksvallu DA-181 en sú jörð var áður hjáleiga frá Staðarhóli DA-180 og átti Staðarhóll selstöðu á dalnum, sjá sel DA-181:006 og 007. Örnefnið Traðardalur kann að vísa til lögunar dalsins sem er afmarkaður af allháum fjallshlíðum en einnig kann að vera að nafnið tengist umferð um dalinn á milli byggðarlaga. Guðmundur Gunnarsson, heimildamaður á Kjarlaksvöllum, sagði að farið hefði verið á milli Saurbæjar og Hvammssveitar um Traðardal og hefur þá verið hægt að koma niður í Sælingsdal DA-102 eða Skeggjadal hjá Hvammi DA-106 í Hvammssveit. Í Traðardal eru örnefni Illimelur og Illihvammur. Í örnefnalýsingu Kjarlaksvallu segir um þessi örnefni: "Á vorin og haustin eftir rigningar ve[r]ður illfært um Illavel vegna bleytu. Kindur hafa festi í honum og drepizt. Þetta gerist bæði í melnum og hvamminum, frekar þó melnum." Hér er aðeins talað um umferð sauðfjár en farið hefur verið eftir Illamel til engja (sjá DA-181:012) og selja á dalnum en einnig hefur verið farið eftir honum á þeirri leið sem hér er skráð.

Illimelur er þurr og gróðurlaus og er hann framarlega á dalnum næst Traðardalsá. Ofan við hann til norðvesturs er mýrlent og mikill grasgróður. Dalurinn er að mestu leyti vel gróinn en næst ánni eru ógróinir melar á köflum. Engar skýrar götur eða aðrar samgönguminjar sem tengjast þessari leið sáust á Traðardal þegar skráning fór fram sumarið 2020 en ekki var farið mikið inn fyrir Selhvamm DA-181:006. Hefur þessi leið verið mun sjaldfarnari en leið 001 sem lá einnig á milli Saurbæjar og Hvammssveitar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kjarlaksvellir, 2

**DA-681:009** frásögn leið

358666 544442

Að sögn Kristjóns Sigurðssonar frá Tjaldanesi lá leið um fjörur frá Tjaldanesi og út alla Skarðsströnd sem farin var fram undir 1936-1938. Er víðast malarfjara á ströndinni og nokkuð greiðfær. Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi en litlar líkur eru til þess að nokkur ummerki um hana sjáist í síbreytilegri fjörunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



## Minjakort 20

Fornl. á fl. 1 jörð - kort 1/1


0 0.5 1 1.5 km

### Skýringar

- |                    |           |
|--------------------|-----------|
| Mörk jarða (RALA)  | Torflaðið |
| Mörk túns frá 1918 | Gata      |
| <b>Fornleifar</b>  | Vegur     |
| Skráðar fornleifar | Renna     |
| Bæjarhöll          | Náma      |



Kortagrunnur: Loftmyndir  
ehf og LMI  
Hnitakerfi: ISN93  
Kortagerð: LLD



*Helstu leiðir á skráningarsvæðinu, fornleifar á fleiri en einni jörð, DA-681*





## 5. Upphaf og þróun byggðar í Staðarhólsdal

Það landsvæði sem er til rannsóknar í Staðarhólsverkefninu og til umfjöllunar í skýrslu þessari er í vestanverðum Saurbæ. Þungamiðja svæðisins er Staðarhólsdalur sem liggur til suðurs, inn til landsins frá Tjaldanesi og ósum Staðarhólsár og Hvolsár. Inn úr Staðarhólsdalnum ganga svo Þverdalur, Traðardalur og Hvammsdalur. Við greiningu og kennismíði um landnám og þróun byggðar á svæðinu er miðað við rannsóknarmörk svæðisins og rétt að geta þess að ef svæðið væri víkkað út og stærra svæði skoðað myndu forsendur breytast og hugsanlegt að það hefði einhver áhrif á hugmyndir um landnám og þróun byggðar á svæðinu. Hér er hins vegar eingöngu horft til Staðarhólsdals. Heiti sveitarinnar (Saurbær) er dregið af því hversu mýrlent það var og á það ekki síst við um Staðarhólsdal og undirlendi hans. Eftir dalnum rennur Staðarhólsá sem fær það nafn eftir að Traðardalsá og Hvammsdalsá sameinast við Kjarlaksvelli en einnig rennur Þverdalsá í Staðarhólsána litlu neðar. Staðarhólsdalur afmarkast af Torffjalli og Nónhyrnu að vestanverðu en Þverfelli að austanverðu.

Talsverðir landkostir eru á svæðinu en rannsóknir á sviði fornvistfræði sem unnar hafa verið í verkefninu benda til þess að við landnám hafi svæðið verið vaxið skógi og kjarri að töluverðu leyti.<sup>3</sup> Miklar og grasgefnar útengjar eru í Staðarhólsdal sem skipt hafa miklu máli allt frá upphafi búsetu en þar var hægt að afla mikils hefyngs, stinga upp mó og skera torf.<sup>4</sup> Góðar lendingar hafa verið frá elstu tíð í Salthólmavík við Tjaldanes og í fjörunni á milli Tjaldaness og Stóra-Holts var lengi ein besta sölvaðjara á landinu en söl voru mikilvæg auðlind fyrir á öldum, notuð til manneldis, bæði til átu og sem lækningarjurt og einnig sem fóður fyrir búpening, líklega allt frá fyrstu öldum byggðar.<sup>5</sup>

### 5.1 Landnám í Staðarhólsdal

Byggð hófst snemma í Saurbænum og er sveitarinnar víða getið í fornum heimildum. Saurbærinn kemur oft við sögu í Sturlungu, ekki síst Staðarhóll, höfuðból og kirkjustaður, sem Sturla Þórðarson sagnaritari og fleiri höfðingjar sátu á miðöldum. Staðurinn hefur því snemma orðið höfðingjasetur og er hans getið í Sturlubók Landnámu þar sem greint er frá landnámi á svæðinu: „Steinólfr enn lági son Hrólfs hersis af Ögðum nam land inn frá Klofasteinum til Grjótvallarmúla ok bjó í Fagradal á Steinólshjalla. Hann gekk þar inn á fjallit ok sá fyrir innan dal mikinn ok vaxinn allan viði. Hann sá eitt rjóðr í dal þeim; þar lét hann bæ gera ok kallaði Saurbæ, því at þar var mýrlent mjök, ok svá

---

<sup>3</sup> Gunnar Páll Ægisson 2022, bls. 39.

<sup>4</sup> Orri Vésteinsson. 1998.

<sup>5</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, bls. 79-90.

kallaði hann allan dalinn. Þat heitir nú Torfnæs er bærinn var görr.<sup>6</sup> Í Sturlubók Landnámu segir ennfremur: „Sléttu-Björn hét maðr; hann átti Þuríði dóttur Steinólfs ens lága; hann nam með ráði Steinólfs enn vestra dal í Saurbæ; hann bjó á Sléttu-Bjarnarstöðum upp frá Þverfelli. Hans son var Þjóðrekr, er átti Arngerði, dóttur Þorbjarnar Skjalda-Bjarnarsonar; þeira son var Víga-Sturla, er bæinn reisti á Staðarhóli [...].<sup>7</sup> Staðarhóls er hins vegar ekki getið með því nafni í Landnámugerð Melabókar þar sem segir frá landnámi í Saurbæ: „Þjóðrekr son Sléttu-Bjarnar ok Þuríðar Steinólfsdóttur, Ingjaldssonar hins hvíta, kom ungr til Íslands ok nam Saurbæ allan á milli Tjaldaness ok Múlafells ok bjó undir Hóli. Hans son var Sturla ok ... Son Sturlu var Þórðr faðir Þóríðar.<sup>8</sup> Skiptar skoðanir hafa verið á því hvort að Hóll sá sem segir frá í Melabók sé Saurhóll eða Staðarhóll og þá hvor sé líklegri landnámsbær í Staðarhólsdal.<sup>9</sup>

Fleiri vísbendingar um upphaf og þróun byggðar í dalnum má fá úr fornritunum. Í Laxdæla sögu er getið um *Hól* í Saurbæ en þar bjuggu samkvæmt sögunni systkinin Þorkell hvelpur, Knútur og Auður ásamt eiginmanni hennar, Þórði Ingunnarsyni á síðari hluta 10. aldar.<sup>10</sup> Hefur sá Hóll í Saurbæ verið talinn sami bær og Saurhóll.<sup>11</sup> Í sögunni er þess getið að Hóll hafi átt selför í Hvammsdal.<sup>12</sup> Hvammsdalur virðist hins vegar vera orðin bújörð snemma á 12. öld en þá á Þorgils Oddason á Staðarhóli jörðina.<sup>13</sup> Færa mætti rök fyrir því að sú staðreynd að jörðin er þá í eigu Staðarhóls en ekki Saurhóls gæti bent til að eignarhald á seli á sama stað hefði einnig átt við Staðarhól fremur en Saurhól en í raun er ekkert hægt að fullyrða um það. Í Eyrbyggja sögu er þess getið að Þórir Gull-Harðarson sé „vinr Sturlu Þjóðrekssonar, er Víga-Sturla var kallaðr; hann bjó á Staðarhóli í Saurbæ“.<sup>14</sup>

Saurhóls er ekki getið með því nafni í heimildum fyrr en í Íslendinga sögu í Sturlungu en samkvæmt frásögn Sturlubókar Landnámu hét fyrsti bærinn í dalnum Saurbær. Saurbæjar er einnig getið í Kormáks sögu en þar bjó Hólmgöngu-Bersi.<sup>15</sup> Í Landnámu segir um bæinn „Þat heitir nú Torfnæs er bærinn var görr“<sup>16</sup> og túlka mætti þetta orðalag á þann hátt að bærinn hafi verið fluttur af upprunalegum stað sem áður hét þá Saurbær en kallaður var Torfnæs eftir að bærinn flutti á annan stað.

---

<sup>6</sup> Íslensk fornrit I (hér eftir ÍF), bls. 156.

<sup>7</sup> ÍF I, bls. 158-159.

<sup>8</sup> ÍF I, bls. 158. Í tilvísunum er texti færður til nútímastafsetningar og hornklofum sleppt.

<sup>9</sup> Sjá t.d. Jakob Benediktsson í ÍF I, nmgr. 5, bls. 159, Haraldur Matthíasson 1982, bls. 198, Sveinbjörn Rafnsson 1985 og Helgi Þorláksson 2017, nmgr. 30, bls. 206.

<sup>10</sup> ÍF V, 86-87.

<sup>11</sup> Sjá t.d. Safn til sögu Íslands II.1, bls. 564 og Kristian Kálund II, bls. 120

<sup>12</sup> ÍF V, 97.

<sup>13</sup> Sturlunga saga I, bls. 9.

<sup>14</sup> ÍF IV, bls. 157-58.

<sup>15</sup> ÍFVIII, 224.

<sup>16</sup> ÍF I, bls. 158

Til að flækja málin enn frekar má benda á að enn einn staðurinn hefur verið nefndur til sögunnar sem hinn upprunalegi Saurbær. Í sóknarlýsingu sinni frá miðri 19. öld benti Jón Þorleifsson á að sjáanlega séu miklar rústir á stökum hólí á Staðarhólsodda og að það sé álit sumra að á þeim stað hafi Steinólfur lági látið reisa fyrsta bæinn í Saurbæ.<sup>17</sup> Jón telur ekki aðra staði líklegri út frá landslagi og staðsetningu. Umræddur hóll nefndist *Skollból* en heitið *Kirkjuból* festist síðar við hann eftir að ný kirkja var byggð þar árið 1899 þegar Staðarhóls- og Hvolssóknir voru sameinaðar. Engar frekari upplýsingar hafa fundist um þær minjar sem þar eiga að hafa verið áður en kirkjan var reist. Það er því eki margt sem bendir til að fyrsti bærinn í Staðarhólsdal hafi risið við Skollhól þrátt fyrir að hugsanlega hafi einhverjar tóftir verið á hólnum á 19. öld.

Í Melabók er sagt að Þjóðrekur Sléttu-Bjarnarson hafi búið *undir* Hólí sem gefur til kynna að fyrstu bæjarhúsin hafi verið *við* afgerandi hól en ekki *á* honum. Hafi sú verið raunin bendir allt í þá átt að bæjarstæðið hafi verið flutt upp á hólinn síðar, hvort sem umræddur hóll var Saurhóll eða Staðarhóll. Í tilfelli Saurhóls má vel ímynda sér að bærinn hafi áður staðið á hólöxl sem nú er nefnd Kirkjuhóll, neðan og sunnan við háhólinn þar sem bærinn stóð um aldir. Í tilfelli Staðarhóls væri helst að giska á tungu sem gengur til norðvesturs út frá bæjarhólnum. Á Staðarhólí er mjög deiglent allt í kringum hólinn sem bærinn og kirkjan stóðu á en umræddur rími er þurrhendur og liggur frá honum til norðvesturs. Greinilegt er að mannvirki hafa áður staðið á rímanum og mætti hugsa sér að elsta bæjarstæðið hafi verið á honum. Borkjarnarannsókn sem gerð var á svæðinu árið 2021 leiddi þó í ljós að þarna er mun líklegra að hafi verið útihús en bæjarstæði.<sup>18</sup>

Ef staðhættir á Saurhólí eru skoðaðir virðist greinilegt að talsverð mannvist leynist í Kirkjuhólí en án frekari rannsókna er ekki hægt að fullyrða hvort í hólnum séu leifar kirkjugarðs og kirkju eða jafnvel búsetuminjar frá enn eldri tíð. Framan og austan við hólinn þar sem bærinn á Saurhólí stóð fram á miðja 20. öld er víðfeðmt mýrlendi sem heitir Saurhólsflói og austan við hann er þurr bakki við Staðarhólsána sem heitir Torfnes. Þar eru ummerki um breytingar á farvegi árinna og aðstæður benda ekki til að þar hafi nokkurn tímann verið hentugt bæjarstæði. Vel má hugsa sér að stærra svæði hafi áður heitið Torfnes og það náð yfir Saurhólsflóann sem myndar nokkurs konar nes þar sem Staðarhólsáin sveigir til austurs meðfram honum. Ef sú væri raunin mætti segja að Saurhólsbærinn sé ofan við Torfnes.

Samantektin hér að framan sýnir að fornum heimildum ber ekki saman um fyrsta landnám í Staðarhólsdal og hefur verið umdeilt hvaða bæjarstæði er líklegast að hafi verið landnámsbýli

---

<sup>17</sup> SSD, 166

<sup>18</sup> Guðrún Alda Gísladóttir og Gylfi Helgason bls. 2022, bls. 16, 26


svæðisins. Ef aðeins er litið til frásagna Landnámu um fyrsta landnám í Staðarhólsdal er annars vegar getið um fyrstu byggð *undir Hóli* og landnámsmanninn Þjóðólf Sléttu-Bjarnarson í Melabók en í Sturlubók er frásögnin hins vegar á þann veg að Steinólfur lági hafi látið gera fyrsta bæinn í Saurbæ með sama nafni þar sem síðar hét Torfnæs og að Sléttu-Björn hafi numið Staðarhólsdal að ráði tengdaföður síns og búið á Sléttu-Bjarnarstöðum<sup>19</sup> og það hafi þá aðeins verið með þriðju kynslóð landnámsmanna (Víga-Sturlu sem var sonasonur Sléttu-Bjarnar) að bær var fyrst byggður á Staðarhóli. Um túlkunar á orðalagi og örnefnum í Staðarhólsdal má lengi deila en óvíst að það muni nokkru sinni skila vissu um fyrsta landnám svæðisins og ekki víst að það fleyti okkur endilega lengra í að skilja sögu þess enda ólíklegt annað en að nokkrar jarðir hafi mjög fljótt komist í byggð á svæðinu. Þrátt fyrir það má fá ákveðnar vísbendingar um fyrstu byggðu bólin í Staðarhólsdal með því að kanna vísbendingar fornleifafræðinnar og verða þær helstu nú raktar.

## 5.2 Þróun byggðar í Staðarhólsdal á fyrstu áratugum eftir landnám

Þótt margt sé enn á huldu um upphaf byggðar og byggðarþróun í Staðarhólsdal á fyrstu áratugum og öldum búsetu má víða finna vísbendingar um hvernig líklegt er að slík þróun hafi verið. Eins og dregið var á í síðasta kafla má fá ýmsar, en stundum misvísandi upplýsingar úr elstu ritheimildum en einnig, og ekki síður, má fá mikilvægar vísbendingar út frá fornleifum, landsháttum, gróðurfari (umhverfisrannsóknnum), stærð jarða og dýrleika, landamerkjum, örnefnum og staðsetningum kumla og kirkna innan svæðisins. Sem dæmi má nefna að kumlafundir eru sjálfstæður vitnisburður um forna búsetu og að þær jarðir þar sem kirkjur og bænhús risu voru að jafnaði herra metnar en aðrar og má gera ráð fyrir að þar hafi almennt byggst fyrir en þær jarðir þar sem engar slíkar byggingar voru.

---

<sup>19</sup> Sléttu-Bjarnarstaðir hafa verið settir í samband við Bjarnastaði í miðjum vestanverðum Staðarhólsdal. Í Sturlubók Landnámu eru þeir sagði vera „upp frá Þverfelli“ sem kemur ekki vel heim og saman við staðsetningu Bjarnastaða.



*Mynd 4: Niðurstöður fornleifa- og fornvistfræðirannsóknna benda til að elsta landnám í Staðarhólsdal hafi náð yfir allan dalinn og þær jarðir sem í seinni tíð teljast tilheyra honum.*

Þegar horft er til fleiri þátta en fornritanna má segja að samanlagt hnígi fleiri rök í þá átt að Saurhóll sé landnámsbýli, þótt greinilegt sé að Staðarhóll nái fljótlega undirtökum sem valdamiðja sveitarinnar. Rökin snúa aðallega að landsháttum og landkostum. Í Sturlubók Landnámu er þess getið að við landnám hafi Saurbærinn verið mjög víði vaxinn og rímar það vel við þær gróðurfarsrannsóknir sem unnar voru í Staðarhólsverkefninu.<sup>20</sup> Ætla má að skógurinn hafi verið þéttari eftir því sem innar dró í dalnum en gisnari nær sjó og land þar því aðgengilegra.<sup>21</sup> Eyður hafa þó vafalaust verið í birkiskóginum þar sem blautar mýrar voru í dalnum. Saurhóll hefur líklega í upphafi átt land að sjó og góðar fjörur (þar sem Tjaldanes byggist síðar). Saurhóll er í vesturhluta dalsins sem nýtur meiri birtu og yls en austurhlutinn og sá helmingur dalsins hefur því verið vænlegri til ræktunar. Í landi Saurhóls eru mjög miklar mýrar sem kunna að hafa gefið af sér mikið úthey og í þeim eru einnig gríðarstór mógrafasvæði sem hafa verið mikils virði allt frá upphafi en ekki síður þegar skógur tók að hopa á svæðinu.

Hluti af Staðarhólsrannsóknnum snýr sem fyrr segir að fornvistfræði og voru frjókornasýni tekin nærri Staðarhóli í þeim tilgangi að kanna gróðurfar á svæðinu í gegnum aldirnar.<sup>22</sup> Slíkar rannsóknir geta ekki einungis varpað ljósi á gróðurfar og landnýtingu heldur gefa þær gjarnan hugmynd um upphaf landsnáms á hverju svæði enda breytist gróðursamsetning að öllu jöfnu mjög hratt strax eftir landnám mannsins á hverju svæði. Ein af athyglisverðari niðurstöðum frjókornarannsóknna við Staðarhól er að svo virðist sem bærinn hafi ekki byggst á allra fyrstu árum byggðar í landinu. Greinileg merki um mannvist er þar fyrst að finna á fyrstu áratugum 10. aldar, nokkru eftir að landnámsgjóska fellur, þegar fram koma skýr ummerki um mannvist og landnýtingu.<sup>23</sup> Engin ummerki fundust um byggærkt og var bent á að hafi slík ræktun farið fram á svæðinu hafi það verið annarsstaðar í dalnum, t.d. í honum vestanverðum.<sup>24</sup> Niðurstöður fyrstu fornvistfræðilegu rannsóknarinnar á þessum slóðum benda því til að byggð í Staðarhólsdal miðjum hafi líklega ekki hafist strax við fyrsta landnám og hugsanlega m.a. vegna þétts skógar en þegar nokkrir áratugir frá fyrsta landnámi voru liðnir hafi birkiskógurinn verið farinn að hopa nógu mikið til þess að hægt væri að nýta svæðin innar í dalnum en var í fyrstu.<sup>25</sup>

---

<sup>20</sup> ÍF I, bls. 156 og Gunnar Páll Ægisson 2022.

<sup>21</sup> Gera þyrfti frekari rannsóknir á fornvistfræði Staðarhólsdals til þess að fá heildstæðari mynd af stöðunni við landnám og þróuninni eftir það. Til dæmis væri gagnlegt að sjá hvort munur hafi verið á gróðri á Staðarhóli og Saurhóli á fyrstu áratugum eftir landnám og þá í hverju sá munur fólst.

<sup>22</sup> Gunnar Páll Ægisson 2022.

<sup>23</sup> Sama rit, bls. 36.

<sup>24</sup> Sama rit bls. 36.

<sup>25</sup> Sama rit, bls. 39.

Ekki eru þekktar upplýsingar um dýrleika jarða á fyrstu öldum byggðar en dýrleiki jarða hélst að jafnaði nokkuð stöðugur um aldir. Ef litið er til dýrleika jarðanna Saurhóls og Staðarhóls eins og hann var í upphafi 18. aldar má sjá að jörðin Saurhóll er aðeins metin á 24 hundruð (ríflega meðaljörð) á meðan Staðarhóll er 100 hundruð (en var gjarnan 120 hdr á fyrri öldum).<sup>26</sup> Hvorki eru þekkt kuml á Staðarhóli eða Saurhóli og engar þekktar sagnir þar um legstaði úr heiðnum sið. Nánar er fjallað um fornlegar minjar á rannsóknarsvæðinu í kafla 6.1-6.2 hér á eftir. Engar fornar heimildir eru um að kirkja hafi verið á Saurhóli en þar er hins vegar eins og áður var getið örnefnið *Kirkjubóll* í jaðri bæjarhólsins. Verður það að teljast sterk vísbending um að kirkja eða hálfkirkja hafi verið á jörðinni en hugsanlegt er að helgihald hafi lagst af snemma. Þar sjást ekki skýr ummerki um minjar en þó má greina lágan kant frammi á hólbrúnninni til suðurs og ekki útilokað að um leifar af kirkjugarði sé að ræða.

Samanlagt má því segja að vísbendingar fornleifa- og fornvistfræði bendi ekki til að Staðarhóll hafi verið frumbýli Staðarhólsdals. Staðarhóll byggist því líklega einhverjum áratugum síðar en jörðin sækir fljótt í sig veðrið, þar er komin kirkja snemma sem síðar verður sóknarkirkja dalsins og samkvæmt tiltækum heimildum bjuggu þar lengst af höfðingjar og fyrirmenn. Ef litið er til annarra jarða í dalnum má segja að líklegt sé að á svipuðum tíma hafi jörðin Tjaldanes komist í byggð og hugsanlega einnig Bjarnastaðir.

Tjaldanes hefur snemma verið mikilvæg jörð í ýmsu tilliti. Hún átti land að sjó og þar var góð lending frá fyrstu tíð. Úti fyrir Tjaldanesi eru Salthólmar en örnefnið gæti bent til þess að þar hafi verið saltvinnsla þó að ekki hafi fundist minjar eða heimildir sem styðji það. Að auki, og ekki síst, var ein besta sölvaðjara landsins í landi Tjaldaness, Saurbæjarfjara, við ósa Staðarhólsár og Hvolsár á milli Tjaldaness og Stóra-Holts en líklegt er að sölvaðjara hafi verið mikilvæg auðlind frá landnámi við Breiðafjörð.<sup>27</sup> Tjaldanes var metið á 40 hundruð, bæði 1224 og árið 1705<sup>28</sup> og þar var hálfkirkja fyrr á öldum.<sup>29</sup> Saurbæjarfjara hafði þá sérstöðu að hún var metin til dýrleika sem sérstök eign vegna sölvatekjunnar og hefur verið metin á 40 hundruð að lágmarki á 15. öld.<sup>30</sup> Fjölmargar jarðir og kirkjur áttu ítök í fjörunni, þar á meðal Staðarhólskirkja. Þeir sem voru við

---

<sup>26</sup> JÁM VI, bls. 155, 160.


<sup>27</sup> Sverrir Jakobsson 2002, bls. 164–165.

<sup>28</sup> DI I 466 og JÁM VI, bls. 153.

<sup>29</sup> Máldagi 1491-1518, Diplomatarium islandicum (hér eftir DI) VII, bls. 71.


<sup>30</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, bls. 53.

sölvatekju í Saurbæjarfjöru hafa flestir legið við í tjöldum og er mögulegt að nafn jarðarinnar dragi



*Mynd 5: Tilgáta um skiptingu Staðarhólsdals milli þriggja stórra jarða á fyrstu áratugum eftir landnám. Kirkjur voru á Staðarhóli og í Tjaldanesi og vísbendingar eru um að kirkja hafi einnig verið á Saurhóli.*





*Mynd 6: Byggðin í Staðarhólsdal þéttist smám saman á fyrstu öldum. Kortið sýnir þau bæjarstæði sem þekkt voru á svæðinu á Sturlungaöld.*

nafn sitt af tjöldum sölvatekjufólks á fyrstu áratugum byggðar á Íslandi en jarðarinnar er getið í bæði Laxdælu og Sturlunga sögu.<sup>31</sup> Örnefnið Tjaldanes kemur einnig fyrir í Landnámu í

framangreindum lýsingum á landnámi í Saurbæ.

Fjórða jörðin á skráningarsvæðinu sem út frá landsháttum og dýrleika má ætla að hafi byggst snemma er Bjarnastaðir<sup>32</sup> sem eru innan við Saurhól og var metin á 40 hundruð árið 1705.<sup>33</sup> Hvorki heimildir né örnefni gefa til kynna að kirkja hafi verið á jörðinni. Bjarnastaðir eru í dag mjög landlítill jörð og því vekur það nokkra furðu hversu hátt hún var metin í upphafi 18. aldar. Í Jarðabók Árna og Páls kemur fram að jörðin hafi þá átt afskipt land á milli Kveingrjóts (Kverngrjóts) og Saurhóls þar sem forna eyðibýlið Eysteinsstaðir var. Taldist það fjórðungur af verðgildi jarðarinnar. Að auki átti jörðin selstöðu í Tungu (Staðarhólstungu) í suðaustanverðum Traðardal.<sup>34</sup> Getum hefur verið leitt að því að hinir svokölluðu Sléttu-Bjarnarstaðir sem nefndir eru landnámsbær í Staðarhólsdal í Sturlubók Landnámu séu sami bær og Bjarnastaðir.<sup>35</sup> Út frá staðsetningu bæjarins, háu jarðamati og fleiri rökum sem hér hafa verið talin má ætla að Bjarnastaðir hafi byggst fremur snemma og hafi þannig átt land í vestanverðum Staðarhólsdal á mótum Saurhóli. Samkvæmt því hefðu jarðirnar Kveingrjót/Kverngrjót, Eysteinsstaðir (sem fóru snemma í eyði) og Þverdalur byggst úr landi Bjarnastaða en allar þessar jarðir eru komnar til sögunnar þegar Íslendinga saga í Sturlungu er rituð á 13. öld og má því ætla að þær hafi byggst fyrir þann tíma.

Í ljósi ofangreinds má færa rök fyrir því að Staðarhólsdalur hafi fyrst um sinn skipst í þrjár stórar jarðir: Saurhóll og Bjarnastaðir hafi verið í vestanverðum dalnum en að Staðarhóll hafi á sama tíma ráðið austanverðum dalnum. Tjaldanes byggist að öllum líkindum snemma út úr landnámi Saurhóls og Bjarnastöðum virðist fremur snemma hafa verið skipt upp í fjórar minni jarðir; Eysteinsstaði, Kverngrjót, Bjarnastaði og Þverdal.<sup>36</sup> Þverfell hefur einnig snemma byggst úr landi Staðarhóls en jarðarinnar er getið í Sturlungu.<sup>37</sup> Jarðirnar Þverfell og Þverdalur eru metnar á 24 hundruð í upphafi 18. aldar og Kverngrjót á 16 hundruð. Ekki er til jarðamat fyrir Eysteinsstaði þar sem þeir fara snemma í eyði en það svæði sem taldist tilheyra eyðijörðinni og var hluti af Bjarnastöðum árið 1705 var metið á 10 hundruð.<sup>38</sup> Önnur lögbyli í Staðarhólsdal byggjast seinna.

---

<sup>31</sup> Laxdæla saga. ÍF V, bls. 99 og Sturlunga I, bls. 5.

<sup>32</sup> Jörðin er ýmist nefnd Bjarnastaðir eða Bjarnarstaðir í Sturlungu.

<sup>33</sup> JÁM VI, bls. 156.


<sup>34</sup> JÁM VI, bls. 157.

<sup>35</sup> Safn til sögu Íslands, 576-77, (Sigurður Vigfússon hrekur þó kenninguna í neðanmálsgrein á sömu síðu), einnig Hannes Þorsteinsson. 1923.

<sup>36</sup> Sturlunga saga, bls. 73, 433.

<sup>37</sup> Sturlunga saga, bls. 433.

<sup>38</sup> JÁM VI, bls. 156.



Mynd 7: Talsverð óvissa er um byggðapróun í Staðarhólsdal eftir Sturlungaöld en hér er sett fram tilgáta um býli á svæðinu á tímabilinu 14.-16. öld.

Elstu öruggu ritheimildirnar um Kjarlaksvell, Miklagarð, Fjósakot og Þurranes eru frá upphafi 18. aldar þó að búseta á þessum jörðum hafi væntanlega náð talsvert lengra aftur. Allar þessar jarðir

eru metnar um 8 hundruð að dýrleika snemma á 18. öld þegar þær voru enn skilgreindar sem hjáleigur Staðarhóls.<sup>39</sup> Lambanes byggist ekki fyrr en á 20. öld og er jörðin metin 5 hundruð að dýrleika í Fasteignamati frá 1918.<sup>40</sup>

Þótt Staðarhóll hafi líklega ekki verið fyrsta landnámsbýli Staðarhólsdals (eins og hér hafa verið færð rök fyrir) er ljóst að jörðin nær undirtökum í dalnum nokkuð fljótt. Samkvæmt Sturlungu voru útjarðir í Staðarhólssafninu árið 1241 Múli, Hvítidalur, Þverfell, Þverdalur Eysteinsstaðir og Saurhóll<sup>41</sup> en líklegast hefur á þeim tíma ekki verið greint á milli þeirra jarða sem tilheyrðu bændakirkjunni á Staðarhóli og eiganda jarðarinnar. Saga höfuðbýlisins á Staðarhóli hverfist að nokkru leyti um eignasafn jarðarinnar, bæði kirkjunnar á Staðarhóli og eiganda jarðarinnar og ítök og hlunnindi. Eins og vikið verður að í kafla 5.3 hér á eftir virðist sem rekstur staðarins hafi allt frá miðöldum ekki hvílt á búrekstri heimajarðarinnar nema að litlu leyti en hverfðist þess í stað um margvíslegar aðrar eignir og hlunnindi. Segja má að þær upplýsingar sem fást í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um búrekstur í Staðarhólsdal um 1700 gefi áhugaverða vísbendingu um rekstur staðarins en þar kemur fram ákveðin verkaskipting milli höfuðbóls og hjáleigna. Á heimajörðinni voru allir hestar staðarins, sauðir hans og naut. Engir sauðir voru á hjáleigum Staðarhóls í Staðarhólsdal en öllum lömbum staðarins var komið fyrir á sömu hjáleigum. Ekki er ólíklegt að slík miðstýring í búskaparháttum í Staðarhólsdal hafi tíðkast um langt skeið, þ.e. að búfjáreign staðarins hafi að einhverju leyti verið dreift á þær jarðir í dalnum sem undir staðinn heyrdi og undirstöður rekstrar staðarins hafi að hluta til byggst á landskuld þessara jarða sem var m.a. greidd í fóðri og eldi.<sup>42</sup> Þannig má segja að rekstrareining Staðarhóls hafi að sumu leyti fremur verið Staðarhólsdalur í heild heldur en að hún hafi einskorðast við land jarðarinnar eitt og sér.

### 5.3 Saga Staðarhóls: eignarhald og ítök

#### *Eignir og eignarhald*

Þrátt fyrir að ýmis rök megi færa fyrir því að Staðarhóll hafi ekki verið landnámsbýli Staðarhólsdals er engum blöðum um það að fletta að jörðin verður fljótt höfuðból svæðisins og heldur því hlutverki um aldaskið.

Áætlað hefur verið að á miðöldum hafi verið á bilinu 50 til 150 höfuðból hér á landi en að þeim hafi fækkað talsvert þegar komið var fram um 1700.<sup>43</sup> Rekstur höfuðbóla fylgdi talsvert

---

<sup>39</sup> JÁM VI, bls. 162-163.

<sup>40</sup> Fasteignamat Dalasýslu (FDA II) 1916-1918 - undirmat II, bls. 98.

<sup>41</sup> Sturlunga I. bindi, 448.

<sup>42</sup> JÁM VI, 155-164.

<sup>43</sup> Árni Daníel Júlíusson 2010, bls. 14–15.

annarri forskrift heldur en venjulegra jarða þar sem tekjustofn slíkra jarða var að jafnaði talsvert fjölbreytilegri og tekjurnar mátti m.a. nota til að fjárfesta í uppbyggingu búsinns eða til að standa undir umfangsmeiri rekstri en höfuðbólíð sjálft hefði geta staðið undir. Þrátt fyrir þetta var búrekstur höfuðbólanna í sumum tilfellum mikilvægasti tekjustofn eiganda, en hann þurfti ekki að vera það og í tilfelli Staðarhóls virðist sú alls ekki hafa verið raunin.

Saga eignarhalds og ítaka Staðarhóls er löng og flókin og eitt af rannsóknarverkefnum Staðarhólsrannsókna sneri að greiningu á tekjum staðarins annars vegar og rekstri staðarins og búskapar á jörðinni hins vegar. Rannsóknina vann Emil Gunnlaugsson meistaranemi í sagnfræði og skilaði ritgerð um efnið í ársbyrjun 2022. Umfjöllunin í þessum undirkafla byggir því á rannsókn Emils um eignir og ítök en verða aðeins raktar helstu niðurstöður hans en áhugasömum bent á ritgerð Emils fyrir ítarlegri upplýsingar.<sup>44</sup>

Ekki er vitað hvenær kirkja rís fyrst á Staðarhóli en gera má ráð fyrir að það hafi verið snemma. Ætla má að Staðarhóll hafi verið á meðal fyrstu kirkjumíðstöðva á svæðinu.<sup>45</sup> Eins og nafnið gefur til kynna var Staðarhóll staður en almenna reglan um staði var sú að kirkjan ætti heimajörðina að fullu. Aðeins voru örfáar undantekningar frá þessu og voru þeir kirkjustaðir sem stofnaðir voru um jarðir sem kirkjan átti bara að hluta í öllum tilfellum dýr höfuðból. Í Vestfirðingafjórðungi voru fjórir slíkir staðir.<sup>46</sup> Eignarhald á Staðarhóli varð reyndar oftast en einu sinni uppspretta mikilla átaka í gegnum aldirnar, bæði milli meintra eigenda og umboðsmanna þeirra<sup>47</sup> og hins vegar milli leikmanna og Skálholtsbiskupa á 15.-17. öld.<sup>48</sup> Upphaf deilnanna um Staðarhól má rekja til krafna biskupsstólsins um eignarhald á jörðinni allri sem byggði á loforðum Lofts „Íslending“ Ormssonar. Deilurnar voru við erfingja Lofts og urðu lífseigar og lauk þeim í raun ekki fyrr en um 1561. Eftir að Staðarhólskirkja varð aftur bændakirkja á seinni helmingi 16. aldar var nánast stöðugur ágreiningur um ákveðnar eignir hennar allt fram til 18. aldar. Á þessum tíma (1598-1768) voru eigendur Staðarhóls afkomendur Staðarhóls-Páls í beinan karlegg.<sup>49</sup>

Eitt af hlutverkum biskupa í gegnum aldirnar var að fara í reglulegar vísitasíur til að að kanna að eigur kirkjunnar væru í samræmi við eldri mágabækur og eignir kirkjunnar hefðu ekki rýrnað.<sup>50</sup> Í fyrstu vísitasíuferð Brynjólfs Sveinssonar um Vesturland 1639 taldi hann nokkuð misræmi í eigum kirkjunnar á Staðarhóli miðað við fyrri máldaga á þann veg að jarðir sem tilheyra

---

<sup>44</sup> Emil Gunnlaugsson. 2022.

<sup>45</sup> Orri Vésteinsson. óútg. handrit.

<sup>46</sup> Magnús Stefánsson 2000, bls. 139-140.

<sup>47</sup> Sveinbjörn Rafnsson. 1985.

<sup>48</sup> Ágæt yfirlit um þessi mál er að finna í ritgerð Emils Gunnlaugssonar 2022, bls. 29-36.

<sup>49</sup> Emil Gunnlaugsson. 2022, bls. 38.

<sup>50</sup> Sami, bls. 37

áttu kirkjunni hefðu færst í annarra manna hendur eða væru ekki taldar partur af jarðasafni kirkjunnar. Jarðareigandi hins hluta jarðarinnar gat sömuleiðis ekki staðhæft hversu mörg kúgildi kirkjan átti.<sup>51</sup> Var þetta upphafið að löngum deilum Skálholtsbiskupa við landeigendur á Staðarhóli.

### ***Eignir Staðarhóls***

Samkvæmt Sturlungu tilheyrðu eiganda Staðarhóls talsvert af eignum þegar árið 1241. Samkvæmt sögunni átti hann þá Múla, Hvítadal, Þverfell, Þverdal, Eysteinsstaði og Saurhól<sup>52</sup> en líklegast hefur á þeim tíma ekki verið greint á milli þeirra jarða sem tilheyrðu bændakirkjunni á Staðarhóli og eiganda jarðar. Í máldaga frá 1354 eru eignir kirkjunnar á Staðarhóli aðeinst taldar hálf heimajörðin og Þverdalur en við lok 14. aldar höfðu Bjarneyjar, Kverngrjót og Bjarnastaðir bæst í eignasafn Staðarhólskirkju.<sup>53</sup>

Um 1500 átti kirkjan heimalandið og einnig hafði Króksfjarðarnes bæst í safnið.<sup>54</sup> Um miðja 16. öld höfðu Króksfjarðareyjar, Galtarey, Teistey og Líney bæst við ásamt 5 hdr af Saurbæjarfjöru<sup>55</sup> en á seinni hluta 17. aldar kemur fram í máldaga að kirkjan eigi að auki Saurhól (og tilkall til Munaðarness).<sup>56</sup>

<b>Ártal</b>	<b>Eignir</b>	<b>Heimild</b>
1241	Ógreint milli kirkju og landeiganda, þ.e. eigandi kirkjunnar átti líka þessar jarðir: Múli, Hvítadalur, Þverfell, Þverdalur, Eysteinsstaðir og Saurhóll	Sturlunga I, 448
1354	Þverdalur	DI III, 39
1397	Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót og Bjarneyjar	DI IV, 195
um 1500	Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót, Bjarneyjar Króksfjarðarnes	DI VII, 332
1547	Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót, Bjarneyjar Króksfjarðarnes, Króksfjarðareyjar, Galtareyjar, Teistey, Líney, Saurbæjarfjara 5 hdr	DI XI, 494
1570 og síðar	Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót, Bjarneyjar, Króksfjarðarnes með öllum eyjum, Galtareyjar, Saurhól, tilkall til Munaðarness í Árnaskirkjusókn	DI XV, 592.
1639-1675	Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót, Bjarneyjar, Króksfjarðarnes, Galtareyjar, Saurhóll, Saurbæjarfjara (en deilur voru um síðasttöldu	ÞÍ. Bps. A/II-6

<sup>51</sup> ÞÍ. Bps. A/II-6, bls. 47-49.

<sup>52</sup> Sturlunga I. bindi, 448

<sup>53</sup> DI III, bls. 39 og DI IV, bls. 195

<sup>54</sup> DI VII. bls. 332.

<sup>55</sup> DI IV, bls. 725 I

<sup>56</sup> DI XV, bls. 395.

	eignirnar)	
1702	Hálft Staðarhólsland, Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót, Bjarneyjar, Króksfjarðarnes, Galteýjar, Saurbæjarfjara (en um eignarhald á henni var deilt)	JÁM VI, 356

Tafla 1: Eignir Staðarhólskirkju

Það er ljóst að strax á fyrstu öldum nær Staðarhólsjörðin undirtökum í Staðarhólsdal og eignast þar nokkurn fjölda af jörðum (þótt að um miðja 14. öld sé aðeins ein þeirra skráð sem eign kirkjunnar – það má hins vegar gera ráð fyrir að stórbóndinn hafi ætíð ráðið fyrir þessum jörðum hvort sem þær töldust tilheyrja kirkjunni formlega eða ekki). Eftir aldamótin 1400 fara eignir Staðarhólskirkju vaxandi í kjölfar þess að eigendur Staðarhóls eftirláta kirkjunni mikil auðæfi, m.a. Bjarneyjar, eina helstu verstöð landsins, sem varð mikilvægur tekjustofn jarðarinnar.<sup>57</sup> Aukið vægi fiskveiða á 13. - 14. öld hafði mikil áhrif á samfélagsgerð og auðsöfnun og í kjölfarið sölsuðu biskupsstólar og klaustur undir sig útgerðarjarðir. Á 14. öld hafði um fjórðungur sóknarkirkna á landinu beinar tekjur af útgerð og sumar þeirra áttu einnig skip/uppsátur, vertolla eða fisktolla eða jafnvel fisktíund.<sup>58</sup>

Samanlagður auður Staðarhólskirkju gerði það að verkum að um aldamótin 1700 var hún lang ríkasta bændakirkja landsins (sjá töflu 2).<sup>59</sup>

Kirkja	Landshluti	Eign í hdr
Hvanneyrarkirkja	Vesturland	66
Saurbær á Rauðasandi	Vestfirðir	80
Urðakirkja	Norðurland	90
Kolbeinsstaðakirkja	Vesturland	98
Hagakirkja	Vestfirðir	100
Staðarhólskirkja	Vestfirðir	184

Tafla 2: Ríkustu bændakirkjur landsins um aldamótin 1700.

### Aðrar tekjur

Tekjur Staðarhólskirkju voru fjölbreytilegar. Hálfkirkjur í Tjaldanesi, Fagradal og Holti greiddu lengi vel laun presta sem voru tveir á Staðarhóli á 15.-16. öld.<sup>60</sup> Kirkjan fékk einnig tekjur af jörðum sínum á formi landskuldar sem leiguliðar greiddu. Heildartekjur sem inntar voru af hendi sem landskuld fóru því eftir fjölda jarða sem kirkjan átti og leigugjöldum/landskuldartekjum. Emil

<sup>57</sup> Emil Gunnlaugsson. 2022, bls. 78-79.

<sup>58</sup> Helgi Skúli Kjartansson og Orri Vésteinsson, „Hvar réru formenn til fiskjar?“, bls. 99.

<sup>59</sup> Bragi Guðmundsson 1985, bls. 26.

<sup>60</sup> DI IV, bls. 195, DI VII, bls. 332

Gunnlaugsson tekur upplýsingar um landskuld saman í ritgerð sinni og telur að samanlagðar landskuldartekjur Staðarhóls hafi verið 11-12 hkr. við lok 17. aldar en að hún hafi lækkað eitthvað á næstu áratugum þar sem leigutekjur af öllum jörðum hennar hafi lækkað (ef frá eru taldar Bjarneyjar þar sem landskuldin stóð í stað).<sup>61</sup> Staðarhólskirkja fékk einnig tekjur af ýmsum öðrum lögbundnum gjöldum (s.s. tíund, ljóstolli og legkaupi) en á móti komu ýmis útgjöld kirkjunnar vegna viðhalds kirkjubyggingarinnar og helgihalds. Samkvæmt greiningu Emils voru tekjurnar árlega á bilinu 70-150 álnir á því tímabili sem hann skoðaði á fyrri hluta 18. aldar og gerir hann ráð fyrir að þær hafi verið svipaðar á fyrri öldum.<sup>62</sup> Þær hafa því skipt litlu máli í auðsöfnun staðarins.

Einn stærsti tekjuliður Staðarhólskirkju var á formi tolla, kvaða og leigugjalda úr Bjarneyjum. Heimildir um þessar tekjur eru bestar frá 18. öld og virðist t.d. sem tekjur af Bjarneyjum einum árin 1782-83 hafi verið meiri en af allri landskuld og kúgildaleigum á öðrum jörðum Staðarhóls á sama skeiði, þ.m.t. Staðarhóls sjálfs sem var þá leiguból.<sup>63</sup>

### ***Hlunnindi, kvaðir og ítök***

Ítök og hlunnindi skiptu miklu máli í auðsöfnun kirkna og biskupsstóla og voru líklega við lýði allt frá kristnitöku. Staðarhólskirkja safnaði talsverðum auði með ítökum sínum og hlunnindum og verða hér rakin þau helstu.<sup>64</sup>

Rekaviður og hvalreki voru gríðarmikilvæg ítök á fyrri öldum og átti kirkjan á Staðarhóli bæði trjá- og hvalreka á Ströndum a.m.k. frá miðri 14. öld<sup>65</sup> og rekans er enn getið í Jarðabók Árna og Páls frá upphafi 18. aldar.<sup>66</sup> Staðarhóll átti um aldur rétt til sölvatekju í Saurbæjarfjörú og nam ítakið 24 íferðum um 1500 en á 17. öld eignaðist kirkjan einnig 5 hundruð í fjörunni sjálfri.<sup>67</sup> Emil Gunnlaugsson færir rök fyrir því að líklega hafi tekjur Staðarhólskirkju af Saurbæjarfjörú einskorðast við aldirnar 1500-1700 og tekur fram að erfitt sé að meta eiginlegar tekjur af sölvatekjunni. Emil gerir þó tilraun til þess miðað við ákveðnar forsendur og telur á grundvelli þeirra að árstekjur kirkjunnar af sölvatekjunni gætu hafa verið á bilnu 0-188 álnir á 16.-17. öld.<sup>68</sup>

Ekki eru heimildir fyrir því að Staðarhólskirkja hafi átt skógarítök fyrr en um miðja 17. öld þegar hún eignaðist skógarhögg, kolagerð og beit á meðan unnið væri í Glerárskógalandi.<sup>69</sup> Auk

---

<sup>61</sup> Emil Gunnlaugsson. 2022, bls. 82-83

<sup>62</sup> Sami, bls. 84

<sup>63</sup> Sami, 124

<sup>64</sup> Sami, bls. 87.

<sup>65</sup> DI III, bls. 39.

<sup>66</sup> JÁM VII, bls. 356

<sup>67</sup> DI VII, bls. 332 og DI XI, bls. 494

<sup>68</sup> Emil Gunnlaugsson 2022, bls. 90

<sup>69</sup> ÞÍ. Sp. Dalaprófastdæmi. AA/1, örk 1. Vísitasíubók 1721–1756. Sjá árið 1726.



áðurnefndra hlunninda hefur Staðarhólskirkja líklega einnig nýtt hlunnindi á sínum eigin jörðum, t.d. dún, egg, sel og hrognkelsi í eyjunum og Króksfjarðarnesi og metur Emil sem svo að hlunninda eign Staðarhóls af eigin jörðum kunni að hafa verið yfir 1000 álna virði árlega.<sup>70</sup>

Ekki voru kvaðir á jörðum Staðarhólskirkju ef frá eru taldar Bjarneyjar en þar voru kvaðir á bæði búðarmenn og ábúendur á formi mannlána sem að mestu hefur tengst flutningi á sjávarfangi og er ljóst að þótt erfitt sé að meta þessar kvaðir til tekna þá hafa þær verið mikilvægur hluti af tekjuöflun staðarins.<sup>71</sup>

Að lokum má nefna að Staðarhólskirkja hefur haft einhverjar tekjur af leigukúgildum en í ritgerð sinni bendir Emil á að erfitt sé að áætla þær tekjur þangað til komið er fram á 17.-18. öld. Kirkjan og jarðeigandi deildu um leigukúgildi á tímabilinu en í Jarðabók Árna og Páls eru talin um 43 kúgildi á þeim jörðum sem tilheyrðu Staðarhóli og var leigan greidd í smjöri nema frá Bjarneyjum þar sem hún var greidd með fiski. Samtals áætla Emil að leigur hafi getað verið allt frá 860 álnum upp í 960 álnir á þessu skeiði.<sup>72</sup>

Af framangreindri upptalningu er ljóst að ríkidæmi Staðarhólsjarðarinnar byggði á breiðum grunni.

---

<sup>70</sup> Emil Gunnlaugsson 2022, bls. 91.

<sup>71</sup> JÁM VI, 161 og 232-236.

<sup>72</sup> Emil Gunnlaugsson 2022, 97.



## 6. Menningarlandslag miðalda: Minjar í Staðarhólsdal

Eitt af markmiðum forleifaskráningar í Staðarhólsdal var að varpa ljósi á menningarlandslag miðalda og það umhverfi sem ritmenning á svæðinu á uppruna sinn í. Með því að skrá allar minjar skipulega í öllum dalnum fékkst heildaryfirlit þekktra menningarminja á svæðinu. Á grundvelli þess var reynt að rýna í eldri lög mannvistar á svæðinu eins og hægt er með rannsókn og skráningu á yfirborðsminjum. Með þeim hætti má byrja að kanna menningarlandslag á miðald með tilliti til búsetu, minja og gróðurfars. Hér er því gerð tilraun til að rýna í þær minjar sem skráðar voru og kannað hvort hægt er að draga fram þær minjar sem líklega eru frá fyrri öldum og greina þannig tímabilaskiptingu minja í landinu. Verður fyrst einblínt á Staðarhólsjörðina sjálfa en fókusinn því næst færður út á dalinn í heild og þá einnig horft til samgangna og í lok kafla til annarra þátta svo sem örnefna og kannað hver þeirra kunna að eiga upphaf sitt að rekja til fyrstu aldar byggðar eða miðalda.

### 6.1 Minjar á Staðarhóli

Fornleifaskráningin í Staðarhólsdal hverfðist um hina sögufrægu jörð Staðarhól þar sem Sturla Þórðarson sagnaritari bjó á 13. öld. Jörðin var um aldir þungamiðja veraldlegs og kirkjulegs valds á svæðinu. Þar bjuggu gjarnan fyrimenn, á jörðinni var sóknarkirkja (DA-180:001 og 002), þingstaður og síðar þinghús sveitarinnar (sjá DA-180:008 og DA-180:034). Staðarhóli tilheyrði mikið land frá sjó, inn Staðarhólsdal og allt upp í Staðarhólstungur og í gegnum aldirnar átti jarðeigandi á Staðarhóli eða Staðarhólskirkja flestar hinna jarðanna í dalnum ef frá er talin jörðin Tjaldanes, og að auki jarðir og ýmis ítök og hlunnindi utan dals. Auk skráningar á höfuðjörðinni sjálfri voru allar aðrar jarðir í Staðarhólsdal skráðar. Ákveðið var að skrá einnig Tjaldanes, jafnvel þótt hún hafi aldrei heyrt undir Staðarhól enda sú jörð sem náði að sjó og mikilvæg í sögu svæðis og samgangna á þessum slóðum.

Í skráningunni voru jafnt skráðar allar sjáanlegar yfirborðsminjar á svæðinu sem og minjar sem ekki voru lengur greinanlegar á yfirborði en voru þekktar úr heimildum. Við fornleifaskráningu birtist mynd af menningarlandslagi fyrri alda en eins og gefur að skilja er vægi minja frá síðustu öldum mun meira en þeirra sem eldri eru enda eru þær gjarnan og jafnvel í flestum tilfellum huldar yngri minjum og eða hafa horfið í framkvæmdum síðari alda. Mikill meirihluti þeirra yfirborðsminja sem skráðar voru eru því líklega frá tímabilinu 17.-20. öld en þó voru skráðir nokkrir minjastaðir sem greinilega eru eldri og að auki má búast við að undir sverði á sumum af hinum yngri stöðum leynist eldri minjar. Í umfjöllun hér á eftir verður fyrst fjallað um á minjar á Staðarhólsjörðinni sjálfri, en

Því næst fjallað um þær minjar í Staðarhólsdalnum öllum sem talið var líklegt að gætu verið frá miðöldum.

Segja má að hjarta Staðarhólsjarðarinnar, eins og jarða almennt, sé sjálfur bæjarhóllinn (DA-180:001). Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið lengi á sama stað. Þeir hlaðast upp úr mannvistarleifum í tímans rás og samanstanda af byggingaleifum, torfi, grjóti, gólflögum og öskuhaugum. Í bæjarhólum og öskuhaugum eru fólgnar miklar upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna. Í þeim er einnig líklegast að finna merka grip. Bæjarhólar eru því gríðarlega mikilvægir minjastaðir en þeir eru jafnframt sá flokkur minja sem hefur farið mjög illa vegna byggingaframkvæmda og rasks í kjölfar vélvæðingar landbúnaðarins frá síðari hluta 20. aldar. Bæjarhóll Staðarhóls er veglegur og afgerandi í flatanum austanmegin í dalnum. Hóllinn er náttúrulegur í grunninn og á nokkrum stöðum í honum má greina klappir í rofasárum. Talsverð uppsöfnun mannvistarlaga er þó á hólnum og er hann allt að 10 m hár en 100 x 80 m að stærð og snýr norður-suður. Ljóst er að hóllinn geymir miklar mannvistarleifar og í honum er að finna geysimiklar upplýsingar um sögu jarðarinnar. Ekki er annað vitað en að bærinn á Staðarhóli hafi ætíð verið á þessum stað en þó er þess getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 að munnmæli hermi að bærinn hafi upphaflega staðið þar sem Mikligarður er nú (JÁM VI, 161) en síðar verið fluttur á núverandi stað. Erfitt er að meta hversu líkleg þessi kenning er og vart hægt að meta tímalengd búsetu á bæjarhólunum tveimur nema með talsvert umfangsmiklum rannsóknum. Ólafur Skagfjörð, sem tók saman örnefnalýsingu fyrir Staðarhól, virðist gera ráð fyrir að bær Sturlu Þjóðrekssonar (Víga-Sturlu) hafi ekki staðið uppi á bæjarhól Staðarhóls (þar sem gamla íbúðarhúsið er nú og bæjarhús hafa verið lengi) heldur hafi hann verið norðaustar.<sup>73</sup> Væntanlega hefur hann þar í huga orð Melabókar, sem áður er getið, að Þjóðrekur hafi búið *undir* Hóli<sup>74</sup> (sjá nánar umfjöllun um byggðarsögu í kafla 5). Ekki er ólíklegt að Ólafur hafi haft í huga iðagrænan, lágan og aflangan hól sem er nokkurn veginn áfastur bæjarhólnum á Staðarhóli að norðaustan (sjá DA-180:007\_01-04) en í honum eru sem fyrr segir ógreinilegar rústir og mannvist. Sumarið 2021 voru tekin borkjarnasýni á þessum stað sem sýndu að undir sverði leynast greinilega byggingar (torf og grjót) en hvorki var komið ofan í gólflög mannabústaða þar eða í þeirri tóft sem er á hólnum og því fengust engar eiginlegar vísbendingar um forn híbýli á þessum slóðum. Frekari rannsóknir s.s. könnunarskurðir gætu hugsanlega skorið úr um hvort sú hugmynd að bærinn hafi upphaflega verið á þessum slóðum eigi við einhver rök að styðjast.

Algangast er að litlar heimildir séu um bæjarhóla og þær byggingar sem á þeim standa

---

<sup>73</sup> Ö-Staðarhóll, 1.

<sup>74</sup> ÍF I, bls. 158.

þangað til komið er fram á 19. eða 20. öld. Staðarhóll var höfðingjasetur og er þess getið mjög víða í fornum heimildum og því eru þær vísbendingar sem ritaðar heimildir gefa um bæinn fyllri en ella. Af þeim má fá vísbendingar um búskaparhætti og mannvirki. Samkvæmt Sturlungu var t.d. reistur mikill skáli á Staðarhóli snemma á 12. öld og stóð hann samkvæmt sögunni enn þegar Sturla Þórðarson tók við staðnum meira en hundrað árum síðar.<sup>75</sup> Í Sturlungu er einnig getið um virki sem átti að hafa verið gert um bæinn um 1170.<sup>76</sup> Samkvæmt sögunni var virkið reist til að byrgja naut jarðarinnar um nætur en á daginn var setið yfir þeim undir fjallinu gegnt Staðarhóli. Óljóst er hvers lags mannvirki umrætt virki á að hafa verið en samkvæmt lýsingunni mætti helst ætla að það hafi verið einhvers konar garðhleðsla um hólinn. Eins og gefur að skilja sjást engin yfirborðsummerki lengur um umrædd mannvirki (skála eða virki) á bæjarhóli Staðarhóls en þó er gaman að benda á að syðsti hluti bæjarhólsins 001 er mjög reglulegur í laginu og jafnvel eins og hleðsla sé á brún hans syðst (sjá DA-180:001). Þær minjar sem sjást á yfirborði bæjarhóls Staðarhóls eru án efa að mestu frá síðustu öldum. Á hólnum stendur enn yngsta íbúðarhúsið á jörðinni, steinsteypt hús sem var reist 1943, væntanlega upp úr eldra timburhúsi því á túnakorti frá 1918 er merkt timburhús á sama stað og var fjós sambyggt því að austan.<sup>77</sup> Á ljósmynd sem tekin var á árunum 1940-1965 má sjá að hús hefur þá staðið á milli steinsteyppta hússins og kirkjugarðs en ekki er ljóst hvort það er hugsanlega eldra íbúðarhús úr timbri sem stóð á hólnum ásamt leifum síðasta torfbæjarins (þ.e. eldhús og frambær) þegar Fasteignamat var gert fyrir jörðina 1918 eða einfaldlega útihús.<sup>78</sup> Núverandi íbúðarhús er án kjallara og því ekki víst að bygging þess hafi skemmt bæjarhólinn mikið en húsið er á steiptum sökkli og gæti verið malarfylling umhverfis. Húsið stendur á háhólnum en sunnan við það mótar vel fyrir marghólfa tóft (DA-180:001\_02) sem líklega eru leifar eldri bæjar frá 19.-20. öld. Tóftin er orðin nokkuð jarðlæg og ógreinileg í óræktinni sem nú er á hólnum en er um 15 x 15 m stór og virðist skiptast í 5-6 hólf.

Allra nyrst á hólnum er kirkjugarðurinn (DA-180:002) og er akvegur upp á hólinn á milli bæjar og garðs. Kirkjugarðurinn var afgirtur torfgarði sem er nú að talsverðu leyti hruninn. Víða má þó greina brún hans, sérstaklega að sunnan og bratt er niður af honum til norðurs, vesturs og austurs. Nokkuð þröngt er um kirkjugarðinn á hólnum og virðist garðurinn næstum teygja sig fram af hólbrúninni, sérstaklega að austan. Þéttleiki leiða og útlit kirkjugarðs benda til að lengi hafi verið grafið í garðinum og ekki ósennilegt að kirkjan hafi alltaf staðið á þessum stað, en elsta heimildin um kirkju á Staðarhóli er frá því um 1119 í Þorgils sögu ok Hafliða.<sup>79</sup> Samkvæmt Sturlungu var

---

<sup>75</sup> Sturlunga II, bls. 37-38.

<sup>76</sup> Sturlunga I, bls. 84.

<sup>77</sup> Eyðibýli á Íslandi, bls. 22, Túnakort 1918

<sup>78</sup> FDA II, bls. 94 og <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1384472>

<sup>79</sup> Sturlunga I, bls. 30

Sturla Þórðarsson grafinn í Staðarhólskirkjugarði eftir að hann lést í Fagurey sumarið 1284.<sup>80</sup> Kirkjugarðurinn á Staðarhóli er alls 37 x 30 m stór og er nú á kafi í gróðri. Nálega í miðjum garði er nokkuð um stórgrýti sem gægist upp óræktinni á 9 x 5 m stórum kafla og má ætla að þar séu ummerki um kirkjugrunn yngstu kirkjunnar á hólnum sem tekin var niður rétt fyrir aldamótin 1900 þegar sóknir Staðarhóls- og Hvolskirkju voru sameinaðar og kirkja byggð á nýjum stað á Skollhóli í dalsmynninu (DA-180:003). Í kirkjugarðinum sjást mörg leiði og tveir greinilegir legsteinar, báðir frá 19. öld. Rof er í bæjarhólinn undir suðvesturhorni kirkjugarðs og þar sést í torfhleðslu (kirkjugarðsveggjarins) og gjóskulag undir henni sem er úr Heklugosi 1693 og er því kirkjugarðsveggurinn byggður eftir að gjóskan hefur fallið.


Ýmis önnur mannaverk, misgömul, eru á bæjarhólnum og virðist hugsanlegt að brattur slóði hafi legið upp hann að sunnanverðu (DA-180:001\_3) og þar skammt hjá er óljós hleðsla niður brattann (DA-180:001\_4). Austan í hólnum er lágrest þúst sem minnir mest á öskuhaug skammt sunnan við niðurgroft í gegnum hólinn sem að líkindum er frá 20. öld (en er nú algróinn).

Sumarið 2021 voru unnar nokkrar rannsóknir á bæjarhólnum til að afla upplýsinga um eðli og umfang mannvistarleifa og undirbúa þannig hugsanlega umfangsmeiri rannsóknir á bæjarhólnum.<sup>81</sup> Boraðir voru um 85 borkjarnar, á og útfrá bæjarhólnum. Borkjarnasýnin voru tekin í sjö línur út frá bæjarhóli sem mynduðu eins konar geisla í vestur, norður og austur út frá hólnum. Að auki var tekin ein lína neðan hól til að kanna mannvistarleifar við hólinn og einnig var kannað svæði til að finna mörk öskuhaugs sunnantil í bæjarhól. Eins og vænta mátti minnkaði koladreif og mannvist í borkjarnasýnum hratt frá miðsvæði bæjarhóls og engin áberandi merki um bruna, eldstæði eða öskuleifar fundust í túninu. Í borkjarnasýnum sem tekin voru í kringum bæjarhólinn reyndist mó- og leirmyndun áberandi í jarðveginum og greinilegt að þar hefur verið mýrlent. Greinileg ummerki um umfangsmikinn öskuhaug (einkum móaska) fundust sunnantil á hólnum, að húsabaki gamla bæjarins. Þá fundust öskulög neðarlega í jarðlagaskipan suðaustan og suðvestan í hólnum, dýpst um 1,5 m undir sverði. Auk borkjarnasýna voru hreinsuð upp tvö rofsnið í bæjarhólinn. Í rofi ofarlega í öskuhaug sunnan til í hólnum fundust perlur úr tálgukslíku efni og eru þær taldar vera frá síðari öldum og í rofi við suðvesturhorn kirkjugarðsveggs fékkst staðfest að gjóskulag frá Heklu 1693 (sem hafði sést glitta í við fornleifaskráningu) var þar óslitið undir kirkjugarðsveggnum. Það staðfestir að sá garður sem sést á yfirborði var byggður eftir að umrætt gjóskulag hafði fallið.

---

<sup>80</sup> Sturlunga II, bls. 236.

<sup>81</sup> Guðrún Alda Gísladóttir og Gylfi Helgason. 2022.




Mynd 8: Yfirlitsskorti sem sýnir hvar borkejrnasýni sem tekin voru á og við bæjarhól Staðarhóls sýndu mestar mannvistarleifar. Það var annars vegar í sunnanverðum og suðaustanverðum hólnum og hins vegar vestan í hólnum miðjum. Kort: Gylfi Helgason.

Ljóst er að miklar mannvistarleifar leynast í bæjarhól Staðarhóls en umfangsmeiri rannsóknar er þörf til að meta að fullu umfang og aldur þeirra. Slíkar rannsóknir gætu varpað ljósi á viðurværi og efnahag Staðarhólsbænda í gegnum aldirnar og skapað samanburðarefni á milli tímabila.

Túnið í kringum Staðarhól er afar lítið og í upphafi 20. aldar náði heimatúnið aðeins yfir bæjarhólinn sjálfan og spottakorn til norðausturs að lágum hólum sem þar er. Hið eiginlega tún í kringum Staðarhól var þá aðeins um 1,1 ha sem telst vera einstaklega lítið tún á lögbýli. Til samanburðar má nefna að túnið í kringum Fjósakot var 1,3 ha til viðbótar og því stærra en tún heimajarðarinnar. Á fyrri öldum má þó gera ráð fyrir að helstu þurrlendisblettir/-hæðir í nágrenni bæjarins hafi verið slegnir og að deiglent hafi verið á milli en ljóst virðist að Staðarhólmenn hafa ekki einvörðungu stólað á töðuvöll sinn varðandi hefynd.

Við skráningu og drónamyndatökur á Staðarhóli komu í ljós afar óljósar en merkar minjar sem ekki hafði áður verið veitt eftirtekt. Um er að ræða fornleg garðlög sem virðast hafa afmarkað heimahaga Staðarhólsbæjarins. Garðlögin eru sigrin og á köflum ógreinileg en á drónamyndum og yfirborðslíkani sem gert var fyrir jörðina má greina garðlag norðan við heimatúnið (DA-180:065) á allt að 450 m kafla bæði ofan og neðan við núverandi veg um sveitina og langleiðina upp hlíðina



*Mynd 9: Yfirborðslíkan af heimatúninu á Staðarhóli. Rauðar örvar benda á fornlega garða sem fundust í fornleifaskráningu og markað hafa af heimahaga jarðarinnar. Yfirborðslíkan Gylfi Helgason/ Garðar Guðmundsson.*

að Fjósakoti þar sem hann kann að hafa beygt til suðurs en hverfur fljótt í mýri og rask. Sunnan við bæ má svo einnig greina garðlag sem á kafla er tvöfalt (og 10-25 m á milli). Garðlögin sem afmarka suðurjaðar heimahaganna (DA-180:058 og 059) komu vel fram á áður nefndu yfirborðslíkani sem gert var af túninu og mátti þar rekja á 200-250 m kafla en aðeins lítill hluti þeirra (allra austast) var merkjanlegur á vettvangi. Við þetta má svo bæta að stuttur garðbútur (DA-180:027 – 20 m langur) skammt frá Staðarhólsá sem fannst við vettvangsvinnu gæti verið hluti af sama garðakerfi. Út frá fyrirliggjandi gögnum virðast garðlögin afmarka um 17 ha svæði. Frekari rannsóknar er þörf til að aldursgreina garðlögin en þau minna óneitanlega mikið á forn garðlög sem þekkjast víða um sveitir og hafa verið aflögð snemma á miðöldum.<sup>82</sup> Líklegt má því telja að garðlögin hafi girt af heimahaga Staðarhóls á miðöldum en frekari rannsóknar er þörf til að skera úr um það að fullu.

Af þeim minjum sem skráðar voru í næsta nágrenni bæjarhólsins (í heimatúninu og næsta nágrenni) eru nokkur útihús og kálgarðar sem að líkindum eru frá síðustu öldum þótt í einhverjum tilfellum sé vel hugsanlegt að eldri minjar gætu leynst undir þeim yngri. Ræktunarminjar og

<sup>82</sup> Sjá t.d. Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2011, bls. 130-131.



túngarður sem heyra að líkindum til umbótastarfi á 19. öld sjást óglögg á nokkrum stöðum í túninu (DA-180:007, 044 og 054), þar sem svörður hefur verið ristur og land sléttað með handafla. Auk þess sést móta fyrir túngörðum sem að líkindum er frá sama skeiði (túngarður DA-180:010 og 026) og á loftmyndum markar fyrir túnbleðlum sem virðast hafa verið aðskildir. Þetta bendir til að landið kringum Staðarhól hafi ekki hentað til að rækta upp samfelld tún, að minnsta kosti ekki fyrir tíma vélvæðingar. Þetta rímar ágætlega við niðurstöður borkjarnasýnatöku sem leiddu í ljós mýrarjarðveg allt í kringum hólinn sem bærinn stóð á og aðrar vísbendingar sem einnig hníga í sömu átt - til að mynda gróðurfarsrannsóknir Gunnars Páls Ægissonar og upplýsingar úr Jarðabók Árna og Páls frá upphafi 18. aldar en þar sem fram kemur að túnið sé votlent og að vegur heim til bæjarins sé nær ófær árið um kring, svo brúa þurfi hann með stórkostlegri fyrirhöfn.<sup>83</sup>

Túnakort frá því um 1920 staðfestir smæð túnsins á Staðarhóli á síðari öldum og vekur nokkra furðu hve fá útihús hafa staðið í námunda við bæinn a.m.k. ef miðað er við það sem algengt er á stórbýlum. Útihús eða „búfjárhús“ hafa á tímum kortagerðarinnar flest verið í aðskildu túni austan bæjarhóls, þar sem áður stóð bærinn Fjósakot. Þar eru leifar ungra fjárhúsa úr blönduðu byggingarefni (DA-182:002) og sömuleiðis sést þar kálgarður, áfastur jarðlægri útihúsarúst (DA-180:005).

Sumar tóftanna í og kringum heimatúnið virtust fremur fornlegar og gætu verið frá fyrri öldum. Í því samhengi má nefna stóra og hringmyndaða tóft (DA-180:053) utan í túnbleðli norðan við heimreiðina en borkjarnasýnataka á staðnum frá 2021 benti til að hún gæti verið af heystæði, signa tóft (og þústir) á lágum hólí norðaustur af bæjarhólí sem borkjarnasýnataka benti helst til að gæti verið einhvers konar útihús og signa tóft sunnan við bæ sem líklega var úthús (DA-180:067) mögulega jafnvel frá Hólkoti. Stór og aflöng þúst (DA-180:039) samhliða heimreið sást vel úr lofti en er ógreinilegri á jörðu niðri og gæti verið býsna gömul og sömu sögu er að segja um óljósa þúst (DA-180:070) sem mátti greina af þrívíddarlíkani en er illgreinileg á jörðu niðri en gæti verið tengd öðru af fornu garðlögnum sunnan við bæinn og er líklega forn. Ýmsar aðrar minjar voru skráðar í túninu, flestar líklega úthús af einhverri tegund og verður ekki fjallað um þau sérstaklega hér.

Hjáleigubýggðin í kringum Staðarhól og eignarhald á jörðum í dalnum og víðar er áhugaverð og getur varpað ljósi á rekstur staðarins og undirstöður stórbýlisins. Hér verður fjallað um þann fjölda hjáleiga sem voru í eða við heimatúnið en auk þeirra átti staðurinn hjáleigurnar Kjarlaksvelli og Þurranes (sem urðu síðar lögbýli). Jarðirnar Þverfell, Þverdalur, Saurhóll og Eysteinsstaðir voru

---

<sup>83</sup> Gunnar Páll Ægisson. 2022 og JÁM VI, bls. 160-161.

einnig í eigu Staðarhóls frá 13. öld og undir lok 14. aldar höfðu Bjarnastaðir og Kverngrjót bæst í hópinn (sjá umfjöllun um ítök og eignarhald Staðarhóls í kafla 5).

Eitt af því sem er athyglisvert við uppbyggingu Staðarhólsjarðarinnar er sá mikli fjöldi hjáleiga sem byggist upp í heimahögum jarðarinnar en þar eru heimildir fyrir allt að átta býlum. Ekki er ljóst hvort þau hafa öll verið í byggð á sama tíma en þó virðist ljóst að byggðin í kringum Staðarhól hafi á ýmsum tímum verið býsna þétt, jafnvel í ætt við gisið þorp í nærumhverfi höfuðbólsins.<sup>84</sup> Í það minnsta þrjár af þessum hjáleigum (Fjósakot DA-182:001, Vindheimar DA-180:017 og Imbutóft DA-180:013) voru innan þess svæðis sem fornlegu garðarnir marka, þ.e. innan heimahaganna og segja má að þrjú til viðbótar (Goddastaðir DA-180:020\_01-04, Hólkot DA-180:014 og Mikligarður DA-183:001) hafi verið fast utan þeirra marka og minna en 350 m frá bæ. Um staðsetningu hjáleigunnar Eyjavallar (DA-180:011) er lítið vitað nema að hún hefur væntanlega verið neðan við bæ á bökkum Staðarhólsár (þó líklega í minna en 500 m fjarlægð frá bæ) þar sem ekki er talið að hún verði aftur byggileg vegna flóða úr Staðarhólsá. Staðsetning býlsins Hólshúsa (DA-180:060) sem líka er getið í Jarðabókinni er einnig týnd nema að hjáleigan hafi síðar skipt um nafn og þá verið þar sem síðar byggdist upp Hólkot.

Heiti	Samtala	Fjarlægð frá bæ	Heimild um elstu búsetu	Í eyði	Heimild
Eyjavöllur	DA-180:011	Óþekkt, líkl. innan 500 m	Líklega 17. öld	Fyrir 1700	JÁM
Fjósakot	DA-182:001	Um 250 m	1705	1881	JÁM, JJ, o.fl.
Goddastaðir	DA-180:020	300-400	Óþekkt „fornt eyðibýli“	Óþekkt	Örnefnaskrá
Hólshús	DA-180:060	Óþekkt, hugsanlega sama og Hólskot	1705	Fyrir 1700	JÁM, Jarðabók Dalas. o.fl.
Hólskot	DA-180:014	170 m	Óþekkt	Fyrir 1700	Landamerkjabr, örnefnaskrá
Imbutóft	DA-180:013	90 m	Óþekkt	óþekkt	Örnefnaskrá
Mikligarður	DA-183:001	300 m	1492, kenning um að Staðarhóll hafi fyrst verið þar	Í byggð	JÁM, JJ o.fl.
Vindheimar	DA-180:017	250 m	óþekkt	óþekkt	örnefnaskrá

Tafla 3: Hjáleigur í nærumhverfi Staðarhóls

Eins og sjá má af *töflu 3* hafa allt að átta hjáleigur verið byggðar í nærumhverfi Staðarhóls (líklega

<sup>84</sup> Auk þeirra hjáleiga sem hér er fjallað um má nefna að sagnir herma að Erlendstóft EY-180:037, nærri merkjum við Lambanes sem einnig var nefnd Siggutóft og Imbutóft, hafi verið bústaður einsetukonu. Tóftin er aflöng og einföld og af yfirborðsummerkjum að dæma mætti helst ætla að hún sé stór heytóft.

innan við 500 m frá bæjarhól) á fyrri öldum. Lítið er þó vitað um þær flestar en engu að síður er ljóst að þetta er þétríðið net og sér í lagi í ljósi þess að heimatún Staðartúns voru afar rýr fyrir jörð af þessari stærðargráðu. Segja má að hið litla heimatún og hjáleigubýggðin í kringum bendi til annars konar samfélagsgerðar en algengust var í landbúnaðarhéruðum á fyrri öldum, a.m.k. á meðaljörðum. Á slíkum svæðum er algengast að hjáleigurnar í og við heimatúnið séu fáar og flestar fjarri bæ og var talsvert kapp lagt á að tryggja stóran og vel nýtan töðuvöll.

Með því að lesa í minjar, landshætti og heimildir um Staðarhól verður ljóst að hagsæld staðarins byggir á annars konar kerfi s.s. eignarhaldi á öðrum jörðum, framlegð hjáleiga, ítökum og hlunnindum langt út fyrir takmörk heimajarðarinnar, fremur en að gæði jarðarinnar, eða a.m.k. heimahaganna hafi verið undirstaðan fyrir velsæld og mikilvægi staðarins. Heilt yfir er afar lítið vitað um sögu þessara hjáleiga og ljóst að frekari fornleifarannsóknir á þeim gætu verið áhugaverðar og varpað ljósi á sögu þeirra og sambandi við heimajörðina Staðarhól. Þó lítið sé vitað um upphaf og endalok hjáleigubýggðarinnar við Staðarhól virðast flestar hjáleiganna komnar í eyði fyrir 1700 og jafnvel talsvert fyrr. Undantekningarnar frá þessari reglu eru Fjósakot sem ekki lagðist endanlega í eyði fyrr en 1881 og Miklagarður þar sem enn er búið.

Miklagarðs er fyrst getið 1492 (þó að ekki sé fullvíst að vísað sé í bújörð fremur en kennileiti) en Hólshúsa, Fjósakots og Eyjavallar er fyrst getið í Jarðabókinni 1705 (þá öll í eyði nema Fjósakot). Annarra hjáleiga er ekki getið í eldri heimildum. Ástand hjáleiganna er eins og gefur að skilja misjafnt. Ekkert er vitað um staðsetningu svokallaðra Hólshúsa og staðsetningu Goddastaða er nú gleymd og engar sannfærandi tóftir fundust við skráningu á því svæði þar sem ætla má að hjáleigan hafi staðið. Ekki sjást eldri yfirborðsummerki um býlin Fjósakot eða Miklagarð vegna bygginga eða túnasléttunar. Á Miklagarði er m.a. steinsteyppt íbúðarhús á bæjarstæðinu en í Fjósakoti reis þinghús og síðar fjárhús og hlaða. Á báðum stöðum er þó hólmyndun og líklegt að eldri mannvistarleifar leynist undir sverði. Ekkert sér til Imbutóftar en þar sem hjáleigan var er greinilegur hóll í túninu. Umfangsmiklar og margskiptar býlistóftir eru hins vegar enn á Vindheimum og í Hólkoti. Vindheimar eru á Réttareyri, vestan bæjar, en Hólkot í hásuður frá bæ, nálægt landamerkjum móti Miklagarði. Báðar bæjatóftirnar eru mjög heillegar þótt þær láti lítið yfir sér, enda báðar á mjög þýfðu láglendi og sjást varla fyrr en stigið er upp á tóftarveggina. Í báðum rústunum, sem eru svipaðar að gerð, mótast vel fyrir bæjargöngum og 6-8 vistarverum út frá þeim: líklega skálum, baðstofum, skemmum o.fl. og að auki sjást hleðslur um kálgarð í halla sunnan við Hólkot.

Hjáleiguörnefni á Staðarhóli eru að mörgu leyti dæmigerð. Í tilfellum Fjósakots og Miklagarðs má þó ætla að bæjarnöfnin feli í sér vitneskju um landnýtingu áður en hjáleigurnar byggjast. Líklegt er t.d. að Fjósakot hafi byggst þar sem áður var fjós frá Staðarhóli. Það er

á hugaverð vísbending í ljósi þess að staðurinn er um 250 m frá bæ eða nokkuð lengra en algengast var með fjós á síðari öldum. Fjósið hefur síðar verið fært nær bæ og var síðast sambyggt bæjarhúsunum eins og algengt var á síðustu öldum. Mörg dæmi eru til um svipaðan flutning á fjósum, sér í lagi á stórbýlum eins og nýleg rannsókn frá Odda á Suðurlandi hefur sýnt. Í Odda virðist elsta fjósið hafa verið í manngerðum helli sem hrundi snemma og var 350 m frá bænum. Þá virðist fjósið hafa verið flutt litlu nær bænum en var enn um 300 m frá honum en var svo fært enn nær á síðari öldum.<sup>85</sup>

Nafnið Mikligarður gæti bent til að þar hefði verið fornt garðlag áður en þar byggist upp hjáleiga, hugsanlega heygardur en gæti þó allt eins verið annars konar garðlag.<sup>86</sup> Munnmæli herma að nafnið dragi bærinn af því að þar hafi áður staðið heygardur Staðarhóls-Páls sem bjó á staðnum á 16. öld en það verður það að teljast ólíklegt þar sem vísað er í garðinn eða bæinn undir nafni nokkrum áratugum fyrr í bréfi sem varðveist hefur í Fornbréfasafni frá 1492.<sup>87</sup>

Þegar litið er yfir minjar um nýtingu úthaga Staðarhóls má sjá fjölda af minjum sem tengist nýtingu engja og deiglendis. Heystæði og heygardar voru t.d. skráð víða (sjá t.d. DA-180:015, 020, 056, 061 og 068), heimildir og ummerki um mógrafir, mókofa og ristur á fimm stöðum (DA-180:012, 033, 068, 047, og 040) og áveitmannvirki á tveimur (DA-180:051 og 057). Einna áhugaverðustu minjar staðarins í úthögum eru hins vegar selminjar.

Selstaða Staðarhóls var alla tíð í Traðardal eftir því sem best er vitað en hún tók þó nokkrum breytingum í gegnum aldirnar og virðist hafa verið á a.m.k. þremur stöðum í dalnum. Lengst af virðist selstaðan hafa verið í dalnum norðanverðum, um 5 km sunnan við bæ, í landi Kjarlaksvallanna. Við skráningu fundust þar rústir sem taldar voru seljarústir á tveimur stöðum. Umfangsmiklar rústir voru skráðar í svokölluðum Selhvammi (DA-181:006\_01-11) sem getið er í Jarðabók Árna og Páls<sup>88</sup> en tvær fornlegar rústir sem líklegast eru leifar eldra sels fundust einnig um 100 m norðaustan við Selhvamm (DA-181:007\_01-02). Umræddar rústir eru neðst og suðaustast í mýri (líklega Hrossamýri) þar sem eru þurrar, þýfðar brúnir og hallar frá þeim til suðausturs niður að Traðardalsá. Tóftirnar eru á svæði sem er um 70x25 m að stærð og eru fornlegar. Undir annarri tóftinni (02) virðist talsvert af uppsöfnuðum mannvistarlögum sem mynda svolítinn hól. Allt í kringum tóftirnar er mikið þýfi og ekki útilokað að frekari minjar gætu leynst þar. Engar heimildir

---

<sup>85</sup> Sjá t.d. Birna Lárusdóttir. 2011, 105. Einnig má benda á að rannsókn stendur yfir á meintum fjóshelli í Odda sem grafinn var út um miðja 10. öld og hrundi líklega í kringum aldamótin 1100 og var hann mun fjær bæ en yngri fjós (Kristborg Þórsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir.2022.


<sup>86</sup> Í Árbók Ferðafélags Íslands (2011, bls. 163-164) er þó stungið upp á að nafnið vísi ekki í eiginleg mannvirki heldur hafi verið gefið í háðungarskyni en ekki færð frekari rök fyrir þeirri túlkun.

<sup>87</sup> DI VII, bls. 102.

<sup>88</sup> JÁM VI, bls. 160

eru þekktar um tóftirnar en líklegast verður að telja að þær séu sel. Líklegast hafa tóftirnar verið eldri seljarústir frá Staðarhóli (þótt ekki sé hægt að útiloka að þær báðar verið í notkun á sama skeiði) má velta fyrir sér hvers vegna hætt var að hafa í seli á þessum stað. Selstæðið í Selhvammi er örstutt frá og verður því að teljast líklegt að sú ákvörðun að færa selið þangað hafi tengst landsháttum og/eda gróðurfari á eldri staðnum. Hugsanlegt er t.d. að uppblástur hafi spilað inn í en gróðurhulan á þessu svæði er víða þunn og rofablettir víða í hæðum og melum.

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls má ætla að selstaðan haf verið flutt niður í Selhvamm þegar á 16.-17. öld.<sup>89</sup> Samkvæmt Jarðabókinni var selstaðan í Selhvammi þá þrengri en svo að vel væri fyrir skepnur staðarins og hagar þar að spillast af uppblæstri og skriðum. Í Selhvammi voru skráðar 11 fornleifar sem tilheyra ólíkum/misgömlum byggingarstigum, á svæði sem var 120 x 70 m að stærð. Miðsvæðis var rústahóll þar sem ætla má að seljarústir frá ýmsum skeiðum séu. Ýmsar minni tóftir (01,02, 08,09, 11), flestar með óræð hlutverk, eru dreifðar um Selhvamminn og þar



*Mynd 10: Þrívíddarlíkan var gert af minjum í Selhvammi í Traðardal í tengslum við skráninguna. Lítatónar sýna hæðarbreytingu á svæðinu. Seljarústirnar eru flestar í brekkunni þar sem dökkgrani liturinn er en neðar (á ljósgrænu svæði) á myndinni má sjá yngri réttartóft. Þrívíddarlíkan: Gylfi Helgason og Garðar Guðmundsson.*

fundust einnig merki um mótekju eða torfristu 03. Stór réttartóft sem sýnilega var talsvert yngri en aðrar minjar á svæðinu var neðst í hvamminum, næst Traðardalsá. Ekki er vitað hvenær selstaða í

<sup>89</sup> JÁM VI, bls. 160.

Selhvammi leggst af en líklegast er að það hafi verið á 17. eða 18. öld og hugsanlega ekki aftur haft í seli á þessum stað eftir að Jarðabókin er rituð enda eru ókostir selstöðunnar tíundaðir fjálglega í bókinni.

Eftir að hætt er að nota selstöðuna í Selhvammi færir Staðarhóll selstöðu sína yfir í svokallaðar Staðarhólstungur sem hétu áður Bjarnastaðatungur og tilheyrðu þá Bjarnastöðum DA-175 en verða selstaða Staðarhóls á 18. eða 19. öld. Bjarnastaðir nýttu áður selstöðu á þessum stað og er hún nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en tekið fram að ábúendur á Bjarnastöðum hafi ekki mannskap til að nýta hana.<sup>90</sup> Selið var á svokölluðum Járnhrygg um 3,6 km frá Staðarhólsbæ. Þar var einnig býli í stopulli ábúð á 19. öld, allt fram til 1927-28 og ýmis nefnt Bjarnastaðatungur, Staðarhólssel eða Járnhryggur.<sup>91</sup> Minjarnar við Járnhrygg eru umfangsmiklar og fundust þar við skráningu 16 mannvirki á minjasvæði sem var 200 x 85 m að stærð. Flestar minjar tilheyra býlisbúskap á svæðinu og hafa án efa í sumum tilfellum verið byggðar ofan í eldri rústir. Á svæðinu eru þó 1-2 tóftir (tóft DA-180:022\_16 og hugsanlega 12) sem virðast fornlegri og gætu verið frá skeiði selja á svæðinu.

Flutningar Staðarhólsselsins gætu bent til þess að gróðurfar og landgæði hafi tekið einhverjum breytingum á Traðardal í gegnum aldirnar og að þrátt fyrir ríkidæmi sitt hafi staðnum gengið illa að tryggja sér varanlega og hentuga selstöðu.

## 6.2 Fornar minjar annars staðar í Staðarhólsdal

Í þéttbyggðum landbúnaðarsvæðum á Íslandi virðist hending oft ráða því hvort og hversu mikið af minjum hefur varðveist en oftast er það þannig að það eru helst yngri minjar sem sjást á yfirborði. Í því ljósi má segja að að óvenjumikið hafi fundist af fornum minjum í Staðarhólsdal.

Þegar hefur verið fjallað ítarlega um minjar á Staðarhólsjörðinni og minnst á fornlegar minjar innan hennar og minjastaði sem hafa verið í notkun um langt skeið.

---

<sup>90</sup> JÁM VI, bls. 157.

<sup>91</sup> Árbók Ferðafélags Íslands. 2011, bls. 161.

Í vestanverðum Staðarhólsdal leiddi fornleifaskráningin hins vegar í ljós marga minjastaði sem ætla má að séu allfornir af útliti og heimildum að dæma. Rétt er hins vegar að áréttta að engar aldursgreiningar hafa verið gerðar á þessum minjastöðum og byggir því áætlun á aldri á sjónrænu mati og/eða heimildum. Í Tjaldanesi eru óvenju margir slíkir staðir sem styður það að jörðin hafi byggst snemma og verið mikilvæg fyrir svæðið. Líkt og á öðrum fornum lögbýlum eru uppsafnaðar mannvistarleifar á bæjarhóli Tjaldaness (DA-172:001). Ætla má að hálfkirkja (DA-172:002) sem var á jörðinni hafi einnig verið á bæjarhólnum en ekki hefur vitneskja um nákvæma staðsetningu hennar varðveist. Kirkjan var aftekin eftir miðja 16. öld.<sup>92</sup> Góð lending var í Tjaldanesi og hefur líklega verið í Salthólmavík þar sem Kaupfélag Saurbæinga (DA-172:024) var stofnað við lok 19. aldar. Nokkurt landbrot er við ströndina og því engin sýnileg ummerki um lendingar eða naust í Salthólmavík en mýrin upp frá henni heitir Naustamýri (DA-172:019). Í austanverðri víkinni er þó nokkuð fornleg og stór lægð (DA-172:051) í vesturjaðri Sölvatanga sem kann að vera gamalt naust. Á sjálfum Sölvatanga eru svo umfangsmikil mannvirki á þremur stöðum sem tengjast líklega flest sölvatekju og þurrkun á sölvum. Fornleg mannvirki (DA-172:043) eru yst á tanganum en þar eru



*Mynd 11: Fornar minjar um sölvatekju á Sölvatanga í landi Tjaldaness.*

---

<sup>92</sup> Sveinn Níelsson. 1869, bls. 168.

tvö gerði og garður innan við þau sem liggur þvert yfir tangann. Eru minjarnar illa farnar af landbroti. Nokkru innan við þessar minjar eru afar ógreinilegir þvergarðar (DA-172:046) og innst á svæðinu eru greinilegustu minjarnar (DA-172:048) sem eru líklega að sama skapi yngstar en þær raðast eftir norðaustanverðum Sölvatanga og eru illa farnar af landbroti. Um er að ræða garðlög eða gerði sem hafa líklega afmarkað þurrvelli og við sum þeirra eru litlar tóftir þar sem má hugsa sér að hafi verið tjaldað yfir sölvatekjufólk þegar það var á staðnum. Fleiri óræðar minjar (DA-172:047) eru á svæðinu sem einnig kunna að tengjast verkun á sölvum. Óhætt er að segja að umræddar minjar séu merkilegar og hugsanlega einstæðar á landsvísu.

Út með ströndinni, vestan við sjálft Tjaldanesið eru ýmsar áhugaverðar minjar sem sumar hverjar virðast nokkuð fornar. Vestast eru Stóra- og Litla-Þingeyri, nærri merkjum á móti Fagradal. Nöfnin benda til þess að á svæðinu hafi verið þingstaður (DA-172:017) og í sóknarlýsingu segir að á þessum stað sjáist tvö dys og og búðatóftir (DA-172:033).<sup>93</sup> Engar heimildir geta um þinghald á þessum stað og ekki fundust óyggjandi ummerki um þingbúðir. Þar mátti þó greina þrjár óljósar þústir sem eru mögulega þau mannvirki sem talin voru dysjar í áður nefndri heimild. Nærri þessum



*Mynd 12: Stóra-Þingeyri í landi Tjaldaness.*

---

<sup>93</sup> Sýslu- og sóknarlýsing Dalasýslu (SSD) 2003, bls. 181



Þústum er manngerð lægð sem einnig virðist allgömul. Hefur verið talið að þar séu leifar af völundarhúsi (DA-172:017\_02) sem á að hafa verið á Stóru-Þingeyri. Í sóknalýsingu er einnig fjallað um mörg dys sem sjáist í Orustuhólma (DA-172:010) en hann er við ósa Staðarhólsár og Hvolsár. Í Kormáks sögu segir frá því að í hólmanum hafi Hólmgöngu-Bersi og Þorkell tanngnjóstur barist.<sup>94</sup> Ekki fundust nein ummerki um dysjar í hólmanum en þar er ein grunn dæld sem kann að vera manngerð. Ekki er útilokað að einhverjar minjar sem þarna kunna að hafa verið séu horfnar vegna landbrots.

Í landi Tjaldaness eru einnig heimildir um nokkur býli sem lítið er vitað um. Má þar nefna Knútsstaði DA-172:015\_01 þar sem síðar var sel (03-05) frá Tjaldanesi og fjárskýli (02), býlið Hjalla DA-172:029 sem engin ummerki sjást um lengur og býlið Horn DA-172:031 sem nokkur vafi leikur á hvar hefur verið. Einn möguleiki er að það hafi verið í Stekkjardal DA-172:013 þar sem heimildir geta um stekk en þar eru einnig nokkuð fornlegar leifar af garði sem gæti verið gamall túngarður auk yngri beitarhúsatóftar og annarra brotakenndra og óljósra minja. Lítið er vitað um þessi býli en þegar þeirra er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín snemma á 18. öld hafði ekki verið búið á þeim í manna minni og Hjalli og Horn voru komin í skriður og grjót. Þau gætu því verið allforn. Auk þessara þriggja býla er getið eins nýbýlis í túninu á Tjaldanesi í Jarðabókinni en staðsetning þess er ekki kunn. Það hefur því verið óvenjumikið um smærri býli innan Tjaldaness sem aftur gefur vísbendingu um að þar hafi landgæði verið talsverð og svigrúm fyrir þéttari byggð en víðast annarsstaðar í Staðarhólsdal.

Á meintri landnámsjörð Staðarhólsdals, Saurhóli, er ekki mikið um fornar minjar sem sjást á yfirborði ef frá er talinn bæjarhóllinn en í honum eru án efa uppsafnaðar mannvistarleifar sem safnast hafa upp yfir margra alda tímabil, líklega frá landnámstíð og fram á miðja 20. öld en þá var bærinn færður á Gullnes og stendur þar enn. Við hólinn er einnig Kirkjuhóll (DA-174:022) sem áður er getið og ætla má að fornar leifar kirkju kunni að leynast þar undir sverði. Á merkjum Tjaldaness og Saurhóls er forn garður, Hagagarður (DA-174:005), sem sést aðeins á stuttum kafla á yfirborði en náði frá Torffjalli niður að Staðarhólsá. Annar fornlegur garður (DA-173:028\_01) er í landi Saurhóls og er sá neðan við hólinn sem bærinn stóð á. Nokkuð fornleg tóft (02) er byggð upp við garðinn og yngri tóft (03) er ofan á henni. Ekkert er vitað með vissu um aldur þessara minja (garðs og eldri tóftar) eða hlutverk, en útlit þeirra gefur til kynna að þær gætu verið frá miðöldum.

---

<sup>94</sup> ÍF VIII, Kormákssaga. bls. 250.

Í landi Kverngrjóts eru ekki margar sýnilegar fornar minjar ef Eysteinsstaðir eru frá taldir. Þar er þó allfornlegt garðlag (DA-174:007\_04) sem virðist hafa myndað stórt gerði við Réttarholt ofan við heimatúnið, en yngri rétt og fleiri minjar (01-03) eru á sama stað. Minjar á Eysteinsstöðum (DA-174:009) eru flestar allfornlegar og minna um margt á víkingaaldarminjar þó að tóftin af bústaðnum og bæjarhóllinn (01) í túninu sé röskuð af yngri minjum (02). Meðal annarra tófta sem sjást eru stórt jarðhýsi (03) og meint fjós (07). Eysteinsstaðir eru aðeins nefndir á einum stað í Sturlungu í tengslum við atburði sem eiga að gerast 1241.<sup>95</sup>



*Mynd 13: Tún Eysteinsstaða með fjölda fornra minja en einnig eru yngri minjar á svæðinu.*

Á Bjarnastöðum eru minjar á tveimur stöðum sem tengdar hafa verið við tíma fyrstu landnema í dalnum. Annars vegar er það mannvirki á Bjarnastaðakasti (DA-175:010) og hins vegar tóft í túni sem heitir Hof (DA-175:011) og er friðlýst. Í örnefnalýsingu Bjarnastaða kemur fram að gamlar sagnir telji mannvirkið á Bjarnastaða-Kasti vera leiði Sléttu-Bjarnar og í örnefnaþekju Landmælinga Íslands er merkt Dys á staðnum. Skráning á vettvangi leiddi í ljós að þarna er sigrin tóft sem skiptist í fjögur hólf, frá henni liggur stuttur fornlegur garður og tengdur honum er annar

---

<sup>95</sup> Sturlunga I, bls. 448

yngri garður. Virðist því fátt benda til þess að á þessum stað sé legstaður úr heiðnum sið. Í sömu örnefnalýsingu er sagt frá Hofi Sléttu-Bjarnar, stórrí hringlaga tóft, og annarri minni hjá henni. Báðar voru þessar tóftir friðlýstar árið 1931 og njóta því meiri verndar en aðrar minjar sem eru friðaðar. Hefur friðlýsingin að öllum líkindum forðað minjunum frá því að vera sléttaðar í túnið. Meint hoftóft er nokkuð fornleg, hringlaga og um 20 m í þvermál. Bendir flest til þess að hún sé fjárskýli eða heystæði Minni tóftin er tvískipt og er sennilegast að hún sé leifar af útihúsi. Það er áhugavert hvernig fyrrgreindar minjar eru tengdar meintum landnámsmanni og fyrsta ábúanda á Bjarnastöðum en ekki eru önnur dæmi um slíka staði í Staðarhólsdal.

### 6.3 Samgöngur í Staðarhólsdal


Samgöngur á landi hafa vafalaust verið erfiðar í Staðarhólsdal á allra fyrstu áratugum eftir landnám vegna skóga og kjarrs en eftir því sem skógur var höggvinn og land var numið upp frá ströndinni og inn til dala hafa fleiri leiðir orðið færar. Við Breiðafjörð, líkt og víða annarsstaðar við Íslands strendur, hafa samgöngur líklega í upphafi einkum verið á sjó og víða eru góðar lendingar í firðinum eins og í Tjaldanesi og hefur sá staður því verið afar mikilvægur frá fyrstu tíð með tilliti til samgangna á svæðinu.

Eftir því sem byggðin þéttist í Staðarhólsdal og á svæðunum í kring hefur umferð á landi aukist og landleiðir orðið aðgengilegri en fyrst var. Eitt af nemendaverkefnum Staðarhólsrannsóknar var BA ritgerð Söndru Gunnarsdóttur sem fjallaði um leiðir fyrri alda í Dalasýslu og bar yfirskriftina *Þjóðleiðir í Dölum*. Í ritgerðinni var farið yfir samgöngukerfið á stærra svæði en því sem var til rannsóknar í Staðarhólsdal sumarið 2020 og vísast því hér til hennar varðandi það.<sup>96</sup> Hér er því einkum fjallað um leiðir innan Staðarhólsdals en á svæðinu eru þekktar nokkar lengri leiðir um svæðið sem aftur tengjast stærra samgöngukerfi.

Forn alfaraleið lá úr Sælingsdal yfir Sælingsdalsheiði og eftir miðjum Staðarhólsdal að Tjaldanesi (DA-681:001). Af þessari leið lá önnur (DA-681:002) eftir austanverðum dalnum meðfram Þverfelli á milli bæja. Eins var leið (DA-681:005) sem lá á milli bæja í vestanverðum dalnum og sjást götur á henni á köflum og yngri samgöngubætur. Að Tjaldanesi (Salthólmavík) lágu leiðir úr austri (DA-681:006) og vestri (DA-681:007/009) auk leiðarinnar úr suðri eftir Staðarhólsdal. Allar þessar leiðir hafa að öllum líkindum verið farnar um aldir og eru til marks um

---

<sup>96</sup> Sandra Gunnarsdóttir. 2021.



Mynd 14: Hér hafa númer á helstu leiðum í Staðarhólsdal (DA-681) verið merkt inn á herforingjaráðskorti af svæðinu frá 1913 en leiðir sem ekki eru sýndar á kortinu eru teiknaðar inn með grárrí brotalínu.

að Tjaldanes var mikilvægur staður vegna góðrar lendingar. Um aldamótin 1900 var Kaupfélag Saurbæinga stofnað í Salthólmavík og hefur þá mikilvægi staðarins aukist á nýjan leik.

Af fáfarnari leiðum í seinni tíð má nefna leið sem lá um Traðardal (DA-681:008) og farin var til selja í dalnum en einnig á milli sveita. Úr Traðardal var hægt að fara um Þverdal (á Fellsströnd) eða Skeggjadal yfir að Hvammí á Fellsströnd en einnig var hægt að fara úr Traðardal yfir í Flekkudal og þannig að Staðarfelli á Fellsströnd. Leiðin um Þverdal og Traðardal er nefnd í Sturlungu en í kafla 9 í Sturlu sögu er sagt frá Hvamm Sturlu þar sem hann fór um Þverdal og ofan í Traðardal á leið til Staðarhóls en Sælingsdal til baka.<sup>97</sup> Ásólfsgata er einnig þekkt (DA-175:008), einkum úr Sturlungu (Sturlu saga, 18. kafli), en hún er sögð liggja upp frá Bjarnastöðum þar sem mjög erfið og tæg gata liggur upp á fjallið og inn á Seljadal (áður Melárdal).<sup>98</sup> Ólíklegt verður að teljast að þessi leið hafi verið farin oft. Flestar aðrar leiðir innan svæðisins eru styttri leiðir innan jarða sem voru farnar í tengslum við búrekstur. Að lokum má þó nefna nokkuð fornlega leið (DA-172:042) sem liggur út á Sölvatanga. Hægt er að fylgja grunnri rennu á stuttum kafla og óljósum götum samsíða henni. Talsverð umferð hefur legið út á tangann þegar sölvatekjan stóð sem hæst og sömuleiðis flutningur á sölvum frá honum.

Staðarhóll lá vel við samgöngum eins og margir aðrir bæir í Saurbænum en það voru þó einkum leiðir sem lágu á milli Saurbæjar og Fellsstrandar sem hafa haft mest gildi fyrir Staðarhól og virðist leiðin sem lá yfir Sælingsdalsheiði hafa verið þeirra fjölförnust. Leiðir sem lágu austur-vestur yfir ysta hluta Saurbæjarins virðast ekki hafa legið um garð á Staðarhóli og er ekki að sjá að umhverfisaðstæður hafi valdið því að gera þyrfti lykkju á leið sína þangað án þess að eiga erindi. Hins vegar lágu þær leiðir vissulega yfir land Staðarhóls.

#### 6.4 Forn örnefni í Staðarhólsdal

Í Sturlunga sögu er sagt frá ýmsum atburðum sem áttu sér stað á Staðarhóli og í næsta nágrenni. Þar er því getið ýmissa örnefna sem mörg hver hafa varðveist og eru þekkt enn í dag. Þessi örnefni eru aðallega nöfn á bæjum sem voru í byggð á 12. og 13. öld en einnig á dölum, fjöllum og öðrum afgerandi stöðum í landslaginu. Í Sturlungu er einnig getið nokkurra örnefna sem eiga við minna áberandi staði, líkt og *Hleypilækur* og *Steinsþylur*. Þau örnefni eru enn þekkt og voru staðsett í fornleifaskráningunni þar sem þar eru þekktir sögustaðir úr Sturlungu (DA-174:010, DA-179:007). Ekki er útilokað að þessi örnefni hafi færst til með landbreytingum og/eða tilraunum íbúa á svæðinu til þess að staðsetja þau eftir sögunni. Fleiri örnefni á svæðinu eru þekkt úr öðrum

---

<sup>97</sup> Sturlunga I, 74-75.

<sup>98</sup> Sturlunga I, bls. 85. Athyglisvert er að Safni til sögu Íslands II.1, bls. 575 er þessi gata sögð liggja eftir klettagjá í fjallsbrúninni upp frá Saurhóli

miðaldabókmenntum en þau eru fá. Þar má nefna *Sælingsdalsheiði* sem nefnd er í Laxdæla sögu og *Orustubólma* sem nefndur er í Kormákssögu. Þar heitir hann reyndar *Orustubólmur*. Við skráningu á svæðinu var rætt við fjölmarga heimildamenn sem þekktu þar vel til. Viðtölin bentu til að arfur



Mynd 15: Örnefni í Staðarhólsdal sem þekkt eru úr miðaldabókmenntum.

Sturlu Þórðarssonar væri fremur fjarlægur á svæðinu og að sögur, sagnir og örnefni hefðu ekki fest á kennileitum nema að takmörkuðu leyti. Að sumu leyti virtist arfleifð Staðarhóls-Páls vera nálægari mörgum heimildamönnum. Birtist það a.m.k. í tveimur kennileitum sem hafa verið tengd honum m.a. kennt örnefnið *Mikligarður* sem og *Flæðilækur* (DA-180:029) sem munnmæli herma að Staðarhóls-Páll hafi grafið og ætlað sér að gera skipgengan skurð fram að Staðarhóli.

Þrátt fyrir að arfleifð Sturlungu hvað varðar örnefni í Staðarhólsdal sé ekki áberandi er ljóst að ýmis örnefni á svæðinu hafa snemma orðið til, svo sem *Torffjall*, *Saurhólsfjara*, *Sölvatangi*, *Staðarhólsoddi* og *Bjarna(r)staðatunga* (síðar *Staðarhólstunga*) svo dæmi séu tekin en það er erfitt að fullyrða nokkuð um það hvenær þau koma til sögunnar. Á mynd 15 eru sýnd þau örnefni sem þekkt eru úr miðaldabókmenntum (Sturlunga sögu, Laxdæla sögu, Eyrbyggja sögu og Kormáks sögu).<sup>99</sup> Það má því með nokkurri vissu segja að þau örnefni sem sýnd eru á kortinu hafi verið þekkt á svæðinu á miðöldum (12.-14. öld). Er þessi kortagerð tilraun til þess að sýna eldri lög í menningarlandslagi svæðisins en vissulega mætti skoða fleiri fornar heimildir í leit að elstu örnefnum svæðisins, líkt og Íslenskt fornbréfasafn, til þess að fá fyllri mynd af elstu örnefnum í Staðarhólsdal.

---

<sup>99</sup> Við gerð kortsins var að miklu leyti stuðst við vefinn [www.sagamap.is](http://www.sagamap.is)





## 7. Samantekt

Saga Staðarhóls er löng og merk. Elstu heimildir um landnám í Staðarhólsdal eru ekki samhljóma og lengi hefur verið deilt um hvort eðlilegt sé að telja Staðarhól eða Saurhól fyrsta landnámsbýli svæðisins í takt við mismunandi útgáfur Landnámu. Niðurstaða þeirra rannsókna sem hér líta dagsins ljós styrkja heldur þá kenningu að Saurhóll hafi verið fyrsta landnámsjörð svæðisins en til þess hníga ýmis rök, bæði rannsóknir á fornum heimildum og landgæðum en ekki síður og kannski ennfremur vísbendingar fornleifafræðinnar og fornvistfræðileg úttekt sem gerð var 2021 og er hluti af Staðarhólsrannsóknum. Niðurstöður hennar benda til að þéttur skógur hafi í upphafi landnáms verið í Staðarhólsdal og að hann hafi ekki farið að hopa í nágrenni Staðarhóls (og gróðurfar tekið afgerandi breytingum) fyrr en nokkrum áratugum eftir landnám og gæti það bent til að landnámsbýli svæðisins hefði verið nokkuð utar. Áhugavert gæti verði að vinna frekari gróðurfarsrannsóknir utar í dalnum, t.d. í nágrenni Saurhóls, bæði til að fá heilstæðari mynd af sögu ræktunar og gróðurfarsbreytinga á svæðinu en ekki síður til að hægt sé að bera saman gróðurfarsþróun utar og innar í dalnum.

Jafnvel þótt ýmislegt bendi til að Staðarhóll hafi ekki verið fyrsta landnámsjörð svæðisins er ljóst að jörðin byggist mjög snemma og nær fljótlega undirtökum á svæðinu og heldur þeim um aldir. Þar er byggð kirkja sem verður síðar sóknarkirkja svæðisins. Ljóst er að Staðarhóli fylgdu talsverðar eignir þótt framan af hafi þær e.t.v. ekki fylgt kirkjuhluta jarðarinnar. Á 15.-18. öld eru til nokkuð góðar heimildir um tekjur og hlunnindi jarðarinnar og er ljóst að Staðarhólsjörðin reiddi sig mikið á eignir og ítök í Staðarhólsdal og víðar fyrir rekstur búsins. Eins er ljóst að ein mikilvægasta tekjulind staðarins hefur líklega fremur tengst sjávarútvegi en landbúnaði, hugsanlega allt frá 15. öld.

Staðarhóll er óumdeilanlega höfuðból dalsins. Engin hinna jarðanna í dalnum komast nálægt Staðarhóli í dýrleika eða eignarhaldi og ítökum utan heimajarðar og margar jarðanna lágu undir Staðarhól um aldir.

Mikil átök voru um aldir milli Skálholtsstóls og leikmanna um eignarhald á Staðarhóli, eignasafnið sem jörðinni fylgdi og ítök. Í gegnum aldirnar var margsinnis deilt um Staðarhól, m.a. um réttmæta eigendur jarðarinnar og annarra jarða í jarðasafni Staðarhóls. Á síðari öldum héldu deilur um ýmis eignarhaldsmál í tengslum við Staðarhól áfram, t.a.m. um skiptingu jarða og kúgilda á milli biskups/konungs og veraldlegra eigenda. Þessar deilur voru ekki raktar nema að hluta til í skýrslunni en þær sýna m.a. að um talsverða hagsmuni var að ræða.

Á Staðarhóli var bændakirkja um aldir og var jörðin lengi framan af aðeins að hálfu í eigu kirkjunnar. Jörðina átti (ásamt biskupstólnum) löngum efnafólk úr efstu stéttum samfélagsins og á henni bjuggu gjarnan fyrimenn og höfðingjar allt fram á 18. öld þegar eigendur hennar fluttu á brott. Eftir það var jörðin lengst af í höndum leiguliða og rekstri stórbýlis í raun hætt. Staðarhólsjörðin var því valdasetur en auður þess virðist ekki byggjast heimajörðinni sjálfri nema að litlu leyti heldur átti jörðin undirtök í Staðarhólsdal öllum og aukinheldur gríðarlegar eignir og ítök víðsvegar um Vestfirði og Vesturland og má þar t.d. nefna Bjarneyjar sem sköpuðu jörðinni gríðarlegan arð, allt frá 15. öld.

Þegar landgæði Staðarhóls eru skoðuð vekur sértaka athygli hversu lítið og lélegt sjálft heimatúnið var. Við skráningu minja þótti áhugavert að skoða hvort þessi sérstaða endurspegladist í minjum. Fornleifaskráningin sem unnin var á svæðinu miðaðist því ekki eingöngu við skráningu minja á höfuðbýlinu heldur einnig á öðrum jörðum í dalnum sem flestar heyrðu undir Staðarhól á einhverjum tímamarki. Samtals voru skráðar tæplega 500 fornleifar á 12 jörðum á svæðinu. Minjarnar sem voru skráðar voru eins og gefur að skilja fjölbreytilegar og eins og eðlilegt verður að teljast var stærstur hluti þeirra dæmigerðar landbúnaðarminjar frá 18.-20. öld.

Við fornleifaskráningu í Staðarhólsdal var leitast við að skoða menningarlandslag miðalda með því rýna í vísbendingar um eldri minjar, hjáleigur og annað það sem talið var að gæti hjálpað til við að varpa ljósi á sögu Staðarhóls og þróun menningarlandslags á fyrri öldum.

Menningarlandslag er í sífelldri endurmótun, gömul hús eru yfirgefin eða endurbætt, nýjar leiðir eru farnar í stað þeirra gömlu, gróðurfar breytist og sömuleiðis bithagar og vöð á ám. Með kortlagningu menningarlandslags í Staðarhóldal var hugmyndin einmitt sú að nálgast miðaldalandslag dalsins með því að skrá allar yfirborðsminjar og rýna því næst í dýpt og sögu minjanna.

Við skráninguna fundust talsverð ummerki um eldri minjar, bæði er greinileg uppsöfnun bæjarhóla á mörgum af stærri jörðum svæðisins en einnig fundust rústir býla sem líklega eru frá miðöldum, bæði í heimatúni Staðarhóls og víðar um dalinn. Forn og áður óþekkt garðlög komu í ljós í heimahögum Staðarhóls og er ljóst að þau hafa afmarkað heimahaga sem líklega hafa verið um 17 ha svæði. Við skráningu var sem fyrr segir skráður talsverður fjöldi hjáleiga í og við heimatún Staðarhóls eða samtals átta býli. Ekki er víst að býlin hafi verið í byggð á sama tíma en þessi mikli fjöldi er áhugaverður, sér í lagi í ljósi þess að heimatún Staðarhóls hlýtur að teljast ansi rýrt fyrir stórbýli. Í upphafi 20. aldar var heimatún Staðarhóls t.d. minna en heimatún örreitiskotsins Fjósakots og segir það nokkra sögu um landgæði þessa forna höfuðbóls þótt vissulega megi gera

ráð fyrir því að á fyrri öldum hafi Fjósakotstúnið verið hluti af Staðarhólstúnum. Hið litla og rýra heimatún Staðarhóls og það hversu þétt hjáleigubýggð hefur risið í eða við heimahaga jarðarinnar er eftirtektarvert og er ljóst að töðuvöllur heimajarðarinnar endurspeglar að engu leyti stöðu jarðarinnar eða ríkidæmi. Fornlegar minjar sem vel má ætla að kunni að vera frá miðöldum fundust á nokkrum stöðum í og við heimatúnið á Staðarhóli en þær virðast flestar hafa verið útihús og landbúnaðarminjar. Ummerki um seljabúskap Staðarhóls voru skráð á þremur stöðum og virðist selstaðan hafa verið flutt oftár en einu sinni, líklega til að tryggja betri beitarhaga. Fornlegar minjar voru skráðar víðar í Staðarhólsdal en þó einkum í landi Tjaldaness þar sem m.a. voru skráðar merkar minjar um nýtingu sölva í Saurbæjarfjöru.

Í framhaldi af skráningunni var tekinn nokkur fjöldi borkjarnasýna á bæjarhóli Staðarhóls og í nánasta umhverfi. Borkjarnasýni leiddu í ljós talsverðar leifar af öskuhaugum í hólnum, sérstaklega í bæjarhólnum sunnanverðum. Svo virðist sem mesta uppsöfnun mannvistarleifa sé í sunnanverðum hólnum en þar er einnig elsta þekkta staðsetning bæjarhúsanna. Greinileg gjóskulög frá 1693 reyndust undir þeim kirkjugarðsleifum sem nú sjást á yfirborði á bæjarhólnum en ólíklegt er annað en að eldri sögu sama kirkjugarðs sé að finna neðar í hólnum. Talsvert rof er í bæjarhól Staðarhóls á fleiri en einum stað og fundust m.a. leifar öskuhaugs í slíku rofi sunnan í bæjarhólnum. Áhugavert verður að kanna hólinn betur með tilliti til uppsöfnunar, aldurs og varðveislu á þessum slóðum. Þrátt fyrir að ljóst sé að bæjarhóll Staðarhóls geymi ómetanlegar upplýsingar um sögu jarðarinnar eru litlar líkur á að ráðist verði í stóran uppgröft á bæjarhólnum á næstu árum þar sem slík rannsókn væri áratugaverkefni. Einfaldari leið til að fá nasasjón af sögu jarðar og uppbyggingu hennar á fyrri öldum gæti sem fyrr segir verið með umfangsmeiri rannsóknum á öskuhaugum í bæjarhólnum eða með könnunarskurðum í býlisleifar í og við heimatúnið s.s. í bæjartóft Hólkots eða Vindheima en þó er rétt að ítreka að skortur á gjóskulögum á svæðinu gerir aldursgreiningu minja með könnunarskurðum erfiðari en ella. Saga jarðarinnar er þó að nokkru leyti fólgin í jörðu á bæjarhól Staðarhóls, á hjáleigum hennar og víðar og er ljóst að frekari rannsóknir á þessum svæðum gætu gefið áhugaverð mynd af búsetuskilyrðum og daglegu lífi á Staðarhóli í gegnum aldirnar.

Rannsóknir á Staðarhóli sýna svo að ekki verður um villst að veldi Staðarhóls byggðist síður en svo á gæðum jarðnæðisins, a.m.k. ekki heimatúns og nánasta nágrennis. Þvert á móti virðist veldi staðarins byggt á framlegð annarra, bæði hugsanlega hjáleigna nærri heimatúninu sem hafa lagt heim til staðarins í mannhaldi og leigugreiðslum en ekki síður í eignarhaldi jarðarinnar og ítökum, bæði um allan Staðarhólsdal en ekki síður víðar. Saga Staðarhóls verður því ekki lesin úr minjum á Staðarhóli eingöngu, og jafnvel ekki heldur úr minjum í Staðarhólsdal einum og sér, heldur var það

flókið samspil eigna, ítaka á víðfeðmu svæði og má í raun að mörgu leyti líta á Staðarhólsdal sem búsetueiningu eða -kerfi. Með rannsóknum á Staðarhóli er að teiknast upp mynd af auði og veldi staðarins og skipulagi búins, kirkjunnar og staðnum sjálfum en hann hefur verið forsenda þess að hægt var að standa undir valdamiðstöðinni á Staðarhóli og sömuleiðis þeim kostnaði sem óneitanlega hefur verið fólgin í þeirri handritagerð og sagnaritun sem fór fram á jörðinni á miðöldum.

## Heimildaskrá

Adolf Friðriksson. 2011. *Dysjar, leiði og haugar. Fornleifaathuganir í Saurbæ í Dölum 2007 og 2011*. FS473-07291. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

AM 263 fol. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**ÁFÍ 2011:** Árni Björnsson. 2011. „Í Dali vestur. *Árbók Ferðafélags Íslands 2011*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

**Árbók 1882:** Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Breiðafjarðardölum og í Þórsnesþingi og um hina nyrðri strönd 1881“. *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags 1882*: 60-105.

**Árbók 1899:** Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898“. *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags 1899*: 6-18.

Árni Daníel Júlíusson. 2010. „Signs of Power: Manorial Demesnes in Medieval Iceland“, *Viking and Medieval Scandinavia* 6, bls. 1–29.

**BI II:** Björk Ingimundardóttir 2019. *Prestaköll, sóknir og prófastdæmi á Íslandi II. Vestfirðinga og Norðlendingafjórðungar*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist: sýnisbók íslenskra fornleifa*. Reykjavík. Opna.

Björn Gunnlaugsson. 1849. *Uppdráttur Íslands*. Kort sótt á vefinn [www.islandskort.is](http://www.islandskort.is), sjá slóðina: <https://islandskort.is/is/map/show/599>

Bolender, Douglas J., Johnson, Katharine M., Schoenfelder, John W., Zoëga, Guðný. 2011. „Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey 2009. Excavations at Stóra-Seyla, Area C“. Sótt þann 20. mars 2022 á slóðina: [https://www.fiskecenter.umb.edu/Pdfs/Iceland\\_PDFs/2009/Stora-Seyla\\_2009.pdf](https://www.fiskecenter.umb.edu/Pdfs/Iceland_PDFs/2009/Stora-Seyla_2009.pdf)

Bragi Guðmundsson. 1985. *Efnamenn og eignir þeirra um 1700 : athugun á íslenskum gósseigendum í jarðabók Árna og Páls og fleiri heimildum*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.

**Breiðfirðingur 55:** Sæmundur G. Lárusson. „Minningar úr Saurbæ.“ *Breiðfirðingur 55 (1997)*: 79-101.

Crawford, O.G.S. 1953. *Archaeology in the Field*. Phoenix House, London.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. I–XV. bindi. 1857–1972. Hið íslenszka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2011. “Kínamúrar Íslands” í bókinni *Upp á yfirborðið: 12 nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Emil Gunnlaugsson. 2022. *Staðarbólskirkja 1200-1700: Auður, tekjur og búskapur*. M.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Emils er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40348>

**Eyðibýli á Íslandi 3:** Axel Kaaber o.fl. *Eyðibýli á Íslandi, 3. bindi. Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Dalasýslu, Snæfells- og Hnappadalssýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu*. 2012. Eyðibýli – áhugamannafélag, [án útgáfustaðar].

**FDA II:** *Fasteignamat Dalasýslu 1916-1918 - undirmat II*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

**FF II:** *Frásögur um fornaldarleifar*. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

**Friðlýsingaskrá:** *Skrá um friðlýstar forleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Guðrún Alda Gísladóttir og Gylfi Helgason. 2022. *Staðarbóll í Dölum: Fornleifarannsókn 2021*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS854-20172.

Gunnar Páll Aegisson. 2022. *Náttúra og mannvist: Eðli og ástæður umhverfisbreytinga við Staðarból í Dalasýslu frá byrjun 2. aldar f. Kr. til loka 17. aldar e. Kr.* BS ritgerð í landfræði, Líf- og umhverfisvísindasvið. Ritgerð Gunnars er aðgengileg á Skemmuni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40423>

Guðný Zoëga. 2013. *Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2002-2003*. BSk 2013/135. Byggðasafn Skagfirðinga, Skagafirði.

Gylfi Gröndal. 2000. *Steinn Steinarr. Leit að avi skálds*. Fyrra bindi. JPV útgáfa, Reykjavík.

Hannes Þorsteinsson. 1923. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1923*, bls. 1-96.

Haraldur Matthíasson. 1982. *Landið og landnáma Örn og Örlygur*, Reykjavík.

Helgi Þorláksson. 2017. „The Bias and Alleged Impartiality of Sturla Þórðarson“. Í *Sturla Þórðarson: Skáld, Chieftain and Lawman*. Ritst. Jón Viðar Sigurðsson og Sverrir Jakobsson. Leiden, Brill.

**Hkort 23 Gufudalur-Reykhólar SA:** Herforingjaráðskort 23 SA – Gufudalur-Reykhólar. 1913. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

**Hkort 24 Fellströnd-Hafratindur:** Herforingjaráðskort 24 NA – Fellsströnd-Hafratindur. 1913. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

**Hkort 33 Óspakseyri-Gilsfjörður SV:** Herforingjaráðskort 33 SV – Óspakseyri-Gilsfjörður. 1913. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

<https://snorrastofa.is/styrkir-vegna-rim-verda-auglystir-a-naestunni/>

**ÍF:** *Íslensk fornrit I–XVII. bindi*. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag 1935–2002

**Jarðabók yfir Dalasýslu 1731:** Ormur Daðason. *Jarðabók yfir Dalasýslu 1731*. 1965. Magnús Már Lárusson gaf út. Sögufélag, Reykjavík.

*Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdráttir*. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

**JÁM I:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Rangárvallasýsla*. I. bindi. 1940. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

**JÁM VI:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dalasýsla*. VI. bindi. 1938. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

**JÁM VII:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðar- og Strandasýsla*. VII. bindi. 1940. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

**JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. 1847. [Án útgefanda]. Kaupmannahöfn.

Jón M. Ívarsson. 2006. *Spor ungmennafélaga. Samkomuhús og félagshæimili*. Lokaverkefni í sagnfræði við Háskóla Íslands.

*Kirkjur Íslands 16. Snæfells- og Dalaprófastsdæmi*. 2010. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd og Biskupsstofa, Reykjavík.

**KK II:** Kristian Kálund. 1985. *Íslenskir sögustaðir. Vestfirðingafjórðungur*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2010. *Aðalskráning fornleifa í Rangárfingi ytra*. Áfangaskýrsla II. FS446-6192. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir (ritstjórar). 2022. *Oddarannsóknin. Fornleifarannsóknir í*

Odda 2021. FS877-20202. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristján Eldjárn. 1943. „Skálarústin í Klaufanesi og nokkrar aðrar svarfdælskar fornleifar“. *Árbók hins íslenszka fornleifafélags 1941-42*, bls. 17-33.

**Landamerkjabréf:** *Dalasysla. Landamerkjabók 1887*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Lúðvík Kristjánsson. 1980. Íslenskir sjávarhættir I. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Magnús Stefánsson. 2000. *Staðir og staðamál : studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen I*. Universitetet i Bergen, Bergen.

Orri Vésteinsson. 1998. Patterns of Settlement in Iceland. A Study in Pre-History. *SagaBook of the Viking Society XXV*, 1-29.

Orri Vésteinsson. „Sóknir í Döllum“ Óútgefið handrit.

**PP:** Sveinn Nielsson. *Presta tal og prófasta á Íslandi*. 1869. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

*Safn til sögu Íslands og íslenszka bókmenta að fornu og nýju*. 1856. Hið íslenszka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Sandra Gunnarsdóttir. 2022. *Þjóðleiðir í Döllum: Ferðalög Dalamanna á 12. og 13. öld*. B.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Söndru er aðgengileg á Skemmunni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/38293>

*Sarpur – menningarsöguleg gagnasafn*. Ljósmynd eftir Þorstein Jósefsson af bænum á Staðarhóli: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1384472>

*Sarpur – menningarsöguleg gagnasafn*. Ljósmynd eftir Sigurhans Vignir í eigu Byggðasafns Dalamanna: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1746414>

*Sarpur – menningarsöguleg gagnasafn*. Ljósmynd í eigu Byggðasafns Dalamanna: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2308896>

Sigurður Þórólfsson. [Án árs]. *Tjarnarlundur - Upphaf að húsbyggingu*. Óútgefið handrit.

Sóley Valdimarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir (2012). *Örnefnaskráning í Dalabyggð III. Hluti Tjaldanes og Lambanes*. Náttúrufræðistofa Vestfjarða, Bolungarvík.

**SSD:** *Dalasysla. Sjölu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. 1839-1855*. 2003. Einar G. Pétursson sá um útgáfuna. Sögufélag, Örnefanstofnun Íslands, Reykjavík.

**Sturlunga saga I-II:** Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (ritstj.). 1946. *Sturlunga saga I-II*. Reykjavík, Sturlunguútgáfan.

Sveinbjörn Rafnsson. 1985. „Um Staðarhólmál Sturlu Þórðarsonar: Nokkrar athuganir á valdsmennsku um hans daga“. *Skírnir*, 143-159.

Sverrir Jakobsson. 2002. „Braudel í Breiðafirði. Breiðafjörðurinn og hinn breiðfirski heimur á öld Sturlunga“, bls. 150-179.

**The Old Icelandic Land Registers:** Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

**Túnakort 1918:** Túnakort Saurbæjarhrepps 1918. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Uppdráttur af Tjaldanestúninu 1888 merktur Kristjáni Jónssyni eftir mælingum Á. Torfasonar og B. Magnússonar. Afrit fengið hjá Kristjóni Sigurðssyni frá Tjaldanesi sumarið 2020.

Vígfús Guðmundsson. 1931. *Saga Oddastaðar*. Höfundur gaf út, Reykjavík.

[www.sagamap.is](http://www.sagamap.is)

ÞÍ. Bps. A/II–6. Vísitásiubók Brynjólfs Sveinssonar 1639–1671. Staðarhóll 1639, bls. 47–49.

ÞÍ. Sp. Dalaprófastdæmi. AA/1, örk 1. Vísitásiubók 1721–1756. Sjá árið 1726

**ÞP 008a, 15108:** *Spurningalistar Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands: Fráfarur, myllur*, númer 1510-a/1976-9-27. Viðtal Stúdentasöfnunin 1976. Heimildamaður Magnús Árnason, f. 18.06. 1893. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands.

**Ö-Bjarnastaðir aths. og viðb.:** Örnefnaskrá Bjarnastaða, athugasemdir og viðbætur. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Bjarnastaðir:** Örnefnaskrá Bjarnastaða. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Kjarlaksvellir:** Örnefnaskrá Kjarlaksvalla. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Kverngrjót:** Örnefnaskrá Kverngrjóts. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Lambanes:** Örnefnaskrá Lambaness. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Mikligarður AG:** Örnefnaskrá Miklagarðs. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Mikligarður ÓS:** Örnefnaskrá Miklagarðs. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Ós:** Örnefnaskrá Óss. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Saurhóll ath. og viðb.I:** Örnefnaskrá Saurhóls, athugasemdir og viðbætur I. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Saurhóll ath. og viðb.II:** Örnefnaskrá Saurhóls, athugasemdir og viðbætur II. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Saurhóll ath. og viðb.III:** Örnefnaskrá Saurhóls, athugasemdir og viðbætur III. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Saurhóll:** Örnefnaskrá Saurhóls. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Staðarhóll:** Örnefnaskrá Staðarhóls. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Tjaldanes ath. og viðb.I:** Örnefnaskrá Tjaldaness. Athugasemdir og viðbætur I. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Tjaldanes ath. og viðb.II:** Örnefnaskrá Tjaldaness. Athugasemdir og viðbætur II. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Tjaldanes:** Örnefnaskrá Tjaldaness. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Þurranes:** Örnefnaskrá Þurraness. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

**Ö-Þverdalur:** Örnefnaskrá Þverdals. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.



**Ö-Þverfell:** Örnefnaskrá Þverfells. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

### **Heimildamenn**

Ásmundur Jóhannesson fæddur 1945

Guðmundur Gunnarsson fæddur 1963

Kristján Sæmundsson fæddur 1937

Kristjón Sigurðsson fæddur 1945

Margrét Guðbjartsdóttir fædd 1948

Ólafur Skagfjörð Gunnarsson fæddur 1949

Selma Guðmundsdóttir, fædd 1939

Sigurður Þórólfsson fæddur 1932